*Að halda rétt á hönskunum*

**ÞAÐ ER STAÐHÆFING MARGRA AÐ VEGNA TILSAGNAR OG ÁHRIFA UNNAR ARNGRÍMSDÓTTUR LIFI FJÖLMARGAR ÍSLENSKAR KONUR BETRA LÍFI.**

46

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. desember 2007 — 348. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR

### Nánast ósyngjandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Schola cantorum flytja verkið Edda I á nýútkomnum geisladiski.

TÍMAMÓT 32

### Engar jólakveðjur

Framkvæmdastjóri Domino's ábyrgist að jólakveðjur frá fyrirtækinu muni ekki raska jólahaldi landsmanna í ár.

FÓLK 94

### Þrír yfir 100 mörkin í ár

Guðjón Valur Sigurðsson er markahæsti landsliðsmaðurinn í ár.

ÍÞRÓTTIR 90

### hús&heimili

Uppáhalds jólaskrautið, innlit og frumlegar lausnir á heimilið.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**Sunnan strengur við** vesturströndina, annars hægari. Kólnar jafnt um allt land. Slyddu- eða snjóél víða, en þurrt um austanvert landið.

VEÐUR 4

Girnilegar jólauppskriftir á www.jolamjolk.is

# Ekki færri banaslys í umferðinni í heilan áratug

**Fimmtán manns hafa látist í umferðarslysum á árinu. Það eru rúmlega helmingi færri banaslys en síðasta ár. Aldrei hafa verið færri banaslys síðan 1997. Lægri meðalhraða á vegum má mögulega þakka fækkunina.**

**SAMGÖNGUR** Fimmtán manns hafa látist í umferðinni það sem af er ári. Það eru rúmlega helmingi færri en í fyrra, þegar 31 lést í umferðinni.

Leita þarf aftur til ársins 1997 til að finna jafn fá banaslys í umferðinni. Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa, segir fagnaðarefni að sjá hversu vel hefur tekist að minnka hraðakstur á þjóðvegum landsins í ár.

„Það er mjög gleðilegt að sjá tölur frá Vegagerðinni um meðalhraða á þjóðvegum í ár. Hann hefur lækkað umtalsvert á þessu ári," segir Ágúst.

Vegagerðin mælir ökuhraða á tíu stöðum á hringveginum. Meðalhraðinn hefur lækkað úr 97 kílómetra hraða á klukkustund í fyrra í 94,1 í ár. „Fólki finnst þetta ekki mikið, en það skiptir mjög miklu máli. Til að færa meðalhraðann úr 97 í 94,1 þurfa mörg þúsund manns að hætta að keyra á 100 kílómetra hraða og fara að keyra á 90," segir Ágúst.

„Rannsóknir hafa sýnt að eftir því sem meðalhraðinn er lægri fækkar banaslysum," bætir Ágúst við. „Þetta er breyting á meðalhraða sem allar þjóðir yrðu sáttar við. Við rekjum þetta til betri löggæslu og hærri sekta. Það er ekki spurning að það hefur skilað árangri."

Algengasta tegund banaslysa undanfarin ár hefur verið útafakstur. Nokkuð hefur dregið úr banaslysum af þeim völdum og voru árekstrar ökutækja sem komu úr gagnstæðum áttum helsta orsök slysanna í ár. Þrjú slysanna urðu hjá ökumönnum bifhjóla.

steindor@frettabladid.is

**LÖGREGLUHUNDURINN** Neró við hlið lögreglumannanna Bylgju Baldursdóttur og Sveinbjörns Hilmarssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ferfættir laganna verðir gegna margvíslegum hlutverkum:

## Hundurinn fann ránsbareflin

**LÖGREGLUMÁL** Það var lögregluhundurinn Neró sem hafði uppi á bareflum sem ungir piltar notuðu þegar þeir frömdu rán í Grímsbæ fyrr í vikunni.

Lögreglumennirnir Bylgja Baldursdóttir og Sveinbjörn Hilmarsson voru stödd með Neró á öðrum stað í borginni þegar útkallið barst. Í tilkynningunni sagði að ránsmennirnir hefðu verið með barefli, golfkylfu og rör og annar með grímu en hinn með klút. Bylgja og Sveinbjörn héldu þegar á ránsstaðinn.

„Þegar við komum þangað var búið að handtaka meinta gerendur og ná því sem þeir höfðu stolið," skýrir Bylgja frá. „Lögreglumenn á staðnum höfðu fundið grímuna en hvorki klútinn né bareflin, þrátt fyrir leit, og voru búnir að afskrifa að þau fyndust."

Neró var þegar látinn hefja leit. Hann fór rakleiðis að runna við Hulduland. Þar lágu bareflin og klúturinn.

„Þarna var svarta myrkur, rigning og skyggni mjög lélegt, en hann var fljótur að leiða okkur á sporið," segir Bylgja.

„Í upptöku eftirlitsvélar af atvikinu sást svo að piltarnir höfðu verið með sömu bareflin í höndunum og hundurinn fann, þannig að þar með var það staðfest," útskýrir Sveinbjörn. „Málið lá því ljóst fyrir."

- jss

Menntamálaráðherra:

## Atlagan mun halda áfram

**STJÓRNMÁL** Menn úti í samfélaginu gera allt sem þeir geta til ógagns nýju ríkisstjórninni, segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins.

Hún vill ekki nafngreina þessa menn, en segir það „liggja nokkuð ljóst fyrir" að atlagan haldi áfram út allt kjörtímabilið.

Erfitt sé fyrir margan sjálfstæðismanninn að kyngja samstarfi við fornan fjanda flokksins, Ingibjörgu Sólrúnu. Þetta þykir Þorgerði miður, enda líður henni prýðilega vel í ríkisstjórnarsamstarfinu.

- kóþ / sjá síður 34 og 36

Metár í jólakveðjum:

## Stöðugur lestur í þrettán tíma

**JÓL Móttöku á jólakveðjum sem lesnar verða upp á Rás 1 í Ríkisútvarpinu lauk á hádegi í gær og ljóst er að um metfjölda er að ræða. Lárus Guðmundsson, deildarstjóri hjá RÚV, áætlar að kveðjurnar séu um þrjú þúsund talsins og að það muni taka um þrettán klukkustundir að lesa þær.**

- sók / sjá síðu 80

Afreks vörur
www.afrek.is
Síðumúli 31 Sími 553-1020.
Jólapakki hlauparans
Sérverslun fyrir hlaupara og annað íþróttafólk

**SPURNING DAGSINS**

*Siggi, er úr þér allur vindur?*

„Ja, sumir halda að ég sé alltaf fullur af lofti.“

Sigurður „stormur“ Ragnarsson er orðinn langþreyttur á slagviðrinu og segist aldrei vera þreyttari en eftir að hafa spáð óveðrum.

Tölvukerfi Reiknistofu bankanna var bilað milli klukkan fjögur og sex í gær:

# Þurftu að renna kortinu oft í gegn

**VERSLUN** Tölvukerfi Reiknistofu bankanna bilaði um klukkan fjögur í gær með þeim afleiðingum að margir áttu erfitt með að greiða með debetkorti í verslunum. Bilunin hafði einnig áhrif á hraðbanka og heimabanka. Kerfið var aftur komið í lag um klukkan sex.

„Það mynduðust miklar raðir hjá okkur þegar kerfið bilaði, enda þurftum við að reyna nokkrum sinnum að renna hverju korti í gegn til að ná sambandi,“ segir Árni Þór Árnason, verslunarstjóri hjá Elko Smáratorgi. „Þetta hefur nú gerst áður, það er svo gífurlegt álag á kerfið rétt fyrir jólin. Raðirnar voru samt fljótar að tæmast eftir að þetta komst í lag.“

Bjarni Ólafsson, framkvæmdastjóri vinnslusviðs Reiknistofu bankanna, segir eitt kerfa stofunnar hafa hegðað sér á annan hátt en til var ætlast með fyrrgreindum afleiðingum. Bilunin hafi því í raun ekkert haft með álag að gera.

„Við lögðumst strax í greiningarvinnu til að finna nákvæmlega hvað það var sem var í ólagi, og einangra það. Öllum vandræðunum var síðan lokið um klukkan sex.“

- sþs

**Í RÖÐ** Raðir mynduðust víða þar sem bilunin í tölvukerfi Reiknistofu bankanna hafði áhrif. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Lagt til að sex verði ákærðir:

## Pólstjörnumálið til saksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Sakborningar í Pólstjörnumálinu eru sex. Rannsókn lögreglu á málinu lauk í gær og var það sent ríkissaksóknara.

Niðurstaða rannsóknarinnar er rökstuddur grunur um stórfelld brot á lögum um ávana- og fíkniefni og almennum hegningarlögum.

Um fjörutíu kíló af amfetamíni fundust í skútu á Fáskrúðsfirði í september síðastliðnum. Þrír voru handteknir í og við skútuna, og fleiri handteknir í framhaldinu. Handtökurnar voru afrakstur lögreglurannsóknar sem staðið hafði yfir mánuðum saman. - sþs

Erlendir vendipunktar 2007:

## Sérfræðingar gera upp árið

**SAMFÉLAGSMÁL** Líkt og fyrri ár gerir Fréttablaðið upp árið með erlendum sérfræðingum og heimsþekktum aðilum, í samstarfi við New York Times samsteypuna. Meðal þeirra sem skrifa munu í Fréttablaðið nú eru Nóbelsverðlaunahafinn James D. Watson og Vicente Fox fyrrverandi forseti Mexíkó.

Fyrsta greinin, sem birtist í dag, er eftir Biöncu Jagger, formann The World Future Council, en hún segir nauðsynlegt að endurskoða hagkerfi heims og stórauka aðstoð við hin fátækari ríki.

Í blaðinu á morgun birtist svo fyrsta greinin af innlendum vendipunktum 2007 eftir landskunna Íslendinga. Sjá síðu 16

Er Jesús Kristur goðsögn?:

## Heimildarmynd vekur viðbrögð

**FRÆÐI Heimildarmyndin Zeitgeist hefur vakið mikla athygli að undanförnu. Netheimar loga og milljónir manna hafa kynnt sér boðskap hennar.**

**Í myndinni er spurt áleitinna spurninga. Þar kemur fram að í þúsundir ára hefur maðurinn tilbeðið sólina og guðlegt vald hennar. Maðurinn persónugerði sólina og því er haldið fram að frelsarinn Jesús Kristur sé arfur þeirrar trúar. Hann hafi í raun aldrei verið til.** - shá / sjá síður 52 og 54

**SKAGAFJÖRÐUR**

### Vilja meira fé í brennu

Starfsmannafélagið á Hólum í Skagafirði hefur óskað eftir hærri styrk frá sveitarfélaginu vegna flugeldasýningar og brennu um áramótin. Byggðaráð vill að rætt verði um framkvæmd og umsjón flugeldasýninga og áramótabrenna í sveitarfélaginu í viðræðum sem eru framundan eru við björgunarsveitir í Skagafirði um styrkveitingar.

# Fangar gleðja ástvini með bókum

**Bókaútgefendur brugðust skjótt við þegar þeir höfðu fregnir af því að fjöldi fanga á Litla-Hrauni hefði ekki efni á að gefa fjölskyldum sínum gjafir. Magnús Einarsson, fangi á Litla-Hrauni, segir fanga afar þakkláta bókaútgefendum.**

**FANGELSISMÁL** „Stór hluti fanga hefur ekki efni á því að gefa fjölskyldu sinni gjafir, en úr því bættu bókaútgefendur með stórglæsilegum hætti,“ segir Magnús Einarsson, stjórnarmaður í Afstöðu, félagi fanga. Ástæðan fyrir orðum hans er framtak Félags íslenskra bókaútgefenda, sem í ár sendi föngum fjölda nýrra bóka svo þeir gætu gefið ástvinum sínum jólagjafir.

Hugmyndina að bókagjöfinni átti Elías Baldursson, fangavörður á Litla-Hrauni, sem fann til með þeim föngum sem hann vissi að ekki höfðu getað gefið börnum sínum og öðrum ástvinum gjafir í langan tíma. Hann greindi Margréti Frímannsdóttur, fyrrverandi þingkonu sem nú starfar á Litla-Hrauni, frá hugmynd sinni. Margrét setti sig því næst í samband við Félag íslenskra bókaútgefenda sem brást skjótt við bóninni og sendi lista til fanga þar sem þeir gátu skráð hvers konar bókum þeir óskuðu eftir. Margrét segist ekki hafa orðið vör við að einhver einn titill hafi vakið meiri lukku en annar, barnabækur hafi þó verið stór hluti þeirra 120 bóka sem bárust á Litla-Hraun. „Fangarnir pökkuðu gjöfunum svo sjálfir inn og sendu áfram,“ segir hún og bætir við að mikillar vandvirkni hafi gætt við innpökkun margra þeirra. „Það er erfitt fyrir fólk að vera fjarri fjölskyldum sínum um jólin en ég vona að þetta geri fjarveruna léttbærari,“ bætir hún við.

Að sögn Magnúsar ríkir mikil ánægja og þakklæti meðal fanga vegna framtaksins. Öll afbrigði bókaflórunnar hafi mátt finna í sendingunni og því hafi fangar getað valið ævisagnarit við hæfi í pakkann fyrir ömmu og skemmtilega barnabók fyrir börnin.

„Sjálfur hef ég efni á að gefa börnum mínum gjafir en það eru margir hér sem hafa það ekki. Það er föngum alveg jafn mikilvægt og öðru fólki að geta glatt börnin sín og gott að vita að fólk er tilbúið að hjálpa til við það,“ segir Magnús.

karen@frettabladid.is

**BÓKUM PAKKAÐ INN Á LITLA-HRAUNI** Augljósrar einbeitingar gætir í svip þessa unga manns á Litla-Hrauni sem í gær gekk frá bókagjöfum til ástvina sinna í tilefni jólanna. MYND/ELÍAS BALDURSSON

> Það er föngum alveg jafn mikilvægt og öðru fólki að geta glatt börnin sín.
>
> **MAGNÚS EINARSSON**
> **FANGI Á LITLA-HRAUNI**

**HJARTADEILD** Víða eru mikil þrengsli á LSH. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Betri aðstaða á Landspítala:

## Gjörgæsludeild verður stækkuð

**HEILBRIGÐISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að gjörgæsla Landspítalans við Hringbraut verði stækkuð eins fljótt og verða má. Landspítalinn fær sérstaka fjárveitingu á árinu 2008 til verksins og hækkar greiðsluáætlun spítalans til samræmis við það. Kostnaður við viðbyggingu mun nema um 35 milljónum króna.**

**Bæði Landspítalinn og nefnd sem vinnur að tillögum um framtíðarskipulag fasteigna hafa hvatt til og dregið fram kostina við að stækka gjörgæsluna.** - kdk

Hæstiréttur staðfestir úrskurð:

## Litháar áfram í gæsluvarðhaldi

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur tveimur Litháum, fyrir að nauðga íslenskri konu í miðborg Reykjavíkur í nóvember síðastliðnum. Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að mennirnir sæti áfram gæsluvarðhaldi.

Héraðsdómur hafði úrskurðað mennina í varðhald til 29. febrúar næstkomandi, en verjendur þeirra áfrýjuðu niðurstöðunni til Hæstaréttar. Kröfðust þeir að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi eða styttur. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn, en stytti varðhaldið til 31. janúar. - sþs

Mun ólíklegra að ákært sé vegna kynferðisbrota og barnaníðs en líkamsárása:

# Þarf fleiri og þyngri dóma

**LÖGREGLUMÁL** Ákært var í rúmlega fjórðungi þeirra kynferðisbrotamála gegn fullveðja einstaklingum sem lögregla og saksóknarar fjölluðu um á síðasta ári. Til samanburðar var ákært í 92 prósentum líkamsárásarmála.

Þetta kemur fram í ársskýrslu Ríkissaksóknara fyrir árið 2006. Alls voru 69 kynferðisbrot gegn fullveðja einstaklingum afgreidd frá saksóknurum á árinu. Af þeim voru 50 felld niður, en ákært í 18 tilvikum, 26 prósentum tilvika.

Hutfallið er breytilegt milli ára, í fyrra var ákært í 37 prósentum mála, en árið áður í 26 prósentum.

Á síðasta ári afgreiddu saksóknarar 59 kynferðisbrotamál sem sneru að börnum. Af þeim voru 34 felld niður, en ákært í 23, eða 39 prósentum brota. Þetta er heldur lægra hlutfall en undanfarin ár. Í fyrra var ákært í 46 prósentum tilvika, og vegna 50 prósenta brota árið 2004.

„Auðvitað er þetta ekki í lagi og við ekki sáttar við þetta,“ segir Þórunn Þórarinsdóttir, starfskona Stígamóta. Hún segir að gjarnan sé talað um að dómar þurfi að þyngjast, en hún vilji einnig sjá þeim fjölga í þessum brotum.

„Auðvitað eru mörg af þeim málum sem til okkar koma fyrnd, en það er líka fullt af okkar fólki sem vill ekki kæra því það hefur ekki trú á dómskerfinu,“ segir Þórunn. - bj

**NAUÐGUN** Af 59 kynferðisbrotamálum gegn fullorðnum einstaklingum sem afgreidd voru hjá saksóknurum á árinu voru 34 felld niður en ákært í 23 tilvikum. NORDICPHOTOS/AFP

# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni

**Beretta PacLite skotveiðigalli og ókeypis Garmin Etrex GPS tæki.**
Algjörlega vatnsheldur, þunnur Gore-Tex galli, frábær á rjúpu, hreindýr eða heiðagæsina. Garmin Etrex GPS tæki fylgir ókeypis.
**Fullt verð 61.800. Tilboð til jóla aðeins 39.900.**

**Rjúpnaveiðivesti.**
Nauðsynleg í rjúpnaveiðina. Margir vasar fyrir veiðina, GPS, GSM, veiðikortið, nestið og fleira.
**Fullt verð 7.990. Jólatilboð aðeins 6.490.-**

**Beretta skotveiðibakpoki með byssufestingu.** Góður poki í alla skotveiði. Stillanlegar mittis, brjóst og axlarólar. Góð og aðgengileg hólf. Vatnsheld veðurhlíf fylgir.
**Frábært verð. Aðeins 13.495.**

**Ameristep rúllubaggi.**
Vinsælasta felubirgið á markaðnum.
**Hvergi betra verð. Aðeins 16.880.**

**Whitewater skotveiðigalli.**
Buxur og jakki.
100% Vatnsheldur galli með góðri útöndun.
**Verð aðeins 19.900.**

**ProLogic Thermo skotveiðihanskar.**
Vatnsheldir og hlýir. **Verð aðeins 2.995.**
Einnig úr neopren. **Verð aðeins 2.295.**

**Cass Creek æfingatæki.**
Lærðu að flauta á grágæs, heiðagæs og önd með Cass Creek.
**Verð aðeins 3.995.**

**Vandað hreinsisett fyrir haglabyssur.**
Burstar, stöng, olía og fleira í góðum kassa.
**Verð aðeins 4.880.**

**Ron Thompson Aquasafe vöðlupakki.**
Góðar öndunarvöðlur og skór.
**Fullt verð 28.990. Jólatilboð aðeins 19.995**

**Simms L2 vöðlupakki.**
Langbesta verð landsins á Gore-Tex vöðlum. Simms L2 vöðlur og Simms skór.
**Fullt verð kr. 44.800.**
**Jólatilboð aðeins 34.900.**

**Dakota útivistarúr.**
Frábært úrval vatnsheldra útivistarúra með áttavita, hitamæli og fleira.
**Verð aðeins frá 4.995.**
Dakota Angler II (á mynd)
**aðeins 10.990.**

**Gerviandasett.**
12 stokkendur; sofandi, vakandi og kafandi.
Góður bakpoki, bönd og blýsökkur fylgja.
**Frábært verð. Aðeins 8.995 fyrir allt þetta.**

**Nýtt – NRS flotveiðivesti.**
Sérhönnuð flotvesti fyrir veiðimenn.
Örugg vesti í alla veiði.
**Verð aðeins 12.980.**

**Sage fluguveiðipakki. Fli og Launch** 4ra hluta stöng í hólk. Gott LA hjól og RIO flugulína. Lífstíðarábyrgð frá framleiðanda á stöng. Frábært verð á alvöru fluguveiðipakka. **Aðeins frá 34.900.**

**Wish. Íslenska fluguveiðihjólið.** Falleg hönnun og vönduð íslensk smíði. **Verð aðeins frá 39.900.**

**Veiðiflugur Íslands.**
Biblía fluguhnýtarans. Bók sem allir áhugamenn um fluguveiði verða að eiga. **Verð aðeins 3.995.**

**Lureflash fluguhnýtingasett.**
Úrval af efni og handverkfærum ásamt öngulheldu og DVD hnýtingakennslu í góðri tösku. **Minna sett aðeins 5.595.**
**Stærra sett aðeins 7.995.**

**Scierra Explorer veiðitaska.**
Afar vönduð og sterk veiðitaska undir allan veiðibúnaðinn. Vatnsheldur botn.
**Verð aðeins 6.995.**

**Scierra hjólatöskur í þrem stærðum.**
Fyrir 5 til 10 hjól.
**Verð aðeins frá 2.995.**

**Ron Thompson veiðijakki.**
Vatnsheldur með útöndun.
**Fullt verð 12.900.**
**Jólatilboð aðeins 9.995.**

**Lærðu að hnýta silungaflugur og Lærðu að hnýta laxaflugur.** Fluguhnýtinganámskeið á íslensku á tveim DVD diskum. **Aðeins 2.995 hvor diskur.**

**Ron Thompson reykofn.**
3 stærðir. **Gott verð eða aðeins frá 5.995.- Einnig reyksag á 695.**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940

SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ

**Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 - Veidimadurinn.is -**

**Krókhálsi 5 - Sími 517 8050 - Sportbudin.is -**

**Síðumúla 8 - Sími 568 8410 - Veidihornid.is -**

## GENGIÐ 21.12.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,64 | 63,94 |
| Sterlingspund | 126,32 | 126,94 |
| Evra | 91,4 | 91,92 |
| Dönsk króna | 12,248 | 12,32 |
| Norsk króna | 11,386 | 11,454 |
| Sænsk króna | 9,683 | 9,739 |
| Japanskt jen | 0,5615 | 0,5647 |
| SDR | 99,39 | 99,99 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 121,4348

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formenn aðildarfélaga Samtaka atvinnulífsins vilja formanninn ekki burt:

# Ingimundi sætt á formannsstóli

**SAMKEPPNI** Ingimundi Sigurpálssyni er sætt á formannsstóli Samtökum atvinnulífsins eins og mál standa, þrátt fyrir að Eimskipafélag Íslands, sem þá laut hans stjórn, hafi verið fundið sekt um stórfelld brot á samkeppnislögum. Þetta er samhljóða mat þeirra formanna aðildarfélaga Samtaka atvinnulífsins sem Fréttablaðið ræddi við í gær. Bíða þurfi endanlegrar niðurstöðu í málinu.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra tekur í svipaðan streng. „Það verður bara að bíða og sjá hvernig málið þróast. Þá kemur í ljós hver þáttur Ingimundar var, hvort hann telur sér sætt eða ekki og hvernig samtökin og hann meta þetta. Ég ætla ekki sem ráðherra að fella einhverja dóma um það núna," segir hann.

**INGIMUNDUR SIGURPÁLSSON** Honum er sætt í formannsstóli Samtaka atvinnulífsins að mati formanna aðildarfélaga.

Samkeppniseftirlitið lagði 310 milljóna króna sekt á Eimskipafélagið vegna alvarlegra brota sem meðal annars miðuðu að því að bola Samskipum af sjóflutningamarkaði. Ingimundur hefur sjálfur sagst ósammála forsendunum fyrir niðurstöðunni og að hann sjái því ekki ástæðu að svo stöddu til að láta af formennsku hjá Samtökum atvinnulífsins.

Eimskipafélagið áfrýjaði niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar. Ekki liggur fyrir hvenær endanleg niðurstaða fæst í málið. - sh

Síbrotamaður á skilorð:

## Flutti heróín frá Amsterdam

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir innflutning á fíkniefnum. Hann var handtekinn á Leifsstöð við komuna frá Amsterdam með um fimm og hálft gramm af heróíni og 24 grömm af kókaíni í fórum sínum.

Maðurinn játaði brot sitt greiðlega. Hann hlaut á árunum 1984 til 2000 fjórtán refsidóma, einkum fyrir auðgunar- og fjármunabrot. Í ljósi sakaferilsins og styrkleika heróínsins og kókaínsins þótti rétt að skilorðsbinda refsinguna. - sh

**PÚTÍN OG YAMASHITA** Kennslumyndband þeirra fylgir júdóbók.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Pútín Rússlandsforseti:

## Gefur út júdókennsludisk

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti, sem er með svarta beltið í júdó, hefur gert kennslumyndband með japanska júdómeistaranum Yasuhiro Yamashita.

Myndbandið kemur út á DVD-diski eftir áramótin og mun fylgja með júdókennslubók.

Þeir Pútín og Yamashita tóku báðir þátt í júdónámskeiði í Pétursborg fyrir tveimur árum. Þá höfðu þeir nýverið hist í fyrsta sinn í Japan. - gb

Sjómenn semja við eigendur:

## Fyrsti kjarasamningurinn

**VINNUMARKAÐUR** VM, félag vélstjóra og málmtæknimanna, hefur undirritað kjarasamning við Landssamband smábátaeigenda, LS, ásamt Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandinu. Þetta er fyrsti kjarasamningur félaganna við smábátaeigendur. Hann er til þriggja ára.

Magnús Magnússon, framkvæmdastjóri VM, segir að samningurinn kveði á um lágmarksskjör, skýrt sé tekið fram hvernig aflinn skuli gerður upp og hver skiptaprósentan sé, tekið sé á tryggingamálum og öðrum réttindum. - ghs

# Boðar bætt starfsumhverfi lögreglu

**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Stefán Eiríksson, boðar að vinna verði hafin til að bæta starfsumhverfi lögreglumanna. Óánægja hefur ríkt meðal þeirra vegna ýmissa atriða varðandi starfsfyrirkomulag og stjórnun.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Stefán Eiríksson, hefur boðið ritstjóra Lögreglublaðsins, Gísla Jökli Gíslasyni, að taka þátt í hugmyndastarfi um bætt starfsumhverfi lögreglumanna.

Margir lögreglumenn hafa á undanförnum vikum og mánuðum gagnrýnt ýmis atriði í stjórnun, starfsfyrirkomulagi og aðbúnaði harðlega. Allmargir viðmælendur Fréttablaðsins úr þeirra röðum benda á alvarlegan skort á lærðum lögreglumönnum, gríðarlegt vinnuálag, ófullnægjandi tækjakost að hluta, skort á upplýsingaflæði innan embættisins, of mikla yfirbyggingu á embættinu og miðstýringu, sem valdi meðal annars því að lögreglumenn séu pikkfastir á sýnileikastöðum. Þeir vilja fá fleiri tækifæri til að vinna frumkvæðisvinnu við að finna bestu leiðirnar. Raddir þeirra sem eru að jafnaði á vettvangi eigi að heyrast við skipulagningu starfsins, sem eigi ekki einungis að fara fram við skrifborð á efri hæðum.

**STEFÁN EIRÍKSSON**

En „þetta bíti allt hvað í skottið á öðru" því í álagsvinnunni vilji menn eyða sínum litla frítíma með fjölskyldunni. Ef þeir hafni aukavöktum „komi það bara niður á starfsfélögunum".

Í nýju Lögreglublaði birtist grein eftir ritstjórann sem varðar mörg þau atriða sem viðmælendur Fréttablaðsins hafa nefnt.

**BÆTT STARFSUMHVERFI** Þótt sterkar óánægjuraddir hafi verið uppi meðal lögreglumanna sem Fréttablaðið hefur rætt við hafa þeir jafnhliða lýst því hve vænt þeim þyki um starf sitt, hve starfsandinn milli þeirra sé góður og hve gaman sé að vinna verkefnin þegar vel takist til.

MYNDIN ER ÚR SAFNI.

Lögreglustjóri segir stöðugt unnið að málum sem snúi að bættum starfsanda, betra skipulagi starfs og aukinnar starfsánægju lögreglumanna.

„En okkur ber að halda okkur innan þess ramma á fjárlögum sem okkur er markaður og við því er ekkert að gera," segir lögreglustjóri. „Því verðum við að stilla upp okkar rekstri með eins mikilli hagkvæmni og kostur er. Við höfum metnað á því sviði eins og á öllum öðrum sviðum."

Lögreglustjóri segir að stór hluti þess vanda sem glímt er við í dag sé að menntaða lögreglumenn vanti til starfa.

„Að vísu hefur verið fjölgað í sérsveit og fíkniefnalögreglu, en Lögregluskólinn hefur ekki náð að framleiða nægilega hratt. Að auki hafa menn farið úr lögreglunni í betur launuð störf," segir lögreglustjóri en minnir jafnframt á þrjátíu þúsund króna launauppbót til lögreglumanna sem gildir út samningstímann.

„Við erum að reyna að finna leiðir til að minnka álag á lögreglumenn, en höldum jafnframt fast við þá stefnu að auka öryggi borgaranna með sýnileika lögreglu." jss@frettabladid.is

**ÍSLENSKT SAUÐFÉ** Þrjátíu lambshausar voru sendir til rannsóknar hjá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins að Keldum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sakaður um stuld á sauðfé:

## Meintur sauðaþjófur við Höfn

**HORNAFJÖRÐUR** Lögreglan á Eskifirði gerði á fimmtudag húsleit í fjárhúsum bónda í Nesjum í Hornafirði. Er bóndinn sakaður um sauðaþjófnað en fimm bændur í sveitinni sökuðu hann um að hafa breytt merkjum og mörkum á lömbum áður en hann sendi þau til slátrunar sem sín eigin.

Bóndinn sem um ræðir er einn fjárflesti bóndinn í sveitinni og skilaði hann meðal annars rúmlega 1.500 dilkum til slátrunar haustið 2005 samkvæmt ársriti Búnaðarsambands Suðurlands. Málið er í rannsókn lögreglu. - ovd

Mannréttindadómstóll Evrópu:

## Hæstiréttur braut á konu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur braut mannréttindi íslenskrar konu í skaðabótamáli sem höfðað var á hendur henni. Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þeirri niðurstöðu í dómi sem féll á dögunum. Ríkið skal greiða henni sem nemur 225 þúsund krónum í skaðabætur og 1,6 milljónir í málskostnað.

Brotið fólst í því að konan fékk ekki að koma með munnlega greinargerð í málinu. - sþs

## VEÐURSPÁ

Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Jólaveðrið** Nú líður að því að við fáum svar við stóru spurningunni, hvort verða jólin hvít eða rauð? Eins og er lítur út fyrir hvít jól á Norður- og Austurlandi, en mögulega hlýnar á aðfangadag á Suður- og Vesturlandi og með því tekur allan snjó þar um slóðir upp. Á jóladag má þó búast við frosti um allt land og jafnvel snjókomu á Suður og Vesturlandi.

**BORGINNI DAG:** Sunnan 10-15 m/s, skúrir eða slydduél. Hiti 0-3 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hvasst fyrripartinn austantil, annars 3-8 m/s.

*» mánudagur*




Suðvestan 5-10 m/s víðast hvar.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C bjart | London | 8°C skýjað | Eindhoven | 4°C skýjað |
| Billund | 3°C bjart | París | 6°C bjart | Basel | 8°C bjart |
| Osló | -1°Cbjart | Frankfurt | 3°C bjart | Alicante | 16° rigning |
| Stokkhólmur | 2°C él | Friedrichshafen | 6°C bjart | Róm | 15°C skýjað |
| Gautaborg | 3°C bjart | Berlín | 1°C bjart | Las Palmas | 21°C bjart |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Hó hó hó...
## í dag kl. 14

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN

*Ertu sátt(ur) við ráðningu Þorsteins Davíðssonar sem héraðsdómara?*

| | |
|---|---|
| Já | 30% |
| Nei | 70% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú þörf á íslenskri öryggisþjónustu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Togskipið Dala-Rafn VE 508 kom til heimahafnar í Vestmannaeyjum í gær:

# Þrír ættliðir sigldu skipinu til hafnar

**SJÁVARÚTVEGUR** Dala-Rafn VE 508 kom til heimahafnar í Vestmannaeyjum í fyrsta skipti í gær. Skipið er smíðað í Póllandi og er fimmta skip útgerðar í eigu hjónanna Þórðar Rafns Sigurðssonar og Ingu Eymundsdóttur. Þórður Rafn er skipstjóri á Dala-Rafni, en auk hans sigldu skipinu frá Póllandi sonur hans Eyþór og sonarsonur Ingi Rafn. Þrír ættliðir voru því við stjórnvöl skipsins á heimleiðinni. Þeir lögðu af stað á laugardaginn og fengu gott veður á leiðinni.

Það er ávallt hátíðarbragur yfir því þegar nýtt skip kemur til heimahafnar í fyrsta skipti, og það átti sannarlega við í gær. Eftir að prestar Landakirkju höfðu blessað skipið og áhöfn þess, var bæjarbúum boðið að skoða hið glæsilega fley.

Þórður skipstjóri tilkynnti við það tilefni að eftir fimmtíu ára sjómennsku væri nóg komið og hann hefði ákveðið að fela syni sínum Eyþóri skipsstjórnina.

Dala-Rafn er sjötta skipið sem bætist við flota Vestmannaeyinga á árinu. - shá

**ÞRÍR ÆTTLIÐIR** Eyþór, sonur hans Ingi Rafn og Þórður Rafn útgerðarmaður.

**DALA-RAFN VE 508** Skipið er allt hið glæsilegasta og var fagnað þegar það kom til hafnar í Eyjum. MYND/ÓSKAR

Atli Gíslason, þingmaður VG:

## Sjálfstæðismenn ráða pólitískt

**STJÓRNSÝSLA** „Ég vona að menn láti af þessum pólitísku afskiptum af ráðningu dómara," segir Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, um ráðningu Þorsteins Davíðssonar sem héraðsdómara.

ATLI GÍSLASON

„Þetta hefur ekki verið svona þegar héraðsdómur er annars vegar," segir Atli. „Þar er sérstök matsnefnd sem starfar faglega.Því er engin skýring á að ganga framhjá þremur hæfari umsækjendum."

Atli segir allt of mikið um pólitískar ráðningar. „Sjálfstæðisflokkurinn stýrir þessu, hann fer með dómsmálaráðuneytið," segir Atli. „Ég held ekki að þetta sé rætt í ríkisstjórn. Þetta er alfarið Sjálfstæðisflokkurinn." - sgj

Fékk níu mánaða dóm:

## Stal nærbuxum og rauf skilorð

**DÓMSMÁL** 28 ára karlmaður var á föstudag dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í níu mánaða fangelsi fyrir að stela fimm nærbuxum og einum bol úr Hagkaupum í Kringlunni og rjúfa þar með skilorð. Var átta mánaða skilorðsbundnum dómi hans því breytt í níu mánaða fangelsisvist.

Maðurinn á langan sakaferil að baki. Árið 2001 hlaut hann dóm fyrir kynferðisbrot og húsbrot, árið 2003 fyrir nytjastuld og ölvunarakstur, 2005 fyrir fíkniefnabrot og 2006 fyrir ölvunarakstur, svo fátt eitt sé nefnt. Í ljósi ítrekaðra skilorðsrofa þarf hann nú að sitja inni. - sgj

# Nefndin mun ræða að leggja niður störf

**Nefnd sem metur hæfi umsækjenda um embætti héraðsdómara mun hittast og ræða hvort hún vilji starfa áfram eftir að Þorsteinn Davíðsson var skipaður. Einn umsækjendanna ætlar að óska eftir rökstuðningi ráðherra fyrir valinu.**

**STJÓRNSÝSLA** „Ég vona að ég sé metinn eftir því hver ég er, en ekki hverra manna ég er," segir Þorsteinn Davíðsson, nýskipaður héraðsdómari. Þorsteinn er sonur Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra.

Nefnd sem metur hæfi umsækjenda taldi þrjá umsækjendur mun hæfari en Þorstein. Árni Mathiesen, skipaður dómsmálaráðherra, valdi Þorstein, meðal annars með þeim rökstuðningi að hann hefði starfað sem aðstoðarmaður Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra.

Pétur Kr. Hafstein, formaður nefndarinnar, segir þetta óvenjulegt. „Það er venjulegt að ráðherra sé að minnsta kosti í námunda við niðurstöðu nefndarinnar," segir Pétur. „Við rökstyðjum það mjög ítarlega hvers vegna við teljum þessa þrjá hæfasta."

Pétur segir nefndina munu koma saman á næstunni og íhuga hvort eigi að bregðast við. Aðeins tvenn viðbrögð séu í stöðinni. „Nefndin getur ekkert annað gert en að halda áfram störfum eða leggja niður störf," segir Pétur.

Guðmundur Kristjánsson, einn þeirra þriggja umsækjenda sem nefndin mat hæfasta, segist hafa talið víst að valið stæði milli þeirra þriggja. Hann mun biðja ráðherra um rökstuðning á ákvörðuninni. „Ef að líkum lætur verður hann svipaður og sá sem ráðherra hefur gefið í fjölmiðlum, sem er alveg fráleitur," segir Guðmundur.

„Í sjálfu sér er alveg rétt að það kom á óvart hver fékk starfið," segir Halldór Björnsson, annar þeirra þriggja. „Þessi ákvörðun hefur verið tekin og henni verður ekki breytt." Pétur Dam Leifsson, sá þriðji, segist hugsi yfir málinu. „Það vekur furðu að ráðherra skuli ekki hafa litið til umsagnar nefndarinnar."

Sigurður Líndal lagaprófessor segir að réttast hefði verið að fara eftir ráðgjöf nefndarinnar. „Þarna voru þrír taldir hæfastir svo að ráðherra hefur val," segir Sigurður. „Þeir sem eru minna hæfir geta aflað sér reynslu síðar."

steindor@frettabladid.is

ÞORSTEINN DAVÍÐSSON

RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR

PÉTUR KR. HAFSTEIN

### FÉKK EKKI FÆRI Á AÐ ANDMÆLA

Ragnheiður Jónsdóttir, einn umsækjenda um stöðu héraðsdómara, segir dómsmálaráðuneytið brjóta stjórnsýslulög með því að veita henni ekki tækifæri til að andmæla mati nefndarinnar sem mat hæfi umsækjenda. Bréf með umsögn nefndarinnar barst Ragnheiði tveimur dögum eftir að frestur til að andmæla rann út.

Bréfið var fyrst sent til Húsavíkur, þar sem Ragnheiður er skráð til heimilis, en hún dvaldi í Reykjavík og var bréfið áframsent þangað.

Ragnheiður segir að þrátt fyrir að bréfið hafi verið póstlagt fimm dögum áður en fresturinn rann út séu fimm dagar, þar af tveir helgardagar, allt of skammur frestur, sérstaklega í jólakortaösinni.

Ragnheiður var metin hæf samkvæmt nefndinni, eins og Þorsteinn Davíðsson, sem var ráðinn. Þrír aðrir umsækjendur voru metnir tveimur flokkum hæfari. Ragnheiður vildi andmæla þessu mati og íhugar nú að kæra málið til Umboðsmanns Alþingis.

**FLOTKVÍIN** Kvínni hefur verið búinn staður í nýju höfninni.

Tiltekt í Hafnarfirði:

## Flytji flotvkí fyrir afmæli

**SKIPULAGSMÁL** Hafnarstjórnin í Hafnarfirði vill að flotkví Orms og Víglundar við Háabakka verði komin á nýjan stað fyrir 100 ára afmæli bæjarins í júní á næsta ári.

„Kvíin er ekki til fegurðarauka og samrýmist ekki starfseminni sem er í kring um hana. Það hafa orðið miklar tafir á að kvíin hafi verið flutt og menn eru orðnir óþolinmóðir. Menn vilja skilyrðislaust að hún verði farin fyrir hundrað ára afmæli bæjarins í byrjun júni," segir Eyjólfur Sæmundsson, formaður hafnarstjórnar. Upphaflega átti kvíin að vera til bráðabirgða við Háabakka fyrir ellefu árum. - gar

### VOGAR

**Með minnihluta í gönguferð**

Fulltrúi meirihlutans í bæjarstjórn Voga á Vatnsleyströnd segir það vera vísbendingu um allt sé í góðu lagi í sveitarfélagi að eina breytingarillaga minnihlutans við þriggja ára áætlun sé að flýta framkvæmdum við ljósastaura. Bauð hann oddvita minnihlutans í gönguferð um leið og lýsingin kemur. Boðið var þegið.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tveggja bíla í árekstur**

Umferðaróhapp var á Snæfellsnesvegi á föstudag. Samkvæmt upplýsingum varðstjóra varð slysið með þeim hætti að tveir bílar rákust saman. Engin slys urðu á fólki en málið er í rannsókn.

GIRNILEG JÓL
Þorláksmessuskata
Stór humar
Humarsúpa prinsinns
OPIÐ ALLA HELGINA 8-19
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

Dómsmálaráðherra vék sæti vegna meðmæla sem hann hafði veitt Þorsteini:

# Vanhæfur vegna meðmæla

**STJÓRNSÝSLA** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra lýsti sig vanhæfan við skipan héraðsdómara vegna meðmæla sem hann hafði veitt Þorsteini Davíðssyni, umsækjandanum sem fékk stöðuna, þegar Þorsteinn sótti um starf hjá lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins í haust.

Björn vék ekki þegar Þorsteinn sótti um stöðu héraðsdómara í Reykjavík í fyrra. Á þeim tíma starfaði Þorsteinn sem pólitískur aðstoðarmaður Björns.

Björn segir að þá hafi hann ekki verið búinn að gefa Þorsteini meðmæli. „Ef tekin hefur verið afstaða eins og ég gerði með meðmælum, leiðir það til vanhæfis," segir Björn.

Sigurður Líndal lagaprófessor segir rétt hjá Birni að lýsa sig vanhæfan. „Allur er varinn góður," segir Sigurður. „Mér hefði fundist réttara af honum að víkja sæti í fyrra skiptið líka, þar sem hann var aðstoðarmaður ráðherrans. En það er ekki skylda."

Í 3. grein stjórnsýslulaga segir að ef fyrir séu ástæður til að draga óhlutdrægni í efa, sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls.

Geir H. Haarde forsætisráðherra neitaði að tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. - sgj

BJÖRN BJARNASON



SIGURÐUR LÍNDAL

vodafone

# Tónlist beint í símann

## Þú getur eignast nýjustu lögin með einum vinsælasta tónlistarmanni landsins, Páli Óskari.

Skráðu þig í tónlistarklúbbinn og fáðu ótakmarkaðan aðgang að íslenskri tónlist.

### Tónlistarklúbburinn

- Hátt í 1.000.000 íslensk og erlend lög!
- Íslensk tónlist innifalin (almennt verð 149 kr.)
- Kauptu **erlenda tónlist** á einfaldan og löglegan hátt í fyrsta sinn á Íslandi – **99 kr**. lagið (almennt verð 149 kr.)
- 3ja mánaða áskrift að tónlistarklúbbnum fylgir útvöldum tónlistarsímum (mánaðaráskrift kostar 990 kr.)

### Nokia 6120

Þægilegur tónlistarspilari.
2 mp myndavél, 3G, EDGE. Fer á netið með Vodafone live!
Fæst í svörtu og hvítu.

## 24.900 kr.

## Gríptu augnablikið og lifðu núna

## VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir nýskipaður héraðsdómari á Norðurlandi eystra og Austurlandi?*
2. *Hvern heiðra Kirgistanar með því að nefna fjall í höfuðið á honum?*
3. *Hver skoraði langflest mörk á árinu fyrir kvennalandslið Íslands í handbolta?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 94

Aðstoðarmenn jólasveinsins sitja víða sveittir við að svara póstinum hans:

# Sjö milljón bréf til jólasveinsins í ár

**GENF, AP** Jólasveinninn mun fá meira en sex milljón bréf í póstinum í ár að því er stofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem tengir póstþjónustur víða um heim, greindi frá í gær. Að auki fara milljón bréf til jólasveinsins gegnum bandarísku póstþjónustuna árlega.

Starfsmenn póstþjónusta í tuttugu löndum hið minnsta safna saman og svara bréfum sem stíluð eru á Norðurpólinn sem annars yrðu merkt sem „ekki hægt að afhenda“ eða „heimilisfang óþekkt“.

Flest bréf stíluð á jólasveininn berast til Finnlands erlendis frá eða 150 löndum. Mestur heildarfjöldi bréfa er í Frakklandi og bárust 1,22 milljónir bréfa til jólasveinsins þar í landi í fyrra. Næst kom Kanada með 1,06 milljónir, Bretland og Finnland með 750.000 hvort, Þýskaland með 500.000, Portúgal með 255.000 og Spánn með 232.000.

**JÓLASVEINN Í FRAKKLANDI** Starfsmenn frönsku póstþjónustunnar aðstoða jólasveininn við að svara pósti. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríska póstþjónustan hefur lengst svarað börnum sem skrifa jólasveininum eða frá árinu 1912. Yfir 120.000 bréf berast að utan til Norðurpólsins í fámennt samfélagið í Alaska þar sem 1.600 manns búa og vinna sjálfboðaliðar við það að svara bréfunum.

Í sumum löndum býðst börnum að senda jólasveininum tölvupóst og fá svar en langflest kjósa þau enn að senda honum handskrifað bréf. - sdg

Þrjú sýknuð í hundsmáli:

# Akkiles hvarf en seljandi sýkn

**DÓMSMÁL** Þrennt var sýknað af skaðabótakröfu í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag fyrir að hafa tekið hundinn Akkiles ófrjálsri hendi og týnt honum. Akkiles var hundur af Leonbergertegund, keyptur á 250 þúsund krónur, en ekkert hefur spurst til hans síðan í maí í fyrra.

Kaupandi hundsins hafði beðið seljandann um að geyma hann fyrir sig, en sá seldi hann pari frá Stykkishólmi. Parið hafði samþykkt að skila hundinum en hann týndist á leiðinni heim. Héraðsdómur taldi ekki sannað að seljandinn hefði tekið hundinn og selt með ólögmætum hætti. - sgj

## SELTJARNARNES

### Þrjátíu þúsund fyrir jól

Allir starfsmenn Seltjarnarnesbæjar fá þrjátíu þúsund króna eingreiðslu sem verður lögð inn á reikning þeirra fyrir jól samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Upphæðin miðast við fullt starf.

## ÓLAFSFJÖRÐUR

### Skemmdir á kirkjugarðinum

Skemmdir voru unnar á jólaskreytingum á leiðum í kirkjugarðinum í Ólafsfirði. Voru meðal annars krossar á leiðum brotnir og ljós skemmd.

Iðnaðarráðherra:

# Gefur Faðmi jólakortapening

**FÉLAGSMÁL Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra gaf styrktarsjóðnum Faðmi 400 þúsund krónur á föstudag. Upphæðin er andvirði hefðbundinna jólakorta með kveðjum ráðherra og starfsfólks, sem Össur hefur ákveðið að senda ekki út í ár.**

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

**Faðmur er styrktarsjóður samtakanna Heilaheill, sem vinna að velferðar- og hagsmunamálum þeirra sem hafa orðið fyrir skaða af völdum heilablóðfalls. Faðmur styrkir foreldra sem hafa fengið heilablóðfall eða heilaslag og eru með börn á framfæri.** - sgj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Óspektir í Keflavík

Maður gisti fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum eftir óspektir í miðbæ Keflavíkur aðfaranótt föstudags. Samkvæmt varðstjóra var maðurinn meðal annars með ólæti gagnvart lögreglu og má hann búast við sekt fyrir óspektir og ölvun á almannafæri. Var manninum sleppt þegar hann hafði sofið úr sér áfengisvímuna.

# Lögreglan styttir jakka

**Fatanefnd ríkislögreglustjóra mun á næsta fundi sínum ræða tillögu um að stytta umdeilda vetrarfrakka sem lögreglumenn segja óklæðilega síða.**

**VINNUMÁL** Nýir vetrarjakkar lögreglumanna verða að líkindum styttir.

„Lagt verður fyrir næsta fund fatanefndar ríkislögreglustjóra að bjóða upp á að stytta jakkana og að næstu sendingar komi í styttri útgáfu,“ segir Jónas Ingi Pétursson, framkvæmdastjóri rekstrar hjá embætti ríkislögreglustjóra.

Jónas segir það hafa verið vegna óska frá lögreglumönnum sjálfum sem ákveðið var að síkka jakkann frá dönsku fyrirmyndinni og samræma síddina við eldri jakka lögreglunnar. „Menn eru oft úti við og vilja hafa jakkann niður fyrir mitti svo ekki blási upp undir,“ segir hann.

> Það eru ekki öll föt hönnuð fyrir 101 Reykjavík.
>
> **INGÓLFUR MÁR INGÓLFSSON**

> Ég fékk minnsta númerið en það er allt of stórt.
>
> **HELGA MARGRÉT GUNNARSDÓTTIR**

Vetrarjakkarnir eru fóðraðir og saumaðir úr eldtefjandi efni. Hver jakki kostar 36 þúsund krónur. Eins og sagt var frá í Fréttablaðinu er mikil óánægja með jakkann meðal lögreglumanna, sem reyna að komast í minni númer svo jakkinn virðist styttri og klæðilegri. Jónas segir hluta af vandamálinu vera að tekin hafi verið röng mál af lögreglumönnum, afgreiðslur hafi verið rangar auk þess sem staðlað snið passi ekki fyrir alla. „Við höfum óskað eftir ábendingum um það hvað megi betur fara og fengið ýmsar sem við erum að skoða,“ segir hann.

Ósáttir lögreglumenn troða sér í litla jakka

Heimagerðar breytingar á danskri verðlaunahönnun falla illa að smekk íslenskra lögreglumanna, sem troða sér í lítil númer svo jakkar þeirra líti ekki út eins og kápur.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Í gær greindi Fréttablaðið frá ósáttum lögreglumönnum sem ganga í of litlum jökkum svo þeir virðist styttri.

Í nýjasta Lögreglublaðinu er rætt við fjóra lögreglumenn um nýjar vinnuflíkur. Segjast þeir mjög ánægðir með margt. Vetrarjakkinn fær hins vegar slæma útreið:

„Örugglega góður fyrir lögreglumenn úti á landi. Það eru ekki öll föt hönnuð fyrir 101 Reykjavík,“ sagði Ingólfur Már Ingólfsson um jakkann.

„Ég fékk minnsta númerið en það er alltof stórt. Hann verður kannski fínn þegar ég fæ jakka sem passar,“ bætti Helga Margrét Gunnarsdóttir við.

Jónas tekur undir að mjög margt gott megi segja um nýju flíkurnar en að það sé líka margt sem þurfi að bæta: „Einmitt þess vegna höfum við verið að kalla eftir athugasemdum til að geta brugðist við.“ gar@frettabladid.is

**KVÍABRYGGJA** Nýting afplánunarplássa á Kvíabryggju var um 99 prósent á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mikið álag á íslensk fangelsi:

# Fangelsin nær fullnýtt á árinu

**FANGELSISMÁL** Fangelsi landsins voru svo til fullnýtt á árinu sem nú er að líða. Þegar nýtingin er svo mikil er erfiðara að mæta óvæntum uppákomum og að koma að viðhaldi á byggingunum. Þetta kemur fram í frétt á vef Fangelsismálastofnunar.

Nýting afplánunarplássa á Litla-Hrauni og í Kópavogsfangelsinu hefur verið á bilinu 95 til 100 prósent á árinu. Sambærileg nýting á Kvíabryggju var tæp 99 prósent í byrjun október.

Nýtingin var nokkuð lægri í Hegningarhúsinu, eða rúm 93 prósent. Nýtingin var 86 prósent í fangelsinu á Akureyri fyrstu mánuði ársins, en því var lokað vegna endurbyggingar í maí. - bj

Börn

Dömur

Jólin 2007

Herrar

NÝTT KORTATÍMABIL

# Jólin í einni ferð

**Debenhams býður upp á úrval sem aldrei fyrr af fallegri gjafa- og merkjavöru. Fyrir dömur, herra, börnin og heimilið á verði sem kemur öllum í ekta jólaskap. Nú getur þú klárað jólainnkaupin á einum stað og eytt tímanum í það sem skiptir mestu máli.**

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA/SÍA.IS/DEB 40298 12/07

**JÓLASVEINAR Á HLAUPUM** Um 5.000 manns tóku þátt í jólasveinahlaupi sem fram fór í þýsku borginni Hamborg 16. desember síðastliðinn. Markmiðið var að slá met sem sett var í bresku borginni Liverpool þar sem 3.299 jólasveinar hlupu árið 2005 í svipuðu hlaupi. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrirtaka í máli Alcan gegn olíufélögunum þremur fór fram í gær:

# Alcan vill 186 milljónir fyrir samráð

**DÓMSMÁL** Fyrirtaka var í gær í máli Alcan gegn olíufélögunum þremur, Olíufélagi Íslands, Keri og Skeljungi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fer Alcan fram á 186 milljónir króna í bætur fyrir skaða sem það telur félagið hafa orðið fyrir vegna ólögmæts verðsamráðs félaganna.

Mál Alcan gegn Olíufélögunum var þingfest í september og var fyrirtakan í gær önnur tveggja sem farið hafa fram. Í þetta sinn voru kvaddir til matsmenn sem meta eiga skaðann sem Alcan varð fyrir.

Málið snýst um útboð sem fram fór haustið 1997. Olíufélögin þrjú sammæltust þá um að viðhalda því fyrirkomulagi að Skeljungur sæti einn að viðskiptum við ÍSAL, dótturfélag Alcan, og héldi áfram að greiða hinum félögunum hlutdeild í framlegð af viðskiptum við ÍSAL. Fyrirkomulagið var við lýði fram til ársins 2001.

**OLÍA** Fyrirtækin sammæltust um að leyfa Skeljungi að sitja einum að viðskiptum við Alcan, gegn því að hin fengju greitt fyrir.

Fjölmörg önnur fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar gætu átt skaðabótakröfu á hendur olíufélögunum. Í niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í máli olíufélaganna eru tilgreindir tugir brotaþola, auk þess sem hver og einn viðskiptavinur félaganna á tímabilinu frá 1994 til 2001 er sagður brotaþoli. - sh

Sprengjuárás í Pakistan:

# Fimmtíu fórust í árás á mosku

**PAKISTAN, AP** Lögreglan í Pakistan réðst inn í íslamskan kóranskóla í bænum Sherpao og handtók þar sjö námsmenn.

Fáeinum klukkustundum áður hafði sjálfvígsárásarmaður sprengt sprengju í mosku á heimili fyrrverandi innanríkisráðherra landsins. Þar fórust að minnsta kosti fimmtíu manns.

Ráðherrann fyrrverandi, Aftab Khan Sherpao, slapp þó ómeiddur, en þetta er í annað skiptið á átta mánuðum sem reynt er að ráða hann af dögum. Hann átti stóran þátt í aðgerðum stjórnarinnar gegn talíbönum og Al Kaída. - gb


Fyrir jólin

Stór og lítil heimilistæki, símtæki og ljós í miklu úrvali.

Gæðaryksugur frá Siemens.
Virkilega þrífandi hrífandi.

Þessi er nauðsynleg við jólabaksturinn.

SIEMENS

Er ekki upplagt að fá sér ný ljós fyrir jólin?

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

**HNÚFUBAKUR** Fyrir fjörutíu árum voru veiðar á hnúfubak bannaðar um heim allan vegna útrýmingarhættu. Stofninn hefur eflst og er nú talið að þrjátíu til fjörutíu þúsund dýr séu á sveimi í höfunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hnúfubakur ekki veiddur

**Hörð gagnrýni umhverfissinna hefur haft áhrif á hvalveiðistefnu Japana. Þeir ætla að veiða hrefnur og langreyðar, en láta hnúfubak í friði.**

**JAPAN, AP** Hnúfubakar við Suðurskautið verða áfram óhultir fyrir japönskum hvalveiðimönnum – að minnsta kosti fyrst um sinn.

Japanska stjórnin skýrði frá því í gær að hvalveiðiflotinn, sem kominn er á suðurskautsslóðir í hina árlegu veiðiför sína, muni láta þessa fágætu hvalategund í friði.

Japanar hafa þar með látið undan harðri gagnrýni sem barst hvaðanæva að eftir að hvalveiðiflotanum var í síðasta mánuði heimilað að veiða hnúfubaka í fyrsta sinn í fjóra áratugi.

Hvalveiðiflotinn mun hins vegar, eins og fyrr var áætlað, stefna að því að veiða 935 hrefnur og 50 langreyðar.

Japanskir hvalveiðimenn sendu sex hvalveiðiskip til Suðurskautsins fyrir mánuði og höfðu ætlað sér að veiða fimmtíu hnúfubaka á vertíðinni í vetur. Þegar upplýst var um það brugðust umhverfisverndarsamtök ókvæða við. Þau eru á móti öllum hvalveiðum, en blöskraði sérstaklega áformin um að veiða hnúfubakinn.

„Hvalveiðimál verða oft svo tilfinningaþrungin, en við vonum að umræðan fari fram af fyllstu rósemd á grundvelli vísindalegra staðreynda," segir Nobutaka Machimura, talsmaður japanskra stjórnvalda, þegar hann skýrði frá því að hætt hefði verið við hnúfubaksveiðarnar.

Ákvörðunin kom á óvart því Japanar hafa til þessa haldið fram skýlausum rétti sínum til þess að veiða hvali. Hvalveiðarnar eru stundaðar á vegum opinberrar rannsóknarstofnunar í samræmi við reglur Alþjóðahvalveiðiráðsins sem heimilar takmarkaðar hvalveiðar í vísindaskyni.

Ákvörðun Japana var fagnað, meðal annars af áströlsku stjórninni sem hyggst fylgjast grannt með hvalveiðum Japana í vetur og gera allt sem hægt er til að stöðva þær.

„Þótt þetta sé ánægjulegt skref er Ástralíustjórn eindregið þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að réttlæta neinar hvalveiðar með trúverðugum hætti," segir Stephen Smith, utanríkisráðherra Ástralíu.

Hvalveiðar á hnúfubak voru bannaðar í Suður-Kyrrahafi vegna útrýmingarhættu árið 1963. Þremur árum síðar voru þær bannaðar um heim allan.

gudsteinn@frettabladid.is

# Aðeins í dag hjá Símanum!

Aðeins 19.900 kr.

**SONY ERICSSON W660i - 3G**

Léttkaupsútborgun aðeins:

**1.900 kr.**

1.500 kr. á mánuði í 12 mánuði.

~~Verð áður 26.900~~

3G sími á góðu verði með fínni myndavél. Farðu á netið í símanum með meiri hraða en áður, skoðaðu tölvupóstinn, horfðu á sjónvarpið eða spjallaðu við vinina á MSN.

Aðeins 6.900 kr.

**NOKIA 2610**

Léttkaupsútborgun aðeins:

**900 kr.**

500 kr. á mánuði í 12 mánuði

~~Verð áður 9.400~~

Vinsæll og þægilegur sími með íslensku valmyndakerfi.

## Tveir símar á jólatilboði

Frelsis símanúmer og 2000 króna inneign fylgir símanum í kaupbæti. Tilboðið gildir aðeins í dag, eða á meðan birgðir endast.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

Sími

Netið

Sjónvarp

ENNEMM / SÍA / NM31400

**UNNUR JÖKULSDÓTTIR STAÐARHALDARI Í ELLIÐAVATNSBÆNUM** Jólastemningin er í hámarki í Heiðmörk enda halda þar til jólasveinar, ferfætlingar, börn, listamenn og huldufólkið er ekki langt undan.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Jólafjör í húsi skáldsins

**Jólamarkaðurinn í Heiðmörk hefur verið opinn alla laugardaga og sunnudaga frá 24. nóvember síðastliðinn. Unnur Jökulsdóttir staðarhaldari var í essinu sínu þegar blaðamaður tók tal af henni í vikunni enda var fallegt í Heiðmörkinni á heiðskírum degi og góðir gestir búnir að setja svip sinn á starfsemina í Elliðavatnsbæ og nágrenni. Hún var að undirbúa helgina í Heiðmörk þar sem nóg verður um að vera.**

„Þetta er sannkallaður griðastaður fyrir borgarbúa sem eru búnir að fá nóg af stressinu," segir Unnur. „Hingað getur fólk komið og keypt muni eftir íslenska hönnuði, handverks- og listiðnaðarfólk. Að sjálfsögðu er fólkinu boðið upp á heitt kakó og rithöfundar lesa úr verkum sínum. Til dæmis var hún Kristín Helga Gunnarsdóttir að lesa úr bók sinni fyrir börnin um síðustu helgi og höfðu þau verulega gaman af. Og um þessa helgi er síðan von á Reyni Jónassyni sem mun galdra nokkra slagara fram úr harmonikkunni sinni."

Elliðavatnsbær er ekkert kot en þar eru nú bækistöðvar Skógræktarfélags Reykjavíkur sem hefur veg og vanda af jólamarkaðinum. Þetta steinhús lét Benedikt Sveinsson alþingismaður reisa og þar fæddist sonur hans og þjóðskáld okkar, Einar Benediktsson, árið 1864.

Svo er nóg um að vera umhverfis bæinn. „Hingað getur fólk komið og keypt jólatré af ýmsum gerðum á hlaðinu hjá okkur en svo komum við líka til móts við þá sem vilja höggva sitt tré sjálfir og þá fá þeir verkfæri hjá skógarmönnunum okkar og ganga svo bara vasklega til verks. Reyndar mega menn eiga von á því að Sveinki láti á sér bera meðan á ósköpunum stendur."

Upplestur fer einnig fram utandyra en þá er slegið upp varðeldi sem hægt er að orna sér við. „Svo er Náttúruskólinn með ýmis uppátæki fyrir börnin. Til dæmis er farið í ratleik þar sem leitað er að jólasveinum," segir Unnur. Náttúruskólinn er fyrir alla grunnskólanemendur á höfuðborgarsvæðinu en þar er lögð áhersla á að kenna krökkunum á kynstur náttúrunnar.

Eins og bókhneigðir vita gaf Unnur út bók um huldufólk fyrir þessi jól og því er ekki úr vegi að spyrja hana hvort slíku fólki sé fyrir að fara í Heiðmörkinni. „Að sjálfsögðu er nóg af huldufólki hérna og ekki er hróflað við neinu nema með góðfúslegu leyfi frá því," segir hún og brosir.

jse@frettabladid.is

**JÓLAGLEÐI Á HLAÐINU** Sveinki er ósmeykur að láta til sín taka en stundum týnist hann og þá verða börn frá Náttúruskólanum að hafa uppi á honum.

**JÓLASTEMNING Í HEIÐMÖRK** Það er reisn yfir Elliðavatnsbænum, fæðingarstað Einars Benediktssonar.
MYND/ÁRNI TRYGGVASON

**BÚIN AÐ FINNA RÉTTA JÓLATRÉÐ** Jóhann Eyfjörð dregur jólatréð sem hann hefur höggvið og nýtur aðstoðar Matthíasar, Andra og Guðrúnar Ýrar.

# Hann fékk Berlín, hún fékk Barcelona...

## Jólagjafabréf Iceland Express hittir beint í mark

Langar þig að gleðja einhvern sérstaklega mikið um jólin? Jólagjafabréf Iceland Express gefur þeim sem þér þykir vænt um spennandi fyrirheit á nýju ári, hvert sem hugurinn leitar.

Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á **www.icelandexpress.is**

» **Verð:**

**22.900 kr.**

Gjafabréfið gildir sem flug fram og til baka með sköttum og öðrum greiðslum til eins af áfangastöðum Iceland Express í Evrópu. Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember til 31. janúar 2008 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í 2 ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 30. júní 2008. Sætaframboð er takmarkað.

**Iceland Express**
**með ánægju**

www.icelandexpress.is

Fiton/SIA

**Betra verð**
Normannsþinur

| | |
|---|---|
| 100-150sm | 2190 |
| 151-200sm | 3990 |
| 201-250sm | 4990 |

HÚSASMIÐJAN

# Jólatré
## mikið úrval

**10 stk Jólatúlípanar 999**

**Ilmandi Hýasinta ómissandi um jólin**

*Rafrænt gjafakort*

Þægileg og einföld gjöf!

**Leiðisgreinar Leiðiskross 1990 kr/stk**

# 30-60%

# AFSLÁTTUR

## AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG JÓLALJÓSUM

Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI
TIL JÓLA

## Harðir pakkar
í Húsasmiðjunni

**Blandari Bomann,**
m/glerkönnu
1480828
**2.999**
~~3.380~~

**Kaffivél**
Russell Hobbs, 1300W, 3 í einni, filter, espresso, latte/cappuchino, 1,2 ltr vatnstankur, 10 bollar filterkaffi, 4 bollar espresso, öryggisventill á þrýstingi, gufustútur
1807504
**8.999**

**Pressukanna**
2000301
**999**

**Gönguskór**
Leður,
Gartex öndun,
st 37 47,
vatnsheldir
5862969-80
**9.999**

blómaval

**Frábært verð**
**7.999**

**Verkfærasett, Bauker**
**Borvél**, 650W m. höggi
**Stingsög**, 650W, stillanlegur hraði og framkast
**Juðari**, 180W
**Vinnuborð**
5244908

**Bleikt verkfærasett**
í fallegri bleikri tösku
5000464
**3.499**

**ótrúlegt verð**
**1.499**

**Skrúfvél, Bauker**
3.6V, Led ljós, bitar og beltisvasi
5244907

**Afgreiðslutími um jólin: Sjá www.husa.is og www.blomaval.is**

ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2007

# Tími kominn til aðgerða

Undanfarið ár hafa vísindamenn, stjórnmálamenn og vaxandi fjöldi almennra borgara lýst yfir einróma áhyggjum sínum af þeirri ógn sem jörðinni stafar af hlýnun andrúmsloftsins. En ef til vill duga ekki áhyggjurnar einar að mati *Biöncu Jagger,* formanns The World Future Council. Nauðsynlegt sé að taka hagkerfi heimsins til gagngerrar endurskoðunar og stórauka aðstoð við fátækar þjóðir sem standa nú frammi fyrir því að velja milli hagvaxtar og umhverfisverndar.

Nú þegar líður að lokum ársins 2007 er óumdeilt að loftslag jarðar er að breytast. Um það er meirihluti vísindamanna sammála og æ fleiri upplýstir almennir borgarar eru sama sinnis. Stjórnvöld víða um heim hafa hins vegar verið treg til að viðurkenna vandann. Þó sjást merki um breytingar á þeim vettvangi. Fjölmiðlar og stjórnmálamenn virðast loksins leggja við eyru. Stundin er runnin upp og við verðum að nýta hana áður en það er um seinan.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, segir að breytingar á loftslagi jarðar séu umfangsmesta vandamálið sem við okkur blasir. Fá svör fást hins vegar við því hvernig á að glíma við vandann. Mikill tími og orka fer nú þegar í að takast á við skelfilegar afleiðingar flóða, þurrka og hækkandi hitastigs. Og tíminn til svara er senn á þrotum.

Loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna (IPCC) sagði í lokaskýrslu sinni að fyrir árið 2015 yrði heimsbyggðin að snúa algerlega við blaðinu í losun gróðurhúsalofttegunda. Einungis þannig væri hægt að koma í veg fyrir stórfelldar náttúruhamfarir af völdum hlýnunar andrúmsloftsins.

**EYÐING SKÓGA Í AMAZON** „Ríkustu þjóðir heimsins eru sökudólgarnir í þeim loftslagsbreytingum sem við blasa en það eru fátækari þjóðirnar sem þjást mest," segir Bianca Jagger og hvetur ríku löndin til að draga úr notkun sinni á jarðefnaeldsneyti og leggja áherslu á endurnýjanlega orku. MYND/ALBERTO CESAR

### Hvað er til bragðs að taka?

Ég hélt lengi að mikilvægt væri að byrja á að draga úr orkunotkun og leggja aukna áherslu á rannsóknir á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Ég hélt að það dygði sem hvatning til breyttra lifnaðarhátta sem til dæmis minnkuðu þörfina á mengandi samgöngutækjum.

Eftir að hafa lesið nýjustu niðurstöður rannsókna er mér hins vegar ljóst að þetta dugar hvergi til jafnvel þótt við grípum til þessara aðgerða strax á morgun.

### Plástur ekki nóg

Á ráðstefnunni „Be The Change" í Lundúnum í nóvember afhjúpaði rithöfundurinn og blaðamaðurinn George Monbiot þá goðsögn í eitt skipti fyrir öll að við gætum lagfært hluti með smávægilegum aðgerðum og plástri.

Monbiot vísaði þar til álits James Hansen frá Goddard-geimrannsóknastöð NASA, en Hansen telur að í áðurnefndri skýrslu loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna gæti allt að því fáránlegrar bjartsýni, þó að skýrslan sé sannarlega hrollvekjandi lesning.

Hann giskar á að yfirborð sjávar muni hækka um fjóra til fimm metra á þessari öld sökum bráðnunar íss við Grænland og Suðurskautslandið. Hann rekur hvernig höfundar skýrslunnar hundsa jarðfræðilegar mælingar og horfa algjörlega framhjá áhrifum þess að bráðnun íss dregur stórlega úr endurvarpi sólarljóss.

> Við virðumst föst í efnahagslegu fari sem byggist á orkusóandi og mengandi orkugjöfum, sem eru auk þess ógnun við almennt heilsufar og umhverfið í heild.

Þær miklu breytingar sem þannig geta orðið á endurvarpsgetu íss/vatns geta haft alvarlegar keðjuverkandi afleiðingar í för með sér að sögn Hansens. Hann bendir á að heimskautaísinn bráðnar ekki samkvæmt línulegum skala heldur í misstórum kippum. Og ef andrúmsloft jarðar hlýnar bara um nokkrar gráður gæti það orsakað stórfellda bráðnun íss á stórum svæðum. Slíkar hamfarir myndu ekki einungis kaffæra þéttbýl landsvæði heldur myndu þær jafnframt kynda undir frekari loftslagsbreytingar, þar sem minni ís hefði í för með sér minna endurvarp sólarljóss.

### Pólitískar breytingar eða endalok lífs á jörðinni

George Monbiot telur að ef Hansen hafi rétt fyrir sér þurfum við umfangsmiklar pólitískar breytingar til að koma í veg fyrir endalok lífs á jörðinni eins og við þekkjum það.

Rannsóknir Hansens benda til að við náum vendipunktinum þar sem ekki verður aftur snúið, miklu fyrr en áður var talið.

Við verðum að bregðast við og það skjótt. Við verðum að breyta hagkerfum heimsins frá því að þau eyði kolefnum í að þau bindi kolefni. Ekki er lengur tími til að fara með hálfkveðnar vísur í þessum efnum.

Og sem betur fer er áhrifa breytinga í þessa veru þegar farið að gæta. Ýmsar þjóðir hafa þegar gripið til aðgerða og uppgötvað efnahagslegan ávinning í leiðinni.

### Endurnýting en ekki orkusóun

Í Þýskalandi hafa áherslur á bætta orkunýtingu og endurnýjanlega orkugjafa hleypt nýju lífi í hagkerfi landsins. Fyrir árið 2020 þarf sérhver bygging að standast strangar kröfur um orkunýtingu. Nýleg löggjöf um frjálsa sölu raforku hefur skapað 250 þúsund ný störf í framleiðslugreinum sem horfa til endurnýtingar og notkun hreinna orkugjafa. Fjörutíu og fimm önnur lönd hafa sett sér sambærilega löggjöf.

Þrátt fyrir varnaðarorð þúsunda virtra vísindamanna halda iðnríki heims áfram að dæla olíu á eldinn í bókstaflegri merkingu. Við virðumst föst í efnahagslegu fari sem byggist á orkusóandi og mengandi orkugjöfum, sem eru auk þess ógnun við almennt heilsufar og umhverfið í heild.

### Fátæku löndin verða verr úti

Ríkustu þjóðir heimsins eru sökudólgarnir í þeim loftslagsbreytingum sem við blasa en það eru fátækari þjóðirnar sem þjást mest. Hækkun lofthita mun verða þungbærust fyrir hitabeltislöndin í Afríku, Suður-Asíu og Mið-Ameríku, sem verða meira og minna óbyggileg sökum hita. Þá munu þurrkar valda miklum búsifjum á sömu svæðum í kjölfar þess að ár og vötn munu hverfa.

Fátækt og flatlent land á borð við Bangladess er mun verr í stakk búið að takast á við hækkandi yfirborð sjávar en ríkt svæði eins og Flórída.

Ban Ki-moon segir að loftslagsbreytingar muni koma harðast niður á þróunarlöndunum. Engu að síður halda sumir helstu valdapáfar heims áfram að berjast einarðlega gegn mikilvægum alþjóðasáttmálum um umhverfisvernd. Ríkisstjórn Bush Bandaríkjaforseta þverskallast til dæmis við að skrifa undir Kyoto-sáttmálann á sama tíma og hún dælir peningum í hergagnaframleiðslu sem byggist á notkun olíu og jarðgass.

### Ríku löndin verða að leggja sitt af mörkum

Ríku löndin verða að draga markvisst úr notkun sinni á jarðefnaeldsneyti og leggja ríkari áherslu á þróun endurnýjanlegrar orku. Ríkisstjórnir heims verða að leggja sitt af mörkum til að vernda vistkerfi heimsins á borð við skóga og kóralrif. Enn fremur þarf að gera átak í að græða upp skógarsvæði sem eytt hefur verið. Og við ættum að taka upp greiðslur til þróunarlandanna fyrir þann stóra skerf sem regnskógar þeirra leggja af mörkum til að viðhalda vistkerfi heimsins, í þágu okkar allra.

En mikilvægast af öllu er að nýta tækifærið nú þegar æ fleiri viðurkenna þann vanda sem við stöndum frammi fyrir og knýja stjórnmálamenn til aðgerða. En til að árangur náist þarf nýja tegund leiðtoga sem tilbúnir eru að taka erfiðar ákvarðanir. Og það er í höndum okkar að finna þessa nýju leiðtoga.

Oft er sagt að kjósendur séu í eðli sínu náttúrusinnar en efasemdarmenn þegar kemur að framkvæmdum. Til að breyta þessu þarf markvissa sýn, almenna upplýsingu og vilja til verka. En ef við erum ákveðin í að bjarga heiminum frá stórfelldum náttúruhamförum vegna loftslagsbreytinga, verðum við að ganga til verks strax í dag.

**Bianca Jagger** er alþjóðlegur talsmaður mannréttinda. Undanfarin 25 ár hefur hún barist fyrir mannréttindum, félags- og efnahagslegum umbótum og umhverfisvernd víða um heim. Hún er formaður The World Future Council og formaður og stofnandi The Bianca Jagger Human Rights Foundation.

**Erlendir vendipunktar 2007**
Líkt og fyrri ár birtir Fréttablaðið greinar eftir erlenda höfunda, í samstarfi við New York Times Syndicate, um markverða atburði þessa árs. Allar greinarnar eiga það sameiginlegt að fjalla um vendipunkta, nýja þróun sem á eftir að hafa veruleg áhrif á alþjóðasamfélagið

Starfsfólk Kaupþings óskar landsmönnum gleðilegrar hátíðar

KAUPPING
Hugsum lengra

Stærsta jólagjöf Kaupþings í ár er til mæðrastyrksnefndanna í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, á Akranesi og Akureyri.
Með því vill bankinn sýna í verki stuðning við það góða starf sem unnið er á vettvangi þeirra.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
6.275 **+0,94%**

**Fjöldi viðskipta:** 556
**Velta:** 10.018 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ATLANTIC PETROL. | 7,64% | FLAGA | 5,50% |
| EXISTA | 7,00% | ATLANTIC AIRWAYS | 2,56% |
| TEYMI | 6,18% | ICELANDIC GROUP | 1,52% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,76 +0,00% ... Bakkavör 57,40 +1,06% ... Eimskipafélagið 35,35 -1,12% ... Exista 19,10 +7,00% ... FL Group 14,75 +0,34% ... Glitnir 21,85 +0,23% ... Icelandair 26,45 +2,92% ... Kaupþing 868,00 +0,58% ... Landsbankinn 35,60 +0,28% ... Straumur-Burðarás 15,30 +1,66% ... Össur 97,30 -0,71% ... Teymi 5,84 +6,18%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN
nánar á visir.is

# Langþráð hækkun fyrir jólin

Gengi Existu og SPRON hækkaði talsvert í gær, á síðasta viðskiptadeginum í Kauphöll Íslands fyrir jól.

Markaðsvirði bæði Existu og SPRON dróst talsvert saman í vikunni. Það fyrrnefnda féll um tæp fimmtán prósent en SPRON um sextán. Greinendur áttu enga skýringu á fallinu í vikunni en litlar breytingar urðu á undirliggjandi eignum Existu á Norðurlöndunum. Gengi SPRON helst nokkuð í hendur við breytingar á Existu enda er sparisjóðurinn með sjö prósenta hlut í félaginu.

Gengi hlutabréfa hækkaði almennt í Kauphöllinni í gær en Úrvalsvísitalan hækkaði um 0,94 prósent. Þótt þetta sé með besta móti upp á síðkastið er hækkunin talsvert undir meðaltalshækkun á erlendum hlutabréfamörkuðum í gær.

Færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum var hins vegar sigurvegari gærdagsins enda stökk gengi hlutabréfa félagsins upp um 7,65 prósent undir lok viðskiptadagsins. Flaga féll um 5,5 prósent á sama tíma.

Úrvalsvísitalan stendur í 6.275 stigum sem merkir að hún er á svipuðum slóðum og í byrjun jólamánaðarins í fyrra. **- jab**




**FRÁ AÐALFUNDI EXISTU** Gengi hlutabréfa í Existu tók stökkið í gær eftir talsvert fall í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hugleiða félag um eignir móti afleiðusamningum

Eignarhlutur Icebank í Sparisjóðnum í Keflavík nemur um það bil 1,9 prósentum en ekki 8,3 prósentum líkt og lesa má úr lista sem birtist yfir stærstu eigendur í viðauka við stofnfjárútboðslýsingu SpKef sem lauk 14. desember.

Samkvæmt upplýsingum frá Icebank þá skiptist stofnfjáreignin sem skráð er á bankann þannig að 84,3 milljónir króna eru vegna eigin viðskipta hans, en 285 milljónir eru vörn bankans vegna afleiðusamninga viðskiptavina. Heildarhluturinn nemur að nafnvirði 369,2 milljónum króna, eða 8,42 prósentum af heildarstofnfé spariSjóðsins.

Eign Icebank í SpKef er upphaflega frá því í haust, en síðan hefur bankinn tekið þátt í tveimur stofnfjáraukningum í samræmi við eignarhlut sinn.

**FINNUR SVEINBJÖRNSSON**

Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Icebank, segir að þar á bæ hafi menn velt fyrir sér að fara sömu leið og stóru bankarnir og stofna sérstakt félag til að halda utan um eignarhluta sem mynda vörn á móti afleiðusamningum. Hingað til segir hann mat manna hafa verið að umsvif bankans væru ekki slík að til þess kynni að koma. „En ef til vill sýnir þetta SpKef-mál að heppilegt kunni að vera að stíga skrefið fyrr en við ætluðum," segir hann. **- óká**

# Dominos og kók enn saman

„Þessi samningur mun án efa gera bæði Vífilfelli og Dominos kleift að vaxa og dafna og halda áfram að vera í fararbroddi á sínu sviði á Íslandi næstu ár," sagði Árni Stefánsson, forstjóri Vífilfells, við undirritun samstarfssamnings fyrirtækjanna til næstu þriggja ára.

Samningurinn felur meðal annars í sér að vörum Vífilfells er dreift með vörum Dominos, sameiginlegar auglýsingar og fleira. Verðmæti samningsins er ekki gefið upp.

Vífilfell og Dominos eru með mikla markaðshlutdeild hvort á sínum markaði hérlendis. Á heildarmarkaði fyrir gos og vatn hefur Vífilfell ríflega 60 prósenta markaðshlutdeild. Dominos er ein stærsta keðjan á íslenska skyndibitamarkaðnum. Dominos rekur fjórtán staði hér á landi. **- ikh**

Fagfjárfestasjóðurinn KFF Institutional Investor Fund, kt. 460606-2330, hefur birt lýsingar vegna töku skuldabréfa til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Um er að ræða tvo skuldabréfaflokka. Auðkenni flokkanna í OMX Nordic Exchange Iceland hf. verða KFF24 og KFF44. Samanlagt heildarnafnverð flokkanna er 4.400.000.000 kr.

**KFF 24**
Skuldabréf í flokknum eru samtals að fjárhæð 2.100.000.000 kr. og voru gefin út 9. janúar 2007. Skuldabréfin bera 3,75% ársvexti og er fyrsti vaxtadagur þeirra 20. desember 2006. Bréfin eru jafngreiðslubréf og fjöldi afborgana er 35. Fyrsti gjalddagi afborgana höfuðstóls er 20. júní 2007, en lokagjalddagi þeirra er 20. júní 2024. Skuldabréfin eru verðtryggð og er grunnvísitala þeirra 266,20. Hver eining þegar útgefinna skuldabréfa í flokknum er 150.000.000 kr. og því er fjöldi skuldabréfanna í þessum flokki 14.

**KFF44**
Skuldabréf í flokknum eru samtals að fjárhæð 2.300.000.000 kr. og voru gefin út 9. janúar 2007. Skuldabréfin bera 3,75% ársvexti og er fyrsti vaxtadagur þeirra 20. júní 2024. Bréfin eru jafngreiðslubréf og fjöldi afborgana er 40. Fyrsti gjalddagi afborgana höfuðstóls er 20. desember 2024, en lokagjalddagi þeirra er 20. júní 2044. Skuldabréfin eru verðtryggð og er grunnvísitala þeirra 266,20. Hver eining þegar útgefinna skuldabréfa í flokknum er 115.000.000 kr. og því er fjöldi skuldabréfanna í þessum flokki 20.

Skuldabréf í báðum flokkum verða tekin til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 27. desember 2007.

Lýsingarnar og önnur gögn sem vitnað er til í lýsingunum er hægt að nálgast á skrifstofu útgefanda í Borgartúni 19, 105 Reykjavík og á sjóðasíðu Kaupþings banka hf., www.kaupthing.is/sjodir, í eitt ár frá birtingu þeirra. Umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. hefur lögfræðisvið Kaupþings banka hf.

Reykjavík, 22. desember 2007

KAUPÞING

# Lánshæfi Straums staðfest

**Matsfyrirtækið Fitch Ratings staðfesti í fyrradag lánshæfiseinkunn Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka. Langtímahorfur Straums eru sagðar stöðugar.**

Alþjóðlega greiningar- og matsfyrirtækið Fitch Ratings hefur staðfest lánshæfiseinkunn Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf. Langtímaeinkunn bankans er „BBB-", skammtímaeinkunn „F3", óháð einkunn „C/D" og stuðningseinkunn „3". Langtímahorfur í rekstri bankans eru sagðar stöðugar.

Fitch segir að einkunn Straums endurspegli fjárhagslegan styrk bankans, öran vöxt tiltölulega stöðugra tekna, aukna landfræðilega dreifingu bæði eignasafns og tekna og þá staðreynd að áhættustýring og upplýsingagjöf hafi verið efld til muna að undanförnu.

Einkunnin er einnig sögð markast af því að tiltölulega lítil reynsla sé komin á starfsemi Straums í núverandi mynd, hlutabréfaeign bankans sé enn mikil, einstakir liðir vegi þungt í efnahagsreikningnum og óvissa sé um hvernig gangi að samþætta einingar á ólíkum mörkuðum. Fitch tekur fram að samsetning rekstrareininga og áhættu hafi batnað en bætir við að það eigi eftir að koma fram í sterkari efnahagsreikningi og rekstrarafkomu. Haldi bankinn áfram að bæta sig að þessu leyti renni það stoðum undir að einkunn hans verði hækkuð. Að sinni segir matsfyrirtækið hins vegar að fylgst verði með áhrifum hinna erfiðu aðstæðna á markaði á bankann.

Loks er því lýst yfir að lausafjárstaða Straums sé góð og að fjárhagslegur styrkur bankans veiti honum umtalsverðan sveigjanleika til að vaxa, líkt og sé yfirlýst stefna bankans.

Áður hafði Fitch fjallað um lánshæfi hinna bankanna þriggja, Kaupþings, Landsbankans og Glitnis.

**STEFNAN KYNNT** Willam Fall, forstjóri Straums Fjárfestingabanka kynnti stefnu bankans fjárfestum og greinendum í haust, þegar hann hafði verði 90 daga í starfi. Fitch Ratings hefur staðfest lánshæfi bankans og segir horfur stöðugar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Fyrr í þessum mánuði staðfesti Fitch lánshæfiseinkunnir Kaupþings banka. Langtímaeinkunn er „A", skammtímaeinkunn „F1", óháð einkunn „B/C", stuðningseinkunn „2" og stuðningseinkunnargólf „BBB". Matsfyrirtækið breytti hins vegar horfum fyrir langtímaeinkunn bankans úr stöðugum í neikvæðar.

Í umsögn fyrirtækisins sagði að endurskoðun á horfum fyrir langtímaeinkunn Kaupþings kæmi í kjölfar lækkunar á langtíma lánshæfiseinkunn NIBC og í ljósi þess að Fitch teldi að mögulegar afkomusveiflur vegna eðlis starfsemi NIBC yrðu erfiðari viðureignar. „NIBC mun verða stór hluti af Kaupþings samstæðunni og þar af leiðandi auka tekjusveiflur og hækka aftur hlutfall heildsölufjármögnunar hjá samstæðunni, þótt áhersla á að auka innlán gæti dregið úr áhættunni," segir í umfjöllun Fitch.

Mat Fitch Ratings á lánshæfi Landsbankans er frá því í nóvember, en enn hefur ekki komið nýtt mat á Glitni.

Í síðasta mánuði staðfesti Fitch óbreytta lánshæfiseinkunn Landsbankans. Langtímaskuldbindingar eru „A", skammtímaeinkunn „F1", stuðningur „2" og fjárhagslegur styrkur „B/C". Horfur lánshæfismatsins voru sagðar stöður stöðugar, en einkunnin var sögð endurspegla leiðandi stöðu Landsbankans á heimamarkaði, aukna fjölbreytni í tekjum bankans, varkár afskriftarframlög, góða eiginfjárstöðu og bættar fjármögnunarleiðir. Í matinu var einnig tekið tillit til þess að hlutabréfastöður bankans eru enn umtalsverðar og hugsanlegt umrót á innanlandsmarkaði og í annarri starfsemi tengdri fjármálamörkuðum.

Nýjasta mat Fitch á Glitni er hins vegar frá því í mars, en það var gefið út í kjölfar kaupa Glitnis á FIM. Þá var staðfest óbreytt einkunn, „A" í langtímaeinkunn, skammtímaeinkunn „F1", óháð einkunn „B/C" og stuðningseinkunn „2". Horfur voru sagðar stöðugar. **- bg/óká**

# Segir að styttist í kreppuna

„Væntanlega erum við að sjá áhrif af fjármálakreppunni koma fram í raunhagkerfinu á næsta ári," sagði Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, í hádegisviðtali Markaðarins á Stöð 2 í gær.

Ásgeir sagði að raunveruleg fjármálakreppa væri nú vestan hafs. Hinn almenni borgari hér hefði ekkert fundið fyrir henni. Hér væri svo til ekkert atvinnuleysi og fólk hafi verið tiltölulega bjartsýnt. „En mér finnst mjög líklegt að það muni breytast mjög snögglega á næsta ári og við sjáum þessi efnahagslegu áhrif undirmálskrísunnar koma fram."

„Það verður miklu erfiðara að fá lán fyrir framkvæmdum og svo framvegis," sagði Ásgeir og bætti því við að hann væri ekki svartsýnn. „Uppsveiflur og niðursveiflur fylgjast að. Það væri barnaskapur að halda að íslenska hagkerfið geti haldið áfram á þessu stími sem það hefur verið á."

Hann bendir á að fasteignamarkaðurinn sé viðkvæmur fyrir háum vöxtum og vísar til undirmálskrísunnar.

„Aðilar sem eru í útlánum til fasteignakaupa á Íslandi munu stíga varlega til jarðar á næsta ári."

Það hafi verið markmið Seðlabankans með gríðarlega háum stýrivöxtum að ná þessari stöðu. Það hafi tekið hann þrjú til fjögur ár.

„Aðalmálið er að markaðurinn frjósi ekki," sagði Ásgeir og sagði að það skipti ekki öllu máli þótt verðið lækkaði lítillega.

Fasteignamarkaðurinn eigi þó líklega eftir að jafna sig um leið og hægt verði að lækka vexti.

Ásgeir segir að næsta ár verði ár aðlögunar í hagkerfinu. Fólki hætti til að vera of bjartsýnt í uppsveiflu og of svartsýnt í niðursveiflu. Fólk hefði getað búist við þessu og „nú verður að standa fast í ístöðunum, en ég held samt að 2008 verði ekki slæmt ár". **- ikh**

**ÁSGEIR JÓNSSON**

GJAFAVÖRUR
FYRIR JÓLIN

# DIMMT ÚTI, BJART INNI



Ekkert heimili má verða saltlaust:
Gefðu gjafabréf frá Saltfélaginu.

Á kaffihúsinu sem **Te & kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga.
**Jólatími:** 15. des. **11-18** / 16 des. **12-18** / 17. - 22. des. **10-22** / 23. des. **10-23**

ENNEMM / SÍA / NM51391

# Gleðileg

## Ferskt með flugi!

**OPIÐ**
í kvöld til 22:00
á morgun til 23:00

Bláber

Blæjuber

Trönuber

Jarðarber

Rifsber

Hindber

Brómber

Kirsuber

# Ítalskir réttir

## ítölsk matargerðarlist

framreidd af einum færasta matreiðslumanni landsins í ítalskri matargerð!

Leifur Kolbeinsson

## Skreyttu eftirréttadiskinn með litilli sneið!

Tamarillo



Passion

Dreka ávöxtur

Guave

Granatepli

Grenadilla

Kaktus fíkjur

Maracuya

Ramboutan

Curuba

*Matarvín - tilvalið í súpur og sósur*

*Eðal ísterta - með Kahlúa sósu og súkkulaði marengsbotni*

*Súpubrauð - nýbakað úr bakarí Hagkaupa*

Gildir á meðan birgðir endast.

# Jól

## Besti hryggurinn

### að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**

Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!

## Fyrir þá sem vilja vera öðruvísi!

Fasanabringur

Kengúra


Strútskjöt

Hreindýr

Krónhjörtur


Dúfa

Lynghænur

Andabringur


Frönsk berberieönd


Fasani

## Gæða hangikjöt

### í suðupoka

Við viljum vera viss um að gæði kjötsins haldist óskert alla leið á diskinn þinn. Þess vegna setjum við hangikjötið í suðupoka, þú smellir bara pokanum með hangikjötinu beint í pottinn og sýður skv. leiðbeiningum. **Þannig haldast öll bragðgæði kjötsins betur og gæðin koma skemmtilega á óvart.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Uppbygging skíðabrauta undir þaki er þjóðþrifamál.

## Skíðahöll rísi við Úlfarsfell

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Síðustu sólarhringana fyrir hátíðar taka íslenskar fjölskyldur að búa sig til skíðaferða. Þær sækja burt úr skarkalanum og halda jól undir snævi þöktum brekkum, halda hátíð ljóssins í snjóbirtu og skemmta sér hátíðardagana á skíðum. Í þeirra spor halda síðan þúsundir landa langt fram eftir vetri: leita til fjalla þar sem úrkoma og kuldi duga til að festa snjó í fjöllum. Enginn hefur tölu á utanlandsferðum til skíðaiðkunar en í lífi margra eru skíðaferðir orðnar fastur hluti tilverunnar. Og fæstir eiga þess kost að renna sér í íslenskum hlíðum. Til þess vantar snjóinn.

Á fornum skíðasvæðum hér syðra standa dýr mannvirki ónotuð stærstan hlut ársins, það er lán ef gefur snjó á þeim slóðum. Ástandið er lítið skárra fyrir vestan og norðan þar sem menn njóta meiri snjóa sem eru blessunarlega ekki aðeins farartálmi á vetrartíð heldur líka uppspretta ánægju þeim sem stunda vetraríþróttir.

Skíðasamband Íslands hefur kynnt vandlega útfærðar hugmyndir um uppbyggingu á aðstöðu til skíðaiðkunar árið um kring í nágrenni Reykjavíkur. Þær áætlanir eru studdar sannfærandi gögnum um mögulega aðsókn, rekstrarkostnað og skynsamlegt staðarval auk útlitsteikninga af fyrirhugaðri byggingu sem gera ráð fyrir fjórum brautum undir þaki. Kostnaður við framkvæmdina er ekki óyfirstíganlegur og með tilkomu hennar yrði aðstaða til skíðaiðkunar hér á landi gjörbreytt. Borgaryfirvöldum í Reykjavík hafa verið kynntar þessar áætlanir, raunar ættu sveitarfélög á öllu suðvesturhorninu að koma að þessari þjóðþrifaframkvæmd. Þau renna sér líka á skíðum í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og suðureftir. Aðgengi að hinu fyrirhugaða skíðasvæði nýttist öllum íbúum frá Reykjanesi og upp í Borgarfjörð. Og ekki aðeins þeim: fyrsta flokks skíðaaðstaða nýttist ferðamönnum sem hingað koma árið um kring, ekki bara þeim sem hér eru á ferðinni yfir háannatímann í ferðabransanum, heldur líka hinum sem koma hingað að vetri til, sem mættu vera fleiri miðað við þær fjárfestingar sem eru fram undan í gistirými.

Oft er talað um bága fjölskyldustefnu yfirvalda hér á landi, meðal annars í fábrotinni aðstöðu sem nýtist bæði börnum og fullorðnum í senn, saman, allt árið. Ekki er að efa að afstaða eins og Skíðasambandið leggur til bætti úr þeim skorti sem er á skemmtun fyrir alla fjölskylduna saman. Núna er skíðaíþróttin fyrir þá sem efni hafa á langdvölum á erlendum skíðasvæðum á meginlandi Evrópu og Ameríku. Hún er lúxussport.

Hér kemur margt til í rökstuðningi: það er gjaldeyrissparnaður að byggja upp góða skíðaaðstöðu undir þaki við Úlfarsfell, það mun skapa ferðamannaiðnaði í heild bætta tekjuöflun og tekjudreifingu. Þá mundi slík aðstaða gefa þeim kynslóðum sem hafa misst af skíðaiðkun vegna snjóleysis tækifæri til að kynnast hinni ljúfu skemmtun sem hafa má af hraðferð niður hlíð í góðum félagsskap fjölskyldu og vina. Því eiga yfirvöld að veita Skíðasambandi Íslands liðsinni við uppbyggingu skíðabrauta innanhúss við Úlfarsfell.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lukkupotturinn

Endurminningar Guðna Ágústssonar rokseljast fyrir jólin og telja þar til bærir menn ekki ólíklegt að endanlegar sölutölur verði nálægt tólf þúsund eintökum. Ekki ónýtt það. Guðni og Sigmundur Ernir Rúnarsson skipta höfundargreiðslunum bróðurlega á milli sín og þótt ekki sé um svimandi upphæðir að ræða ættu þeir að geta keypt sér eitthvað fallegt fyrir hýruna. Grafarvogsskáldið kveðst lengi hafa langað til að eignast heitan pott í garðinn og gæti nú látið drauminn rætast. Að sjálfsögðu fær hann nafnið Brúnastaðapotturinn.

### Sleppt og haldið

Sólveig nokkur Urboniene segist vilja herða reglur um erlenda ríkisborgara á Íslandi þar sem hún sé orðin þreytt á því að óprúttnir landar hennar komi óorði á Lithóa. Þannig ættu þessir svörtu sauðir ekki að komast til landsins eða í það minnsta að tolla hér stutt. Á sama tíma er verið að ræða um það óefni að afbrotamenn komist úr landi áður en dæmt sé í máli þeirra. Vandi Sólveigar og yfirvalda er því gjörólíkur; yfirvöld vilja halda í svörtu sauðina meðan hún vil losna við þá.

### Ekkert pempíuhjal

Fleiri en Sigmundur Ernir skrá endurminningar í ár, til dæmis Tryggvi Harðarson, varaþingmaður Samfylkingarinnar. Tryggvi hefur fært í letur lífshlaup Eyþórs Þórissonar, veitingamanns á Seyðisfirði sem bruggar meðal annars El Grillo-ölið. Óhætt er að segja að ekki sé verið að sverma fyrir hátimbruðum fagurkerum í markaðssetningu bókarinnar. Í heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu í gær segir meðal annars um „El Grillo karlinn“: „Engum líkur. Ekkert pempíuhjal. Ekkert tilfinningakjaftæði. Alvöru íslenskur karlmaður. Kemur kviknakinn til dyranna. Kjörin bók fyrir þá sem lesa eina bók á ári.“ Engar refjar sumsé.

bergsteinn@frettabladid.is
jse@frettabladid.is

## Kristilega kærleiksblómin spretta

**ELLERT B. SCHRAM**
**Í DAG** | Trúmál

Er það ekki bara vel við hæfi, nú rétt fyrir jól, að fara nokkrum orðum um hversu kristilega kærleiksblómin spretta kringum hitt og þetta? Þótt það komi ekki endilega til af góðu. Það gerðist sem sagt núna í miðri aðventunni að heilög hneykslan braust út þegar spurðist að sent hefði verið bréf úr stjórnarráðinu um að ekki mætti nota skólatíma fyrir fermingarfræðslu og ekki varð vandlætingin minni þegar menntamálaráðuneytið lagði til að kristilegt siðgæði ætti ekki lengur heima í fræðslulöggjöfinni. Þá stóðu mætir alþingismenn upp í þinginu og fluttu væmnar ræður um heilagleika trúarinnar og fulltrúar þjóðkirkjunnar kvörtuðu undan hatrömmum árásum guðleysingja og vantrúaðra gegn kristinni trú. Menn voru jafnvel farnir að standa vörð um krossinn í þjóðfánanum og guð vors lands í þjóðsöngnum. Því miður fóru þessar ræður öfugt ofan í mig.

Því er haldið fram að hátt í 90% Íslendinga séu innan þjóðkirkjunnar. Skýringin er í aðalatriðum sú að við erum skírð og fermd inn í þjóðkirkjuna, ómálga börn og óharðnaðir unglingar, og látum okkur hafa það, nema þá þeir sem seinna um ævina gerast sérvitringar og undanvillingar og nenna að hugsa um trúmál. Níutíu prósent af þessum nítíu prósentum láta það einu gilda hvar þeir eru flokkaðir í trúmálum, sækja sjaldan messur og láta sig enn sjaldnar nein guðsorð varða. Trúin er með öðrum orðum á borði en ekki í orði. Nema upp á punt og þegar í harðbakkann slær.

### Hvað með alla hina?

Er kristnin æðri öðrum trúarbrögðum? Er það rangt eða ljótt að vera íslamstrúar eða búddisti? Eða guðleysingi? Er það bjargföst og útbreidd sannfæring kristinna Íslendinga að Guð hins kristna samfélags sé hinn eini og sanni, hvað þá að hann sé betri og göfugri heldur en aðrir guðir? Eða hvers vegna skyldu milljónir og milljarðar manna um heim allan hafa aðra trú en við og lifa það samt af? Hvaða guðsmaður, prestur eða prédikari getur sannað með óyggjandi hætti að Biblían sé orð Guðs? Hinn heilagi sannleikur um aldir alda og til eilífðarnóns?

Og svo er það þetta með trúna. Trúum við öll, sem erum skráð í þjóðkirkjuna, að Guð almáttugur sé til? Trúum við á annað líf? Trúum við hinni líkamlegu upprisu Jesú Krists? Svari hver fyrir sig. Ef ég efast um þessar grundvallarkenningar kristninnar er ég þá trúlaus? Eða þarf ég að aðhyllast önnur trúarbrögð ef ég er ekki hlýðinn og undirgefinn öllum boðskapnum eins og hann leggur sig?

Nei, trú okkar á ekki að vera blind. Hún þarf ekki að vera hafin yfir allan vafa og hún er jafnvel best og heiðarlegust ef við metum hana út frá skynsemi og áhrifum og þeirri meðvitund sem hún skapar. Í raun og veru hef ég alltaf litið á trúarbrögð sem heimspeki, sem skoðun og vitneskju um gildi lífs og gjörða. Kristindómurinn byggist á mannkærleika og þess vegna tel ég mig vera kristinn. Boðskapur Jesú Krists um umburðarlyndi, fyrirgefningu og kærleika er það sem ég aðhyllist. Ég þarf enga trú í því samhengi heldur vitsmuni og hjartalag. Kristilegt siðgæði er eftirsóknarvert í þessu tilliti og á að rækta og kenna. Því á að halda að ungu fólki jafnt á heimilum sem í skólum. En það þarf ekki að gera undir formerkjum trúboðs. Umburðarlyndi og mannkærleikur er eðli og inntak kristninnar og öll uppfræðsla í þeim efnum er jákvæð og nauðsynleg.

### Besta og eina mótvægið

Prestarnir eru kennimenn þessarar heimspeki, kirkjan er tákn þessa boðskapar. Jesús Kristur boðaði þetta fagnaðarerindi og í heimi sem er sífellt að fjarlægjast þessar kenningar og birtist okkur í eigingirni, græðgi, miskunnarleysi, firringu, ofbeldi og fánýti, er kristilegt siðgæði kannski eina haldreipið og mótvægið. Í kristilegu siðferði felst einmitt umburðarlyndið og fyrirgefningin gagnvart öðrum trúflokkum, öðrum skoðunum, syndurum og fjandmönnum. Það er inntak trúarjátningarinnar, guðspjallsins og jólaboðskaparins. Og hvers vegna eigum við þá að amast við því frelsi sem sumir þarfnast til að finna innsta kjarna kristinnar hugsunar og lífsins? Ekki síst þeirra sem efast. Erum við ekki öll jöfn andspænis almættinu?

Kærleiksblómin spretta kristilega í hjörtum þeirra sem fagna fæðingu mannsins sem kenndi okkur þessi einföldu sannindi. Það gleður barnið í mér um sérhver jól.

Ég sendi ykkur öllum ósk um gleðilega hátíð.

## Auðlindagjald og réttlæti

**UMRÆÐAN**
Auðlindagjald

**EINAR STEFÁNSSON**

Í leiðara Fréttablaðsins 18. desember ræðir Þorsteinn Pálsson, ritstjóri, um auðlindaskatt og réttlæti. Hann dregur í efa að auðlindaskattur sé réttlát skattheimta og gerir engan mun á auðlindagjaldi í sjávarútvegi og almennri skattheimtu.

Nær aldarfjórðungur er liðinn síðan stjórnvöld tóku hefðbundinn fiskveiðirétt af öllum Íslendingum og færðu þennan rétt tiltölulega litlum hópi útgerðarmanna. Sá kostur hefði verið til staðar að gera þetta með markaðskerfi, þar sem allir Íslendingar hefðu átt þess kost að kaupa fiskveiðirétt – kvóta. Markaðskerfið var hins vegar ekki nýtt, heldur var kvóta úthlutað endurgjaldslaust af stjórnvaldi til fámenns hóps manna, sem margir voru í sama hagsmunafélagi, og aðrir áttu engan kost að halda í þennan rétt kynslóðanna. Þeir einstaklingar, sem fengu úthlutanir frá íslenska ríkinu, gátu síðan selt þennan rétt fyrir stórfé og í einhverjum tilfellum án þess að þurfa að greiða skatt af.

Sem betur fer er ekkert annað dæmi þess að íslenska ríkið hafi úthlutað verulegum verðmætum endurgjaldslaust til takmarkaðs hóps borgaranna. Öðrum auðlindum, landrými eða eignum ríkisins hefur ekki verið úthlutað á þennan hátt. Sameiginlegar eignir borgaranna, svo sem ríkisbankarnir og Landsíminn, hafa verið seldar á markaði, enda er það eðlileg aðferð. Þjóðargjöfin á kvótanum er einstakur atburður í Íslandssögunni og engin sambærileg dæmi finnast í okkar heimshluta.

Krafan um auðlindagjald var tilraun til að nýta markaðskerfi við nýtingu og úthlutun auðlindar, þótt seint sé til komin. Það er kjarni markaðskerfis, að verðmæti gangi kaupum og sölum á markaði fyrir markaðsverð, en sé ekki úthlutað endurgjaldslaust. Upphaflega kvótaúthlutunin var argasta brot á lögmálum markaðarins – þótt það hafi síðan leitt til markaðskerfis í greininni. Auðlindagjaldið er leiga fyrir afnotarétt af auðlind, en ekki skattur í venjulegri merkingu þess orðs. Það er tilraun til að leiðrétta gamalt brot á lögmálum markaðarins, og í því felst réttlæting þess.

*Höfundur er prófessor.*

Pioneer SKARAR FRAM ÚR!*



# HORFÐU Á JÓLADAGSKRÁNA Í BESTU MÖGULEGU GÆÐUM

HD ready

Pioneer PDP-428XD - 42" PLASMA sjónvarp - áttunda kynslóð

## KURO ÞÝÐIR **SVARTUR** Á JAPÖNSKU

... en ekki hvaða svartur sem er, heldur fullkomlega ***biksvartur*** – og í heimi sjónvarpsins er svartur allt, því svarti liturinn spannar allt litrófið og biksvartasti liturinn skapar skærustu litina.

Með **KURO** hafa verkfræðingar PIONEER skapað svartan lit, sem er **80% dýpri en áður hefur þekkst í sjónvarpi**. Af þessu leiðir að þú getur nú greint mun meiri andstæður og fjölda litabrigða innan litrófsins. Alls staðar blasa við litabrigði, sem þú hefur eflaust ekki veitt athygli fyrr. Horn verða skýrari, skuggar dýpri og form og áferð myndarinnar fær raunhæfa fjarvídd. KURO er plasma sjónvarp, sem býður þér myndræna upplifun sem aldrei fyrr.

## *ERLEND FAGTÍMARIT KEPPAST VIÐ AÐ LOFA KURO:

**CNET.co.uk**
*"Televisions don't get much better than this. A winning combination of excellent picture quality, stylish design and user-friendly features, this 50-inch plasma should be at the top of any serious home cinema fan's shopping list. It's pricey, but it's worth it..."*

**Hi Fi News**
*"My goodness does it deliver! This plasma's greyscale, dynamic range and dynamic deep black performance really sets it apart from any other flat panel display I've ever seen..."*

**What Video and High-Definition TV**
*"Not just the best 42" screen ever, it's the best flatscreen yet by some margin. For once, it seems, you can believe the hype..."*

**Home Cinema Choice**
*"Darker and more dynamic than any previous Pioneer plasma - a knockout blow to comparably sized LCDs..."*

**TrustedReviews**
*"Not to put too fine a point on it, this TV's pictures really are the very best we have ever seen on a flat TV. No probably, no arguably - they just are. By some margin, in fact..."*

**What Hi Fi? Sound and Vision**
*"It's so much better than any other flat TV you can buy that it really isn't that much of a leap to label it a revolution in TV. It'd also be fair to call it the best telly we've seen..."*

**HDTV.org**
*"The Black Level performance of the PDP-508XD is a revelation, with a purity that stands head and shoulders above offerings from any other Plasma or LCD manufacturer out there. The subtlety of graduation across dark scenes is nothing short of spectacular."*

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum okkar!

**ORMSSON**

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

**Gaggalagú, gaggalagú**
Viltu trufla nætursvefn vina þinna? Þá skaltu gefa þeim þessa háværu gaukskluku. En kannski langar þig að eiga hana sjálf(ur) og þá skaltu bara passa að hafa hana ekki í svefnherberginu ... Gaukskluku er 46 cm á hæð og kostar 1600 krónur.

**Nú geturðu nálgast viðfangsefnið ...**
... og sökkt þér alveg ofan í það. Smásjá með innbyggðu ljósi svo að þú getur gert rannsóknir þínar að næturlagi. Allt sést glöggt í smásjánni.
800 krónur.



**Lífið er púsluspil**
Það er líkami okkar einnig, samansettur úr ótal forvitnilegum einingum. Nú geturðu komist að því hvernig eyrað, augað, heilinn og hjartað eru sett saman. Ef þú tekur þessi 12 cm háu þrívíddarpúsluspil og raðar þeim rétt saman veistu næstum því eins mikið um líkama þinn og læknirinn ...
800 krónur fyrir hvern líkamshluta.

TIGER
Villidýr á verði
Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri
Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is


MAÐUR VIKUNNAR

# Barngóður antisportisti

Í nýútkomnu ársriti Lögreglufélags Reykjavíkur, Lögreglublaðinu, fjallar annar ritstjóra blaðsins, Gísli Jökull Gíslason, um þann vanda sem steðjar að lögreglustarfinu um þessar mundir. Í grein sinni „Það er bara ekki í góðu lagi“ segir hann meðal annars: „Á þessu ári hef ég séð eftir mörgum mjög hæfum og góðum lögreglumönnum hætta og mig tekur það sárt. Ekki aðeins eykst vinnuálagið á okkur sem eftir eru sem því nemur, heldur skaddast ein sterkasta taugin sem heldur mér í þessu starfi.“

Hugsjónamaður er orð sem allir viðmælendur Fréttablaðsins nota til að lýsa Jökli. Áður en hann hóf störf hjá lögreglunni vann hann með heimilislausum drengjum og þar áður sem sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum. „Svona er hann bara. Annaðhvort er fólk með það í sér að vilja hjálpa og aðstoða eða ekki. Jökull er með hugsjónina. Hann vill hjálpa fólki en hann er hins vegar ekki aumingjagóður.“

Jökull hefur einnig verið mikið í félagsstarfi í gegnum tíðina. Hann var lengi formaður ungliðastarfs Rauða krossins og á þessu ári tók hann við sem annar af tveimur ritstjórum Lögreglublaðsins.

Jökli er afar annt um lögreglustarfið og vill vekja athygli á því sem hann telur hægt að bæta. Á forsíðu Lögreglublaðsins var mynd af brotinni lögreglustjörnu og vildi Jökull með því benda á þá staðreynd að brestir eru í lögreglunni. „Hann hefur lagt mikið í það undanfarna daga og vikur að setja sig inn í málefni lögreglunnar,“ sagði einn viðmælenda, sem bætti því við að greinin í Lögreglublaðinu hefði ekki komið á óvart.

Jökull er afskaplega vel liðinn innan lögreglunnar að sögn viðmælenda. Hann þykir góður vinnufélagi og er oft leitað til hans með ýmis mál. „Hann er hafsjór af fróðleik. Það er gott að leita til hans og oftar en ekki fá góð svör. Toppmaður í alla staði.“

Það hefur alltaf verið á áætlun hjá Jökli að eiga stóra fjölskyldu og vill hann hafa reglu og fjölskyldulíf í kringum sig. Jökull á tvær dætur og sækja börn sérstaklega í nærveru hans að sögn eins viðmælanda. „Það eru mörg börn sem leitast við að koma í heimsókn sérstaklega til að hitta hann. Hann er alltaf til í að fíflast með þeim og fara í tröllaleik.“ Í tröllaleik leikur Jökull tröllið sem eltir skríkjandi börnin.

Þegar Jökull fluttist heim frá Bretlandi tíu ára gamall var hann tvítyngdur. Fimm árin á undan hafði hann alltaf talað ensku við skólafélaga og vini meðan foreldrar hans töluðu íslensku við hann. Það hafði þó þær afleiðingar að þegar hann fluttist aftur heim var íslenskan hans á öðru plani en hjá öðrum tíu ára börnum. Fann hann sérstaklega fyrir því hve hann skorti inn í orðaforða tíu ára krakka. Þurfti hann meðal annars að láta kenna sér að blóta.

Jökull á mikið af áhugamálum og eru hefðbundnar íþróttir þar ekki í forgrunni. „Hann er algjör antisportisti. Hjá mörgum er fótboltinn aðaláhugamálið en hann er með mörg önnur í staðinn.“ Af helstu áhugamálum Jökuls má nefna skotfimi, sjósund, borðspil og herkænsku. Hefur hann unnið til verðlauna í skotfimikeppni hjá lögreglunni og er meðlimur í sjósundsfélagi lögreglunnar. Stærsta áhugamálið snýr þó að borðspilum og herkænsku. „Segja má að Jökull sé hernaðarsérfræðingur án þess að hafa nokkurn tímann komið nálægt hernaði heldur hefur hann bara lesið sér til.“ Í dag spilar hann spil um seinni heimsstyrjöldina með litlum fígúrum og á hann risastórt safn af bókum og DVD-diskum um þetta tímabil. Jökull hefur alla tíð verið mikið fyrir spil af þessu tagi og hefur einnig séð um að halda spilamót. Hann spilar til að skemmta sér og þykir taka sigrum jafnt sem ósigrum með einstöku jafnaðargeði. Jökull er afar vel liðinn af spilafélögum og þegar hann tilkynnti að hann hygðist hætta spilamennsku í borðspilinu Warhammer 40.000 var gífurleg eftirsjá að honum að sögn eins viðmælanda. Jökull spilaði Warhammer um nokkurra ára skeið og tók meðal annars þátt í heimsmeistaramóti Warhammer-spilara.

Af heimilisstörfum á eldamennskan helst upp á pallborðið hjá Jökli, sem sér um alla eldamennsku á heimilinu. Hann er opinn fyrir alls konar matargerðarlist og einbeitir sér að því að gera hvern rétt eins góðan og hægt er. Eru þeir oft í flóknara lagi. „Hann myndi til dæmis aldrei elda kjötbollur í brúnni sósu, það væri of einfalt.“

## GÍSLI JÖKULL GÍSLASON

## ÆVIÁGRIP

Gísli Jökull Gíslason fæddist 20. október árið 1970 í Reykjavík. Hann ólst upp í Reykjavík og á Seltjarnarnesi auk þess sem hann dvaldist í Bretlandi frá fimm til tíu ára aldurs meðan foreldrar hans voru þar í námi. Jökull bjó í foreldrahúsum þar til hann varð tvítugur, að einu ári undanskildu þegar hann á menntaskólaárunum fór sem skiptinemi til Kanada.

Tvítugur að aldri dvaldi hann í níu mánuði í Gambíu í Afríku þar sem hann vann sem sjálfboðaliði Rauða krossins. Á tímabilinu 1997 til 1999 vann hann sem umsjónarmaður á sambýli fyrir heimilislausa drengi þar sem hann bjó og rak heimilið. Árið 1999 hóf hann störf sem afleysingamaður hjá lögreglunni og árið eftir fór hann í lögregluskólann. Hefur hann starfað hjá lögreglunni síðan.

Jökull er kvæntur Pálínu Gísladóttur byggingaverkfræðingi og saman eiga þau tvær dætur; Laufeyju sem er fimm ára og Kristínu sem er eins árs.

Foreldrar Jökuls eru Kristín Hafsteinsdóttir lífeindafræðingur og Gísli Már Gíslason, prófessor í líffræði við Háskóla Íslands.

## VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Kleif Hvannadalshnjúk í fyrra í fyrsta skipti. Förin var hálft ár í undirbúningi og segja kunnugir Jökul hafa fyllst mikilli sigurtilfinningu við að komast á toppinn.

## HVAÐ SEGIR HANN?

„Þau skörð sem hafa myndast með mannfækkun er ekki hægt að fylla auðveldlega því með þeim tapast reynsla. Í mínu mati þá er tvennt sem gerir lögreglumann að góðum lögreglumanni öðru fremur, það er hvernig hann er að upplagi og sú reynsla sem hann hefur.“
– í Lögreglublaðinu, ársriti Lögreglufélags Reykjavíkur, desember 2007.

## HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hann er bara eins og jökullinn. Stór og stóískur.“ Pálína Gísladóttir, eiginkona Jökuls.


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Þökkum frábærar viðtökur!

11.000 EINTÖK SELD

Eigum við að ræða það eitthvað?

NÆTURVAKTIN

allir 12 þættirnir á 2 diskum troðfullir af aukaefni; tilurð þáttanna / upptökur frá spunum, gerð næturvaktarinnar og yfirlestur (commentary) frá höfundum og aðalleikurum.

2 DVD

VIÐBÓTARUPPLAG BERST Í ALLAR VERSLANIR SEM SELJA DVD Á MORGUN

skemmtilegri

► Góða skemmtun

sena

# JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

*VINSÆLASTA LEIKJATÖLVAN Í DAG*

NÝ UPPLIFUN

VERÐTRYGGING!!

**Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON**




## LOKSINS KOMINN!!

Vorum að fá nýja sendingu af þessum ævintýralega skemmtilega leik.

*Einn besti tölvuleikur allra tíma!*

*TAKMARKAÐ MAGN*

**Fyrstir koma – fyrstir fá!**

SAMSUNG

*Glæsilegt nýtt LCD sjónvarp frá SAMSUNG*

**40" LCD sjónvarp**

SAMSUNG LE40N87_BDX

- **Full HD**
- Upplausn: 1920x1080
- DVB-T stafrænn móttakari
- Contrast: 10.000x1
- Birta: 550 cd/m2
- Tengi: 6x HD

*Verð kr. 249.900,-*

OLYMPUS

**OLYMPUS FE-280**

- 8 milljón pixlar
- 3 x aðráttarlinsa (38-190mm)
- 15 handhægar tökustillingar

*Verð kr. 19.900,-*

*Frábær, nett og vönduð myndavél*

NIKON S-510

Nikon

- 8,1 milljón pixlar - 3x aðráttarlinsa
- VR hristivörn
- Hús úr ryðfríu stáli
- D-lighting - hugbúnaður til að leiðrétta lýsingu í vélinni

***TILBOÐSVERÐ kr. 28.900,-***

*Klassamyndavél fyrir kröfuharða*

**OPIÐ TIL KL. 20:00 Í KVÖLD Í SÍÐUMÚLA 9**

# Nýjasta snilldin frá Pioneer!

**FRÁBÆRT 5.1 RÁSA HEIMABÍÓKERFI að hætti Pioneer**

Pioneer

NÝ SENDING!!

Pioneer DCS-363

- 5.1 rása heimabíókerfi með DVD-spilara og FM útvarpis
- 360W magnari (6 x 60W RMS)
- HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið
- Spilar alla DVD og CD diska, Mp3, WMA, JPeg og DivX.
- USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir
- Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic og Pro Logic II surroundkerfi
- Spilar öll DVD-kerfi, bæði PAL og NTSC
- FM útvarp með RDS
- Tengi: HDMI út, USB inn, Euro-SCART út, Composite út, RCA hljóð inn

*Verð: 49.900 kr.*

CELESTRON

***LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STJÖRNUSJÓNAUKUM í Ormsson Smáralind***

CELESTRON AstroMaster

AstroMaster 70EQ linsusjónauki.

***TILBOÐSVERÐ kr. 12.900,-***

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

# HÁTÍÐ ER Í BAÐ

SOLIS Hrísgrjónapottur og gufusuðupottur.
Öflugur 400w, burstað stál, heldur heitu.
*Verð kr. 7.990,-*

SOLIS Töfrasproti.
600W, úr stáli - með aukahlutum.
*Verð kr. 9.490,-*

Emile Henry
Flame

**FRÁBÆR FRÖNSK LEIRVARA**

*Eftirsótt um alla Evrópu.*

TEFAL

JAMIE OLIVER KANN AÐ META GÆÐI

EÐAL POTTA- OG PÖNNUSETT
HANNAÐ AF JAMIE OLIVER OG TEFAL

ZWILLING

Færustu matreiðslu-meistarar um allan heim velja ZWILLING hnífa - og ekki að ástæðulausu.

*Úrvals hnífar - vönduð matargerð.*

**MERKIN OKKAR TRYGGJA GÆÐIN**

**OPIÐ TIL KL. 20:00 Í KVÖLD Í LÁGMÚLA 8**

AEG

Sterkur blandari.
Ómissandi í matargerðina.
Verð kr. 6.900,-

Hágæða Espresso kaffivél.
Fyrir fullorðna.
*Verð kr. 29.900,-*

SKEMMTILEG BJÓRDÆLA
***TILBOÐSVERÐ kr. 14.900,-***

TEFAL

Traust mínútugrill frá TEFAL.
Verð frá kr. 8.990,-

TEFAL

Djúpsteikingarpottur vandaður og traustur.
*Verð kr. 8.990,-*

# ORMSSON

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

# Jurtaseyði gegn tindátalosta

Í **Dagbók Þráins Bertelssonar** er fjallað um sexkant og afstæðiskenningu; grasate og tindátalosta; róteindir, rótfætlur og stórmerkilega bók. Einnig er talað um jólakvíða, bókakaffi á Selfossi, nepótisma í öðrum löndum og hjartahreina stjórnmálamenn.

## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 14. DESEMBER.**

### Gestaþrautir eða húsgögn?

Fórum í Habitat þar sem frú Sólveig hafði séð út skrifborð handa mér og snotran skáp undir pappírana mína.

Gamla skrifborðið mitt getur hæglega enst í nokkur hundruð ár til viðbótar, en það hefur þann ókost að ég get ekki setið við það og skrifað á tölvu. Það er samt ekki hægt að tala um hönnunargalla á borðinu því að það er frá fyrstu árum síðustu aldar þegar amerískir lindarpennar frá Waterman voru nýjasta atvinnutæki skrifandi manna – og engum hafði dottið í hug að tölvubylting væri á næsta leiti.

Ég er búinn að humma það fram af mér í fimmtán ár að fá mér hentugra skrifborð og reiðubúinn að fresta málinu í fimmtán ár til viðbótar en þegar frú Sólveig fer á stjá er mér ekki til setunnar boðið.

Mér er bölvanlega við nýtísku húsgögn, einkum þau sem maður kaupir ósamsett. Ég hef eytt fleiri klukkustundum en ég kæri mig um að rifja upp með sexkant í annarri hendi og leiðarvísi í hinni sem virðist einna helst innihalda óljósa útskýringu á afstæðiskenningunni.

Það kann vel að vera að þetta sé gert í sparnaðarskyni en ekki dettur bílaumboðunum í hug að selja nýja bíla ósamsetta og láta leiðarvísi og skrúflykil fylgja. Ekki er sparnaðurinn í heilbrigðiskerfinu orðinn svo mikill að sjúklingum séu afhentir hnífar, brýni og bók um mannslíkamann og sagt að skera sig upp sjálfir.

Þess vegna er mér hulin ráðgáta af hverju sumir húsgagnaframleiðendur bjóða viðskiptavinum sínum upp á gestaþrautir í stað húsgagna.

Borðið frá Habitat hefur þann kost með sér að vera einföld smíð. Jafnvel ég á að geta sett það saman á tíu mínútum. Eða það fullyrti Jón Arnar verslunarstjóri og ég ákvað að trúa honum af því að hann sagðist vera að norðan.

Skápurinn kemur samsettur.

**LAUGARDAGUR, 15. DESEMBER.**

### Öryggisleysi í ríkisstjórninni

Las vægast sagt mjög brjóstumkennanlega skýrslu á vefsíðu dómsmálaráðherrans um hvað verið er að aðhafast eða í ráði er að aðhafast í „öryggismálum þjóðarinnar“.

Þótt Rússagrýlan hafi gefist upp á rólunum virðist ríkisstjórnin þjást af ótta og öryggisleysi. Sem er dáldið undarlegt með tilliti til þess hversu mikil áhersla er lögð á að Ísland þurfi að komast í Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna þrátt fyrir öryggisleysið.

Dómsmálaráðherranum fyrir hönd eigin ráðuneytis og annarra og ríkisstjórnarinnar í heild virðist standa jafnmikill stuggur af svonefndum hryðjuverkamönnum og betri borgurum af venjulegum verkamönnum hérna í eina tíð. Og ekki er nóg með það heldur óttast yfirvöldin líka bæði flugræningja og sjóræningja til viðbótar.

Stundum þegar ég hef verið strekktur á taugum og áhyggjufullur hefur mér gefist vel að fara á Náttúrulækningahælið í Hveragerði og dvelja þar í nokkrar vikur og drekka mikið af grasaseyði.

Áður en við förum út í að stofna þrjú hundruð manna her með rafmagnsvopn, hjálma og skildi og brynvarða bíla væri ódýrara að senda á Náttúrulækningahælið dómsmálaráðherrann og/eða aðra ráðherra sem þjást af öryggisleysi eða „tindátalosta“ eins og snilldarbloggarinn Andrés Jónsson kallar hermennskumaníuna.

Eftir mánuð í Hveragerði og jurtaseyði í lítravís gæti ríkisstjórnin örugglega einbeitt sér að einhverju öðru en óhugnanlegum martraðardraumum um hryðjuverkamenn, njósnara, landráðamenn og sjóræningja.

Sjálfur held ég að þjóðinni stafi meiri hætta af eiturlyfjum en erlendum sjóræningjum.

FinePix JÓLAPAKKAR

Fujifilm FinePix Z100fd
Örþunn (19,8mm á þykkt),
úr léttmálmi
8M, 5x linsuaðdráttur 36-180mm
Andlitskennsl
Tvöföld hristivörn, flögufærsla
("CCD Shift") og háhraða myndataka
vegna háljósnæmis.
IrSimple samskipti, BLOG háttur
Til í silfur og bleiku
200 10x13,5 cm myndir í stafrænni framköllun fylgja
kr.32.500
8.0 Mega Pixels | 5x Optical Zoom | Face Detection | Dual IS

Fujifilm FinePix F50fd
Örþunn úr léttmálmi.
12M, 3x linsuaðdráttur, ISO100-6400
Andlitskennsl 2.0 þekkir líka andlit á hlið
Tvöföld hristivörn, flögufærsla ("CCD Shift")
og háhraða myndataka vegna háljósnæmis.
Engin rauð augu ("No Redeye")
Gáfað flass, 2,7" skjár með víðsjá ("wide view")
Notar x-D / SD / SDHC minniskort.
IrSimple samskipti, BLOG háttur
Til í svörtu og silfur.
200 10x13,5 cm myndir í stafrænni framköllun fylgja
kr.34.900
12M Super CCD | Face Detection 2.0 | Dual IS

FUJIFILM

LJÓSMYNDAVÖRUR
Skipholti 31, sími 568-0450 ljosmyndavorur.is

BETRI MYNDIR!

**SUNNUDAGUR, 16. DESEMBER.**

## Vörn við yfirgripsmikilli fáfræði

Mikið snilldarverk er bókin „A Short History of Nearly Everything“ eftir Bill Bryson og frábært að þessi bók skuli loksins vera komin út á íslensku.

Karl Emil Gunnarsson hefur unnið það afreksverk að þýða þetta stórvirki og íslenska heitið er: „Stiklað á stóru um næstum allt“.

Það er réttnefni því að bókin inniheldur alls konar fróðleik um hugmyndir og hluti sem mann langar loksins til að fræðast um þegar búið er að útskrifa mann úr skólum og það rennur upp fyrir manni hvað maður veit lítið eftir alla þessa skólagöngu.

Í formálanum segir Bryson: „Og selta sjávar var ekki nema brot af yfirgripsmikilli fáfræði minni. Ég vissi ekki hvað róteind var eða rótfætla, þekkti ekki muninn á kvarka og kvasa, skildi ekki hvernig jarðfræðingar gátu ráðið aldur bergs í gljúfurvegg með því einu að horfa á það – vissi bara ekki neitt.“

Það tók Bryson þrjú ár að skrifa bókina. Með hennar hjálp fær maður að vita meira í dag en í gær.

**ÞRIÐJUDAGUR, 18. DESEMBER.**

## Hrossastand og eyðing Indíalanda

Las í nótt magnaða bók sem heitir „Örstutt frásögn af eyðingu Indíalanda“ eftir Barolomé de Las Casas í þýðingu Sigurðar Hjartarsonar sagnfræðings.

Bartólómeus (1484-1566) var spænskur munkur sem starfaði áratugum saman í nýlendum Spánar í Nýja heiminum, Ameríku, og blöskraði þjóðarmorð landa sinna á frumbyggjum hinnar nýfundnu heimsálfu.

Þetta er bók sem allir verða að lesa sem hafa snefil af áhuga á sögu mannkynsins.

Í dag fórum við austur í Bolholt með Fanneyju og Finni og sóttum hross til að taka á hús.

Fagurt veður og meira að segja engin rigning fyrr en á heimleiðinni.

Hrossin voru, aldrei þessu vant, fremur stygg svo að það tók soldinn tíma að handsama þau og koma þeim á kerru. Þau voru feit og falleg og laus við hnjóska.

Nú vonar maður bara að það viðri til útreiða um hátíðarnar.

**FIMMTUDAGUR, 20. DESEMBER.**

## Nepótismi og íslenskt stjórnarfar

Frétt dagsins:

„Árni M. Mathiesen, settur dómsmálaráðherra, skipaði í dag Þorstein Davíðsson, aðstoðarsaksóknara og deildarstjóra við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, héraðsdómara frá og með 1. janúar 2008.“

Á Wikipedíu er fjallað ítarlega um pólitíska spillingu og ýmis afbrigði hennar í vanþróuðum löndum sem ekki hafa náð tökum á lýðræðislegum stjórnarháttum.

„Nepótismi“ er það kallað þegar ættingjum valdhafa er hyglað eða potað í embætti með einum eða öðrum hætti og „cronyism“ er hið alþjóðlega heiti á hugtaki sem svipar til „einkavinavæðingar“ á okkar máli.

Mikið er gott að íslenskir stjórnmálamenn skuli vera hjartahreinir og frábitnir allri spillingu.

Í dag var tvíheilagt hjá mér.

Í fyrsta lagi er bókin mín á báðum metsölulistunum, þeim frá Eymundsson og þeim frá Mogga/Félagsvísindastofnun. Þá er þungu fargi af mér létt því að ekki á útgefandi minn það skilið af mér að ég valdi honum búsifjum.

Í öðru lagi var síðasti upplesturinn á jólavertíðinni í kvöld – á bókakaffinu á Selfossi hjá Bjarna ritstjóra, útgefanda, bóksala og alþingismanni. Við vorum þrír sem lásum. Með mér voru Valur Gunnarsson sem las úr sinni fyrstu skáldsögu og Pétur Gunnarsson sem las úr verki sínu um Þórberg Þórðarson sem gerir stormandi lukku. Við Valur skiptumst á bókum og ég hlakka til að lesa söguna hans. Þetta var notaleg kvöldstund með góðu fólki. Góður endir á skemmtilegri jólavertíð.

Nú get ég loksins snúið mér að því að skreyta piparkökur með Andra og litlu Sól. Í friði og spekt. Laus við jólakvíða.

ENNEMM / SÍA / NM30938

# Afgreiðslutímar í vínbúðunum

**á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi og í Keflavík um jól og áramót 2007**

**Laugardagur 22. desember**
Opið kl.
**11.00 - 22.00**
*2 dagar til jóla!*

**Sunnudagur 23. desember**
ÞORLÁKSMESSA
**LOKAÐ***

**Mánudagur 24. desember**
Opið kl.
**09.00 - 13.00**
Vínbúðirnar Kringlunni & Smáralind opna kl. 10.00

**Fimmtudagur 27. desember**
ALMENNUR AFGREIÐSLUTÍMI

**Föstudagur 28. desember**
Opið kl.
**11.00 - 20.00**
Vínbúðirnar Dalvegi & Skeifunni opna kl. 09.00

**Laugardagur 29. desember**
Opið kl.
**11.00 - 20.00**
*2008 nálgast!*

**Sunnudagur 30. desember**
**LOKAÐ***

**Mánudagur 31. desember**
Opið kl.
**09.00 - 14.00**
Vínbúðirnar Kringlunni & Smáralind opna kl. 10.00

**Afgreiðslutíma vínbúða um allt land má sjá á www.vinbud.is**

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

* Skv. áfengislögum er óheimilt að hafa opið á sunnudögum.

TEMPUR

Gravity Zero: Stillanleg heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Frá kr. 365.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. frá kr. 31.559

* Tilboð innifelur stillanlegt rúm og heilsudýnur.

# Jólagjöfin þín

Tempur heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: Frá kr. 7.990,-

TEMPUR

Tempur heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-

TEMPUR

AUKAKRÓNUR Samstarfsaðili

www.betrabak.is

# Vaxtalaus jólatilboð

Við í Betra Bak
trúum því að rúm
sé ekki bara staður
til að sofa á,
heldur eitthvað
miklu miklu meira.

Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 139.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 12.218

* Tilboð innifelur rúmbotn, lappir og heilsudýnu.

## Jólagjafirnar fást hjá okkur

TempraKon hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 24.900,-

TempraKON®

Yes sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: Kr. 8.900,-



yes!

* Mánaðargreiðsla miðað við tilboðsverð á vaxtalausum raðgreiðslum í 12 mánuði með 3,5% lántökukostnaði.

Betra BAK

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

**Akureyri**
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-19 • Laugardag frá kl. 10-22
Þorláksmessu frá kl. 10-23 • Aðfangadag frá kl. 10-12

**DIANE SAWYER FRÉTTAKONA ER 62 ÁRA**

*„Fylgdu alltaf því sem þú hefur ástríðu fyrir og það mun vísa þér á áfangastað.“*

***Diane Sawyer fréttakona hjá Sextíu mínútum er þekkt fyrir dirfsku sína í fréttamennsku og er óhrædd við að takast á við eldfim mál.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 22. DESEMBER 1945

## *Ný Ölfusárbrú tekin í notkun*

Árið 1872 var fyrst byrjað að tala um að brúa sunnlensku stórföllin, Ölfusá og Þjórsá. Á Þingi 1879 voru veittar 100 þúsund krónur til brúarbyggingar en í fyrstu var talað um að gera flugferjur eða svifferjur á árnar.

Árið 1891 hófst brúarsmíðin af alvöru, en byrjaði þó illa því enskur maður sem vann að smíðinni drukknaði þegar efnispramma hvolfdi og bæði maður og stálstykkin á prammanum fóru í ána. Við þetta tafðist verkið og enn frekar þegar í ljós kom að stöplar brúarinnar, sem höfðu verið steyptir, voru ekki nógu háir til að mestu klakahrannir kæmust undir og að burðarstangirnar voru of langar. Þó fór svo að smíði brúarinnar lauk í september sama ár, en verkið hófst í júní. Við vígsluna flutti Magnús Stephensen landshöfðingi tölu og að lokum var Brúardrápa Hannesar Hafstein flutt. Samdar voru reglur um umferð um Ölfusárbrúna, þar sem meðal annars var bannað að fara yfir brúna ríðandi á hraða yfir klyfjahraða og skilgreint hve margir laushestar máttu vera í rekstri yfir brúna.

Árið 1944 fór mjólkurbíll frá Reykjavík með annan í togi yfir brúna og vegna þyngsla slitnaði brúarstrengur og bílarnir féllu báðir í Ölfusá. Í kjölfarið var ný Ölfusárbrú var byggð og þjónar hún enn sínum tilgangi.

Heimildir: Guðmundur Kristinsson. Saga Selfoss. Selfosskaupstaður, 1991.

## MERKISATBURÐIR

- **1897** Í turni Dómkirkjunnar í Reykjavík er sett upp stundaklukka sem Thomsen kaupmaður gaf og er hún þar enn.
- **1919** Síðustu dómar eru kveðnir upp í Landsyfirrétti.
- **1947** Stjórnarskrá Ítalíu er samþykkt af stjórnlagaþinginu.
- **1987** Ný lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík gengur í gildi og leysir af hólmi aðra, sem var meira en hálfrar aldar gömul.
- **1988** New York-samningarnir eru undirritaðir milli Kúbu, Angóla og Suður-Afríku þar sem Sameinuðu þjóðirnar fá stjórn Namibíu.
- **1989** Ion Iliescu verður forseti Rúmeníu.

†

*Við þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinsemd við andlát og útför föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóns E. Hallssonar**
Búðardal.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Silfurtúns í Búðardal. Guð veri með ykkur öllum.

**Hallur S. Jónsson**
**Lóa Björk Hallsdóttir**
**Ingunn Þóra Hallsdóttir**
**Jón Eggert Hallsson**
**Helgi Rafn Hallsson**
**Dagur Andri Einarsson**
**Sólveig Halla Einarsdóttir**
**Axel Ingi Ólafsson**
**Emil Grettir Ólafsson**
**Kristín S. Sigurðardóttir**
**Einar Þór Einarsson**
**Ólafur Ingi Grettisson**
**Stella Kristmannsdóttir**

†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ara Steinbergs Árnasonar**
Lindasíðu 2, Akureyri.

Sérstakar þakkir til Runólfs Pálssonar læknis, starfsfólks á deild 13 E Landspítala, Lyflækningadeild Sjúkrahúss Akureyrar og Heimahlynningu Akureyri fyrir góða umönnun.

**Guðrún Elísabet Aradóttir**
**Júlíus Fossberg Arason**
**Ingunn Kristín Aradóttir**
**Jón Björn Arason**
**Árni Arason**
**Rúnar Arason**
**afa- og langafabörn.**
**Fríður Leósdóttir**
**Hinrik Karlsson**
**Helga Guðjónsdóttir**
**Sveinbjörg Pálsdóttir**
**Dýrleif Skjóldal**

†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hafliði Jónsson**
fyrrum garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar,

andaðist á Elliheimilinu Grund miðvikudaginn 19. desember.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Hafsteinn Hafliðason.**

†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur og tengdasonur,*

**Óskar Þór Sigurðsson**
véltæknifræðingur, Lýsubergi 14, Þorlákshöfn,

lést á Krabbameinsdeild Landspítalans þann 17. desember sl. Jarðsett verður í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ásta Margrét Grétarsdóttir**
**Birta og Bjarki**
**Guðrún Lísa Óskarsdóttir**
**Sjöfn Ólafsdóttir og aðrir aðstandendur.**

**SINFÓNÍUHLJÓMSVEITIN OG SCHOLA CANTORUM:** EDDA I GEFIN ÚT Í FYRSTA SINN

# Verkið nánast ósyngjanlegt

Geisladiskur með flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Schola Cantorum og einsöngvara á óratóríunni Eddu I eftir Jón Leifs er nú kominn út í fyrsta sinn.

Diskurinn fékk fullt hús á tónlistarvefnum Classics Today sem kallar útgáfuna stórviðburð. Flutningur og útgáfa er talið sannkallað þrekvirki enda gríðarlega kröfuhart og eitt það viðamesta eftir Jón Leifs. Ekki síst fyrir kórinn en hlutverk hans var lengi talið nánast ósyngjandi.

Hörður Áskelsson hafði veg og vanda af því að æfa kórinn, Schola Cantorum, sem flutti verkið ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands og einsöngvurunum Gunnari Guðbjörnssyni og Bjarna Thor Kristinssyni undir stjórn Hermans Bäumer. Diskurinn er gefinn út hjá sænsku BIS-útgáfunni, en samstarf hennar og Sinfóníuhljómsveitarinnar við útgáfu á verkum Jóns Leifs hefur vakið mikla athygli tónlistarunnenda um allan heim. „Það varð ákveðin vitundarvakning þegar Hjálmar H. Ragnarsson fór að kynna tónlistina markvisst bæði heima og erlendis fyrir rúmum fimmtán árum. Síðan hefur fólk verið að uppgötva hvað Jón Leifs var merkilegt tónskáld. Mér finnst hún eins konar tilraun til að lýsa Íslandi í tónum. Maður sér fyrir sér eldfjöll, jarðskjálfta og hrikalegar náttúruhamfarir, sem greinilega falla í kramið hjá erlendum tónlistarunnendum,“ segir Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og bætir við að vinsældir hafi einnig aukist í kjölfar útgáfu.

„Sænska BIS tónlistarútgáfan ákvað upp á sitt einsdæmi að taka upp og gefa út öll verk Jóns með Sinfóníuhljómsveit Íslands upp úr 1990. Þegar hafa komið út átta diskar og Schola Cantorum og Mótettukór Hallgrímskirkju hafa starfað með okkur á fimm þeirra. Þess vegna lá beint við að Schola Cantorum yrði beðið um að flytja þetta. Þau þekkja orðið tónlistina vel og það eru fáir kórar í heiminum sem myndu ráða við þessa tónlist. Hún jafnast á við Everest fyrir fjallgöngumann,“ segir Árni Heimir.

Óratórían átti að vera í fjórum hlutum og er samin við texta Eddu kvæðanna. Skáldið klaraði fyrsta og annan hluta og var hálfnaður við þann þriðja þegar hann lést. „Hann lauk við fyrsta hluta árið 1939 og skömmu síðar byrjaði hann á öðrum hluta. Síðan voru tveir kaflar úr Eddu I fluttir á tónskáldaþingi í Kaupmannahöfn árið 1952 en fengu svo slæmar viðtökur að Jón stakk verkinu ofan í skúffu og gat eiginlega ekki hugsað sér að bæta neinu við. Síðan liðu meira en tíu ár þangað til hann tók upp pennann aftur. Þá var þetta kapphlaup við tímann því Jón átti ekki nema nokkur ár eftir ólifuð,“ útskýrir Árni Heimir.

**LÝSIR ÍSLANDI Í TÓNUM** Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, segir undirbúning á flutningi Eddu I, sköpun heimsins hafa tekið fimm ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árið 1982 flutti Pólýfónkórinn þrjá hluta af Eddu I og Árni Heimir segir að þá hafi borið meira á umburðarlyndi gagnvart tónlistinni. Þegar verkið var síðan frumflutt í heild sinni í fyrra var tvísýnt hvort flutningurinn yrði að veruleika. „Vinnan í kringum svona frumflutning er gríðarlega mikil. Undirbúningur stóð yfir í fimm ár enda höfðum við aðeins handrit Jóns Leifs, sem voru næstum því ólæsileg. Þetta var bara eitthvert pár. Síðan þurfti að útsetja alla parta og tölvusetja áður en tónlistarfólkið fékk sinn hluta í hendurnar. Því næst tók við æfingarferli hjá kórnum sem tók heilt ár, en við þurftum að bæta fjórtán manns við kórinn,“ segir Árni Heimir og heldur áfram: „Við erum ótrúlega þakklát söngvurunum sem tóku þátt í flutningnum, þar semverkið er skrifað fyrir atvinnusöngvara og reynir mikið á í tæplega einn og hálfan tíma.“ Fram undan eru æfingar og frumflutningur á Eddu II og Árni Heimir segist vona að framsýnir menn í þjóðfélaginu ásamt stjórnmálamönnum sjái hvers konar menningarverðmæti eru þarna á ferð og styrki þetta starf. „Svona verkefni eru gríðarlega dýr en það er von okkar og trú að við getum frumflutt annan hluta verksins í nýju tónlistarhúsi haustið 2010,“ segir Árni Heimir.

rh@frettabladid.is

†

*Bestu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Katrínar I. Arndal**
Hlíf I, áður Engjavegi 19, Ísafirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Fjórðungssjúkrahúsi Ísafjarðar.

**Helgi Júlíusson**
**Sigríður K. Júlíusdóttir**
**Gunnhildur Elíasdóttir**
**Kristín Júlíusdóttir**
**Haraldur Júlíusson**
**Albert Ó. Geirsson**
**Hrólfur Ólafsson**
**Ingibjörg Einarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Áslaug Jónsdóttir**
Hrísalundi 4 c, Akureyri,

lést á heimili sínu 20. desember.

**Björn J. Jónsson**
**Sævar Ingi Jónsson**
**Ingibjörg Jónsdóttir**
**Rósa Friðriksdóttir**
**Atli Örn Jónsson**
**Jón Már Jónsson**
**ömmu- og langömmubörn.**
**Halldóra Steindórsdóttir**
**Elín Gunnarsdóttir**
**Ólafur Halldórsson**
**Arnfríður Eva Jónsdóttir**
**Unnur Elín Guðmundsdóttir**

ÞÚ GEFUR STYRK!

# Söfnun til styrktar geðheilsu barna og unglinga lýkur á aðfangadag

Þú getur enn tekið þátt í söfnuninni. Viðskiptavinir Sparisjóðsins þurfa ekki að greiða neitt, bara velja félag til að styrkja, og Sparisjóðurinn leggur fram 1.000 kr. til félagsins. Við hvetjum þig til að fara inn á **www.spar.is** eða koma í heimsókn á næsta afgreiðslustað og velja félag sem þú vilt að hljóti þinn styrk.

Starfsfólk Sparisjóðsins óskar þér og þínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

**www.spar.is**

Félagasamtök innan söfnunarinnar eru: ADHD samtökin & Barnageð & Barnaheill & Hugarafl & Rauði krossinn & Sjónarhóll & Spegillinn & Umsjónarfélag einhverfra. Ítarlegri upplýsingar um félögin og verkefnin má finna inni á spar.is

SPARISJÓÐURINN

Fiton/SIA

# Ég er ekki í pólitík upp á punt

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** er hæstsetta sjálfstæðiskona landsins og einatt nefnd sem næsti formaður flokksins. Hún viðurkennir fyrir *Klemensi Ólafi Þrastarsyni* að stundum sé erfitt að vera kona í forystu flokksins og hún geri það ekki að gamni sínu. Þorgerður sakar framsóknarmenn um lýðskrum sem skaði skóla og kirkju.

Menntamálaráðuneytið er í gömlum húsakynnum Sambandsins við Arnarhól. Þar hélt Jónas frá Hriflu heimili til skamms tíma. Síðustu fjögur ár hefur Þorgerður Katrín verið þar æðstiprestur menntamála, um leið og hún hefur gegnt stöðu varaformanns Sjálfstæðisflokksins, fyrst kvenna.

Hún svarar spurningu um frekari metnað sinn með því að varaformaður sé auðvitað ávallt reiðubúinn að hlaupa í skarð formanns. Geir sé hins vegar góður formaður og verði vonandi sem lengst.

Þorgerður leggur áherslu að hún sé ekki í pólitík til að vera sæt og brosa. Hún vill hafa áhrif á sitt samfélag og ætlar að framfylgja sínum hugsjónum. En er ráðherra sér meðvitaður og jafnvel truflaður af því að vera fyrirmynd yngri kvenna?

„Þetta er hluti af því sem maður verður að vera meðvitaður um þegar kona er valin til forystu í flokki sem er jafn rótgróinn og Sjálfstæðisflokkurinn. Það er ákveðin ábyrgð fólgin í því að vera eina konan í forystunni.

Ég er það, já, maður reynir að senda út ákveðin skilaboð.“

*-Sjálfstæðiskonur eru ansi sér á parti í jafnréttismálum?*

„Við erum ekki alltaf sammála öðrum konum um þessi mál, ég er til dæmis algjörlega mótfallin kynjakvótum.

Mér hefur leiðst hvernig vinstri konur hafa nálgast okkar aðferðafræði. Við höfum til dæmis allan tímann sagt að kynin væru samherjar í því að ná fram jafnrétti. Hér á árum áður var karlmaðurinn alltaf álitinn vera ógnun; vondi aðilinn og gerandinn í misbeitingunni. Við sögðum nei við þessu og töldum og teljum að ábyrgðin sé allra í samfélaginu.

Ég nefni líka launaleyndina. Ríkisstjórnin tók hana inn í jafnréttisfrumvarpið og ég hef alltaf lagt ríka áherslu á að einstaklingsfrelsi verði að virða. Ef konur og karlar vilja bera laun sín saman, þá eiga þau að fá að velja um það.

En já, sjálfstæðiskonur hafa lagt áherslu á aðra hluti, til dæmis feðraorlofið, það kom að hluta til frá okkur, með Friðrik Sophusson, þáverandi varaformann, í broddi fylkingar. En það er áherslumunur innan flokksins eins og innan annarra flokka um hvernig eigi að nálgast þessi mál.“

*-Nýlega hélt sjálfstæðiskona því fram í sjónvarpinu að enginn launamunur sé milli kynja?*

„Já, það eru nú *mjög* fáir sem halda því fram,“ segir Þorgerður og hlær.

„Þetta er náttúrulega algjör della að horfast ekki í augu við að það er ákveðinn launamunur. En það er hægt að vinna bug á honum eins og Akureyrarbær gerir núna með sjálfstæðiskonu í broddi fylkingar og Kristján Þór [Júlíusson, fyrrverandi bæjarstjóra] þar á undan. Þar var farið markvisst í að vinna á kynbundnum launamun og það er hægt með aðferðum sjálfstæðismanna.

Auðvitað eru alltaf bábiljur innan hvers flokks en ég hef aldrei tekið undir með þeim sem segja að það sé ekki launamunur. Hann er ljótur löstur á efnahagslífi okkar Íslendinga.“

*-Saknar þú fleiri kvenna í ráðherraliði sjálfstæðisflokks?*

„Já, ég fann mikið fyrir því þegar Sigríður Anna fór út úr stjórn. Ég er ein með strákunum og við hittumst sjálfstæðisráðherrarnir reglulega og það er áberandi öðruvísi nálgun eftir að ég varð eina konan. Það er önnur aðferðafræði og önnur sjónarmið sem koma fram þegar fleiri konur koma saman.“

*-Er þá ekki gott að hafa allar Samfylkingarkonurnar þarna?*

„Við vorum nú fjórar líka við ríkisstjórnarborðið um tíma þegar við vorum með Framsókn. Þetta eru náttúrulega vaskar konur sem eru að hálfu Samfylkingar, en ég hefði kosið það alveg hreint út sagt að við værum fleiri konur í ríkisstjórninni.“

*-Það virðist miklu meira fjör í ríkisstjórnarsamstarfinu en var með Framsókn?*

„Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks stuðlaði að ótrúlegum framförum og mörg málefni sem þeir flokkar fóru í sem kannski ekki allir aðrir hefðu treyst sér til að fara í. Við fórum bæði í gegnum ólgusjó og lygnan. Stundum fengum við fólkið með okkur og stundum ekki.

En ég viðurkenni alveg að það er meira líf í þessari ríkisstjórn. Menn hafa einbeittan ásetning til að láta þetta ganga og mér líður vel með Samfylkingunni í ríkisstjórn. Ingibjörg er traustsins verð og það er gott að vinna með henni. Það er auðvitað erfitt fyrir marga sjálfstæðismenn að kyngja því; þetta var höfuðandstæðingur okkar í mörg ár. En göngulag okkar er að verða taktvissara og samhæfðara með hverju skrefi.

Við vitum alveg að það eru ákveðnir hlutir, eins og Evrópumálin, þar sem við göngum ekki í takt, en það er líka alveg uppi á borðinu! Það sem meira er er að þau Geir vinna vel saman og orð þeirra standa. Sama þótt það séu menn úti í samfélaginu sem vilja gera allt til að draga þessa ríkisstjórn niður. Við verðum bara að standast það báðir þingflokkarnir.

**EKKI UPP Á PUNT** „Við höfum okkar að segja og menn utan og innan flokksins verða að átta sig á því. Við konur leitum í forystuna til að framkvæma ákveðna hluti og við höfum þor til að gera það. Við erum ekki þarna bara til að brosa framan í heiminn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Sama þótt það séu menn úti í samfélaginu sem vilja gera allt til að draga þessa ríkisstjórn niður. Við verðum bara að standast það báðir þingflokkarnir.

Sú atlaga mun halda áfram og verða allt kjörtímabilið. Það liggur nokkuð ljóst fyrir,“ segir Þorgerður en vill ekki tjá sig frekar um hverjir standi þar að baki.

### Menntamál í forgang

Þorgerður segir til marks um ferskan andblæ nýrrar ríkisstjórnar hversu opinskáar og lifandi umræður skapist á fundum. Hlutirnir séu út ræddir.

„Við höfum til dæmis rætt menntamálin meira á þessum skamma tíma en á öllu síðasta kjörtímabili! Ég finn að það er auðveldara að tala fyrir mínum málaflokki heldur en oft áður. Til að gæta allrar sanngirni verð ég samt að segja að það varð veruleg breyting á þessum umræðum í síðustu stjórn þegar Jón Sigurðsson kom inn. Hann er mikill mennta- og sómamaður, hann Jón. En að öðru leyti var enginn áhugi. Samfylkingin er áhugasöm um mennta- og menningarmál.“

*-Enginn ágreiningur um þau?*

„Nei, það er enginn ágreiningur og mér fannst ánægjulegt að finna það að Samfylkingin lagði áherslu á að þessi mál kæmu fram. Að þau fengju umræðu. Ég fékk mjög góðar ábendingar og við höfum unnið þetta saman. Þessi ríkisstjórn hefur forgangsraðað í þágu menntunar. Og hún gerði það strax á sínu fyrsta hálfa starfsári.“

### Biður bænirnar sínar með börnunum

Þorgerður hefur mátt þola mikla gagnrýni eftir að hún ákvað að taka mið af alþjóðlegum mannréttindasáttmálum. Hún breytti um orðalag í lögum, sem sögðu áður að siðgæði í skólum ætti að vera kristilegt.

*-Sumir segja að nú sé vá fyrir dyrum og þú hafir vegið að kristninni. Er þetta ekki bara bull og vitleysa?*

„Jú, þetta er bara della. Þetta er pólitískur popúlismi og ótrúlegt að eina athugasemdin sem framsóknarmenn gera við eitt mikilvægasta frumvarp kjörtímabilsins er út af þessu kristilega siðgæði sem er nákvæmlega ekkert að breytast að inntaki! Við erum að nútímavæða lögin. Það er ekki þannig að aðilar að mannréttindasáttmála Evrópu geti bara valið úr honum eins og úr konfektkassa. Við erum lýðræðisþjóð og við verðum að una því. Því er alveg óviðunandi að fá þann góða mann Guðna Ágústsson og hina popúlistana sem koma mjálmandi á eftir honum og segja að ég sé með þessu að klippa á tengingu íslenskrar menningar og skólakerfis við kristnina. Það er fásinna að tala svona! Það dettur engum þetta í hug nema framsóknarmönnum.

Mér finnst það synd að eina framlag Framsóknarflokksins í þessa umræðu sé að ýja að því að verið sé að slíta þessi tengsl. Það er ekki verið að slíta þau, við viljum bara hafa þau alveg á hreinu. Ef einhverjir hafa sáð tortryggnisfræjum út í samfélagið um samskipti kirkju og skóla, þá eru það akkúrat þessir menn.“

Ráðherra minnist á Kristinhald undir Jökli og bækur Halldórs Laxness. Hvernig eigi fólk að geta skilið þær til fullnustu, kunni það ekki skil á grunnatriðum kristinnar sögu? Að ekki sé minnst á aðrar heimsbókmenntir og menningu. Hún segir samskipti skóla og kirkju hafa verið góð í gegnum tíðina. En það var kvartað undan fermingarfræðslunni. Skólastjórnendur settu hana inn í skóladagatalið þar sem átti að vera kennsla. Þeir gerðu ráð fyrir að allir nemendur vildu láta ferma sig í Þjóðkirkju.

„Og það á ekki að gera. Hins vegar er ekkert mál að foreldrar biðji um leyfi til að börnin fari í þessa fræðslu. En það verður ekki of oft sagt að skóli er menntastofnun, ekki trúboðsstofnun. Við sinnum fræðslu, en kirkjan sinnir trúboði.“

*-Tekur þú trú þína alvarlega?*

„Kannski ekki nægilega alvarlega,“ segir Þorgerður og skellir upp úr. „En ég er kristin og er með mína Maríumynd hér og geng mikið með krossa og fer með bænirnar með börnunum á kvöldin og svona.“

*-Þú tilheyrir svokölluðum sértrúarsöfnuði, hefur það flækt þessi mál fyrir þér? Hefurðu verið sökuð um að vera vond við Þjóðkirkjuna af því þú ert kaþólikki?*

„Ég vil nú ekki kalla kaþólsku kirkjuna sértrúarsöfnuð. Hún er stærsti kristni söfnuður í heimi, þótt hún sé kannski lítil á Íslandi. Það gleymist stundum að Þjóðkirkjan hefur ekki verið til staðar í öll þessi þúsund ár kristni á Íslandi. Kaþólska kirkjan var hérna fyrstu 550 árin af þeim!

En jú, það var sagt á sínum tíma að ég mætti aldrei verða dóms- og kirkjumálaráðherra. Það gæti Þjóðkirkjan ekki liðið. En ég hef bara aldrei fundið votta fyrir þessu. Samskipti mín við Þjóðkirkjuna hafa alltaf verið prýðileg og mér finnst gott að leita til herra Karls [Sigurbjörnssonar biskups]. Við höfum átt mjög góð samskipti. Kaþólskan kemur þessu ekki við. Ég er kristin kona og við Karl trúum á sama guð og höfum sömu gildi.“

Lagabreytingin um siðgæði í skólastarfi var Þorgerði erfið. „Og ég velti því mikið fyrir mér. Af því að ég er kaþólsk og þetta trúuð og kem úr Sjálfstæðisflokknum, sem hefur passað upp á hin kristnu gildi og mun gera það áfram, þá hefði verið auðveldast fyrir mig að leggja til að halda þessu óbreyttu. Við hefðum getað látið bara reyna á það og sjá svo til. Sumir tala svona, en ég gat það ekki.“

Hún hikar í hálfa sekúndu.

„Ég er ekki í pólitík upp á punt, eins og margir halda um konur sem komast til valda í Sjálfstæðisflokknum. Við erum tiltölulega ungar konur sem erum sýnilegar í flokknum og með okkar fjölskyldur og börn. Þetta er dýrmætur tími sem fer í þetta og við værum ekki að fórna honum ef við ætluðum bara að vera upp á punt. Við höfum okkar að segja og menn utan og innan flokksins verða að átta sig á því. Við konur leitum í forystuna til að framkvæma ákveðna hluti og við höfum þor til að gera það. Við erum ekki þarna bara til að brosa framan í heiminn. Við erum þarna til að fylgja eftir hugsjónum okkar og sannfæringu. Það er ekkert öðruvísi með konur en karla. Að fara inn í þetta vígi karlmennskunnar í stjórnmálum, þetta vígi sem Sjálfstæðisflokkurinn og forysta hans hefur verið, það er ekki eitthvað sem maður gerir áreynslulaust. Maður þarf að hafa fyrir hlutunum og maður þarf að berjast! Maður er

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

# Ertu í húsgagnaleit?

**Italsofa**
Leðursófasett 3+1+1
Verð kr. 290.000.-

Stækkanlegt borð f.20 manns

Tvíbreiðir svefnsófar m/rúmfatageysmlu
Margir litir
Verð kr. 54.900.-

**Italsofa** Vandaður leður hornsófiHornsófi
Verð kr. 250.000.-

**Nýkomið mikið úrval af sófasettum í leðri og áklæði**

## Corinne

Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri
Litir: Brúnt, koníaksbrúnt og ljóst
Verð kr. 239.000.- Einnig í Micro-áklæði verð kr. 219.000.

Vandaður og þægilegur hornsófi með 2 skemlum
Verð m/leðri verð kr. 333.000.-

## Opið í dag laugard. kl.11-20
## sunnudag kl.11-20

## Slökunarstólar

í miklu úrvali

Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir

**Tilboðsverð m/ákl.**
**kr. 39.000.-**
**Tilboðsverð m/leðri**
**kr. 59.000.-**

**Tilboðsverð aðeins kr.**
**59.500.-**
Vandaður slökunarstóll
með leðuráklæði
og skemli

Litir: Beige, brúnt,
svart, rauðbrúnt

**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu
með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

endalaust að hugsa um að maður þurfi að standa sig bara til að það verði auðveldara fyrir fleiri konur að koma inn á eftir og segja „heyrðu, stjórnmál eru opin öllum!“

*-Kemur nokkuð annað til greina en að þú verðir fyrsta konan til að stýra Sjálfstæðisflokknum?*

„Auðvitað eru ekki allir sammála um það! En það er alveg ljóst að sá sem býður sig fram sem varaformaður er að segja að ef eitthvað gerist sé hann reiðubúinn að taka við forystunni. En mér finnst óraunhæft að hugsa um þetta því Geir á eftir að vera hér í mörg ár í viðbót, eða ég ætla rétt að vona það! Mig skiptir miklu máli að honum gangi vel, því á meðan gengur flokknum vel. Það sést nú af sögu Sjálfstæðisflokksins að þegar gustar um formann og ekki er sæmileg sátt um hann innan flokks sem utan, þá fer flokkurinn niður.“

*-En það hefur sjaldan verið jafn áberandi ágreiningur, með sprungna borgarstjórn...*

„Áberandi og ekki. Það er enginn ágreiningur þótt menn skiptist á skoðunum. Um borgarstjórnina vil ég segja að það er hægt að nálgast það mál á tvo afar ólíka vegu. Ég hafði ekkert á móti REI á sínum tíma en hvernig menn ætluðu að djöfla þessu í gegn á ósiðlegan hátt með Björn Inga í broddi fylkingar, einkarétt á nafni Orkuveitunnar og þessa kaupréttarsamninga, án þess að það væri búið að pæla þetta neitt út! Mönnum ofbauð bara þessi subbugangur.“

*-Og nú er talað um að ekki sé stemming fyrir að einkavæða Landsvirkjun...*

„Og það er alveg rétt. Það er ekki stemming fyrir því. Eitt meginhlutverk Sjálfstæðisflokksins er að fá fólkið með í það að einkavæða á skynsamlegum grunni. Það verður að vera sátt um svona mikilsháttar breytingar meðal þjóðarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn þarf að leiða umræðuna um hvernig á að gera þetta. Við kunnum þetta, hinir flokkarnir ekki.“

*-En var flokkurinn stjórntækur í borginni? Hvað hefðir þú gert í sporum Björns Inga þegar samstarfsflokkurinn var „til í allt, án Villa“ við aðra flokka?*

„Ég held að þetta sé bara besta spunamennska sem hefur lengi sést, hvernig Björn Ingi hefur náð að snúa fólki á þá skoðun að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki verið traustsins verður. Hvað var það sem skildi menn að í lokin? Það var að sjálfstæðismenn vildu losa sig út á hálfu ári en Björn Ingi árið 2009. Ef menn eru heiðarlegir þá tala þeir sig út úr svona. Við gerðum annað eins í ríkisstjórn með Framsóknarflokknum.

Það var eitthvað meira sem bjó að baki. Kannski panikkaði Björn Ingi bara, ég veit það ekki.

Ég hef bara aldrei kynnst svona vinnubrögðum og ég skil þau ekki. Hann hefur alla hæfileika til að standa sig vel í pólitíkinni en ég hef bara aldrei upplifað annað eins. Menn gerðu mistök og eru búnir að viðurkenna það. Ég held persónulega að helstu mistökin hafi verið að ræða hlutina ekki betur. En þetta var mjög sérstakt.

Það er Samfylkingin sem ber núna ábyrgð á Birni Inga. Vesgú, verði henni að góðu.“

**ÞORGERÐUR KATRÍN** Ráðherra þurfti að breyta orðalagi um kristilegt siðgæði í grunnskólalögum nýverið. Hún segir framsóknarmenn hafa gert meira til að skaða samband skóla og kristni en aðrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Menntamál eru prinsippmál

*-Í vetur hefur af og til verið rætt um meint hrun klassískrar menntunar. Að áherslan á nytsemd og gæðastaðla skapi verksmiðjur en ekki menntastofnanir. Til verði hópar af sérfræðingum sem tali hver sitt fagmál, en hafi engan sameiginlegan snertiflöt.*

„Já, þetta eru sígildar pælingar og menntastofnanir geta aldrei litið framhjá samfélaginu sem ól þær. Háskóli Íslands var nú á sínum tíma gagnrýndur fyrir að vera ekki í nógum tengslum við atvinnulífið. En þetta eru alls ekki andstæður. Það er vel hægt að gera hvort tveggja; bjóða upp á sígilt akademískt nám og hagnýtara nám.

Í ljósi breyttra þjóðfélagsaðstæðna er til dæmis deginum ljósara að við þurfum að undirstrika mikilvægi lesturs og íslenskukunnáttu. Í þessum alþjóðlega heimi hefur gildi íslenskunnar aldrei verið meira.“

*-En var ekki nýlega verið að stytta íslenskunám kennaranema úr tólf stundum á viku í tvær?*

„Ja, Kennaraháskólinn mótar sitt námsframboð sjálfur og þeir juku í raun valið, en minnkuðu ekki íslenskukennsluna sem slíka. Þeir færa hana til í kerfinu og bjóða upp á hana á öðrum stöðum. Það var varað við þessum breytingum líka með stærðfræðina í framhaldsskólum. En þar höfum við séð að krakkarnir velja sér sjálf stærðfræðina.“

*-Þú óttast þá ekki að þetta komi niður á íslenskukunnáttunni?*

„Ég ætla ekki að segja að ég óttist það ekki. Ég held bara að Kennaraháskólinn verði að átta sig á því að hann getur ekki veitt neinn afslátt á því að kenna íslensku. En ég ætla ekki að skipta mér af því og fara þannig gegn grunnhugmyndum um sjálfstæði háskólanna og akademískt frelsi.“

*-Þú ert alveg sannfærð um að samkeppni milli skóla eigi rétt á sér?*

„Já. Pólitískt séð var þetta grundvallarmál á sínum tíma. Við sögðum að við ætluðum ekki að skipta okkur af því hvort nemendur fara í einkaskóla eða opinbera skóla. Fjármagnið á að fylgja nemanda. Það var engin tilviljun að allt í einu urðu til fleiri háskólar. Engin tilviljun að Bifröst sá sóknarfæri og engin tilviljun að HR kom. Þetta leiddi af sér að það varð auðveldara að fjölga háskólunum. Á grunnskólastiginu er þetta í höndum sveitarfélaganna en eftir mikla pólitíska umræðu breytti ég lögunum þannig að foreldrar fá ákveðna fjárhæð að lágmarki, kjósi þau að senda börnin sín í einkaskóla.“

*-En í samkeppni hlýtur einhver að tapa. Bestu nemendurnir fara í bestu skólana?*

„Ég held að það skipti miklu máli að það verði hér samkeppni um nemendur, án þess þó að það raski jöfnum tækifærum til náms á öllum skólastigum. Við eigum að gera þetta hóflega en það skiptir máli að það sé samkeppni á þessu sviði og ekki síst á sviði kennaramenntunar. Við þurfum fjölbreytilega kennara með mismunandi bakgrunn. Laun grunnskólakennara eru því miður ekki nægilega aðlaðandi.“

*-En launin eru nú hærri í einkaskólum?*

„Þar er náttúrulega meira svigrúm. Jafnlaunastefna Kennarasambandsins og sveitarfélaganna gengur ekki upp. En ég bind vonir við að aukið samráð þeirra á milli verði til að losa um ákveðnar hömlur svo kennarar geti fengið kjarabætur.“

> Hann stýrir Ríkistútvarpinu og svona ummæli eru ekki beint til að skapa frið um þá stofnun.

*-Þú vilt árangurstengja kennaralaun?*

„Ég held að menn verði bara að leita allra leið til að hækka laun kennara því þau eru óviðunandi. Kennarastarfið er eitt það virðingarverðasta í samfélaginu. Laun kennara í Finnlandi eru reyndar ekkert mikið hærri en það er allt annað viðhorf gagnvart kennurum. Það er litið upp til þeirra og gríðarleg ásókn í kennaramenntun. Því tel ég að þurfi að huga að ímynd kennara. Þeir eiga ekki að þurfa að réttlæta tilveru sína.“

Það getur vel verið að ég tali gegn mörgum í mínum flokki sem vara mig við því að tala um að laun kennara eigi að hækka því þá fari allt samfélagið á hausinn. En ég neita að taka þátt í svona! Það er þjóðfélagsleg nauðsyn að við höfum stolta og ánægða kennara. Það smitast inn á heimilin okkar og gerir þjóðina samkeppnishæfari til allrar framtíðar.“

## ➜ HLJÓTA AÐ HAFA MINNA FÉ Í FORMÚLU OG FÓTBOLTA

Þorgerður lýsti skoðun sinni á auglýsingavæðingu Áramótaskaupsins í Fréttablaðinu í gær og kvað hana afar óheppilega. Að auki þykir henni nýlegt Klaufamál RÚV ekki til fyrirmyndar, en þá neitaði RÚV að greiða tónlistarmönnum fyrir að spila í útvarpið. Þorgerður er á því að tónlistarmenn eigi einfaldlega að fá greitt fyrir sína vinnu sem aðrir. Því máli hefur síðan lokið með því að útvarpsstjóri greiddi helming þess sem hljómsveitin Klaufar fór fram á.

**PÁLL MAGNÚSSON ÚTVARPSSTJÓRI**

**-Ríkisfyrirtækið RÚV er enn í samkeppnisrekstri við einkafyrirtæki, þrátt fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn hafi stýrt menntamálaráðuneytinu í mörg ár. Hvers vegna?**

„Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf sagt að við ættum að hafa ríkisútvarp. Á Íslandi hafa verið auglýsingar í Ríkisútvarpinu frá upphafi. Ef við ætlum að taka það af auglýsingamarkaði verður að vera pólitískur vilji til að finna aðra tekjuöflun, svo það sinni sama menningarhlutverki. Hvort sem það er með hækkun afnotagjalda eða á framlagi ríkisins.

Eina svar Ríkisútvarpsins við gagnrýni er að það sinni betur menningarhlutverkinu. Ef Ríkisútvarpið sinnir ekki menningarhlutverki sínu og það verður ekki sátt um það, þá getum við alveg eins lagt það niður. Þá geta bara aðrir sinnt því.

Það er til fyrirmyndar hvað Stöð 2 hefur verið að gera á sviði innlendrar framleiðslu, ég get nefnt Næturvaktina, Pressuna, sem er að koma, Stelpurnar og Strákana á sínum tíma. Þetta er auðvitað meira en lofsvert.

Á sínum tíma veltum við þessu fyrir okkur hvernig mætti takmarka sókn Ríkisútvarps á auglýsingamarkaði. Það var ekki samstaða innan ríkisstjórnarinnar um það.“

**-Þú vilt takmarka sóknina?**

„Ja, ég held að það sé alveg ljóst að Ríkisútvarpið verður að fara varlega. Þetta er stór aðili á markaði og það verður að hugsa um hlutverk sitt og átta sig á sérstöðu sinni, sem er að miðla menningu og skemmta fólkinu.“

**Finnst þér útvarpsstjóri fara varlega þegar hann kallar starfsmenn annarra fjölmiðla flaðrandi rakka, sem eigi að hætta að væla?**

„Nei, mér finnst ekki viðeigandi að tala svona.“

**-Tilefni til áminningar?**

„Nei, þetta er bara hans skoðun. Einstaklingar geta haft sínar skoðanir og þetta er skoðun sem margir hafa um blaðamenn annarra fjölmiðla. En ég er ekki sátt við þessi ummæli. Hann stýrir Ríkistútvarpinu og svona ummæli eru ekki beint til að skapa frið um þá stofnun. Það er þýðingarmikið að þeir sem eru í forsvari fyrir Ríkisútvarpið tali þannig að þeir séu ekki alltaf að sveifla sverði.“

**-Finnst þér ekki skaða trúverðugleika fréttastofu sjónvarps að útvarpsstjóri lesi fréttir? Væri ekki skrítið ef Ari Edwald læsi allt í einu fréttir á Stöð 2?**

„Ari er nú huggulegur maður með falleg blá augu sem örugglega myndi sóma sér vel! En Páll er bara að lesa fréttir, hann er ekki að skrifa þær. Hann er frábær fréttalesari og ekki hægt að draga dul á það. Heiftin út í hann er ástæðulaus og tengist kannski fortíð hans á öðrum fjölmiðlum. Menn verða bara að una því að hann er í forsvari fyrir Ríkisútvarpið.“

**-Launakjör hans hafa hlotið athygli. Hækka laun almennra starfsmanna RÚV um 50 prósent líka?**

„Ég mun ekki skipta mér af því, enda er það stjórnar Ríkisútvarpsins. Það var alltaf ljóst að launaumhverfið myndi breytast með hlutafélagavæðingunni. En starfsmannafélag Ríkisútvarpsins vildi að laun [almennra starfsmanna] héldu út árið 2009 og það varð úr.

Ég vil hafa gott og menningarlegt Ríkisútvarp sem miðlar góðum fréttum. Þetta verða forsvarsmenn Ríkisútvarpsins að gera í sæmilegri sátt við þjóðina. En gagnrýni á Ríkisútvarpið mun aldrei hætta af hálfu þeirra sem eru í samkeppni við þá. Þess vegna verðum við að gæta okkar. Á Ríkisútvarpið til dæmis endalaust að bjóða í útsendingar á kappakstri?

Nýi samningurinn við Ríkisútvarpið er lykilstýritæki. Í honum er sjónvarpinu gert að auka við menningarefni og innlenda dagskrárgerð. Þá hljóta þeir að hafa minna fjármagn fyrir fótbolta og formúlu.“

**-Í janúar sagðirðu að sókn RÚV á kostunarmarkaði yrði takmörkuð. Svo kemur samningurinn við Björgólf um að hann greiði helming á móti RÚV í innlendri dagskrárgerð.**

„Já, kostun var takmörkuð í samningi ríkisins við Ríkisútvarpið. Samningurinn við Björgólf er hins vegar allt annars eðlis og fjallar ekki um kostun. Það fjármagn kemur ekki inn í Ríkisútvarpið, ólíkt kostun. Þetta er stuðningur við sjálfstæða farmleiðendur. Ég hefði nú viljað að framleiðendurnir væru beinir aðilar að þessum samningnum og ég hefði einnig séð fyrir mér að peningarnir færu í sjóð. En ég stjórna því ekki sem Björgólfur gerir. Aðalatriðið er að þetta styrkir innlenda framleiðslu og það höfum við verið að gera lengi. Innlend sjónvarpsframleiðsla fékk til dæmis 15 milljónir á ári þegar ég byrjaði en stefnir nú í 125 milljónir.“

# Office 1 Superstore

GLEÐILEG JÓL

TILBOÐ 2.995.- Almennt verð: 4.990.-

TILBOÐ 3.148.- Almennt verð: 4.480.-

TILBOÐ 2.990.- Almennt verð: 4.680.-

TILBOÐ 2.990.- Almennt verð: 4.490.-

TILBOÐ 2.990.- Almennt verð: 4.790.-

TILBOÐ 7.990.- Almennt verð: 9.980.-

TILBOÐ 2.290.- Almennt verð: 2.990.-

TILBOÐ 1.790.- Almennt verð: 1.990.-

MP3 SPILARI

TILBOÐ 1GB 4.990.- 2GB 6.990.-

Agnar smár en afar knár MP3 spilari

## Allt utan um jólagjöfina

**Jólaopnunartímar verslana Office 1***

| | |
|---|---|
| 22. des. Laugardagur | 10:00-22:00 |
| 23. des. Sunnudagur | 10:00-23:00 |
| 24. des. Mánudagur | 09:00-13:00 |

*nema í Smáralind - opið samkvæmt opnunartímum Smáralindar

Tilboðin gilda til og með 24. desember 2007, eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

# BT

JÓLIN ERU Í BT

# VERSLAÐU TIL MIÐNÆTTIS Í BT SKEIFUNNI

## Panasonic

TH-42PV70F
PANASONIC 42" 100Hz flatsjónvarp
Skjástærð: 42 tommur
Upplausn: 1024 x 720 HD Ready
Textavarp við mynd
Advanced 3D Colour management
Contrast: 1:10.000
Birta cd/m2: 550
Textavarpsminni: 1500 síður
Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 2
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2
A/V tengi: 1
Hátalarar: 2x10W
(B x H x D) 102 x 68 x 9,7 cm
34 kg

EISA Best Product

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

**100Hz Motion Picture Pro**
Tæknin skilar mun betri myndgæðum þegar mikil hreyfing er á myndinni.

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS Í BT SKEIFUNNI!

189.999

BT LÁN
Verð frá: 5.279
59 mánaða

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

89.999

99.999

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

## Panasonic

TX-32LE7F
PANASONIC 32" LCD LE7
Myndstýring: VIERA
Upplausn: 1366x768 HD ready
Contrast Automatic tracking system
Video noise reduction
Borðstandur fylgir
3D Comb filter
Progressive Scan
Q-link og VIERA link
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 550
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 1

BT LÁN
Verð frá: 2.897
59 mánaða

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

**100Hz Motion Picture Pro**
Tæknin skilar mun betri myndgæðum þegar mikil hreyfing er á myndinni.

129.999

## Panasonic

TX-32LX70F
PANASONIC 32" LCD 100HZ LX70
Myndstýring: V Real 2 Engine
Upplausn: 1366x768 HD ready
Contrast Automatic tracking system
100Hz Motion Picture Pro
IPS Alpha panel
Intelligent Scene Controler
3D Color management
Sub Pixel Control
Video noise reduction
Borðstandur fylgir
3D Comb filter
Progressive Scan
Q-link og VIERA link
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 550
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 2

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

BT LÁN
Verð frá: 3.691
59 mánaða

169.999

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

BT LÁN

SONY
SONY 32" LCD SJÓNVARP D3000
KDL32D3000
Verð frá: 4.750
59 mánaða

119.999

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

BT LÁN

SAMSUNG
SAMSUNG 32" SJÓNVARP S86
LE32S87BDX
Verð frá: 3.426
59 mánaða

69.999

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

BT LÁN

MEDION
MEDION 26" LCD SJÓNVARP
MD30036
Verð frá: 2.103
59 mánaða

39.999

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

BT LÁN

MEDION
MEDION 19" LCD SJÓNVARP
MD30039
Verð frá: 4.042
12 mánaða

**OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS Í BT SKEIFUNNI ALLA HELGINA**

# JAMES BOND ULTIMATE CASINO EDITION

42 DVD DISKAR!!!

BARA Í BT!!!!

Glæsilegur pakki sem innheldur allar James Bond myndirnar í tveggja diska útgáfum og Póker sett.

42 DVD

29.999

BT LÁN

Verð frá: 1.838 24 mánaða

# ALLT FYRIR PS3

MUNDU AUKAHLUTINA

# MESTA ÚRVALIÐ AF LEIKJUM!

MUNIÐ EFTIR AÐ ATHUGA ALDURSMERKINGAR Á TÖLVULEIKJUM 3 12 18

# MESTA ÚRVALIÐ AF DVD!

# VINSÆLASTA TÓNLISTIN!

**AÐRAR VERSLANIR BT: LAUGARDAG TIL 22:00 OG ÞORLÁKSMESSU TIL 23:00**

**ALLAR VERSLANIR BT OPNAR FRÁ 10-13 Á AÐFANGADAG**

# Jólunum klúðrað á einn eða annan hátt

Að mörgu er að hyggja þegar nær dregur jólum og að sama skapi æði margt sem getur farið úrskeiðis. *Fréttablaðið* ræddi við sex þjóðþekkta Íslendinga sem áttu það sameiginlegt að hafa frá skemmtilegu „jólaklúðri“ að segja. Enginn þeirra dó þó ráðalaus.

## PAPPÍRSTRÉÐ SKREYTT

Halla Vilhjálmsdóttir man greinilega eftir einu frá jólahaldi fjölskyldunnar þótt það sé kannski meira tengt við útsjónarsemi en klúður. „Við áttum heima í Bandaríkjunum og það var ekki til jólatré á heimilinu. Mamma dó ekki ráðalaus og greip til þess ráðs að teikna jólatré og festi upp á vegg og svo skreyttum við bara tréð og settum pakkana undir.“

*Halla Vilhjálmsdóttir, leikkona*

## GÆLUDÝRIN ÁTU RJÚPURNAR

„Gæludýrin á heimilinu komust í rjúpurnar ein jólin. Þetta voru samantekin ráð hjá hundinum og köttunum. Kisurnar, Villimey og Tómas, sáu um að veiða upp úr pottinum og undrahundurinn Birtingur fékk sinn hluta fyrir þagmælskuna. Þetta voru grimmileg og rjúpusnauð jól. Fjölskyldan deildi með sér aumum afganginum en afföllin voru þónokkuð mikil. Dýrin voru hinsvegar hæstánægð en næstu jól var brugðið á það ráð að grilla kjúkling handa þeim.“

*Þóra Sigurðardóttir, rithöfundur*

## SKELFILEGUSTU MISTÖK ÆVINNAR

„Fram til þessa hefur jólaundirbúningur hjá mér gengið óaðfinnanlega. Hvort sem um ræðir kortaskrif, gjafaveiðar, innpökkun, fjölsorta smákökubakstureðahverskyns greni- og glimmerupphengingar. Allt hefur þetta gengið snurðulaust fyrir sig og verið öðrum tilefni aðdáunar og öfundar. Þar til nú. Ég asnaðist nefnilega til að flytja mig, börn, buru, menn og mýs um set. Nánar tiltekið hinn 15. desember. Það eru skelfilegustu mistök ævi minnar. Heimilið er í upplausn, skreytingar engar, matarhirslur tómar, jólasveinar fara á mis við skófatnað, hundurinn rambar á barmi taugaáfalls og hátíðarhald er – í sem fæstum orðum – í algeru fimbulfokki. Þannig að ef einhver skyldi eiga von á kveðju, korti eða pinkli frá mér þessi jólin – þá má sá hinn sami vitja slíks í byrjun febrúar.“

*Bragi Valdimar Skúlason, Baggalútsmaður*

**ALLIR SÍMARNIR VIRKA Í BANDARÍKJUNUM NEMA T250i og J120i**

## 44.989 kr.

**Sony Ericsson W910i**
Íslensk valmynd, Walkman 3.0 tónlistarspilari, 1 GB M2 minniskort fylgir (stækkanlegt), 2 MP myndavél, styður Active Sync, Bluetooth stereó stuðningur, litaskjár. Ending rafhlöðu allt að 9 klst. í tali og 400 klst. í bið.

**3G/HSDPA**

*FÆST ERAUÐUR OG SVARTUR*

## 29.989 kr.

**Sony Ericsson W580i**
Íslensk valmynd, Walkman 2.0 tónlistarspilari, 512 MB M2 minniskort fylgir (stækkanlegt), Bluetooth stereó stuðningur, 2MP myndavél, litaskjár, FM útvarp með RDS. Ending rafhlöðu allt að 9 klst. í tali og 370 klst. í bið.

**3G/HSDPA**

*FÆST EINGÖNGU SVARTUR*

*FÆST EINGÖNGU SILFURLITAÐUR*

## 49.989 kr.

**Sony Ericsson K850i**
Íslensk valmynd, 5 MP Cybershot myndavél með innbyggðu Xenon flassi, styður Active Sync, Bluetooth stereó stuðningur, tónlistarspilari, 512 MB M2 minniskort fylgir (stækkanlegt), litaskjár, FM útvarp með RDS. Ending rafhlöðu allt að 9 klst. í tali og 400.

## 29.989 kr.

**Sony Ericsson S500i**
Íslensk valmynd, Bluetooth stereó stuðningur, tónlistarspilari, minniskortarauf, 2MP myndavél, litaskjár, FM útvarp með RDS. Ending rafhlöðu allt að 9 klst. í tali og 370 klst. í bið.

## 13.989 kr.

**Sony Ericsson Z320i**
Íslensk valmynd, 1.3 MP myndavél, litaskjár, styður MP3 hringitóna, hægt að skipta um fram og bakhlið. Ending rafhlöðu allt að 7 klst. í tali og 300 klst. í bið.

## 12.989 kr.

**Sony Ericsson T250i**
Íslensk valmynd, VGA myndavél, FM útvarp með RDS, litaskjár, umgjörð úr burstuðu áli. Ending rafhlöðu allt að 7 klst. í tali og 300 klst. í bið.

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-22 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-22 | Föstudaga | kl. 11-22 |
| Miðvikudaga | kl. 11-22 | Laugardaga | kl. 11-22 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-22 |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

*Beint á móti IKEA*
*Við hliðina á BÓNUS*

MAX RAFTÆKI

VIRKAR Í USA

ALLIR SÍMARNIR VIRKA Í BANDARÍKJUNUM NEMA X160

# SAMSUNG

**6.989 kr.**

**Samsung X160**
Stórir takkar og stórt letur, 65 þús. lita skjár. Ending rafhlöðu allt að 3 klst. í tali og 210 klst. í bið.

**14.989 kr.**

**Samsung X830**
1.3 MP myndavél, Bluetooth stereó stuðningur, litaskjár, styður MP3 hringitóna, 1GB minni, stereó handfrjáls búnaður fylgir. Ending rafhlöðu allt að 3 klst. í tali og 120 klst. í bið.

**11.989 kr.**

**Samsung M300**
2 MP myndavél, Bluetooth stuðningur, litaskjár, styður MP3 hringitóna, stækkanlegt minni. Ending rafhlöðu allt að 3,5 klst. í tali og 260 klst. í bið.

**14.989 kr.**

**Samsung X820**
2 MP myndavél, Bluetooth stuðningur, litaskjár, styður MP3 hringitóna. Ending rafhlöðu allt að 2,5 klst. í tali og 210 klst. í bið.

**29.989 kr.**

**Samsung U600**
"Íslensk valmynd, stækkanlegt minni, 3.2 MP myndavél, FM útvarp, Skjalaskoðari, Bluetooth stereó stuðningur, litaskjár. Ending rafhlöðu allt að 3,5 klst. í tali og 250 klst. í bið.

**39.989 kr.**

**Samsung F330**
2 MP myndavél, Bluetooth stereó stuðningur, litaskjár, styður MP3 hringitóna, stækkanlegt minni. Ending rafhlöðu allt að 2,5 klst. í tali og 210 klst. í bið.

3G/HSDPA

## Aukahlutir fyrir Walkman

**GSM/INNEIGN**

Með öllum GSM símum hjá okkur fylgir frí áskrift hjá SKO og 2000 kr. inneign!



**MPS-70**
Nettir ferðahátalarar fyrir farsímann (virka einnig sem loftnet fyrir útvarpið.

**3.989 kr.**

**MDS-65**
Tónlistarstandur fyrir Sony Ericsson farsíma með frábærum hljóm.

**9.989 kr.**

**MPS-75**
Nettir ferðahátalarar fyrir farsímann (virka einnig sem loftnet fyrir útvarpið í símanum).

**4.489 kr.**

**MMR-70**
FM útvarpssendir sem sendir tónlistina úr símanum þráðlaust í útvarpið.

**4.489 kr.**



**HPM-65**
Mjög létt stereó höfuðheyrnatól fyrir fólk á hreyfingu.

**3.489 kr.**

**HPM-83**
Vegleg höfuðheyrnatól með frábærum hljóm.

**5.989 kr.**

**HBH-GV435a**
Passar við allar tegundir Blutooth tækja, DSP (Digital Signal Proccessing). þyngd 18 grömm. Taltími allt að 8 klst. Biðtími allt að 300 klst.

**9.989 kr.**

**HBH-PV700**
Passar við allar tegundir Blutooth tækja, þyngd 23 grömm. Taltími allt að 5 klst. Biðtími allt að 150 klst.

**5.989 kr.**

MAX RAFTÆKI

**OPIÐ TIL KL. 22:00 alla daga til jóla**

*Tilboðin gilda til 24. 2. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

og þegar sýningin var búin urðu þau svo að fara heim eða á annan skemmtistað en alls ekki út í sal þar sem þau sýndu. „Þau báru líka virðingu fyrir mér fyrir vikið og það komu aldrei upp vandræði. Það er helst að mig hafi vantað GSM-síma á þessum árum, það hefði sko verið mikill munur! Enda var ég mikið í símanum og ef eitthvert módelið var til dæmis of seint þurfti alltaf að kalla mann fram í hótelafgreiðsluna til að taka símann.“ Unnur segir að beri hún saman tískusýningarnar eins og þær voru þarna og þær eru í dag, verði hún að segja að sér finnist að sumt gæti verið betur gert, það vanti ýmislegt upp á kunnáttunna og oft langi hana til að hoppa upp á svið og kenna fólki nokkra rétta snúninga. „Það fór enginn upp á sýningarpallinn frá mér nema hafa verið á námskeiði til að læra að ganga með reisn. Það er mikill munur á því að sýna undirföt eða loðfeldi.“ Unnur heldur miklu og mjög góðu sambandi við stóran hóp þess fólks sem sýndi fyrir hana og því er vert að spyrja hvort það sé rétt sem Heiðar snyrtir hefur meðal annarra sagt: Að Unnur hafi haft mikil áhrif á líf fjölda kvenna? „Jú, ég held ég verði að vera sammála því. Ég veit það því ég hef fengið svo mikið til baka frá konum í gegnum árin. Um daginn hitti ég til dæmis gamlan nemanda á Oddfellow-fundi og hún sagði við mig þar sem ég hélt á hönskunum mínum í hendinni: „Ég sé að þú heldur rétt á hönskunum – lætur fingurna snúa aftur, ég geri það líka enda var ég á námskeiði hjá þér og lærði það.“ Ég hafði steingleymt því að ég hafði kennt það en þarna vorum við báðar og héldum báðar rétt á hönskunum.“

**Kostur að hugsa vel um líkamann**

Og þá erum við aftur komnar að bókinni en í henni má finna alls kyns upplýsingar á þeim nótum sem hún kenndi á námskeiðum hér áður fyrr. „Þetta sem ég skrifa um er ekki kennt í skólum og það eru svo margir sem eru óframfærnir og óöruggir með hvort þeir séu að haga sér rétt. Bókin er til dæmis góður vegvísir fyrir fólk sem er að klára skóla, sækja um vinnu eða ætlar kannski í eitthvert leiðbeinendastarf.“ En ef Unnur ber saman framkomu, kurteisi og líkamsburð kvenna og karla frá því sem var fyrir þrjátíu til fjörutíu árum, hvar erum við þá stödd? „Mér finnst fólk meðvitaðara um að bera sig vel og vera „fitt“ eins og maður segir. Og það er enginn ókostur að hugsa vel um það. Auðvitað eru engir tveir eins í laginu en grunnreglan er sú, og það kemur alltaf langbest út, að líkaminn samsvari sér. Þannig að það eru ákveðin mál sem eru grunnmál og maður tekur mið af þyngd og hæð en það er farsælast að fólk geti alltaf gengið að sínu númeri á fatarekkanum – hvort sem það er 38 eða 42. Maður er í góðum málum ef maður gerir það besta úr því sem maður hefur og er ánægður með sjálfan sig. Það eina sem ég get sett út á er að margur maðurinn mætti hugsa betur um hárið á sér. Það er oft hreinlega óhreint og illa klippt. En kurteisi í búðum og bönkum finnst mér hreint út sagt ágæt, það er helst að Íslendingar sleppi kurteisinni þegar áfengi er haft um hönd.“

**Athafnasemi sigrar sorgina**

Unnur segir að hún hafi lært ýmislegt síðustu árin en tíu ár eru síðan Hermann dó. „Þetta var mjög erfitt undir það síðasta en hann var sjúklingur í átta ár og mikið veikur í tvö ár. Svo kom sorgin og hún gleymir engum og tekur mikið frá manni. Það var svo skrítið að búa allt í einu ein eftir að hafa átt svona góðan mann. Ég leitaði mér hjálpar á því tímabili en vendipunkturinn var svo þegar Samvinnuferðir-Landsýn höfðu samband við mig og báðu mig um að vera fararstjóri hjá sér á Benidorm. Þá fór ég að standa á eigin fótum, gekk í öll plöggin hans Hermanns, því hann var búinn að vera fararstjóri í mörg ár, fann allar skrítlurnar hans og brandarana og lagði mig mikið fram. Ég kynntist nýju fólki og allt þetta hjálpaði mér. Ég myndi hiklaust ráðleggja öllum í sorg að hafa nóg fyrir stafni. Vinnan skaðar engan, svo lengi sem heilsan er fyrir hendi.“

## ➜ GRIPIÐ NIÐUR Í BÓKINA

**UM BORÐSIÐI:** Sé vín á borðum eru notuð glös á fæti. Halda skal um fót glassins. Ekki er byrjað fyrr en búið er að hella í glösin hjá öllum og þá er skálað. Þegar glösum er lyft er aðeisn staldrað við og horft í augu gestgjafa og gesta. Tekið skal fram að það er ekki nauðsynlegt að hafa vín með mat. Aldrei má teygja sig eftir fötum eða öðru á borði heldur biðja um sér sé rétt. Herrann má ekki gleyma að rétta dömunni sinni það sem hana vantar og jafnvel skála við hana.

**UM HANDABAND:** Takið þétt í hendi en ekki letilega og horfið framan í viðkomandi. Hneigðu höfuðið lítið eitt og bros má gjarnan fylgja með. Þétt og öruggt handaband segir mikið og þessi fallega siðvenja má ekki falla niður í okkar daglegu samskiptum.

**UM FATNAÐ:** Flestar konur eiga sér þá ósk að eignast pels. Pelsar úr ekta skinnum kosta mikla peninga. Það er mikill verðmunur á pelsum eftir því hvaða skinn eru notuð í flíkina. Það þarf að ganga vel um pelsinn, t.d. ekki hanga í vösunum og helst ekki sitja á honum. Ekki geyma pelsa í plasti. Ekki spyrja vinkonu þína hvað pelsinn hennar kostaði.

*Bókin Njóttu lífsins fæst í versluninni Ynju í Hamraborg.*

Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Mikið úrval af úrum
og öðru skarti
fyrir konur og karla.

Hallbera Laugavegi 72

hallbera@hallbera.is sími 552 5769

HALLBERA
Laugavegi 72

# Sóldýrkendur nútímans

Jólin voru að fornu hátíð til að fagna endurfæðingu sólarinnar. Trúin á guðlegt vald hennar er ævaforn enda er hún lífgjafi jarðarinnar. Maðurinn persónugerði sólina og því er haldið fram að frelsarinn Jesús Kristur sé arfur þeirrar trúar. En eru kenningar um slíkt aðeins niðurrif trúvillinga; rökleysa sem beint er að kjarna kristinnar trúar? Eða er sannleikskorn að finna, spyr *Svavar Hávarðsson*.

## HÓRUS - SÓLGUÐ EGYPTA

Fæddur 25. desember.
Eingetinn og fæddur af hreinni mey.
Móðurinni birtist engill sem boðaði fæðingu sonarins.
Englakór söng honum til dýrðar við fæðingu.
Stjarna í austri boðaði fæðingarstað hans.
Þrír konungar leituðu hans og fundu nýfæddan.
Um þrítugt var hann skírður af Anup skírara.
Við skírnina breyttist nafn hans í Horus karast. Það er skrifað HR KRST sem þýðir hinn smurði.
Hann hafði tólf lærisveina.
Hann ferðaðist um og gerði kraftaverk.
- Læknaði sjúka.
- Gekk á vatni.

Hann var nefndur:
- Ljós heimsins
- Lamb guðs
- Sannleikurinn
- Guðs einkasonur
- Góði hirðirinn

Hann var svikinn af einum af lærisveina sinna
Hann var krossfestur.
Reis upp á þriðja degi.

**OSIRIS - ISIS**
Egypski guðinn Osiris var fyrst dýrkaður líklegast í kringum 3000 fyrir Krist. Osiris var, eins og hinn kristni guð, hluti af heilagri þrenningu. Þrenningin samanstóð af hinum himneska guði, hinum jarðneska guði (konungi Egypta) og fálka. Til samanburðar er hinn þríeini guð kristninnar Guð, Jesús (sonurinn) og hinn heilagi andi (oft táknaður í formi dúfu). Hórus var sonur Osiris á jörðu sem Osiris hafði eignast með Isis.

## DÝRAHRINGURINN - KROSS HEIÐNINNAR

Er eitt af elstu táknum mannkynssögunnar. Krossinn táknar sólina og för hennar innan stjörnumerkjanna tólf á einu ári. Hún táknar mánuðina tólf og árstíðirnar fjórar. Í tákninu má sjá sólstöður og jafndægur.

Krossinn var annað og meira að mati Zeitgeist-manna en bara verkfæri fornmanna til að fylgjast með ferðum sólarinnar. Krossinn var heiðið trúartákn sem kristnir menn gerðu að sínu. Þess vegna hafi listaverk frá fyrstu árum kristninnar ávallt sýnt höfuð Krists á krossi. Ásjóna Jesú er sólin sjálf, ljós heimsins eða endurborinn frelsari sem sýnir sig á hverjum morgni. Geislum sólarinnar stafar af höfði hans. Þaðan er þyrnikórónan komin yfirfærð í stað geisla sólarinnar.

Í þúsundir ára hefur maðurinn tilbeðið sólina. Hún færir birtu og yl og frá upphafi skildi mannskepnan að án gjafa sólarinnar væri ekkert líf mögulegt. Dýrkun hennar var því næsta eðlileg í umkomuleysi mannskepnunnar frá örófi. Stjörnurnar voru á sama hátt eins og geistlegur leiðarvísir framtíðarinnar.

Forn menningarsamfélög gerðu meira en að líta til himins með óttablandinni virðingu. Menn persónugerðu trú sína og spunnu upp flóknar sögur um tengsl þeirra á milli á ferð þeirra um himingeiminn. Stjörnumerkin urðu til sem persónugervingur þess sem verða vildi og sólin var þar guðdómleg í hásæti. Hún var skapari alls lífs; hún var ljós heimsins og frelsari mannkyns. Hún var guð. Stjörnumerkin voru áfangastaðir þessa frelsara og voru táknaðir með dýrahringnum og sérkennum árstíðanna. Vatnsberinn táknaði til dæmis vorregnið og vakti vonir um komandi uppskeru.

### Sólguðinn Jesús Kristur

Því er haldið fram að sóldýrkun mannskepnunnar lifi enn góðu lífi. Í raun sé kristin trú aðeins byggð á sóldýrkun og sólguðinn okkar sé Jesús. Sagan um fæðingu Jesú sé ekki byggð á sagnfræðilegum staðreyndum. Sama megi segja um líf hans, boðskap og kraftaverk og að nánast allar þær sögur sem sagðar eru í guðspjöllum Biblíunnar séu byggðar á eldri sögum um sólguði og frelsara sem komu til jarðar til að færa mannfólkinu eilíft líf. Sannast sagna geta sagnfræðingar samtíma hans einskis um líf hans og starf. Það má kalla undarlegt þegar umfang lífsstarfs Jesú er haft í huga. Draga mætti þá ályktun að þeir sem höfðu atvinnu af því að skrá niður atburði líðandi stundar tækju eftir þessum unga manni, sem fór svo mikinn.

Röksemdafærslan felst í því að rekja hvað kristin trú á sammerkt með trúarbrögðum fornra menningarsamfélaga. Efasemdirnar eru ekki nýjar af nálinni en hafa fengið endurnýjun lífgjafa í heimildarmyndinni Zeitgeist sem fer mikinn í netheimum þar sem milljónir manna hafa kynnt sér boðskapinn. Líkingarnar eru stuðandi og kenningin á sér marga fylgjendur. Aðrir, þeir trúuðu, smella í góm og tala um niðurrif trúvillinga sem beina spjótum sínum að því allra heilagasta; kjarna kristinnar trúar.

### Zeitgeist

Sögur fornra menningarsamfélaga um frelsis- og sólguði eru margar sláandi líkar og augljóslega byggðar á undrum náttúrunnar, gangi sólarinnar og árstíðunum. Ár hvert deyr náttúran og leggst í dvala en þó aðeins í stutta stund í einu. Það er eðlilegt að þessi undursamlega hringrás náttúrunnar gefi dauðlegum von um að hið sama eigi við líf manna og dýra.

Flestir eiga þessir frelsarar sameiginlegt að móðir þeirra var hrein mey, þeir fæddust á afviknum og fátæklegum stað, þeir voru synir guðs, voru handteknir og dæmdir til dauða, voru kallaðir lambið og ljós heimsins og þeir voru sagðir hafa dáið fyrir syndir

Framhald á síðu 54



**HELGIMYND AF FRELSARANUM** Helgimynd frá sjöttu öld af Jesú Kristi í klaustursafni heilagrar Katrínar á Sínaífjalli í Egyptalandi.

## KONUNGARNIR ÞRÍR - VITRINGARNIR ÞRÍR

Afstaða stjarnanna á aðfangadag jóla 24. desember: Sólin, Síríus og stjörnurnar þrjár sem í beinni röð mynda belti Óríons. Þetta eru stjörnurnar Alnítak, Alnílam og Mintaka og hafa oft verið nefndar fjósakonurnar þrjár á íslensku. Þær hafa um aldir verið kallaðar konungarnir þrír. Stjörnurnar, í beinni línu við Síríus, benda í átt að sólarupprás á jóladag – fæðingu ljóssins eða fæðingu sólarinnar. Goðsögnin um vitringana þrjá, eða konungana þrjá, er talin komin frá þessari upprðun stjarnanna.

## SÓL- OG FRELSISGUÐIR FYRIR KRISTSBURÐ



# GLÆSILEGAR JÓLAGJAFIR FYRIR HESTA OG MENN

MADDOX útivistarvörur

Tölt skórnir komnir,
með og án stáltá.
Á frábæru verði
**VERÐ 9900,-**

TÖLT REITER

Barbour
útivistarfatnaður

Vandaðir reiðjakkar og
fatnaður frá MADDOX

Dekraðu við gæðinginn!
úrval af vörum
f. umhirðu hesta

Hnakktöskur og
skálmar frá
COMANCHEROS

CASCO
reiðhhjálmar
– margar gerðir
**VERÐ FRÁ KR. 4900,-**

Stallmúlar í
miklu úrvali





Vandaðir reiðjakkar og
peysur frá MADDOX

Vandaðar vörur frá
SOUL HORSE

MADDOX Kuldagallar
frábærir f. íslenskar aðstæður

Mikið úrval af
reiðtygjum
**BEISLISSETT
FRÁ KR. 8900,-**

Geysivinsælar snyrtivörur
frá COWBOY MAGIC

DVD diskar í úrvali
um hesta og hestamennsku

Glæsilegir reiðhanskar
frá ROECKL. Flottir í jólapakkann

HESTAR MENN

Ögurhvarfi 1, Kópavogi, Sími: +354 567 3300 Netfang: info@hestarogmenn.is

## JÓL OG PÁSKAR



### Jólin - heiðin hátíð

Árið 46 fyrir krist ákvað Júlíus Sesar rómarkeisari að taka upp júlíaníska dagatalið í Rómarveldi. Vetrarsólstöðurnar og nýtt ár hófst þannig þann 25. desember og lýsti Sesar þann dag sem „Dag hinnar ósigruðu sólar". Kristnir breyttu síðar nafni dagsins í „Dag hins ósigraða sonar".

Í Rómarveldi, vöggu kristinnar trúar, var ár hvert haldin stórhátíð á vetrarsólstöðum. Hátíðin, Saturnalia, var kennd við Satúrnus, guð landbúnaðarins, og stóðu almenn hátíðarhöld yfir frá 17. til 24. desember. Þann 25. var síðan haldin mikil veisla (Brumalia) sem var hápunktur hátíðarinnar. Rómverjar gerðu sér glaðan dag með því að gefa gjafir, syngja, hengja upp mistilteina og með því að skreyta tré. Líberíus biskup í Róm er talinn hafa ákveðið fyrstur manna árið 354 að 25. desember yrði gerður að opinberum fæðingardegi Jesús.

### Páskar - Þegar ljósið sigrar myrkrið

Páskarnir eru einnig forn hátíð sem haldin er til dýrðar sólinni. Rétt eins og fæðingu sólarinnar var fagnað á vetrarsólstöðum 21.-23. desember var sigri ljóssins fagnað á vorjafndægrum 19.-21. mars. Á þessari hátíð ljóssins (sólarinnar), páskunum, fagna kristnir menn sigri Jesú Krists yfir dauðanum rétt eins og heiðingjarnir fögnuðu því að sólin hafði loks sigrast á myrkrinu. Ljósið hefur sigrað þar sem að frá og með vorjafndægri er dagur lengri en nótt, birtan algengari en myrkrið.

mannanna. Margir áttu frelsararnir það sameiginlegt að hafa fæðst 25. desember, eða á vetrarsólstöðunum.

Upphaf eða fæðing sólguðanna á vetrarsólstöðum skýrist af því að lífgjafi jarðarinnar, sólin, fæddist á þessum tíma í skilningi fornmanna. Í gær voru vetrarsólstöður og þar með stysti dagur ársins. Frá og með deginum í dag fer sólin að hækka á lofti og dagarnir verða lengri. Sólin boðar endurkomu sína og fæðingu hennar var fagnað þegar ljósið hefur borið endanlegt sigurorð af myrkrinu á vorjafndægrum. Á páskum.

### Gömul fræði

Kenningasmíð um að Jesú sé aðeins goðsögn og sagan um hann í guðspjöllunum uppdiktuð að miklu eða öllu leyti er ekki ný af nálinni. Kenningin mun fyrst hafa verið sett fram á fræðilegan hátt af sagn- og guðfræðingnum Bruno Bauer á nítjándu öld en efasemdirnar höfðu einnig komið fram skömmu fyrir aldamótin 1800 frá franska fjölfræðingnum Charles Francois Dupuis, sem setti fram kenningu um tengsl stjörnufræði og goðsagna hvers konar. Kenningarnar náðu nokkru flugi snemma á tuttugustu öld sem varð til þess að fáeinir guðfræðingar snérust til varnar. Alla síðustu öld skutu upp kollinum fræðimenn með ýmsar útgáfur þessarar kenningar og einnig á síðustu árum. Sérfræðingar hafna þó almennt öllum kenningum sem efast um sögulegt gildi guðspjallanna og annarra heimilda. Þeir fullyrða að nægilega margt hafi verið dregið fram í sviðsljósið til að sanna að þeir atburðir sem þau lýsa hafi átt sér stað. Jesús frá Nasaret hafi verið til frekar en að um goðsögn sé að ræða.

### Ritstuldur

Ritstuldurinn sem kristin trúarbrögð byggja á kristallast í egypska sólguðinum Hórusi, að mati Zeitgeist-manna. Hann var jú fæddur sama dag; af hreinni mey. Stjarna í austri boðaði fæðingardag hans, skírður um þrítugt, átti tólf lærisveina. Hann var krossfestur og reis upp á þriðja degi og listinn heldur áfram. En þar lýkur hvergi samanburðinum.

Þeir nefna söguna um Nóa og syndaflóðið sem skýrt dæmi um ritstuld. Söguna megi finna í mörgum útgáfum en einna skýrasta dæmið sé Gilgamesharkviða, sem er forn súmersk skáldsaga í ljóðaformi, skrifuð um 2.600 árum fyrir Krist. Kviðan segir frá Gilgamesh, konungi í borginni Úrúk í Mesópótamíu. Hann var sonur viskugyðjunnar Nínsún, og var því hálfur guð og hálfur maður. Kviðan hefur fundist á sjö stöðum, meðal annars fjórtán leirtöflur á súmersku, þar af ellefu sem fundust við borgina Nippur í Mesópótamíu og ein við borgina Kish. Á þær var rituð sagan Gilgamesh og land lifanda, sem fjallar um samskipti Gilgameshar við Útnapíshtim, sem sagt er að guðinn Ea hafi gefið eilíft líf að launum fyrir að bjarga tveimur dýrum af hverri tegund undan miklu flóði.

Eins er sagan af Móse. Frásögnin um fæðingu hans þar sem hann var settur í bastkörfu og fleytt niður fljótið, til að forðast barnsmorð, á sér hliðstæðu í sögum af semítíska konungnum, Sargoni I hinum mikla, sem var uppi á 23. öld fyrir Krist. Móses var líka fjarri því að vera sá eini sem færði mönnunum guðs lög. Sagnir um að guð færi spámönnum lög, standandi á fjalli, er einnig að finna víða. Á Indlandi var það Manou og á Krít sagnakonungurinn Mínos sem kleif fjallið Dicta og Seifur færði honum lagabálk. Í Egyptalandi var það Mises sem þáði steintöflur sem á voru ritaðar lög guðs. Reyndar ganga Zeitgeist-menn svo langt að fullyrða að boðorðin tíu séu stolið minni úr Bók hinna dauðu; texta í bundnu máli til sólguðanna Ra og Osiris. Skiljanlega kannski því boðorðin koma þar fyrir, lítið eitt öðruvísi. Hugtökin skírn, eilíft líf, dómsdagur, meyfæðing, frelsari, krossfesting, sáttmálsörkin, umskurður, upprisa og mörg fleiri koma einnig fyrir í egypskum trúartextum sem eru þúsundum ára eldri en Biblíutextarnir.

### Kristnin lögtekin

Kristni var lögtekin í Rómarveldi af Kontantínusi keisara árið 325. Samkvæmt kenningu þeirra sem aðhyllast að kristnin sé aðeins goðafræði tók þá við tími trúarbragðanna sem verkfæri þeirra sem réðu. Stjórnmálamenn gerðu trúna að valdatæki sem birtist í misnotkun á borð við krossferðir og rannsóknarréttinn. Trúin var notuð til að gera náttúruna fjarlæga og innleiða blinda hlýðni við yfirvaldið. Hún gerir lítið úr ábyrgð einstaklingsins með því að guðleg forsjón stjórni öllu og öllum. Trúin gerir þá sterka sem vita að um blekkingu er að ræða og geta notað hana til að stjórna og misnota heilu samfélögin.

**Heimildir:**
*http://zeitgeistmovie.com/*
*Sérstakar þakkir: Sigurður Hólm Gunnarsson*

svavar@frettabladid.is

Gunnlaugur Guðmundsson stjörnuspekingur

# Samspil manns og náttúru

Það eru menn sem halda því fram að kristin trú hafi orðið svo útbreidd sem raun ber vitni vegna þess að hún yfirtók gömlu hátíðarnar. Fæðing Krists er í raun fæðing sólarinnar eða ljóssins. Páskarnir eru líka eftirtektarverðir. Þeir eru alltaf fyrsti sunnudagur eftir fyrsta fulla tungl á vorjafndægrum, sem er páskadagur. Það er líka stjarna sem boðar fæðingu frelsarans. Það er talað um þrjá vitringa en í bresku Gideon-biblíunni eru þeir enn kallaðir stjörnuspekingar enda gátu þeir ekki verið neitt annað. Tákn kristninnar er fiskurinn, atburðirnir gerðust á öld fisksins.

Ef farið er lengra aftur í tímann þá voru stjörnuspekingar tímatalsfræðingar. Stjörnuspekin er fræði tímatalsins; hvernig við skipuleggjum líf okkar. Við hittumst eftir sólarhring, við hittumst eftir mánuð, sem er auðvitað mánahringur. Dagarnir heita svo sólardagur, mánudagur og svo framvegis. Það er sama

hvert þú ferð, öll menningarsamfélög hafa stjörnuspeki. Stjörnufræði er ekkert annað en samspil manns og náttúru og stjörnumerkin eru ekkert annað en árstíðirnar og skipting þeirra.

Menn segjast ekki trúa á stjörnuspeki en þá er ég í besta falli varðveislumaður gamallar þekkingar, því saga mannkyns er samofin stjörnuspekinni og tímatalsfræðinni.

Séra Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju

# Tákn endurnýtt í kristninni

Biblían er full af þekktum táknum. Þau hafa verið sótt víða að og endurnýtt í kristninni, ef svo má segja. Eins og allir vita eru jólin byggð á gamalli sólhvarfahátíð sem var heimfærð upp á Krist. Þá er það sólin sem rís hjá Rómverjum en verður að ljósi sem kemur með Jesú.

Ég held að flestir fræðimenn efist ekki um það að Jesús var til sem einstaklingur, hvort sem menn trúa á hann sem guðsson eða ekki. Í fyrsta sinn sem kenningin var sett fram um að Jesús sé Hórus var árið 1880 í tímariti sem hét Lucifer, þá í merkingunni ljósberinn. Það var kona sem hét Helena Blavatsky sem setti kenninguna fram og um svipað leyti stofnaði hún guðspekihreyfingu. Þá túlkar hún skammstöfunina IXÞUS, sem þýðir Jesús Kristur, sonur guðs, frelsari á grísku og einnig fiskur, sem Hórus, sonur guðs undir merkinu krossinn eða suðurkrossinum. Suðurkrossinn var stjörnumerki yfir Egyptalandi.

Palestína eða Ísrael er mitt á milli Egyptalands og Mesópótamíu og það voru stöðugir menningarstraumar þarna á milli. Ísraelsmenn nota oft orðræðu frá þessum stóru menningarheimum til að túlka það sem þeir vilja segja. Þegar kristnir menn eru að koma sér fyrir þá nýta þeir þekkt hugtök til að lýsa sinni trú, til dæmis um ljósið. Þó að kristnir menn séu ekki að segja að Jesús sé sólguð þá nota þeir sama orð. Þetta er þekkt í öllum trúarbrögðum.

### Krisna – kristur Hindúa

**Krisna, hinn mennski guð og Kristur Hindúa, sonur guðsins Vishnu og hinnar mennsku Devaki, var talinn hafa fæðst á vetrarsólstöðum um 1200-1000.**

- **Þegar Krisna fæddist sungu englar honum til dýrðar og stjarna birtist á himni.**
- **Vitringar og fjárhirðar heimsóttu guðssoninn og færðu honum gjafir.**
- **Konungurinn Kanasa, sem óttaðist Krisna, lét drepa öll sveinbörn sem fæddust sama dag.**
- **Fósturfaðir Krisna, sem var trésmiður, fékk skilaboð frá himnum þar sem hann var varaður við reiði Kanasa og hvattur til þess að flýja með fjölskyldu sína.**

**Krisna framkvæmdi ýmis kraftaverk, barðist við djöfla, fyrirgaf syndir manna og hafði ákveðinn siðferðisboðskap fram að færa.**

- **Til eru gömul indversk listaverk, bæði höggmyndir og málverk, þar sem Krisna er sýndur krossfestur.**
- **Því var trúað að Krisna hafi dáið fyrir syndir mannanna og að hann hafi sigrað dauðann og risið upp til himna.**

**Öld fisksins**
Gríska orðið IXÞUS þýðir fiskur en jafnframt Jesús Kristur, sonur guðs, frelsari. Forn samfélög kölluðu hvert 2.150 ára tímabil öld. Frá 4300 fyrir Krist til 2150 var öld nautsins. Við tók öld hrútsins frá 2150 til ársins 1. Þá tók við öld fisksins sem enn er tákn fyrir Jesú.

**Krossinn eða dýrahringurinn?**
Um allan heim er að finna kirkjur sem skarta krossi sem er glettilega líkur tákninu fyrir dýrahringinn. Hafið þetta einnig í huga þegar þið skoðið gluggana á Skálholtskirkju.

### MÍTRA - GUÐ PERSA - 2000 FYRIR KRIST

- **Trúin á Mítra hófst í Persíu í kringum árið 2000 fyrir Krist.**
- **Mítra var rétt eins og Jesús sonur guðs og jarðneskrar konu sem einnig var hrein mey.**
- **Sagan segir að Mítra hafi fæðst á 25. desember ýmist í gripahúsi eða í helli og að fjárhirðar, sem urðu vitni að fæðingunni, hafi fært honum gjafir. Mítra var kallaður frelsari, lambið, ljós heimsins, sól réttvísinnar.**
- **Hann á að hafa framið fjölmörg kraftaverk, þar á meðal reisti hann mann upp frá dauðum, læknaði lamaða, gaf blindum sýn og rak illa anda úr mönnum.**

**Rétt eins og Jesú borðaði Mítra síðustu kvöldmáltíð sína ásamt tólf lærisveinum áður en hann steig upp til himna. Á síðustu kvöldmáltíðinni neyttu þeir meðal annars sakramentis eða brauðs sem var skreytt með krossi.**

- **Eftir að Mítra dó var líkneski af honum búið til úr steini og var það sett inn í grafhýsi en síðan aftur fjarlægt þaðan þar sem því var trúað að Mítra hefði sigrast á dauðanum og stigið upp til himna.**
- **Þeir sem trúðu á Mítra trúðu því jafnframt að til þess að komast til himna eftir dauðann þyrftu menn að skírast.**
- **Samkvæmt trúnni mun Mítra koma aftur til jarðar fyrir heimsendi og dæma mannkynið.**
- **Í Róm var Mítra útnefndur „verndari rómverska heimsveldisins", árið 307 fyrir krist.**
- **Árið 325 tók Konstantínus þáverandi Rómarkeisari þá ákvörðun að kristni skyldi taka við sem ríkistrú Rómarveldis.**
- **Rétt rúmum 30 árum síðar eða árið 358 hófu kristnir að ofsækja þá sem trúðu á Mítra.**

NÚ Á 2 STÖÐUM

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## Jólagjafir fyrir handlagna

**Fellsmúla** - Reykjavík
**Njarðarbraut** - Reykjanesbæ

1290
BORVÉL 500W

3990
HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI

1295
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN

2995
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V

4995
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V

5890
HÖGGBOR/BROTVÉL 850W

4995
BELTASLÍPIVÉL 900W


2290
HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM

2990
RAFMAGNSHEFILL

TILBOÐ!

995
HLEÐSLUBORVÉL 12V

1390
STINGSÖG 350W

1590
SLÍPIROKKUR 600W

9990
BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W

5850
FLÍSASÖG

12.900
KEÐJUSÖG RAFM.

2950
HJÓLSÖG 1400W

14.990
BÚTSÖG 2100W

RAFSTÖÐVAR
800W 19900
2200W 34900
5500W 59500

1995
SLÍPIMÚS

1290
JUÐARI

4995
BÚTSÖG 1300W

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16

# Allt í jólamatinn

**30% afsláttur við kassa**

**Ekta HAMBORGAR HRYGGUR**

**Ekta HANGIKJÖT úrbeinað**

**40% afsláttur við kassa**

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

## full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 22.–23. desember eða á meðan birgðir endast
Upplýsingar um opnunartíma á www.netto.is

# á einum stað

afsláttur
1.000 kr

Hornafjardar
HUMAR
2.990 kr. pk

Kjörís
KONFEKT-
ÍSTERTA
1.299 kr. stk

MACHINTOSH
2,9 kg
1.899 kr. stk

Göteborgs
PIPARKÖKUR
299 kr. stk

Gleðjumst
saman!
nettó

Nóa
KONFEKT
800 g
1.199 kr. stk

nettó

Akureyri - Grindavík - Höfn - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

# Aldrei sviðið undan umtali

## GÓÐAN DAGINN

**Dr. Gunni tekur viðtal**

Geir Ólafsson: „Það besta við jólin er að maður finnur mikla breytingu á fólki, hegðun þess breytist. Það verða allir miklu almennilegri og tilbúnir að sýna sitt besta andlit."

Þetta er lífið er önnur sólóplata Geirs Ólafssonar. Þar syngur hann lög sem lengi hafa loðað við hann í rándýrum útsetningum. Það er margt í gangi hjá Geir, en ég náði að grípa hann í kaffi og stutt spjall um músíkina, jólin, umtalið og sjálfsöryggið.

Mér finnst eins og Geir sé sjálfsöruggasti maður á landinu. Hann virðist aldrei efast um sjálfan sig og músíkferilinn þótt hann sé oft að rekast á veggi, nú síðast frekar niðurlægjandi upprifjun í þætti „Ebba á Þristinum" á alræmdu gúmmídúkkuatriði. *Hvernig ferðu að því að vera alltaf svona sjálföruggur?* spyr ég Geir.

„Ég hugsa að sjálfsöryggið felist fyrst og fremst í því hvers konar manneskja maður vill vera," segir Geir spekingslega. „Ég held að við það að lifa í sátt og samlyndi við aðra, Guð og menn, komi ákveðið sjálfsöryggi. Sumir myndu kalla það sjálfsöryggi, en ég myndi frekar kalla það að vera kominn með ákveðna rútínu í því sem ég er að gera í músíkinni. Svo getur verið að á öðrum vígstöðvum sé ég ekki eins sjálfsöruggur."

### Var skemmtileg bytta

*Hvernig birtist það helst?*

„Kannski helst í því að ég hef verið að berjast við kvíða. Ég var greindur með kvíða og hef í gegnum tíðina verið að vinna mig hægt og bítandi út úr því. Ég hugsa til dæmis mikið um heilsuna, hvorki drekk né reyki og stunda líkamsrækt. Að mínu mati er hluti af líkamsræktinni að koma vel fram við fólk og hvetja það til dáða."

*Hefurðu fundið fyrir kvíða við að koma fram?*

„Nei aldrei, enda byrjaði ég mjög ungur að koma fram. Pabbi minn, Ólafur Benediktsson, var trommuleikari með Lúdó og Stefán og ég kom fyrst fram með þeim á Þórscafé þegar ég var sex ára. Mig minnir að ég hafi tekið Blítt og létt. Síðan hef ég komið oft fram og alltaf verið laus við sviðsskrekkinn. Það væri erfitt að þurfa að burðast með hann. Maður þarf að vera mjög einbeittur til að koma fram, sérstaklega fyrir framan Íslendinga."

*Þú segist hættur að drekka – var það farið að plaga þig?*

„Já, það gerði það í nokkur ár. Einn daginn þurfti ég að taka mig saman í andlitinu. Þá tók ég ákvörðun um að hætta. Ég er alveg viss um að ég væri ekki að gera sömu hlutina í dag ef ég hefði ekki stigið þetta mikilvæga skref."

*Varstu leiðinleg fyllibytta?*

„Nei, ég held ég hafi verið mjög skemmtileg fyllibytta, en sjálfum mér verstur engu að síður. Ég sló um mig og það varð nánast til þess að ég tapaði öllu sem ég átti."

*Hefurðu átt í erfiðleikum með að halda þínu striki?*

„Nei, sem betur fer ekki. Það eru gefin ákveðin ráð í þessu ferli og ef maður heldur sig við þau á maður að komast í gegnum þetta án þess að falla. Einn dagur í einu er mikilvægt skref í átt til bata. Svo eru vítin til varast, maður hefur séð menn sem hafa dottið í það eftir margra ára bindindi og endað á nákvæmlega sama stað og þeir voru fyrir meðferð."

### Alinn upp við Óskalög sjúklinga

*Nú eru margir sem finnst þú eiginlega hálf glataður og liggja ekkert á þeirri skoðun sinni. Fer illt umtal í þig?*

„Nei, aldrei. Ég er til dæmis aldrei á netinu að skoða bloggsíður. Ég gæti ekkert verið í þessum bransa ef ég tæki inn á mig það sem aðrir segja um mig. Mér hefur aldrei sviðið undan umtalinu því ég veit að þeir sem þekkja mig, ættingjar og vinir, myndu ekki tala um mig á neikvæðan hátt. Ef maður á góða að kemst maður í gegnum hvaða kjaftasögu sem er."

*Fékkstu tónlistina í vöggugjöf?*

„Já, og mest í gegnum pabba. Hann var í þessum bransa, trommaði til dæmis í Sóló, fyrstu erlendu hljómsveitinni sem spilaði í Færeyjum. Ég man eftir mér berjandi húðirnar á barnsaldri og trommurnar hafa alltaf verið mitt hljóðfæri. Ég fór að læra á trommur 16 ára og á trommusett og æfi mig reglulega. Ég hef líka verið syngjandi allt mitt líf. Ég hlustaði þó lítið á söngvara til að byrja með – kannski helst á Elvis. Ég var meira fyrir Oscar Peterson og Miles Davis. Fyrsta platan sem ég eignaðist var með Viðari Alfreðssyni, trompetleikara. Það er gaman að segja frá því að í bandinu með Viðari voru Guðmundur Steingrímsson og Árni Scheving, sem síðar áttu eftir að vinna með mér í Furstunum. Við eigum einmitt tíu ára starfsafmæli um þessar mundir."

*Þú hefur sem sé alltaf verið að hlusta á svona gamla músík?*

„Já, ég er alinn upp við þessa músík og Óskalög sjúklinga. Ég er mjög þakklátur fyrir það því mitt mat er að þessi tónlist sé mun melódískari en sú tónlist sem er verið að gera í dag."

*Varstu aldrei í dauðarokkinu?*

„Nei, það þyngsta sem ég fór í var Kiss og Led Zeppelin. Ef þú hlustar á lögin með þeim finnurðu að það mætti alveg útsetja þau í big band útgáfum."

### Ánægður með að fólk hafi skoðun á mér

*En snúum okkur að nýju plötunni þinn, Þetta er lífið. Þarna eru flest lögin sem þú ert þekktastur fyrir og allt í rándýrum útgáfum.*

„Það má segja að platan hafi verið í undirbúningi síðan fyrsta platan mín kom út árið 2001. Þegar ég bað Þóri Baldursson og Ólaf Gauk að útsetja fyrir mig nokkur lög sem eru á nýju plötunni má segja að vinna við hana hafi byrjað. Það er mjög mikilvægt fyrir mig að eiga þessar útsetningar því það þýðir að ég get gengið inn í hvaða band sem er í heiminum. Ég átti alltaf þann draum að fara með þetta í stúdíó. Síðan kemur það upp að ég og kollegi minn, Gísli Guðmundsson, fyrrverandi stjórnarformaður hjá B&L, förum að vinna í því að fá Nancy Sinatra til landsins. Í sumar fórum við til Bandaríkjanna og ræddum meðal annars við pianistann hennar, Don Randy. Það var ákveðið að hann kæmi til Íslands til að kanna aðstæður fyrir Nancy. Það sagði honum einhver að ég ætti útsetningar fyrir big band og það vakti það mikinn áhuga hjá honum að hann ákvað á endanum að borga hljóðfæraleikurunum og stúdíókostnaðinn. Þannig að honum er fyrst og fremst að þakka að þessi plata varð að veruleika. Svo kom Óttar Felix Hauksson inn í þetta og gaf plötuna út. Ég hef verið mjög heppinn að fá að vinna með öllum þessum mönnum. Við erum með langtíma markmið. Platan á ekki bara að seljast hér fyrir jólin heldur er stefnan sett á að kynna hana síðar meir erlendis."

> Ég held ég hafi verið mjög skemmtileg fyllibytta, en sjálfum mér verstur engu að síður.

*Hvernig hefur gengið með plötuna?*

„Bara mjög vel. Platan hefur fengið ágætis dóma og ég heyri á neytendum að þeir eru mjög ánægðir. Það er náttúrlega mikilvægast. Svo eru einhverjir ekki eins ánægðir og þannig er bara lífið. Maður getur ekki gert öllum til hæfis, en ég er ánægður með að fólk hafi skoðun á því sem ég er að gera. Annars væri lítið varið í að standa í þessu."

*En hver eru markmiðin hjá þér með þessu öllu – hvar verðirðu eftir tíu ár?*

„Ég lifi nú bara í deginum í dag og mitt markmið í dag er að láta gott af mér leiða og vera sjálfum mér samkvæmur."

*Þú stígur varlega til jarðar og ert ekki með neinar yfirlýsingar…*

„Já, ég verð að vera það. En vonandi verð ég hamingjusamur eftir tíu ár og væntanlega með miklu meiri reynslu en núna. Vonandi get ég verið til staðar að hjálpa þeim sem vilja láta að sér kveða í músík."

*Og Nancy þá búin að spila á Íslandi?*

„Já, ég lofa því!"

### Allir almennilegir á jólunum

*Nú er örstutt til jóla og því við hæfi að spyrja Geir hvort hann sé jólabarn.*

„Já, ég elska jólin og finnst þetta yndislegur tími. En ég sakna snjósins. Mér finnst gaman að sjá að það er alltaf að aukast að fólk skreyti hjá sér. Það besta við þennan tíma er að maður finnur mikla breytingu á fólki, hegðun þess breytist. Það verða allir miklu almennilegri og tilbúnir að sýna sitt besta andlit."

*Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur gefið?*

„Ég man að ég gaf fyrstu kærustunni minni hálsmen eða réttara sagt tóma öskju því það hafði gleymst að setja menið í öskjuna í búðinni. Þetta þótti mikil móðgun og ég þurfti að hafa mikið fyrir því að bjarga málunum."

*Heldurðu í margar jólahefðir?*

„Ég er íhaldssamur í þessu, já. Ég vil að það sé skata á Þorláksmessu og hangikjötslykt í loftinu. Svo vil ég hafa hamborgarhrygg og rjúpur á aðfangadag. Ég kem úr stórri fjölskyldu – við erum sex systkinin – svo það þurfti alltaf að hafa mikinn mat. Svo er hangikjöt á jóladag."

*Er það svo kirkjan á miðnætti?*

„Ég viðurkenni að ég hef lítið farið í kirkju á jólum. Ég er mjög trúaður og allt það, og ætti að gera meira af því. Það er aldrei að vita nema það verði breyting á núna og ég drífi mig í jólamessu."

### ➜ GEIR ÓLAFSSON… fyllir í eyðurnar

**Það undarlegasta sem ég hef gert á ævinni var að…** keyra einn allan Vestfjarðakjálkann. Ég fann ótrúlegan kraft úr umhverfinu.

**Ég hef aldrei orðið jafn glaður og…** þegar ég ákvað að hætta að drekka.

**Það skrítnasta sem ég hef smakkað er tvímælalaust…** kanína. Ég fílaði það ekki, en ég held það hafi bara verið vegna þess að ég vissi að þetta var kanína.

**Mér er boðið á grímuball á Bessastaði. Ég mæti sem…** Don Corleone.

**Uppáhaldsveitingahúsið mitt er…** Humarhúsið.

**Mesti lúxus sem ég hef veitt mér er…** að fara oft til útlanda.

**Ef ég væri síamstvíburi vildi ég vera fastur við…** konuna mína.

**Fyrsta verk mitt sem einvaldur alheimsins væri að…** koma á alheimsfriði.

# Jólagjöfin í ár

## til þeirra sem þér er annt um

*Gleðilega hátíð!*

*Starfsmenn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins*

# Það hefur aldrei áður gerst

Á hverju ári gerist eitthvað nýtt, eitthvað sem aldrei hefur verið gert áður. Árið 2007 er engin undantekning á því. Amy Karafin, rithöfundur í New York, tók saman sumt af því helsta sem gerðist í allra fyrsta sinn á þessu ári.

## KÍNVERJAR Í STJÖRNUSTRÍÐ

Hinn 12. janúar tókst Kínverjum í fyrsta sinn að gera árangursríka tilraun með varnarvopn gegn árás utan úr geimum. Þetta var jafnframt fyrsta tilraunin með geimvarnavopn síðan 1985, þegar ríkisstjórn Reagans lauk við Stjörnustríðsáætlun sína. Tilraunin leiddi í ljós að Kínverjar eru tæknilega í stakk búnir til að skjóta niður bandaríska njósnahnetti.



**STJÖRNUSTRÍÐ** Kínverjar æfðu sig í að verjast gegn árás úr geimnum á árinu.

**SÆÐISFRUMUR** Fyrsta sæðisfruman hefur verið búin til úr beinmerg.

## SÍÐASTA VÍGI KARLMENNSKUNNAR AÐ FALLA

Breskir vísindamenn tilkynntu í apríl að þeim hefði í fyrsta sinn tekist að búa til óþroskaðar sæðisfrumur úr stofnfrumum úr beinmergi manns. Vísindamennirnir telja hugsanlegt að ófrjóir karlmenn – og jafnvel konur – geti einn góðan veðurdag notað þessa tækni til að framleiða eigið sæði.

Og sá tími er ef til vill ekki langt undan því fræðimennirnir halda að það taki ekki nema þrjú til fimm ár að þróa tækni til að vinna fullþroskaðar sæðisfrumur úr beinmergsstofnfrumum.

**RÖKRÆÐUR Á YOUTUBE** Hillary Clinton, John Edwards og Barack Obama reyndu að ná athygli kjósenda í forkosningum demókrata í Bandaríkjunum, með kappræðum á vefnum.

## RAUNVERULEG SÝNDARKAPPRÆÐA

Þátttakendur í kosningabaráttu bandaríska Demókrataflokksins fyrir forsetakosningarnar á næsta ári tóku hinn 23. apríl þátt í fyrstu kappræðunum á hreyfimyndavefnum YouTube. Almenningi gafst þar kostur á að senda inn spurningar til frambjóðenda í formi hreyfimynda og sem dæmi um athyglisverða myndbúta má nefna mann með riffil sem spurði um réttindi til vopnaburðar, mann sem söng spurningu um skatt og lék undir á gítar og teiknaðan snjókarl sem spurði um hlýnun andrúmsloftsins.

Ýmsum fannst þetta uppátæki heldur lágkúrulegt fyrir virðulega forsetaframbjóðendur og töldu það ekki samboðið virðingu þeirra að þurfa að svara spurningum frá teiknuðum snjókarli.

## WIMBLEDON JAFNAR LEIKINN

Hinn breski All England Club tilkynnti hinn 22. febrúar að í fyrsta sinn í sögu Wimbledon-tennismótsins fengju karlar og konur jafnháa upphæð að launum fyrir sigur. Verðlaunafé kvenna hafði smám saman farið hækkandi; 1968 fékk sigurvegari í einliðaleik kvenna, Billie Jean King 750 pund (um 94.000 kr.), en þá fékk Rod Laver sigurvegari í einliðaleik karla 2.000 pund (um 250.000 kr.). Til samanburðar fékk Amelie Mauresmo samsvarandi 72 milljónum króna árið 2006 en Rodger Federer 74 milljónir. Í ár hlutu Federer og Venus Williams hvort fyrir sig um 86 milljónir króna.

Wimbledon var síðasta stórmótið í tennis þar sem verðlaunafé karla og kvenna var lagt að jöfnu. Forsvarsmenn Opna bandaríska meistaramótsins riðu fyrstir á vaðið í þessum efnum árið 1973.

**VENUS WILLIAMS** Karlar og konur fá nú jöfn sigurlaun á Wimbledon.

## SYSTURSTJARNA FUNDIN

Fjölþjóðlegur hópur stjörnufræðinga tilkynnti hinn 24. apríl að hann hefði fundið plánetu utan sólkerfis okkar sem uppfyllti öll skilyrði fyrir lífi. Gliese 581 c, eins og stjarnan nefnist, er 50 prósentum stærri en jörðin og hefur fimm sinnum meiri massa. Í stjörnufræðilegu samhengi þýðir þetta að pláneturnar eru mjög áþekkar. Hún er enn fremur í svipuðu hitabelti og jörðin sem felur í sér að þar gæti verið vatn að finna og hugsanlega líka líf.

Sá hængur er þó á þessu öllu að það er ekki hlaupið að því að skreppa þangað. Gliese 581 c er nefnilega í ríflega tuttugu ljósára fjarlægð frá okkur og því ekki fyrirsjáanlegt að við komumst þangað á næstunni til að kanna málið betur.

**GLIESE 581 C** Í tuttugu ljósára fjarlægð er að finna plánetu, líka jörðinni.

**KOSNINGAR Í EISTLANDI** Flestir kusu með hefðbundnum aðferðum í alþingiskosningunum í Eistlandi á árinu. Kjósendum bauðst samt að kjósa í gegnum netið.

## RAFRÆNAR KOSNINGAR

Kjósendur í Eistlandi urðu í febrúar fyrstu kjósendur heims til að greiða atkvæði í þingkosningum gegnum internetið. Um 30 þúsund manns – ríflega þrjú prósent kjósenda – greiddu atkvæði á netinu dagana fyrir sjálfar kosningarnar. Einn þeirra var Andrus Ansip forsætisráðherra, en flokkur hans, Endurbótaflokkurinn, vann nauman sigur í kosningunum.

Eistlendingar gerðu fyrst tilraun með rafræna kosningu árið 2005 þegar tíu þúsund kjósendur greiddu atkvæði með rafrænum hætti í sveitarstjórnarkosningum. Yfirvöld í Eistlandi segja rafræna kosningakerfið þar fullkomlega öruggt.

## EGYPTAR BANNA UMSKURÐ KVENNA

Egypska heilbrigðisráðuneytið boðaði hinn 28. júní bann við umskurði stúlkubarna og gerði þennan verknað refsiverðan í fyrsta sinn. Um helmingur allra kvenna sem hafa mátt þola umskurð eru frá Egyptalandi og Eþíópíu og það er mat Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að 97 prósent egypskra stúlkna og kvenna á aldrinum 15 til 49 ára hafa verið umskornar að einhverju leyti. Í Egyptalandi er algengast að umskurður felist í því að ytri kynfæri kvenna eru skorin burt að sumu eða öllu leyti. Hvorir tveggja múslimir og kristnir stunda þessar aðgerðir, þrátt fyrir að þær eigi sér enga stoð, hvorki í Kóraninum né Biblíunni.

Bannið var sett á í kjölfar þess að tólf ára stúlka lést eftir umskurð á læknastofu í norðurhluta Egyptalands. Búist er við að erfiðlega gangi að framfylgja banninu, sérstaklega í hinum dreifðari byggðum landsins.

**HEIMSKAUTALEIÐ OPNAST** Hægt var að sigla í gegnum McClure-sundið í Kanada í ágúst.

## NORÐVESTURLEIÐIN OPNAST

Siglingaleiðin meðfram heimsskautasvæðum Kanada milli Atlantshafs og Kyrrahafs opnaðist fyrir allri skipaumferð í fyrsta sinn á sögulegum tíma í lok ágúst. Yfirleitt er leiðin þakin þykkri íshellu, sem einungis öflugustu ísbrjótar komast gegnum, en sökum hlýnunar andrúmsloftsins hefur ísinn smám saman bráðnað.

Kanada gerir tilkall til yfirráða á leiðinni en mörg lönd hafa áhuga á að nýta sér hana en hún styttir stórlega siglingatímann milli Evrópu og Asíu.

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU



Viðfangsefni þessarar bókar, Eyþór Þórisson, hefur haft það sem fastan sið að bera eitthvað áfengt á viðskiptavini sína burt séð frá hvað hann er að selja. Hann gaf mönnum brennivínsstaup í sjoppunni í Hvalfirði, konum sjérríglas sem keyptu af honum nærbuxur í Eyjum og þeim El Grillo bjór sem kaupa af honum hreindýraskinn í versluninni Ósk á Seyðisfirði. Ekki þótti hægt að setja ævisögu hans á markað án þess að með fylgdi ávísun á einn El Grillo bjór á Kaffi Láru. Hún fylgir þessari bók. Verði þér að góðu og engin miskunn!

# Engin Miskunn

Engin miskunn er bók um lífshlaup ævintýramannsins Eyþórs Þórissonar, veitingamanns á Seyðisfirði. Hann hefur lengst af verið kvensamur og drykkfelldur en komið ótrúlega víða við. Hann hefur starfað á fínustu veitingastöðum Evrópu, krám, hótelum og hórubúllum, skemmtiferðaskipum, ferjum og fiskiskipum. Hann fékk fyrstur manna nætursöluleyfi á Íslandi, seldi nærbuxur meðfram sjómennsku í Eyjum og rak hótel Snæfell á Seyðisfirði um árabil. Nú á hann og rekur Kaffi Láru á Seyðisfirði og verslunina Ósk á sama stað. Þá kom hann með á markað í haust sitt eigið öl, El Grillo bjór. Eyþór lætur ekki deigan síga og er vinur vina sina, v/v.

**Engin miskunn!**

Mbl. 6. des. 2007

„Tryggvi Harðarson hefur tekið sér fyrir hendur að skrá söguna af lífshlaupi Eyþórs og tekist vel. Frásögn hans er hröð og skemmtileg aflestrar og vísast í stíl við viðfangsefnið.”

Jón Þ. Þór

Brokkur ehf.
Sími 898 7460
tryggvih@internet.is

## El-Grillo karlinn

Engum líkur
Ekkert pempíuhjal
Ekkert fagurfræðibull
Ekkert tilfinningakjaftæði
Alvöru íslenskur karlmaður
Kemur kviknakinn til dyranna
Kjörin bók fyrir þá sem lesa eina bók á ári
... og alla hina að sjálfsögðu líka

# FRAMHALD AF SÍÐUSTU OPNU

## HÚN RÆÐUR

Í lok október varð Cristina Fernandez de Kirchner fyrst argentínskra kvenna til að ná kjöri sem forseti landsins. Hún hlaut 45 af hundraði atkvæða í kosningunum og var sigur hennar næsta auðveldur. Eiginmaður hennar, Nestor Kirchner, hefur setið á forsetastóli undanfarin fjögur ár við góðan orðstír og vinsældir meðal þjóðarinnar. Þær byggjast fyrst og fremst á þeim árangri sem stefna hans hefur skilað til að sigla argentínsku þjóðarskútunni upp úr þeim öldudal sem hún hrapði niður í við efnahagshrunið 1991.

Cristina Fernandez og Nestor Kirchner kynntust þegar þau voru samtíða í laganámi og auk þess liðsmenn ungliðahreyfingar Peronista.

**CRISTINA FERNANDEZ DE KIRCHNER** Fyrsti argentínski kvenforsetinn var kjörinn í lok október.

## EKKERT MEIRA LIMBÓ

Hin hefðbundna trú á Limbó ungbarna – staður þar sem óskýrð börn dvelja um alla eilífð – gæti verið byggð á „of takmarkaðri sýn á frelsun.“ sagði Alþjóðlega guðfræðinefndin, ráðgjafaráð Vatikansins, í fyrsta sinn í skýrslu sem var gefin út hinn 20. apríl.

Kenningin um hvort börn „eigi hvorki skilið himneska sælu, né að þurfa að þjást“ var aldri hluti af opinberri kenningu kirkjunnar, en hefur verið kennd innan kirkjunnar frá miðöldum.

Í niðurstöðu nefndarinnar kemur fram að það „séu guðfræðilegar ástæður til að vona að hægt sé að bjarga ungabörnum sem deyja án skírnar og þau fái eilífa hamingju.“ Benedikt páfi samþykkti skýrsluna.

## KÍNVERSKUR KOMMÚNISMI BEYGIR AF LEIÐ (AÐEINS MEIRA)

Fyrstu kínversku lögin sem verja sérstaklega séreignarrétt voru samþykkt hinn 16. mars. Lögin ganga gegn einni grundvallarreglu kommúnimsans, að engar séu séreignirnar. Stuðningsmenn laganna – margir hverjir vellauðugir – sáu þetta sem skref í örugarri leið til þess að kaup og selja land, heimili og fyrirtæki. Á sama tíma urðu til reglugerðir um slík viðskipti, sem áður höfðu átt sér stað í lagalegu tómi.

Lögin vöktu spurningar um það hversu öruggar kommúnískar rætur Kína standa í dag, sérstaklega þar sem einkageirinn er nú um tveir þriðju af þjóðarframleiðslu landsins. Þúsundir nafna voru á undirskriftarlistum gegn lögunum, þar sem því var haldið fram að með lögunum verði munurinn á milli ríkra og fátækara enn meiri. Jafnframt var því haldið fram að með lögunum hafi verið að lögleiða eignarhald sem byggðist á spillingu.

## AUKIN RÉTTINDI ÍRSKRA KARLA

Hinn 11. september dæmdi hæstiréttur Írlands ókvæntum föður í fyrsta sinn forsjá barna sinna. Samkvæmt dómnum hafði móðirin brotið gróflega á rétti föðurins með því að fara með syni þeirra úr landi án samráðs við hann.

Samkvæmt stjórnarskrá Írlands frá 1937 byggjast forsjárréttindi á móðerni og hjónabandi og hafa írskir dómstólar ávallt hafnað kröfum feðra sem ekki hafa verið kvæntir barnsmæðrum sínum, um forsjá barna þeirra. Auk þess hefur mæðrum yfirleitt verið úrskurðuð forsjá barna við skilnað en aðeins eru tíu ár frá því Írum var heimilað að skilja.

Í framhaldi af dómnum hafa komið fram kröfur um breytingar á stjórnarskrá landsins.

**FEÐGIN** Írskur ókvæntur faðir fékk í fyrsta sinn forsjá yfir börnum sínum, en forsjárréttindi þar hafa verið byggð á móðerni og hjónabandi.

## SLÆÐULAUSAR KONUR Í ÍRÖNSKU SJÓNVARPI

Í apríl hófst í írönsku sjónvarpi útsending á þáttaröð þar sem konur sáust slæðulausar í fyrsta sinn frá upphafi írönsku byltingarinnar. Þrátt fyrir að stjórnvöld banni konum að sýna sig opinberlega án höfuðslæðu og síðkufls var gerð undantekning í þetta sinn.

Þættirnir gerast í Frakklandi á tímum Helfararinnar, útrýmingarherferðar þýskra nasista á hendur gyðingum. Þótt Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti hafi tekið undir með efasemdarmönnum, sem telja að Helförin hafi aldrei átt sér stað, fengu leikkonurnar í þáttunum að klæða sig að hætti franskra kvenna á stríðsárunum.

Aðalpersónan í þáttunum er Habib, stjórnarerindreki í íranska sendiráðinu í París sem útvegar gyðingum írönsk vegabréf svo þeir geti komist undan nasistum. Þættirnir eru að hluta til byggðir á sannri sögu og hafa notið mikilla vinsælda meðal sjónvarpsáhorfenda í Íran. Hugsanlega vilja írönsk stjórnvöld með þessu breyta þeirri ímynd að þau séu gegnsýrð andúð á gyðingum.

**IAN PAISLEY OG MARTIN MCGUINNESS** Gerry Adams, formaður Sinn Féin og flokksfélagi Martins McGuinness, og Ian Paisley, leiðtogi Lýðræðisflokks Ulsters, sættust á árinu á að deila völdum í Norður-Írlandi.

## NÝIR TÍMAR Á NORÐUR-ÍRLANDI

Samtökin Ulster Defence Association, stærstu hernaðarsamtök mótmælenda á Norður-Írlandi, lýstu því yfir í nóvember að þau myndu leggja niður vopnaða baráttu. Talsmenn samtakanna sögðu forystu þeirra líta svo á að stríðinu væri lokið. Andstæðingar þeirra, Írski lýðveldisherinn, IRA, lagði niður vopn árið 2005.

Yfirlýsing þessi kemur í kjölfar þess að fyrr á árinu var fyrsta samsteypustjórnin á Norður-Írlandi mynduð er þeir Gerry Adams, formaður Sinn Féin, og Ian Paisley, leiðtogi Lýðræðisflokks Ulsters, sættust á að deila völdum í landinu.

## KONUR KEYRA LEIGUBÍLA Í SENEGAL

Hinn 18. september síðastliðinn gerðist það í fyrsta sinn að konur óku leigubifreiðum á götum borga í Senegal. Til að byrja með voru þær tíu talsins, en stefnt er að því að tvö þúsund konur aki leigubifreiðum í landinu í lok næsta árs. Allt er þetta partur af átaksverkefni stjórnvalda í Senegal, sem vilja með þessu bæði efla stöðu kvenna og koma af stað endurnýjun í hópi leigubifreiðastjóra í landinu, sem margir hverjir eru farnir að komast á efri ár. Verkefnið gengur undir heitinu Leigubílasystur.

Yfirleitt eru konur í Senegal háðar eiginmönnum sínum, feðrum eða bræðrum um lifsafkomu, en nú á að verða breyting þar á. Leigubílstjórarnir nýju hafa fengið rauðar og gular bifreiðar til umráða og einkennisbúninga í sömu litum. Einnig fengu þær þjálfun í sjálfsvarnaríþróttum til vonar og vara, ef þær skldu lenda í erfiðum aðstæðum í nýja starfinu.

Hátíðleg athöfn var haldinn þegar verkefnið fór af stað og þar hélt Viviane Wade, eiginkona forseta landsins, ræðu og hvatti konurnar til að sýna gott fordæmi: „Sýnið af ykkur rósemi, virðuleika en ákveðni gagnvart viðskiptavinum, hverjir svo sem þeir eru.“

## DISNEY KEMUR TIL BOLLYWOOD

Bandaríska kvikmyndafyrirtækið Walt Disney hefur numið land í Bollywood, heimi indversku bíómyndanna sem dregur til sín mörgum sinnum fleiri áhorfendur á hverju ári en framleiðslan frá Hollywood. Í júní síðastliðnum skýrðu fulltrúar frá Walt Disney og kvikmyndafyrirtækinu Yash Raj, sem er eitt hið stærsta sinnar tegundar á Indlandi, frá því að þau ætli að vinna saman að framleiðslu teiknimynda sem sérstaklega verða gerðar handa áhorfendum í Suður-Asíu og Mið-Austurlöndum, helstu markaðssvæðum Bollywood-framleiðslunnar.

Þetta er reyndar önnur tilraun Disney til að framleiða myndir sem eiga að höfða til áhorfenda utan hins bandarísk-vestræna neysluheims. Fyrst var þetta reynt á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar þegar Disneyfyrirtækið bjó til kvikmynd sem heitir Saludos Amigos. Sú mynd var gerð að beiðni bandarískra stjórnvalda, sem vildu bæta ímynd sína í löndum rómönsku Ameríku.

Disneymyndin í Bollywood á að heita Roadside Romeo og fjallar um auðugan hund sem skilinn er eftir einn síns liðs á götum Mumbai. Myndin verður frumsýnd á næsta ári á þremur tungumálum: máli hindúa, máli tamíla og telegu-máli, sem er einkum talað af dravídum í indverska héraðinu Andhra Pradesh.

Frægir Bollywood-leikarar ljá persónum myndarinnar raddir sínar og myndin verður uppfull af glamúr, dansi og söng að hætti Bollywood-mynda. Disney-menn vonast til þess að geta í framhaldinu farið að búa til leiknar Bollywood-myndir.

PEPSI MAX
PEPSI MAX
KYNNIR:
SKÍFAN LIVE
UM HELGINA
Skífan Laugavegi í dag
Kl. 14.00 Hjaltalín
Fer á kostum og leikur lög af stórskemmtilegum nýjum diski.
Kl. 16.00 Jagúar
Vinsælasta Funk hljómsveit landsins leikur lög af nýútkominni plötu.
Skífan Smáralind í dag
Kl. 16.00 Hjaltalín
Fer á kostum og leikur lög af stórskemmtilegum nýjum diski.
Pepsi Max og Skífan Live
allar helgar fram að jólum
S·K·Í·F·A·N

# Sirkus listaheimsins

Listamessan Art Basel er haldin árlega á Miami Beach og er einn stærsti listviðburður heims. Hún þykir ansi skrautleg og fólk streymir að úr öllum heimshornum: Listaverkasafnarar, safnstjórar, listamenn, blaðamenn og tískutýpur. Ljósmyndarinn *Yvan Rodic*, betur þekktur sem *Facehunter*, fangaði stemninguna.

## MAROUSSIA REBECQ

Parísarskvísan Maroussia Rebecq setti fyrir nokkrum árum á fót fyrirbærið Andrea Crews, sem er hópur listamanna úr ýmsum heimshornum sem einbeitir sér að endurnýtingu gamals fatnaðar. Andrea Crews endurhannar gömul föt og kallar þau „post-vintage" og vill meina að það bjóði upp á byltingu á sviði tísku. Sýningar Andrea Crew eru mjög listrænar og eru oft blanda af vídeóverkum og tónlistarviðburði. Um þessar mundir er Rebecq að vinna með leikstjóranum Yaoi Kusama að kvikmynd, er gestaritstjóri tískutímaritsins WAD og er nýbúin að opna Andrea Crews-verslun í París. Þegar hún er spurð út í hvað hún sé að gera á Art Basel svarar hún: „Sjór, sól, kynlíf, list og afslöppun."

## ITEM IDEM – CYRIL DUVAL

Franski listamaðurinn Item Idem býr í Tókýó og leikur sér með rými innandyra í listsköpun sinni. Til dæmis setur hann lítið diskótek inn í verslun með lúxusvarningi, listasafn með litlum sækeraveitingastað og heimili sem breytist í ljósmyndastúdíó, og blandar saman list, tísku, hönnun og vísindum markaðssetningarinnar. Item Idem hefur meðal annars unnið með Karl Lagerfeld, Kevin Spacey, Bernhard Wilhelm og Michel Gaubert og var að ljúka fyrstu einkasýningu sinni í Tókýó þegar hann kíkti á Art Basel. „Ég fann ekkert nýtt né áhugavert," sagði hann. Næst á döfinni hjá Item Idem er hópsýning í New York í John Connelly-galleríinu sem heitir AA Bronson School for Young Shamans.

## ASSUME VIVID ASTRO FOCUS, – ELI SUDBRACK

Þessi brasilíski listamaður býr í New York og sýndi verkefnið sitt „Concrete Waves" á Art Basel. Vídeóverki var varpað fyrir ofan hjólabrettaramp og var í raun virðingaróður til hjólabrettamenningar. Sudbrack sýndi einnig vídeóverk af fyrstu tískusýningu Issey Miyake í New York árið 1977 og heimildarmynd um Grace Jones á Studio 54-árunum. Sautján klukkutíma langt vídeóverk eftir Sudbrack var einnig sýnt en það heitir Butch Queen Realness With a Twist in Pastel Colours. Sudbrack sækir áhrif frá japönskum og kínverskum teikningum, miðaldavefnaði, tíbetskum málverkum og litabókum barna. Hann hefur sýnt í mörgum mikilvægum galleríum í New York , þar á meðal White Columns, Apex Art, Bellwether Gallery og New Museum og einnig í Pompidou-safninu í París.

## ➜ ARTÍ PARTÍ

Art Basel Miami Beach er mikilvægasta listamessa Bandaríkjanna og er um leið eitt mesta partí ársins. Hún er systurhátíð Art Basel-hátíðarinnar í Sviss og býður upp á mikla breidd alþjóðlegra listamanna. Hún á sér stað í desember í „Art Deco" hverfi Miami, rétt hjá ströndinni þar sem er nóg af hótelum og skemmtistöðum. Eins og gefur að skilja er staðsetningin og hið skrautlega samansafn af fólki ávísun á mikil skemmtanahöld eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.




# Hverfandi munur!

241.376 notendur á visir.is á meðan 276.498 notendur völdu mbl.is í 49. viku, það er varla höfðinu hærra í samanburði!*

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

**visir.is**

**...ég sá það á visir.is**

*Samrænd vefmæling á modernus.is í viku 49

# Varað við sárasótt og dansað í síðdegiskaffinu

Það er fróðlegt og oft fyndin dægradvöl að lesa gömul dagblöð. *Þórdís Gísladóttir* fann nokkrar áhugaverðar auglýsingar í gömlum árgöngum Morgunblaðsins sem sýna að tímarnir hafa breyst. Eða langar einhverja eiginkonu í stórisastrekkjara í jólagjöf?

**1914**
### Fundið
Gulur hundur í óskilum hjá Lögreglunni. Vitjist innan 3 daga og borgist áfallinn kostnaður. Annars skotinn.

**1916**
### Fundið
Múffa hefir fundist á búðarborðinu á Klapparstíg 1 og vitjist þangað.

**1918**
Húsaleigunefndin er nú röknuð úr inflúenzurotinu og byrjar fundi sína í kveld kl. 6 á bæjarþingstofunni.

**1919**
Reykið „Sayor Boy Mixture“
Hún er létt, bragðgóð og brennir ekki tunguna -
Fæst hjá LEVÍ og víðar

**1922**
### Kaup og sala
Tíu þúsund danskar krónur óskast keyptar fyrir ellefu þúsund íslenskar. Vilji nokkur sinna þessu segi til nafns sín í lokuðu brjefi merkt „Mikkel“, sem afhendist afgreiðslu Morgunblaðsins fyrir mánudagskvöld 22. þ.m. Ef til kemur, þarf að ávísa upphæðinni með símskeyti.

**1923**
Húsmæður, athugið eftirfarandi. Hið viðurkenda góða þvottaduft „GOLD DUST“, nýkomið og kostar aðeins 50 aura pakkinn, en ef heill kassi (100 stykki) er tekinn, þá kostar pakkinn 40 aura.
– Munið þetta!
Verslunin Goðafoss. Sími 436
Laugaveg 5

**1926**
Dr. Guðmundur Finnbogason flytur erindi í dag í Nýja Bíó, sem hann nefnir „Bölv og ragn og þjóðnýting þess.“ Má óefað búast þar við skemtilegu og frumlegu erindi. Því bæði er það, að efnið er nokkuð sérstakt og eins hitt, að Guðm. er manna líklegastur til að fara vel með það.




**1926**
### Viðskifti.
Með Botníu komu heyrnartól kr. 14,00. lampar kr. 10,00 kristal og detektor spólur, banastik íklemmuskrúfur o.fl. o.fl til víðvarpstækja með lægsta verði. Viðgerðir og leiðbeiningar fást í Hljóðfærahúsinu.

**1928**
### Salernahreinsun
Fer fram á svæðinu milli Laugavegs og Skólavörðustígs föstudaginn 21. þ.m. í stað laugardags 22. þ.m.; á svæðinu milli Lækjargötu og Framnesvegar laugardaginn 22. þ.m. í stað mánudags 24. þ.m. Hreinsað verður á sömu svæðum 28. og 29. þ.m.
Salernin verða að vera opin á hinum tilteknu dögum. Heilbrigðisfulltrúinn.

**1929**
Ástalíf í stórborgum á vorum tímum, heitir fyrirlestur sem Þorsteinn Björnsson úr Bæ heldur í Gamla Bíó í dag (17. nóvember) kl. 3. – úr efninu: Giftingarskrifstofur – Næturlíf – Óeðli. Aðgöngumiðar kosta kr. 1.25, og fást í Gamla Bíó eftir kl. 1 í dag.

**1931**
### Kvörtunum um rottugang
í húsum er veitt viðtaka á skrifstofu minni við Vegamótastíg 2-7. nóvember. kl. 10-12 árd. Og 3-7 síðd. Sími 753.
Heilbrigðisfulltrúinn

**1932**
Tapast hefir ljósblár köttur (högni). Finnandi vinsamlega beðinn að skila honum á Vitastíg 7.

**1933**
### Nýtt böglasmjör
Gulrófur, nýteknar upp úr jörðu, jafngóðar og á haustdegi. Hvítkál. Gleymið ekki blessuðu silfurtæra þorskalýsinu, sem allir lofa. Björnin.

Óska eftir að kynnast konu, 25-45 ára, sem á eða hefur ráð á íbúð. Þær sem vildu sinna þessu, leggi nafn og heimilisfang á afgr. Mbl. Merkt: „Þagmælska – 205“.

**1933**
Þeir, sem kaupa trúlofunarhringana hjá Sigurþór verða altaf ánægðir.

**1937**
### Þakkarávarp.
Við undirritaðar, sem á síðastliðnu sumri nutum, ásamt börnum okkar, nokkurra vikna hvíldar og hressingar endurgjaldslaust á Egilsstöðum á vegum mæðrastyrksnefndarinnar, þökkum hjartanlega fyrir þær ánægjustundir er við áttum þar og óskum við, að það nauðsynlega góðgerðarfjelag megi blómgast og blessast í framtíðinni.
Reykjavík 19. febrúar 1937.
Guðríður, Guðrún, Halldóra

**1938**
### Ráðskona
Þrifin og reglusöm stúlka óskast til að taka að sjer ráðskonustörf á litlu sveitaheimili frá 14. maí n.k. Gjöri svo vel að koma til viðtals Hótel Skjaldbreið í kvöld föstudag. Herbergi Nr. 10, 2. hæð

**1938**
Látið grafa nafn yðar á reykjarpípuna yðar. Það fáið þjer gert ódýrt í Pennaviðgerðinni, Austurstræti 14, 4. hæð.

**1938**
### Leiga
Hænsnahús og íbúðarhús ásamt 180 hænsnum til leigu í nágrenni Reykjavíkur. Uppl. Í síma 3799.

**AUGLÝSINGARNAR ÞÁ** Þótt Royal-búðingurinn sé enn seldur víðast hvar er ólíklegt að hann sé auglýstur á þennan heimilislega hátt í dag.

AF **ROYAL** SKYNDIBÚÐING:
ER KOMINN Í VERZLANIR
LJÚFFENGAR BRAGÐTEGUNDIR
IBÚDINGUM . . . . SÚKKULAÐI,
LU, JARDARBERJA OG SÍTRÓNU,

**1941**
Sá sem hefur kofortið mitt í geymslu, skili því á Grettisgötu 7.
G. H.

**1942**
### Stálhjálmar
Þeir, sem eiga eftir að sækja stálhjálma sína til Loftvarnanefndar, ættu að gera það sem fyrst.
LOFTVARNANEFND REYKJAVÍKUR

**1942**
### Aðvörun til farmanna
Kynsjúkdómalæknir ríkisins hefir vakið athygli á því, að reynsla meðal íslenskra framanna bendi til, að smithætta af sárasótt (sýfilis) í breskum hafnarbæjum sje nú meiri en dæmi eru til áður, en það er að vísu alkunnugt að á ófriðartímum eykst hætta þessi stórkostlega fyrir aukinn lausungarlifnað og erfiðleika á að koma við því heilbrigðiseftirliti, sem tíðkast á friðartímum. Fyrir því eru íslenskir farmenn hjer með alvarlega varaðir við þessari auknu hætti. Mega þeir gera ráð fyrir, að vændiskonur hafnarbæjanna séu nálega undantekningarlaus sjúkar og afskifti af þeim leiði til sýkingar. Engar varúðarráðstafanir öruggar.
Skipstjórar á öllum íslenskum skipum, er sigla til útlanda, láta skipshöfnum sínum í tje Leiðbeiningar um kynsjúkdóma, sem gefnar hafa verið út á vegum heilbrigðisstofunarinnar. Eru skipverjar hvattir til að kynna sjer þær leiðbeingar nákvæmlega áður en þeir ganga á land í erlendum höfnum.

Landlæknirinn
Reykjavík, 10. júlí 1942.
Vilmundur Jónsson

**1943**
Alþingismaður óskar eftir 1-2 herbergjum með aðgangi að eldhúsi og síma frá 1. sept. í haust. Upplýsingar í síma 5499.

**1949**
Óska eftir að kynnast konu, 25-45 ára, sem á eða hefur ráð á íbúð. Þær sem vildu sinna þessu, leggi nafn og heimilisfang á afgr. Mbl. Merkt: „Þagmælska – 205“.

**1951**
Sýning og keppni í frjálsum fangbrögðum
fer fram í Hátíðasal Barnaskóla Laugarness mánudaginn 2. apríl kl. 8,30 síðdegis.
Finnski meistarinn ERKKI JOHANSSON sýnir og keppir ásamt 20 nemendum sínum.
Aðgöngumiðar á kr. 15.00 og 5.00 kr. fyrir börn, seldir allan mánudaginn í Bókabúð Lárusar Blöndal og við innganginn, ef eitthvað verður eftir
Glímufjelagið Ármann.

**1952**
### „Slank“- belti nýkomin.
Lífstykkjabúðin h/f, Hafnarstræti 11.

**1958**
Silfurtunglið
Dansað í síðdegiskaffitímanum
Hljómsveit Riba leikur.
Rock-sýning Lóa og Sæmi.
Einkasamkvæmi í kvöld.
Silfurtunglið

**1959**
### Karlmenn athugið
(Félagsskapur) Fimm stúlkur um þrítugt óska eftir félögum. Aldurstakmark ekkert. Tilboð með mynd sendist Morgunblaðinu merkt: „Bráðlátar – 1497“ fyrir 12. september.

**1959**
### Peningalán
Útvega hagkvæm peningalán til 3ja og 6 mánaða, gegn öruggum tryggingum. Uppl. kl. 11-12 f.h og 8-9 e.h.
Margeir J. Magnússon
Stýrimannastíg 9. Sími 15385

**1959**
### Þvottakvennafélagið „Freyja“
Framhaldsaðalfundur félagsins verður haldinn mánudaginn 6. júlí í Tjarnargötu 29 kl. 8 1/2 . Mjög aðkallandi mál á dagskrá auk aðalfurndarstarfa
Mætið stundvíslega STJÓRNIN

**1961**
### Karlmenn athugið
Geri við og breyti karlmannafötum. Geri tvíhneppta jakka einhneppta. Hækka einnig hornin á einhnepptum og geri fleiri hnappagöt. Mjókka buxur og tek uppslögin af. Kúnststoppa.
Sigurður Guðmundsson
Laugavegi 11. Sími 15982.


**Bókin sem heimurinn bíður eftir!**

Þessi bók hefur reitt fólk til reiði, fólk sem sér sjálft sig í Önnu en Anna er ljóta hliðin á teningnum. Flest allir lifa í blekkingum, þola ekkert óþægilegt og viðurkenna ekki vandann. Sem sagt sópa öllu undir teppið. En Kleopatra sviptir teppinu ofan af og sjá... hvað blasir við!? Þess vegna reiðist fólk. Könnun hefur sýnt að annaðhvort verður fólk alveg heillað af þessari bók eða reiðist ofsalega, móðgast og verður sárt. En það sýnir hvar fólk er statt. Fólk sýnir sig að lokum og það er svar.

**Einhver verð að gera það. Kleopatra takk fyrir að þora.**

Þetta er
**HERMIKRÁKUHEIMUR**
segir Kleopatra Kristbjörg!

**Hermikrákuheimur aftur kominn á kreik!**

Eftir sama höfund
og bókin Daggardropar.
-bók um fyrri líf.

**Mætt í helstu verslanir!**

**ÓTTAR MARTIN NORÐFJÖRÐ, RITHÖFUNDUR** „Ég get ekki lesið hluti aftur og aftur, mér finnst það tímaeyðsla.“

# *Myndi vilja búa með Hannibal Lecter*

Rithöfundurinn ungi **Óttar Martin Norðfjörð** hefur fengið afbragðsgóða dóma fyrir bók sína, Hnífur Abrahams, og í kjölfarið keypti kvikmyndafyrirtækið ZikZak réttinn að henni. Óttari hefur hingað til verið mjög umhugað um framtíð miðbæjarins en hver veit nema hann endi í borg englanna. *Fréttablaðið* tók hann í þriðju gráðu viðtal.

*Í hvernig fötum líður þér best?*
Bara þægilegum fötum.

*Botnaðu:* Ef ég fengi að velja mínu hinstu máltíð, yrði hún …
Hlaupbúðingur.

*Hvaða kæki ertu með?*
Þarf alltaf að taka tvö skref afturábak þegar ég er búinn að taka þrjú skref áfram. Getur verið mjög pirrandi, sérstaklega þegar ég er orðinn of seinn.

*Botnaðu:* Þegar eldri sem ég verð því … kynngimagnaðri hestur þessi tilvera er Kringlan.

*Hvaða frasa ofnotar þú?*
Þar hefur Gunnur nú aldeilis rétt fyrir sér.

*Eftirlætisbragð?*
Bylta.

*Fallegasta húsið í Reykjavík er …*
Gamla Borgarbókasafnið niðri í bæ.

*Ef þú ættir að velja þér haus einhverrar frægrar manneskju til að setja á búkinn þinn – hvaða haus yrði fyrir valinu?*
Haus Ben Afflecks.

*Hvernig heilsarðu?*
Sæll og blessaður.

*Hverju tekurðu fyrst eftir í fari fólks?*
Látbragðinu.

*Hver fer mest í taugarnar á þér?*
Þori ekki að segja það, en get gefið vísbendingar. Karlmaður, rúmlega fertugur, alltaf að blaðra um hluti sem hann veit ekkert um. Látum það nægja.

*Ef þú yrðir að eyða 20.000 krónum næsta hálftímann – hvernig myndirðu eyða peningnum?*
Koma á heimsfriði.

*Hvað gerir þig dapran?*
Minningargreinar, gamalt fólk sem haltrar, dauðinn. Fleira í þessum dúr.

*Hvað ætti Grýla grænmetisæta að gera við óþekku börnin?*
Borða þau.

*Hvaða lag geturðu hlustað á aftur og aftur?*
Allt með Chet Baker.

*Hvað myndi sjálfsævisaga þín heita?*
Óttar M. Norðfjörð – Viðkvæmt blóm í eyðimörk hafsins.

*Ef þú uppgötvaðir nýja plánetu í sólkerfi okkar – hvað myndirðu nefna hana?*
Gústaf Jarl.

*Hver er frægasti ættinginn þinn?*
Jón forseti og Fjalla-Eyvindur, held ég.

*Ef þú ættir tímavél, á hvaða sögulega tímabili myndir þú stilla hana?*
Væri til í að sjá heiminn eftir svona 200 ár.

*Þú færð þér karakter úr kvikmynd til búa með – hvaða persóna yrði það og af hverju yrði hún fyrir valinu?*
Hannibal Lecter hefur nú alltaf virkað mjög viðkunnanlega á mig.

*Hvaða bók getur þú lesið aftur og aftur?*
Enga, get ekki lesið hluti aftur og aftur. Finnst það tímaeyðsla.

*Hver er kynþokkafyllsti klæðnaður sem kona getur klæðst?*
Sjálflýsandi kraftgalli. Nei, ég meinti gegnsær kraftgalli. Gegnsær.

*Hvaða ljóð ætti að lesa upp í jarðarförinni þinni og af hverju?*
„Jæja, þá er partíið búið“. Óskrifað ljóð eftir einhvern.

amb@frettabladid.is

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Óttar Martin Norðfjörð

**FÆÐINGARÁR:** 1980

**Á HUNDAVAÐI:** Vann bróður minn í skák þegar ég var 13 ára, entist þrjá mánuði á djúsfæribandi í Sól hf., fann upp pitsu með kartöflum ásamt Hlyni vini mínum þegar við unnum á Eldsmiðjunni, útskrifaðist úr skóla, skrifaði mína fyrstu ljóðabók, tókst að svara þessum skrítnu spurningum.

## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Farfuglarnir komnir** Barferðir yfir allra heilögustu hátíðardagana ættu að vera sigurstranglegar því nú eru farfuglarnir komnir heim um jól. LA-gæjarnir og NY-píurnar eru lent og því hefur úrvalið a.m.k. fjórfaldast á götum borgarinnar.

**Friðargangan á Þorláksmessu** Rölt niður Laugaveginn með kerti í hönd og frið í hjarta er lífsnauðsyn á Þorláksmessu.

**Óvæntar uppákomur** Gefðu ástinni þinni gjöf á Þorláksmessu. Komdu henni á óvart með litlum sætum pakka ofan á ryksugunni eða á bak við Ajaxið.

**Heimatónleikar** Finnið jólafrið í hjarta með því að syngja saman jólasálmana á aðfangadagskvöld. Enn betra ef þið eigið eitt stykki píanó, fiðlu eða gítar.

### Á niðurleið

**Snjórinn.** Útlit fyrir óveður og rigningu yfir hátíðarnar. Dragið bara gluggatjöldin fyrir.

**Fyllirí á Þorláksmessu** Það vill enginn vakna á aðfangadag með fullan poka af geisladiskum með drengjunum í Lúxor eða gjafakort hjá Geira á Goldfinger. Haldið áfengisneyslu í lágmarki þessa síðustu metra fyrir jólin. Kvíðir barnið þitt jólunum?

**Sjónvarp** Prófið að kveikja ekkert á sjónvarpinu heldur hlustið þess í stað á hugguleg jólatónlist þessi síðustu kvöld fram að jólum. Hugljúfir tónar á grammófóninum slá út Kastljósstefið eða Hagkaupsauglýsinguna.

**Fyllirí á aðfangadag** Segir sig sjálft.



# ÞESSIR ERU KOMNIR Í GULL

## HLJÓÐFÆRI HUGANS

**Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál**

### Dag eftir dag

Og dag eftir dag er fjallið hulið þungfærum skýjum, sem silast norður á bóginn til að þíða byggðir og öræfi. Snjórinn breytist í grænbláan krapa, krapinn í leysingarvatn, áleitnir dropar detta á eldhúsgólfið, einn, tveir, einn, tveir, í göngunum eru skóvarpadjúpir pollar.

Þetta er engin asahláka, stundum er úrkoman hálfgerð slydda og vindurinn hráslagalegur, en þó hjaðnar sérhver fönn óðfluga og túnlækurinn kann sér ekki læti. Í gær vall hann fram kolmórauður eins og ofurlítil jökulmóða og gerði sig líklegan til að belgjast upp úr farvegi sínum og kaffæra þúfur og steina; í dag er hann einungis mælskur og kátur, skvaldrar og hjalar á flúðum, hringsnýst dimmraddaður í smáum iðukötlum og glettist við ungan pilt. Enginn er eins glaður og túnlækur í vorleysingum.

*Ólafur Jóh. Sigurðsson: Vorkoma (smásaga).*

### Jól

Orðið **jól** er komið úr heiðnum sið norrænna manna og var haft um blót á vetrarsólstöðum er fagnað var því að Sól sneri vagni sínum til norðurs. Það er einnig í öðrum norrænum málum – og fornensku **géol**, en í nútímaensku **yule**. Uppruni orðsins er óviss og umdeildur. Sumir telja það skylt **hjól** vegna árshringsins. Önnur tilgáta er um skyldleika við ísl. **él** (þ.e. snjóatíð). Þá hefur verið bent á skyldleika við gotnesku **jiuleis** (desembermánuður) sbr. **ýlir**, fornt heiti annars vetrarmánaðar. Það er raunar merkilegt að þetta orð skuli hafa varðveist í kristnum sið en ekki tekið upp annað heiti eins t.d. kristsmessa sbr. Christmas í ensku. Ekki síst í ljósi þess hversu snemma var amast við nöfnum daga sem kenndir voru við heiðin goð: týsdagur, óðinsdagur. þórsdagur og freyjudagur. Þessi nöfn eru varðveitt í málum nágrannaþjóða okkar, en við höfum týnt þeim, þótt við þykjumst hafa geymt betur en aðrir fornt málfar.

### Ekki boðlegt

Í myndatexta hér í Fbl. 15. des. segir: „Hildur Sigurðardóttir finnst gaman að spila með svo góðum leikmanni...“ – og er auðvitað fjarri því að vera boðlegt. Í greininni kemur svo fram sú leiða eftiröpun ensku „að vera að“ ... „Við erum að standa okkur vel enda erum við að leggja mikið á okkur...“ Viðmælandi er að vísu bandarísk stúlka, en á íslensku segjum við: Við stöndum okkur vel og leggjum hart að okkur. Svipaða vitleysu heyrði ég í fréttum Stöðvar 2 sama dag: „Fólk er að koma meira en áður“ – nema hér er bætt við leiðinlegri ambögu. Koma meira? Ég kem hér meira en áður? Líklega er átt við: Hér kemur fleira fólk en áður. Eða var kannski átt við **oftar**?

### Um ókominn tíma

Og svo var það fréttamaður Ríkisútvarpsins sem sagði að tónleikum „hefði verið frestað um ókominn tíma“ – táknar það ekki um alla framtíð?

### Braghenda

*Þó flest sé orðið eftirlíking Ameríku*
*eigum við að una slíku*
*uppátæki hinna ríku?*

*Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is*

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

## Góð vika fyrir ...

### Glæpamenn

Því það eru engar löggur til. Í það minnsta eru þær færri samkvæmt nýjasta tölublaði Lögreglublaðsins en þar má finna ítarlega umfjöllun um manneklu innan lögreglunnar. Ekki er nóg með það að lögregluþjónar séu fáir heldur eiga þeir sem til eru líka að vera ósáttir í þokkabót.

### Verslunarmiðstöðvar

Og eigendur þeirra. Nú gleðjast kaupmenn í Kringlunni og Smáralind sökum fellibylja sem raðað hafa sér upp suðvestan til af landinu. Hörðustu 101-rottur hafa sést ráfandi um Kringluna og Smáralind í dulargervi, kaupandi möndlugjöfina í búðum eins og Hagkaupum og Tékk Kristal.

### Eið Smára Guðjónsen

Landsliðsfyrirliðinn sýndi og sannaðiaðþolinmæði þrautir vinnur allar þegar hann fór á kostum með liði Börsunga gegn Valencia og kórónaði góðan leik með marki. Eiður fær vonandi að spreyta sig gegn erkióvininum í Real Madrid í einum stærsta leik ársins á Þorláksmessu. Ísland – best í heimi!

## Slæm vika fyrir ...

### Seríuskreytingar

Hálfur bærinn er í því að endurhanna ljósaskreytingarnar sem fokið hafa út í hafsauga. Sjá má starfsmenn skreytifyrirtækja eltandi ljós og glingur út í fjörur Garðabæjar og Seltjarnarness.

### Bandaríska heimavarnarráðuneytið

Sem neyddist til að biðja íslenska konu afsökunar á meðferð þeirri sem hún hlaut þegar hún kom til landsins. Fær þó plús í kladdann fyrir að biðjast afsökunar á mistökum sínum, sem er ekki algengt hjá stórveldinu í vestri.

### Maka með valkvíða

Fyrir þennan hóp er ekkert grín að velja jólagjafir handa betri helmingnum. Höfuðverkur, kvíðaköst og sviti eru helstu einkennin sem hrjá þessa deild.

## HELGARKROSSGÁTAN

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 96 MP & BH | STÖNG | FYRIR-LESTUR | | HÁLSFESTI | FLANA | TUDDA | SVARA | | | | |
| | | | | | → | | | | | | | | | | | |
| | | | | | KLUKKA | | | NÝLEGA | | | | | | | | |
| | | | | | DAUFLEGUR / ARK | | | | | | 2 | | VEIÐAR-FÆRI | ÍS | MURRA | ↓ |
| | NAGDÝR | HREYFING | MEN | FJAÐUR-MAGN | | | | | | GEYMIR / VÍSUÐU | | | | | | |
| EKKI ÞESSAR / STEIN-TEGUND | | | | | | SLENGJA / GORTA | | | | | | TRJÁ-TEGUND / SIGTA | | | | |
| ↳ | | 3 | | FLÝTIR | | | | TVEIR EINS / PRÍVAT | | | VINNA / ÞEGAR | | | | | |
| | | ÞÓ / LÍMBAND | | | | | ENN / Í RÖÐ | | | 6 | | | FROST-SKEMMD / GRAS-PLANTA | | | |
| SIGAÐ | | | | FÉLAGI / HUG-FÓLGINN | | | | | HINDRUN / INNKIRTILL | | | | | | ÁRVISS | |
| ANDLITS-FARÐI | | | | | TUNGUMÁLI / LÉLEGT MÓLAG | | | | | | Í RÖÐ / FÆÐU | | | HÆÐ / Í RÖÐ | | |
| MERGÐ | 5 | | ÞJÁLFA | | | | MUN / MÓT | | | MASAR / KOMST AUGA Á | | | | | | MJÖG |
| ATI ÚT | | | | 4 | | SVÍKJA / ÞUKL | | | | | | GLYÐRA / HÁR | 1 | | | |
| | | | | SJÁÐU | | | | KÆNA / STÓR | | | | | | HVORT / ÁTT | | |
| | | | | | | | | | | | ÞRÁ | | | | | |
| | | | | ÞURRKA ÚT | | | | | ANDSVAR | | | | | | | |

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

ÁSTRÍÐA
GRIMMD
ÖFUND
SVIKRÁÐ
GRÆÐGI
SPENNA
FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í JANÚAR OG FEBRÚAR.
MÖGNUÐ ÍSLENSK SPENNUÞÁTTARÖÐ
PRESSA
HEFST SUNNUDAGINN 30. DESEMBER
KJARTAN GUÐJÓNSSON
SARA DÖGG ÁSGEIRSDÓTTIR
ORRI HUGINN ÁGÚSTSSON
ARNDÍS HRÖNN EGILSDÓTTIR
STEFÁN HALLUR STEFÁNSSON
ÞORSTEINN BACHMANN
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:
SIRKUS
SIRKUS+
skemmtilegri




# – fyrsta bókin í nýrri ritröð um íslenskar laxveiðiár

*Laxá í Kjós, ásamt Bugðu, hefur af þekktum stangaveiðimönnum verið kölluð „Háskóli“ stangaveiðimanna vegna fjölbreytileika síns.*

Þetta er óskabók veiðimanna, hvort sem þeir eru þaulreyndir eða að feta sín fyrstu spor í veiðikúnstinni og fæst bæði á ensku og íslensku. **Höfundurinn, Guðmundur Guðjónsson,** lýsir veiðistöðum af þekkingu og kryddar lýsingar sínar sögnum af skemmtilegum mönnum sem hafa notið þeirrar ánægju að spreyta sig í þessum ám í gegnum tíðina. Gullfallegar **myndir Einars Fals Ingólfssonar** gæða bókina enn frekara lífi.

Fæst bæði á ensku og íslensku

Litróf
Vatnagörðum 14 – 104 Reykjavík
Sími 563 6000 – www.litrof.is

Bókin fæst í öllum helstu bóka- og veiðivöruverslunum auk þess er hægt að panta hana á vefnum www.votnogveidi.is


## STUÐ MILLI STRÍÐA Margur er misjafn jólasveinninn

**SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR** ER STEINHÆTT AÐ STELA

Ég var níu ára þegar ég stal í fyrsta og síðasta skipti. Um leið og upp komst um voðaverkið vissi ég að það myndi fylgja mér alla ævi og yrði notað sem sönnun þess að mér væri ekki ætlað að vera sigurvegari í lífinu.

Umrætt atvik átti sér stað skömmu fyrir jól seint á síðustu öld. Ég deildi herbergi með bróður mínum sem er þremur árum yngri en ég og varð þess valdandi að ég fékk ekki vott af athygli frá þriggja ára aldri og fram á fullorðinsár. Það kom aðallega til af því að hann var mun illviðráðanlegri og háværari en ég, sem bæði leit út og hagaði mér eins og postulínsdúkka (samkvæmt minni útgáfu sögunnar). Við systkinin lögðumst til svefns eitt kvöldið eftir að hafa verið á jólatrésskemmtun um daginn. Bæði uppgefin. Hann eftir að hafa verið óþekkur, ég eftir að hafa orðið vitni að því. Ég var þó ekki þreyttari en svo að ég vaknaði um miðja nótt til að athuga hvað jólasveinninn hefði fært mér. Skórnir okkar voru hlið við hlið í glugganum og ég fálmaði eftir þeim í myrkrinu. Skíman af jólaljósunum varpaði daufri birtu á skóinn minn og barnsleg gleðin hlýjaði mér um hjartarætur þegar ég sá þar stóran súkkulaðijólasvein. Gleðin hvarf þó eins og dögg fyrir sólu þegar ég leit á skóinn við hliðina. Þar blasti við nákvæmlega eins jólasveinn og risastórt súkkulaðiegg í ofanálag! Hvernig gat þetta verið? Biturðin var um það bil að kremja hjarta mitt. Ég teygði mig ofan í skóinn og tók súkkulaðieggið upp úr. Þyngdin kom mér á óvart. Þetta var greinilega gegnheill súkkulaðihnullungur. „Þú átt skilið að fá svona egg, ekki hann!“ sagði púkinn á öxlinni. Ég sannfærðist, tróð egginu vandlega ofan í minn skó og lagðist sátt til svefns að nýju. Ég vaknaði upp við vondan draum. Súkkulaðiklístraður litli bróðirinn sat á rúmstokknum með skrattaglott eyrna á milli: „Þú fékkst kartöflu!“ Já, gegnheila súkkulaðieggið var kartafla og brotið var játað á staðnum – með tárum og votti af hysteríu.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli

### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



JUNIOR FIREFIGHTER
JOE BOXER
JOE BOXER
JOE BOXER®
Kringlan
Smáralind

**Kl. 13**
*Terry Gunnell, dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands, flytur fyrirlestur um íslensku jólin í Þjóðminjasafninu í dag kl. 13. Fyrirlesturinn, sem fluttur er á ensku, fjallar um trú og siði í kringum íslensku jólin í aldanna rás, frá heiðnum goðum til gárunga og hrekkjóttra íslenskra jólasveina.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Vellíðan á Nýlistasafninu

Á þessum síðustu og verstu tímum þurfa flestir á því að halda, í það minnsta stundum, að huga að heilsu sinni og sálarástandi. Sýning þeirra Olgu Bergmann og Valgerðar Guðlaugsdóttur í Nýlistasafninu hefur það einmitt að markmiði að auka á líkamlega og andlega vellíðan þeirra sem sækja hana heim. Sýningin nefnist Stofnun um almannaheill og má á henni finna vangaveltur um hvernig best megi þjóna almennum hagsmunum og heilsu. Á sýningunni getur að líta margs kyns meðferðarúrræði fyrir þreytt og lífsleitt nútímafólk, til að mynda vinadúkkur, seytlandi gosbrunna, lokkandi rannsóknarstofu og ýmislegt fleira sem getur haft góð áhrif á sálartetrið nú í svartasta skammdeginu.

**VELLÍÐAN** Frá sýningunni Stofnun um almannaheill.

Þó fer hver að verða síðastur að upplifa þessa upplífgandi sýningu þar sem henni lýkur á morgun. Af því tilefni munu listakonurnar bjóða safngestum upp á leiðsögn í dag kl. 15. Þær Olga og Valgerður munu leiða áhorfendur í gegnum þá heilnæmu undraveröld sem þær hafa skapað í annars hráu rými Nýlistasfnsins. Til að skapa enn meiri vellíðan verður boðið upp á jólaglögg, enda fáar veitingar jafn vel til þess fallnar að veita gleði og yl. Frítt er inn á safnið og er sýningin öllum opin. Ekki dregur það svo úr stemningunni að kl. 16.50 kemur sönghópur Hjálpræðishersins og syngur nokkur jólalög fyrir utan safnið. Opið er á safninu til kl. 21 í kvöld og því ekki úr vegi að fella þessa menningarupplifun inn í jólagjafainnkaupin. - vþ

**> Ekki missa af...**

tækifæri til að fá þitt eintak af bókinni Guðni – Af lífi og sál áritað af höfundum verksins, þeim Sigmundi Erni Rúnarssyni og Guðna Ágústssyni. Áritunin fer fram í verslun Eymundsson í Austursstræti 18 og ber að benda á að þetta verður eina skiptið sem þeir árita bókina á höfuðborgarsvæðinu.

## Óperukarókí á Þorláksmessu

Íslenska óperan fagnar komu jólanna með því að bjóða gestum og gangandi upp á söng, gleði og kakó á Þorláksmessukvöld.

Davíð Ólafsson, bassasöngvarinn hressi, verður kynnir kvöldsins og stjórnar skemmtiatriðum og uppákomum ýmiss konar í anddyrinu af miklum myndarskap. Þar fer fram eins konar „óperukarókí“ þar sem söngvurum sem líta við gefst færi á að taka lagið og flytja ýmis verk úr heimi óperutónbókmenntanna, ýmist við undirleik píanóleikarans Antoníu Hevesi eða heillar sinfóníuhljómsveitar, sem reyndar fremur sinn gjörning á geisladiski. Uppákoma sem þessi er lofsverð, ekki síst þar sem hún gefur almenningi kost á að sjá nýja og afslappaðri hlið á heimi óperunnar.

Undanfarin ár hefur skapast viss hefð fyrir því að Íslenska óperan haldi Þorláksmessu hátíðlega með þessum skemmtilega hætti. Viðkoma í Óperunni er þannig orðinn fastur liður í jólaundirbúningnum hjá fjöldamörgum Íslendingum.

**ÍSLENSKA ÓPERAN** Óperan býður upp á kakó og sönglist annað kvöld.

Til að auka á almenna gleði á uppákomunni verðu barinn í anddyrinu opinn. Boðin verða til sölu hin afskaplega vinsælu og eftirsóknarverðu gjafakort á sýninguna La Traviata, sem sett verður upp í Óperunni eftir áramótin. Jafnframt býður Óperan gestum sínum upp á heitt kakó til að ylja og kæta.

Dagskráin stendur frá 19 til 23 í Íslensku óperunni annað kvöld og því er tilvalið fyrir allt tónlistaráhugafólk að bregða sér í bæinn, fá sér kakó og bjóða jólin velkomin með tónlist og gleði. - vþ

**SÖNGHÓPURINN HLJÓMEYKI** Flytur Náttsöngva eftir Sergej Rakhmanínov.




# Náttsöngvar Rakhmanínovs fluttir í heild

**Sönghópurinn Hljómeyki hefur ekki verið þekktur fyrir að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Föstudaginn 28. desember flytur hópurinn eitt af stórvirkjum kóratónlistar, Náttsöngva Rakhmanínovs.**

Verkið, sem stundum hefur gengið undir nafninu Vesper, var samið árið 1915 og er trúarlegs eðlis. Sökum þessa var flutningur verksins lengi bannaður í Rússlandi og Sovétríkjunum, en verkið lifði þó góðu lífi í öðrum löndum og var reglulega flutt. Náttsöngvarnir skiptast í 15 kafla, eru sungnir á rússnesku og taka um klukkutíma í flutningi. Hlutar úr verkinu hafa áður verið fluttir hér á landi en Hljómeyki er fyrstur íslenskra kóra til að takast á við flutning þess í heild.

Magnús Ragnarsson, stjórnandi Hljómeykis, segir gamlan draum sinn rætast við flutning verksins. „Ég heyrði þetta verk í fyrsta skipti árið 2001 þegar ég bjó í Gautaborg. Ég heillaðist algerlega af því og lét mig dreyma um að taka þátt í flutningi þess. Það er skemmst frá því að segja að ég söng í tveimur kórum í Svíþjóð sem báðir fluttu verkið, en mér tókst í báðum tilfellum að missa af flutningi verksins vegna eigin búferlaflutninga. Það er mér því sönn ánægja að fá að stjórna verkinu nú.“

Náttsöngvarnir eru taldir eitt besta tónverk rússnesku Réttrúnaðarkirkjunnar og voru í miklu uppáhaldi hjá Rakhmanínov sjálfum sem bað um að einn þátturinn, Lofsöngur Símeons, yrði fluttur við jarðarför sína sem var og gert.

Kórinn Hljómeyki hefur ekki verið þekktur fyrir að fara troðnar slóðir í kórstarfi sínu og hefur meðal annars gert nokkuð af því að frumflytja kórverk.

Því þarf vart að koma á óvart að hópurinn takist á við svo metnaðarfullt verkefni sem Náttsöngvana. „Þetta verk er vissulega afar krefjandi fyrir kórinn. Til að mynda þurftum við að bæta við okkur bassaröddum til þess að syngja það. Í lok eins kaflans þurfa bassarnir að syngja gangandi skala niður á við frá nótunni stóra b niður á kontra b! Ég hef hvorki áður heyrt né séð verk sem lætur söngvara fara svona langt niður, en við erum með tvo bassa sem ráða vel við þetta. Í 10 köflum notast Rakhmanínov við messutón úr Réttrúnaðarkirkjunni. Hinir fimm kaflarnir eru frumsamdir en samt undir miklum áhrifum af messutóninum. Verkið er fyrir fjórradda kór en hverri rödd er oft skipt upp í þrennt og á einum stað er kórnum skipt upp í ellefu raddir,“ segir Magnús.

Tónleikarnir fara fram föstudaginn 28. desember kl. 20 í Kristskirkju. Miðaverð er 1.500 kr. og eru miðar til sölu í verslunni 12 Tónum á Skólavörðustíg 15 og hjá kórfélögum. Jafnframt verða miðar seldir við inngang safnaðarheimilis Kristskirkju á tónleikakvöldið. vigdis@frettabladid.is

# FERÐALAG SONAR UM SÖGU OG VÍSINDI KRABBAMEINS

„Óvenjuleg, hlý og mjög fróðleg. Þessi bók á erindi til allra“

**– Guðrún Agnarsdóttir, læknir og forstjóri Krabbameinsfélags Íslands**

„Hugmyndarík blanda sögu, vísinda og áhrifaríkrar frásagnar einkennir hvern einasta kafla þessarar óvenjulegu bókar“

**–The Times, London**

„Wishart tekst á snjallan hátt að segja sögu til heiðurs föður sínum og þeim vísindamönnum sem hafa að hluta til leyst krabbameinsráðgátuna“

**–The Sunday Telegraph**

SKUGGI
FORLAG

# Tannálfabálkur

Það er gamall íslenskur siður að gjalda barni tannfé þegar það fær sína fyrstu tönn. Að missa fyrstu barnatönnina er líka stór atburður í lífi barns. Sú tönn hefur gjarnan ratað undir kodda og með dularfullum hætti breyst í pening meðan barnið svaf. Tannálfurinn er þekktur meðal annarra þjóða og verður sífellt þekktari hér á landi þó að honum tengist hvorki ævintýri né sögur og litlar upplýsingar til um atgerfi hans eða eðli. Stefán Sturla Sigurjónsson færir ungum lesendum ævintýri þar sem tannálfurinn skipar veigamikið hlutverk.

Alína er orðin sjö ára og ekki búin að missa tönn. Flestir á hennar aldri hafa þegar misst tönn. Það sem hún veit ekki er að fyrsta tönn úr sjö ára barni er einmitt mjög mikilvæg í ævintýralandinu. Hún og tönninn hennar eiga eftir að verða miðpunktur spennandi ævintýris í landi álfa og trölla.

**BÓKMENNTIR** Stefán Sturla Sigurjónsson leikstjóri sendir frá sér ævintýri fyrir börn og fullorðna.

Sagan er myndræn, hún gerist í óræðu ævintýralandi sem er kostur þegar kynntar eru til sögunnar vættir sem ekki eru þekktar í íslenskum þjóðsögum. Blómálfar, tannálfar og aðrir álfar búa niðri í dalnum en tröll og óvættir í fjöllum. Tröllin eru sýnu heimskari en álfarnir. Til þess að undirstrika muninn á álfum og tröllum tala tröllin einfaldara mál en álfarnir og hafa ekki fullt vald á íslenskri málfræði. Þegar tröllin tala er orðaröð önnur en almennt tíðkast, frumlagið færist gjarnan aftur fyrir andlag setninganna. Það virðist þó ekki vera nein regla á þessum snúningi.

Til þess að sýna léttleika álfanna notar höfundur rím. Þeir bæta




**BÓKMENNTIR**

**Alína tönnin og töframátturinn**

Stefán Sturla Sigurjónsson

★★★

Skemmtilegt ævintýri tengt fyrsta tannmissi.

gjarnan rímrunu við setningarnar sem verða með þeim hætti lengri og flóknari en um leið léttar og skemmtilegar.

Bókin virðist ætluð til þess að lesa upphátt. Það er mikill texti á hverri síðu og samtöl og söngvar inni á milli í textanum. Hún er prýdd fjölda litmynda eftir Jean Antoine Posocco sem hefur myndskreytt margar íslenskar barnabækur. Textinn minnir á köflum á leikrit enda þegar búið að setja á fjalirnar leikrit sem byggir á sögunni,í leikgerð höfundar. Leikfélag Sauðárkróks sýndi það nú í haust.

Alína, tönnin og töframátturinn er skemmtilegt ævintýri. Því fylgir hughreysting til barna sem missa tennur seint. Sagan er spennandi, fullt af ævintýrapersónum bæði nýstárlegum og gamalkunnum.

**Hildur Heimisdóttir**

# Unglingaórói og allt í steik

Það er fátt dramatískara en að vera unglingur. Aðalpersóna unglingabókarinnar Ef þú bara vissir..., Klara Thoroddsen, upplifir töluvert af tilfinningasveiflum á mjög stuttum tíma og lærir í leiðinni sitthvað um lífið. Þetta er mjög viðburðarík frásögn, það er ekki nóg með að vinkvennahópurinn allur verði verulega ástfanginn heldur kemur gamalt fjölskylduleyndarmál upp á yfirborðið sem kippir fótunum undan veröldinni hennar Klöru.

Í bókinni má finna kunnugleg viðfangefni unglingasagna, pælingar um samskipti kynjanna, stríðni og stæla og fjölskylduvandamál. Þessi bók er mikil stelpusaga – eins og bókarkápan ber með sér – en höfundarnir hafa áður sent frá sér skáldsöguna Djöflaterta. Þessar tvær sögur kallast óneitanlega á en Ef

**BÓKMENNTIR**

**Ef þú bara vissir...**

eftir Mörtu Maríu Jónasdóttur og Þóru Sigurðardóttur

★★★

Hressileg og viðburðarík unglingasaga

þú bara vissir... er ívið ungæðislegri og líklega ætluð yngri markhóp. Grallaraskapurinn er þó svipaður í báðum bókunum sem og orðræðan en allt gengur það vel upp í þessari hressilegu unglingasögu. Persónugallerí höfundanna er stórskemmtilegt, framvindan nokkuð spennandi og frásagnarstíllinn tekur sig mátulega alvarlega. Ég held að ungar stúlkur geti haft heilmikið gaman af þessari bók.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**

# Siðblind ljóð að eigin ósk

Ljóðabók í yfirlýstri herferð gegn klisjum og reglu með klisju að vopni, bók sem ætlar sér að brjóta niður öll tabú, rjúfa alla mögulega bannhelgi, skíta út hefðbundin gildi, ráðast á (meinta) „pólitíska rétthugsun" og ögra lesandanum uns honum verður óglatt. Bók sem fyrirlítur allt sem er (meintum) smáborgara heilagt, bók sem nærist vísvitandi á eigin óorði, eigin klisjum, fordómum, fyrirlitningu, dónaskap, klámi og lágkúru. Bók sem ætlar sér að vera óþolandi kjaftfor og tekst það – m.a. vegna þess að skáldið kann ýmislegt fyrir sér og yrkir mergjað ef vill. Bestu ljóðin eru býsna mögnuð, þau verstu eru sorp.

Bók sem ætlar sér allsherjar vanhelgun og niðurrif, ekki síst á ljóðinu sjálfu, bók sem ætlar sér að ganga fram af lesanda sínum og gengur um leið að sjálfri sér dauðri – vísast með réttu ráði. Bók sem tætir í sig mannasiði og rífur viðtekið siðferði í tætlur – og bókstaflega heimtar af lesendum (og gagnrýnendum) að þeir beiti sig sömu meðferð. Þegar bókinni er slátrað er verkið fullkomnað, afhelgun orðs og æðis algjör og skáldið sigrar, sjálft sig og allt, einkum ef það fellur í svaðið. Dauðinn er sigurstund tómhyggju þessarar bókar, ærumorð næstskástur kostur, eigið og annarra.

Skáldskapur bókarinnar ber því með sér ísmeygilega sjálfstortímingu, beitir aflinu jöfnum höndum gegn ljóðum sínum og lesanda og magnar ófrið þeirra á millum uns bæði falla á eigin bragði – ljóðið pissar í skóinn sinn og skýtur sig í fótinn og gerir í bólið sitt eins og til stóð (er oftast meiri klisja en klisjan sem það ræðst gegn) og lesandinn fær langvarandi óbragð í munninn, honum ofbýður og finnst að skáldið ætti að skammast sín og halda kjafti. Allt samkvæmt áætlun, allir bera skarðan hlut frá borði, allt sem fyrrum var fallegt er ömurlegt og ljótt, ljóðið ekki síst og sannar það sjálft jafnharðan.

Innri sjálfseyðingarhvöt bókarinnar nær meðvituðu risi með grímulausri (klisjukenndri) kvenfyrirlitninu þar sem er konan er „blaut píka", eitthvað til „að ríða", „endaþarmsop" á víðavangi – höfundur ávarpar „lesendur" í bókarlok (76) og það eru (nema hvað!) bara karlar, lengra getur fyrirlitningin raunar ekki náð og herferð bókarinnar gegn sjálfri sér lýkur þannig með tilkomumikilli sjálfsaftöku sem sæmir henni vel. Sjálfvirk markmið bókarinnar eru ragnarök og eyðing, og „runk" því helsta lífsmark hennar, dauðinn von hennar og lífið óvinur. Skáldið sér andlega flatneskju í öllu og öllum í eigin spegli og smíðar úr forinni ljóð sem síðan eiga að tortíma eigin tilurð – úthugsuð afbygging eða fretbomba sem kafnar í eigin skítalykt, jafnvel hvort tveggja í senn. Djöfulleg flétta.




**BÓKMENNTIR** Ingólfur Gíslason: Sekúndu nær dauðanum – vá, tíminn líður!

En fáheyrð kvenfyrirlitning er skáldinu ekki næg ósvífni til að ná áformi sínu, bókin stígur því skrefinu lengra og nær um leið hámarki sjálfstortímingar eigin ljóða: Með svo dæmalaust smekkklausum tilvísunum til þjóðkunnra einstaklinga í æðstu embættum að lágkúran beinlínis leggur bókina að velli – nöfnin sem höfundur leyfir sér að vélrita á síður (t.d. 21, 32 og 50) eru svo hömlulaus óskammfeilni og smekkleysa að ásetningurinn – að ljóðin sjálf séu vitnisburður um eigið niðurrif og taki því glöð skáld sitt af lífi – tekst.

Því verður skáldinu að ósk sinni og fær enga stjörnu. Dálagleg flétta en siðblind – skv. eigin kröfu.

**Sigurður Hróarsson**

# ÁRAMÓT
## Á BROADWAY 31.DES

**MAGNI // Á MÓTI SÓL**

**EXOS // PLUGG'D**

Forsala í andyri Broadway og á broadway.is
2500 kr. í forsölu // 3500 kr. við hurð
20 ára aldurstakmark

Techno.is

BROADWAY

Miðasala er opin alla virka daga og á gamlársdag frá 13-18

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

**Á BAK VIÐ TJÖLDIN** Hefur þú einhvern tímann velt fyrir þér hvað er uppáhaldsbókabúð **Lagerfelds**, eða hvar **Dita Von Teese** drekkur kokkteila? Nú er **Blackberry** komið með nýja vefsíðu sem það kallar The B List og þar ljóstra stjörnurnar upp leyndarmálum eins og uppáhaldshótelunum, veitingastöðunum, næturklúbbum og verslunum. Skoðaðum www.the-b-list.com

# still

utlit@frettabladid.is

OKKUR LANGAR Í ...

Pæjulega hælaskó með opinni tá og slaufu frá Soniu Rykiel. Fást í Kron-Kron.

Gullfallegan svartan pallíettukjól fyrir hátíðarnar. Fæst í KronKron.

Dásamlegan „cape"-kjól í fölgylltu með svörtum bryddingum. Fæst í KronKron.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Rúdolf í ógöngum*

Skipulag er auðvitað bráðnauðsynlegt á hverjum jólum. Að passa að jólakjóllinn sé kominn úr hreinsun, skyrturnar straujaðar og að allur jólamaturinn sé kominn í ísskápinn. Það er ekkert hátíðlegt við það að vera stressaður yfir steikinni á síðustu stundu og eyðileggja stemninguna með því að pakka inn pökkum þegar messan er að hefjast. Ég er samt því miður ekki sérlega skipulögð kona. Þegar fyrstu rjúpnalausu jólin skullu á var mér sett það verkefni í stórfjölskyldunni að panta íslenskt hreindýrakjöt með góðum fyrirvara. Ég vaknaði upp skelfingu lostin daginn fyrir Þorláksmessu og mundi allt í einu eftir árans hreindýrinu. Eftir klukkustund í símanum komst ég að því að allt íslenskt hreindýrakjöt var uppselt í stórmörkuðunum og brá á það örþrifaráð að hringja í vinkonu mína fyrir austan. Hún fann að lokum veiðigaur sem átti eitt stykki hreindýrabóg eftir og gat sent hann með vini sínum í flugvél suður næsta dag. Á Þorláksmessu sendi ég svo bróður minn niður á flugvöll og fékk paníska símhringingu í vinnuna sem hljómaði svona: „Ertu orðin algjörlega geðveik? Þetta er eins og stór gítar! Þetta kemst varla í bílinn, hvað þá í ísskápinn." Þegar ég fékk pakkann í hendurnar féll mér allur ketill í eld. Þetta var bógur í orðsins víðustu merkingu því að ég hélt á níðþungum, risavöxnum og alheilum fótlegg hreindýrs, með klauf, feld og öllu. Ég fékk móðursýkislegt hláturskast þegar ég reyndi í huganum að finna lausnir á málinu. Sá fyrir mér fótlegg Rúdolfs í baðkarinu og eitt stykki sög og sú mynd varð fljótlega að einhvers konar Texas Chainsaw Massacre í höfðinu á mér. Leggurinn fékk að dúsa úti á svölum á meðan ég svaf á vandamálinu um nóttina. Næsta dag tiplaði ég í vetrarkápunni á háum hælum niður snævi þakinn Skólavörðustíginn. Og með hvað annað undir hendinni en fótlegginn á Rúdolf vini mínum. Gekk hnarreist inn i Ostabúðina þar sem ég spurði kurteislega hvort einhver gæti mögulega verið svo sætur að búa til jólasteik úr þessum Hammer House of Horrors hryllingi. Af eintómri meðaumkun urðu þeir að bón minni enda örugglega fullvissir um að þarna væri kona á ferð sem hefði algerlega tapað sér í jólastressinu. Og heim fór ég með eitt stykki snyrtilegan og fallegan innpakkaðan hreindýrabóg sem rann ljúflega niður um kvöldið. Söguna af Rúdolf þorði ég hinsvegar ekki að segja fyrr en í janúar.

**SKÆRRAUTT** Áberandi og ótrúlega flottur kjóll frá Oscar de la Renta fyrir vor og sumar 2008.

**JÓLAPAKKI** Guðdómlegur satínkjóll frá tískuhúsinu Valentino fyrir haust/ vetur, en hönnuðurinn er frægur fyrir aðdáun sína á rauðu.

**TÖFF OG BRESKT** Æðislegar rauðar hnébuxur við svartan flauelsjakka frá Luellu Bartley fyrir haust/vetur 2008.

**STELPULEGT** Fallega sniðinn kjóll með víðu pilsi og matrósakraga frá Narciso Rodriguez fyrir vor/sumar 2008.

## LITUR ÁSTARINNAR, BLÓÐSINS OG HÆTTUNNAR Á HÁTÍÐUNUM

# RAUÐ JÓL

Stelpur, stórar sem smáar, klæðast gjarnan rauðum kjólum á jólunum. Ekkert gæti verið jólalegra, en hvers vegna skyldi rauður vera litur þessarar hátíðar? Jú, í kirkjunnar augum er rauður litur tákn fyrir blóð Krists og er eins konar áminning til okkar um hvað við erum eiginlega að halda upp á. Rautt er einnig litur konunga, litur hjartans og litur ástarinnar. Allt þetta er að sjálfsögðu tengt hinni helgu hátíð. Hins vegar hefur rautt líka ýmsar neikvæðar merkingar og var til dæmis talinn „illur" litur af forn Egyptum sem tengdist guðinum Set og undirheimum. Rauður er líka litur hættunnar og litur stríðsins. Konur í rauðum fötum fyrr á tíð voru svo oft stimplaðar sem vændiskonur. Hvað sem rauði liturinn táknar fyrir manni sjálfum þá er sjálfgefið að sú kona sem klæðist rauðu er ávallt mjög áberandi og því kallar liturinn á ákveðið hugrekki. Hönnuðir hafa lengi verið mjög hrifnir af þessum lit og eins og sjá má hér voru margir með eldrauðan fatnað á tískupöllunum. Þær sem leggja ekki í eldrautt frá toppi til táar geta til dæmis verið í rauðu við svart og skellt á sig eldrauðu naglalakki eða varalit.

- amb



Falleg rauð svanapeysa frá Liborius, Laugavegi.

Geggjuð rauð taska eftir Hrafnhildi, fæst í Trilogiu, Laugavegi.

**RAUTT OG SVART** Fallegur ballerínukjóll og svartar sokkabuxur undir flottum eldrauðum jakka frá Luellu Bartley fyrir haust/vetur 2007.

**SIXTÍS** Smart svört háhæluð lakkstígvél með teygju aftan á frá Taryn Rose.

**CHANEL-STÍLLINN** Geggjaðir svartir lakkskór með stóru hvítu blómi frá Taryn Rose.

**KLASSÍK** Fallegir svartir lakkskór með rauðu fóðri fyrir herrana.

EKKI FARA Í JÓLAKÖTTINN

# *Lakkskór fyrir hátíðarnar*

Hjá hinni vinsælu skóviðgerðarstofu Þráins skóara á Grettisgötu leynist skemmtilegt leyndarmál. Þráinn selur líka úrval af vönduðum hátísku skófatnaði sem gæti komið beint af tískupöllunum, fyrir bæði dömur og herra. Hann selur til dæmis merkið Taryn Rose en skór frá þeim komast reglulega á síður tímarita eins og Vogue, GQ, InStyle og Elle. Margar skemmtilegar „sixtís“ týpur eru í boði eins og ballerínuskór með blómum og há lakkstígvél. Síðan en ekki síst eru ótrúlega fallegir og klassískir herraskór fáanlegir sem enginn spjátrungur má láta framhjá sér fara. - amb

**SUMARLEGT** Flottur appelsínurauður kjóll með sixtís-sniði frá Marc eftir Marc Jacobs fyrir vor/sumar 2008.

*„Mér finnst ég hafa misst sveindóminn á svo marga vegu þann dag.“*

**BEN AFFLECK UM DAGINN SEM HANN FÓR Í RISTILHREINSUN.**

*„Hann er vel mótaður og hefur þjónað mér vel. Ég vil miklu frekar hafa flottan rass en stór brjóst.“*

**EVA LONGORIA UM AFTURENDANN Á SÉR.**

*„Hluti af mér hefur alltaf langað að prófa, en ég held það sé svo sárt að sjúga eitthvað svona upp í nefið.“*

**HALLE BERRY UM LEYNDA KÓKAÍNDRAUMA SÍNA.**

# fólk

folk@frettabladid.is

# Tilbúið jólaöl vinnur á

**Íslendingar virðast reiðubúnir að kasta hefðunum fyrir borð og bjóða upp á tilraunakenndan jólamat. Að blanda saman malti og appelsíni er einnig á undanhaldi og kýs þjóðin frekar tilbúið jólaöl í áldósum.**

**HANDGERT JÓLAÖL Á UNDANHALDI** Friðrik Ármann segir Íslendinga ekki lengur blanda sitt eigið jólaöl, þeir kaupi það einfaldlega tilbúið í áldósum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Friðrik Ármann Guðmundsson í Melabúðinni segir að fók kaupi í síauknum mæli tilbúið jólaöl þótt hann vilji ekki ganga svo langt að telja kúnstina við að blanda jólaöl upp á gamla mátann vera í útrýmingahættu eins og prjónaskap. „Þetta er náttúrlega bara þægilegra og fólk virðist velja það fram yfir hitt,“ segir Friðrik. „Salan segir okkur þetta bara svart á hvítu.“

Sveinn Sigurbergsson hjá Fjarðarkaupum tók að einhverju leyti undir þessi orð Friðriks en taldi þó að fólk héldi í hefðina á aðfangadagskvöld. Þá væri boðið upp á handgert jólabland, með tveimur appelsín á móti einni malt, en síðan væri tilbúna jólaölið notað næstu daga á eftir.

En það er fleira en bara hið sígilda jólaöl sem er smátt og smátt á undanhaldi. Því Íslendingar eru óhræddir við að brydda upp á tilraunkenndum nýjungum þegar aðfangadagskvöldinu er lokið með öllum sínum lögum og reglum. „Fólk kynnist einhverju nýju á jólahlaðborðunum og vill prófa það heima hjá sér. Dádýr og krónhjörtur hafa þannig verið að seljast vel hjá okkur þótt kokkar heimilisins forðist í lengstu lög að gera tilraunir á aðfangadagskvöld sjálft. Jóladagur og annar í jólum virðast henta betur fyrir slíkt og svo náttúrlega áramótin,“ segir Sveinn.

Friðrik segir þetta tilraunaæði í kringum jólin einnig vera sína reynslu. Og að þetta hafi einfaldlega verið þróunin undanfarin ár. „Margir eru reiðubúnir að prófa eitthvað nýtt á jóladag og annan í jólum,“ segir Friðrik og skýtur því síðan inn í að alltaf komi einn eða tveir og spyrji um rjúpur. „Þeir vonast þá sjálfsagt eftir einhverju slysaskoti eða að rjúpurnar detti bara niður dauðar á grasfletinum.“

**TILRAUNAKENNDUR JÓLAMATUR** Sveinn Sigurbergsson telur að þjóðin sé óhræddari við að brydda upp á nýjungum yfir jólahaldið.

freyrgigja@frettabladid.is

# Metár í jólakveðjum á RÚV

„Við önnum nánast ekki eftirspurn og það er ljóst að gamla metið verður slegið,“ segir Lárus Guðmundsson, deildarstjóri hjá Ríkisútvarpinu, um móttöku á jólakveðjum til landsmanna sem lauk á hádegi í gær. „Þetta er gríðarlega vinsælt og sprengir allt utan af sér. Fólk elskar jólakveðjur – það er bara ekkert öðruvísi.“

**HÖRKUTÓL** Gerður G. Bjarklind verður líkt og endranær meðal þeirra fjögurra sem lesa upp jólakveðjur í Ríkisútvarpinu.

Áætlað er að kveðjurnar séu um 3.000 talsins og að það muni taka þuli Ríkisútvarpsins um þrettán klukkustundir að lesa þær upp fyrir landann. Gamla metið er frá síðasta ári en þá tók 12 klukkustundir að lesa kveðjurnar. „Við hófum að taka á móti kveðjum hinn 14. desember og vorum með 2-3 stúlkur í að taka á móti þeim.“ Síminn stoppaði ekki þótt það væri líka hægt að senda kveðjurnar inn á netinu.

„Upptökur hefjast í dag en flestar kveðjurnar eru lesnar í beinni. Þessir þulir okkar eru hörkutól og láta ekkert stoppa sig,“ segir Lárus þegar hann er inntur eftir því hvort þulirnir verði látnir vinna yfirvinnu fram á aðfangadag. Spilun á kveðjunum hefst kl. 13 á Þorláksmessu.

Lárus segist ekki undrast þessar miklu vinsældir. „Þetta er einfaldlega í tísku og mönnum finnst þetta flott. Jólakortin eru á undanhaldi en kveðjurnar standa alltaf fyrir sínu. Það hafa auk þess margir mikla ánægju af því að hlusta á þær og fyrir mörgum er þetta hreinlega ómissandi hluti af jólunum.“

- sók

# Hlustar ekki á Nirvana

Dave Grohl, forsprakki Foo Fighters, segist eiga erfitt með að hlusta á lög með fyrrum sveit sinni Nirvana vegna dauða söngvarans Kurt Cobain.

Um leið og hann heyrir lög með sveitinni í útvarpinu fyllist hann af endurminningum frá þeim tíma þegar þeir félagar voru í hljóðveri.

„Ég minnist þess strax hvernig það var daginn sem við tókum upp lagið. Hvernig maturinn var eða hvort það hafi verið hríð úti. Þetta er eins og að opna albúm fullt af gömlum ljósmyndum og mér finnst ekki gaman að gera það of oft," sagði Grohl.

Fram undan hjá Foo Fighters eru tónleikar á Wembley á næsta ári sem aðdáendur sveitarinnar bíða með mikilli eftirvæntingu.

**NIRVANA** Dave Grohl, fyrrverandi trommari Nirvana, á erfitt með að hlusta á lög með sinni gömlu sveit.

# Pratchett þjáist af Alzheimer

Breski rithöfundurinn Terry Pratchett hefur greint frá því að hann sé haldinn sjaldgæfu formi Alzheimer-sjúkdómsins. Í bréfi sem birtist á vefsíðu listamannsins Paul Kidby skrifaði rithöfundurinn að sjúkdómurinn væri ástæða heilablóðfalls sem hann fékk fyrr í ár. Pratchett segir að tilkynninguna eigi að túlka sem svo að hann sé enn á lífi, og hafi tekið fréttunum „heimspekilega" og „mögulega með dálítilli bjartsýni".

Terry Pratchett skrifar ævintýrakenndar vísindaskáldsögur og hefur selt yfir 55 milljónir bóka á heimsvísu. Frá því að fyrsta skáldsaga hans kom út árið 1971, hefur hann skrifað að meðaltali tvær bækur á ári, og telst því ansi afkastamikill sem rithöfundur.

Pratchett segir í bréfinu að hann hefði gjarnan viljað halda fréttunum fyrir sjálfan sig í einhvern tíma, en að hann sæi sig knúinn til að greina frá sjúkdómnum í ljósi skuldbindinga sinna við útgefendur og aðra. Pratchett segist telja að það sé „tími fyrir að minnsta kosti nokkrar bækur í viðbót" og hvetur aðdáendur til að taka fréttunum með ró. „Ég mun, auðvitað, deyja einhvern tíma í framtíðinni, eins og allir aðrir. Það gæti verið lengra í það en þið haldið," skrifar Pratchett.



**TEKUR FRÉTTUNUM MEÐ RÓ** Terry Pratchett segist hafa tekið þeim fréttum að hann sé haldinn Alzheimer með ró, og hvetur aðdáendur sína til að gera slíkt hið sama. NORDICPHOTOS/GETTY

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Natalie Portman** var útnefnd best klædda kona ársins af tímaritinu In Style. Tímaritið segir Portman bera af, þar sem hún sýni „óbilandi trú á snið og gæði glæsilegs kjóls." Á hæla Portman fylgdi **Drew Barrymore**, þá **Cameron Diaz**, **Penelope Cruz** og **Jennifer Lopez**.

**Jessica Alba** og **Cash Warren** hafa fallið frá áformum um að gifta sig á næsta ári, þar sem Alba vill ekki vera ólétt í brúðkaupinu. Alba og Warren hættu saman í júlí síðastliðnum, en byrjuðu aftur saman í ágúst, og heyrðist því þá fleygt að ástæðan væri hik Warrens við að festa ráð sitt. Hann fær þó að hika nokkuð enn, því Alba vill bíða þar til barnið er komið í heiminn. Það mun gerast í byrjun sumars á næsta ári.

Kvikmynd sem byggð verður á sögu **Sue Monk Kidd**, Leyndardómur býflugnanna, lítur út fyrir að verða stjörnum prýdd. **Jennifer Hudson** fer með eitt hlutverkanna, en auk hennar hafa **Queen Latifah** og **Sophie Okonedo** tekið að sér hlutverk í myndinni. **Dakota Fanning** kemur til greina í aðalhlutverkið, og svo gæti farið að **Alicia Keys** tæki einnig þátt í myndinni. Leyndardómur býflugnanna kom út árið 2003 og hefur notið mikilla vinsælda bæði ytra og hér á landi.


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

JÓLAGJAFIRNAR
fást í Eirvík

KAFFIVÉLAR - MATVINNSLUVÉLAR - POTTAR & PÖNNUR - SAFAPRESSUR - ELDHÚSÁHÖLD

OPNUNARTÍMAR UM JÓLIN:

EIRVÍK AKUREYRI:
Laugardag 22. des kl. 11-15
Sunnudag, Þorláksmessu LOKAÐ
Aðfangadag 24. des LOKAÐ
Þriðja í jólum, 27. des 10-18

EIRVÍK REYKJAVÍK:
Laugardag 22. des kl. 11-18
Sunnudag, Þorláksmessu kl. 13-17
Aðfangadag 24. des kl. 10-12
Þriðja í jólum, 27. des LOKAÐ

GJAFAKORT

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is

# Beyoncé Knowles gift Jay-Z

Söngkonan Beyoncé Knowles giftist nýlega unnusta sínum, rapparanum Jay-Z. Parið vildi ekki stórt brúðkaup og lét pússa sig saman við litla látlausa athöfn í París. „Þau vildu ekki athyglina sem yfirleitt fylgir þeim, heldur hafa brúðkaupið náið og rómantískt. Athöfnin var yndisleg og þau eru afar hamingjusöm," segir náinn ættingi söngstjörnunnar.

Hann segir einnig að parið hafi ekki kosið hin hefðbundnu hringaskipti við athöfnina heldur fengið sér samstæð húðflúr á baugfingurna. „Þeim fannst það persónulegra."

Tólf ára aldursmunur er á Beyoncé og Jay-Z. Þau hafa verið saman síðan árið 2002, þegar þau unnu saman við gerð lagsins Bonnie & Clyde ´03. Parið forðast að ræða samband sitt opinberlega og telur Beyoncé það hafa hjálpað þeim. „Mig langar að gifta mig og eignast fjölskyldu," sagði stjarnan í viðtali fyrr á árinu. „Óskastaðan væri að eignast stelpu og tvo stráka."

Í fyrra lenti stjörnuparið á lista tímaritsins Time yfir hundrað áhrifamestu manneskjur veraldar og var útnefnt valdapar ársins 2006.



**BEYONCÉ KNOWLES OG JAY-Z** Giftu sig við látlausa athöfn í París og létu húðflúra hringa á baugfingur sína.

# Jólasiðir frægra í Bretlandi

**Sinn er siður í landi hverju. Helstu stjörnur Breta halda flestar upp á jólin í faðmi fjölskyldunnar en eiga sér þó misjafnar hefðir sem hafðar eru í heiðri yfir hátíðirnar.**

„Ég tek mér alltaf vikufrí yfir jólin. Ég vinn mikið allan ársins hring en jólin eru tími fjölskyldunnar og við förum yfirleitt til tengdamömmu og til foreldra minna í Essex."
**Sjónvarpskokkurinn Jamie Oliver**

„Ég vil eyða jólunum heima hjá mér í faðmi fjölskyldunnar. Börnin fá gjafirnar sínar um morguninn. Svo elda ég jólahádegismat fyrir okkur öll. Kalkún og allt þetta helsta."
**Fyrirsætan Jordan**

„Við vöknum mjög seint og gefum hvort öðru gjafirnar strax. Svo borðum við enskan morgunverð – beikon, egg, pylsur og allt það. Eftir það förum við með hundana í göngutúr og horfum á ræðu drottningarinnar. Við borðum jólamatinn um sex, leggjumst eftir það í sófann, borðum steiktar kartöflur og horfum á Tommy Cooper á DVD."
**Hin óviðjafnanlega Sharon Osbourne**

„Fjölskyldan mín átti sér ótrúlega skemmtilegar hefðir þegar ég var barn. Við ókum í hestvagni í snjónum og horfðum á ljósin eða fórum á einhvern yndislegan stað eins og Hawaii. Núna eru hátíðirnar tími einfaldleikans fyrir mér og ég einbeiti mér að því að vera með þeim sem mér þykir vænt um."
**Leikkonan Minnie Driver**

„Ég geri tilraun til þess að elda en mér finnst líka gott að horfa á sjónvarpið og sofa um jólin. Tim (Burton) er búinn að skreyta jólatréð með dúkkum af dánum börnum, slímboltum og þess háttar. Það lítur fallega út úr fjarlægð, glitrar og glansar, en þegar maður kemur nær sér maður að það er frekar ógeðfellt."
**Leikkonan Helena Bonham Carter**

„Ég hata jólin. Ég hata þessa heimskulegu tónlist í útvarpinu. Ég hata auglýsingarnar í sjónvarpinu. Mér finnast bókur ekki góðar og ég hata kalkún. Ég nenni ekki að flækja mig í þetta og var næstum búinn að segja við dóttur mína: „Jólasveininn er ekki til." Ég hlakka mikið til að segja henni fréttirnar einn daginn."
**Söngvarinn Noel Gallagher**

# Tyra valin kona ársins af OK!

Tyra Banks var útnefnd Kona ársins af tímaritinu OK! á dögunum. Ástæðurnar voru bæði velgengni hennar sem kaupsýslukona og hversu mikil fyrirmynd fyrirsætan er konum um víðan völl, og þá kannski helst hvað varðar sjálfstraustið. Í viðtali við tímaritið sagðist Tyra elska eigin líkama.

„Ég hef þénað milljónir dollara út á þennan líkama. Núna eru margir góðir hlutir að gerast. Það er America Ferrera, Jennifer Hudson, Beyoncé, Jennifer Lopez og ég sjálf – konur með línur. En mér finnst ennþá eins og þessari þvengmjóu ímynd sé haldið á lofti. Það er mjög ruglandi fyrir ungar stúlkur, og ég er að reyna að breyta því," sagði ofurfyrirsætan.

Fyrr á árinu vöktu myndir af henni í baðfötum mikla athygli, en einhverjir vildu meina að þar liti hún út eins og strandaður hvalur. Tyra mótmælti þeim ummælum harðlega á sínum tíma, sem hún útskýrir í viðtalinu við OK!

„Bandarísk meðalkona er í stærð 12 eða 14. Ef ég lít út fyrir að vera í stærð 10 eða 12 á einhverjum myndum, og fólk segir að ég sé ógeðsleg, eru það þá að segja að stærsti hluti Bandaríkjamanna sé ógeðslegur? Ég komst í mikið uppnám út af því, og þess vegna ákvað ég að láta í mér heyra," segir fyrirsætan.

**ELSKAR EIGIN LÍKAMA** Tyra Banks hefur verið iðin við að dásama konur með línur, og þykir frábær fyrirmynd fyrir konur um allan heim.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Ósáttur við slangur Erlendar

„Ég get nú ekki tekið undir þessa gagnrýni,“ segir Arnaldur Indriðason rithöfundur en bókmenntarýnir dagblaðsins Toronto Star, Jack Bratten, er ekki par hrifinn af þýðingum Bernards Scudder á bók Arnaldar Indriðasonar, Kleifarvatn eða The Draining Lake. „Bernard hefur fengið mikið lof fyrir þýðingar sínar þannig að þetta kemur mér mikið á óvart,“ bætir Arnaldur við og telur líklegt að gagnrýnandinn sé eflaust að tala um blæbrigðamuninn sem er á enskunni í Bretlandi og síðan vestanhafs. „Ég hélt reyndar að menn almennt áttuðu sig á þeim mun,“ segir Arnaldur, sem enn einu sinni trónir á toppi metsölulistanna yfir jólin. „Ég er mjög ánægður, viðtökurnar við Harðskafa hafa verið góðar.“

Rýnirinn Bratten hrósar reyndar íslenska rithöfundinum í hástert og segir fléttuna vera einstaklega góða. En hann setur spurningarmerki við þýðingu bókarinnar og segir fullmikið af ensku slangri einkenna hana. „Ég reikna fastlega með því að Erlendur myndi aldrei nota orð á borð við „bloke“ eða „wanker,“ skrifar Bratten í dómi sínum. „Eða þá að ef einhver lýgur að Erlendur myndi kalla það „bollocks“,“ bætir Bratten við. Hann áréttar þó að þetta hafi ekki mikil áhrif á andrúmsloftið en að: „ensku slanguryrðin eru móðgun við prósa Arnaldar.“ - fgg

**EKKI SAMMÁLA** Arnaldur er ekki sammála bókmenntagagnrýnanda Toronto Star og segist vera sáttur við þýðingar Bernards.

**BLOKE OG BOLLOCKS** Erlendur er sagður nota fullmikið af ensku slangri í enskri þýðingu Kleifarvatns.

# Alba fær tilboð um nektarmyndatökur

Jessicu Alba hafa þegar borist þrenn tilboð um nektarmyndatökur þegar líður á meðgöngu hennar. Alba tilkynnti á dögunum að hún ætti von á barni með kærasta sínum, Cash Warren. Sama dag bárust henni þrjú tilboð frá jafnmörgum tímaritum um að sitja fyrir á Evuklæðum, eins og Demi Moore, Britney Spears og nú síðast Christina Aguilera hafa áður gert.

„Fólk veit að þetta myndi selja tímaritin þess,“ segir vinur leikkonunnar. Alba mun þó ekki vera sérstaklega hrifin af hugmyndinni, enda ollu myndirnar af bæði Demi og Britney þó nokkru uppnámi. „Hún ætlar ekki að taka neinu tilboði. Henni finnst að þungunin eigi að vera persónuleg reynsla og hennar einkamál,“ segir heimildarmaðurinn.

**EINKAMÁL** Jessicu Alba hafa borist þrjú tilboð um að sitja fyrir nakin á meðgöngunni, en vill halda þungun sinni út af fyrir sig.

**ÍSLENSKA JÓLAHÚSIÐ Í VEJLE** Danir koma keyrandi til að skoða upplýst hús skrítnu Íslendinganna.

# Íslenskt jólahús í Danmörku

Danska sjónvarpsstöðin TV 2 sýnir í lok hvers fréttatíma í desember mest skreyttu hús Danmerkur. Nýlega var sýnt frá heimili Íslendinganna Róberts Dúasonar og Rannveigar Bjargar Pálsdóttur, annað árið í röð.

„Í fyrra bað sjónvarpsstöðin fólk að senda inn myndir af húsunum sínum, sem mamma og pabbi gerðu,“ segir sonur hjónanna, Dúi Róbertsson. „Við ætluðum svo að senda aftur inn myndir í ár en stöðin var á undan og hringdi í okkur.“ Íslenska jólahúsið hreppti einnig annað sæti í skreytingakeppni á vegum dagblaðsins Berlingske Tidende fyrir nokkrum árum.

Dúi segir fjölskylduna lýsa upp húsið að Íslendinga sið hver jól og skeri sig frá nágrönnum sínum, þar sem íburðarmiklar jólaskreytingar tíðkist ekki í Danmörku. „Þjóðarsálin hér leyfir fólki ekki að berast á. Í hverfinu okkar, Bredballe, búa um tíu til fimmtán þúsund manns en ég held að þetta sé eina húsið með jólaseríum. Fólk kemur keyrandi hingað til að skoða hús skrítnu Íslendinganna,” segir Dúi.

Annar sonur hjónanna, Heiðar Már, er heilinn bak við ljósadýrðina og kom heim frá námi í Árósum allar helgar í nóvember til að skreyta. Ekki þykir þó öllum Dönum prýði að lýsingunni. „Sumir gagnrýna skreytingarnar út frá umhverfissjónarmiði og finnst svona ljósaseríur eyða of miklu rafmagni,“ segir Dúi.

Sjónvarpsstöðin setur myndir af öllum húsunum inn á netsíðu þar sem kosið er um fallegustu skreytinguna, og um næstu helgi verða úrslitin gerð kunn. Skoða má íslenska jólahúsið og keppinauta þess á netsíðunni www.1234.tv2.dk. - eá

**HEIÐAR MÁR RÓBERTSSON** Kom heim frá Árósum allar helgar í nóvember til að skreyta hús foreldranna.

# Fimmföld útgáfugleði

**Fimm hljómsveitir fögnuðu útkomu geisladiska sinna á Lídó á miðvikudagskvöldið, en þær eiga það allar sameiginlegt að gefa diska sína út upp á eigin spýtur. Þar komu saman Stórsveit Samúels Jóns Samúelssonar með plötuna Fnyk, Einar Scheving með diskinn Cycles, systkinin Ómar, Óskar og Ingibjörg Guðjónsbörn með Ó Ó Ingibjörg, Jagúar með Shake It Good og Tómas R. Einarsson með Romm Tomm Techno.**

**SVEIFLA Á LÍDÓ** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**ELÍSABET OG SARA**

Vel lá á tónleikagestum á Lídó á miðvikudagskvöldið, enda ekki leiðinlegt að lyfta sér upp með því að hlýða á góða tónlist í miðju jólastressinu. Af nægu var að taka, enda einar fimm sveitir sem leiddu saman hesta sína í margföldu útgáfuteiti.

**HEIÐA OG RAGNA**

**VALGERÐUR OG STEINN**

**ÞORLEIKUR OG HELGA**

**GRÍMUR OG INGÓLFUR**

# Gáfumenni fagna biblíu sinni

Gáfumenni komu saman í Máli og menningu á dögunum til að fagna útgáfu bókarinnar Biblía gáfaða fólksins. Hinni nýstárlegu biblíu er ætlað að fræða sauðsvartan almúgann um hegðun, atferli og skoðanir gáfumanna. Sannkallaður gáfumennaandi sveif yfir vötnum í útgáfuteitinu en höfundur lofar því að lesendur bókarinnar leggi hana frá sér eilítið greindari.

Bókina skrifar 22 ára ljóðskáld að nafni Gísli Hvanndal Jakobsson. Þó nokkur leynd hefur farið yfir höfundinum sem felur sig á bak við skáldanafnið Gils N. Eggerz. Margir hafa eignað bókina Agli Einarssyni sem betur er þekktur sem Gillzenegger og sendi frá sér Biblíu fallega fólksins um síðustu jól. Gillzenegger hefur þó alls ekki viljað kannast við gáfumannahliðstæðu hennar. Í samtali við Vísi nýlega gerði hann helst ráð fyrir að höfundurinn væri „30 kílóa ljóðahommi úr Æsufellinu að reyna að vera fyndinn“. Gils N. Eggerz segir aftur á móti á bloggsíðu sinni að einmana drengstauli hafi afbakað nafn sitt og asnast til að verða frægur.

**ÞEKKTASTI NAFNLEYSINGI BLOGGHEIMA Á STJÁ** Hildur Lilliendahl og Ólafur Sindri Ólafsson sem vakti umtal í bloggheimum undir dulnefninu Mengella.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

**LÉTU SIG EKKI VANTA** Viðar Þorsteinsson og Hilma Gunnarsdóttir.

**KÖKUR OG GLÖGG** Höfundurinn bauð upp á kökur og kex en vill sjálfur frekar kjötmeti.

# Veðjað á drottningu

Danir virðast á góðri leið með að taka upp hefðir og venjur Breta; það er að segja að leyfa þjóðinni að veðja á hvað sem er. Nýjasta æðið í veðmálabransanum er að nú er hægt að leggja pening undir á hvaða orð Margrét Þórhildur Danadrottning notar í nýársræðu sinni. Meðal þeirra sem helst er hægt að græða á eru „Marie Cavalier“ og „jackpot“ en þau orð sem þykja hvað ólíklegust til að skila einhverjum aurum aftur í kassann eru Grænland og Færeyjar.

Vilji einhver hins vegar virkilega taka áhættuna og treysta á að drottningin bregði eitthvað út af vananum skila orðin „Michael Laudrup“ og „fótboltahálfvitinn“ peningunum fimmhundruðfalt tilbaka.

**GÆTIR ORÐA SINNA** Danir horfa allir á nýárstölu Margrétar og geta nú veðjað á hvaða orð hún notar í ræðu sinni.

## > BESTU PLÖTUR SÍÐUSTU ÁRA

**2006:** Bob Dylan – Modern Times
**2005:** Sufjan Stevens – Illinois
**2004:** The Streets – A Grand Don't Come For Free
**2003:** The Mars Volta – De-Loused In The Comatorium og The White Stripes – Elephant
**2002:** The Streets – Original Pirate Material
**2001:** Daft Punk – Discovery
**2000:** St. Germain – Tourist
**1999:** Beck – Midnite Vultures
**1998:** Massive Attack – Mezzanine

samkvæmt sams konar könnunum í Fréttablaðinu, DV og Fókus.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Neonbiblían stóð undir væntingum

Eftirvæntingin eftir annarri plötu Arcade Fire, Neon Bible, var gríðarlega mikil í byrjun ársins. Þremur árum árum hafði sveitin vakið mikla athygli tónlistarspekúlanta með plötu sinni Funeral sem lenti ofarlega á árslistum víðs vegar um heiminn.

Margar sveitir hafa átt erfitt með að standa undir væntingum á sinni annarri plötu eftir vel heppnaða frumraun en Arcade Fire sýndi það með Neon Bible að hún er komin til að vera. Auglýsingaherferðin í tengslum við plötuna var heldur óvenjuleg. Í lok síðasta árs gátu aðdáendur hlutað á fyrsta smáskífulagið, Intervention, með því að hringja í ákveðið símanúmer, sem er reyndar ennþá virkt. Skömmu síðar birtust ýmsar upplýsingar um plötuna í skrítnu myndbandi á YouTube. Í

**ARCADE FIRE** Hljómsveitin Arcade Fire á bestu plötu ársins 2007 að mati tónlistarsérfræðinga Fréttablaðsins.

febrúar, mánuði fyrir útgáfuna, birti sveitin síðan texta plötunnar á heimasíðu sinni. Þar kom í ljós að Win Butler og félögum var greinilega mikið niðri fyrir og ljóst að Íraksstríðið var ekki efst á vinsældalistanum. Almenntur ótti og drungi einkenndi textagerðina, eins og reyndar lagasmíðarnar sjálfar, eins og lesa má úr textabrotunum: „Mirror mirror on the wall, tell me where the bombs will fall", „Not much time for survival if the Neon Bible is right" og „World War III when are you coming for me?".

Hvað sem drungalegu yfirbragði líður borgaði auglýsingaherferðin sig því platan náði á sinni fyrstu viku toppsætinu í Kanada og Írlandi og öðru sætinu bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi, sem var miklu betri árangur en Funeral náði á sínum tíma.

Neon Bible hefur verið tilefnd til Grammy-verðlaunanna sem verða afhent á næsta ári. Þar etur Arcade Fire kappi við Björk Guðmundsdóttur, White Stripes, The Shins og Lily Allen.

# Arcade Fire hafði vinninginn

**Fréttablaðið leitaði til valinna sérfræðinga til þess að fá úr því skorið hverjar eru bestu plötur ársins 2007. Sautján manns skiluðu inn listum yfir bestu erlendu plöturnar – gagnrýnendur, fjölmiðlafólk og nafntogaðir tónlistaráhugamenn. Platan sem er í efsta sæti á lista hvers og eins fær 5 stig, platan í öðru sæti 4 stig og þannig koll af kolli. Ef tvær plötur fá jafn mörg stig þá fær sú plata sem er með fleiri tilnefningar hærra sæti á heildarlistanum.**

Eins og oft áður í svipuðum könnunum var breiddin í tilnefningunum mjög mikil og tiltölulega lítill munur á efstu plötunum. Það var kanadíska sveitin Arcade Fire sem hafði vinninginn með plötuna Neon Bible og í öðru sæti varð New York-búinn James Murphy sem gerði plötuna Sound of Silver undir nafninu LCD Soundsystem. Báðar þessar plötur eru ofarlega á árslistum tónlistarmiðla út um allan heim.

Annars vekur athygli að ungir tónlistarmenn ráða ríkjum á listunum. Radiohead og gamli seigur Neil Young eru einu 20. aldar listamennirnir sem ná inn á listann yfir tíu efstu plöturnar.

## BESTU ERLENDU PLÖTURNAR 2007

**1.** Arcade Fire – **Neon Bible** 20 stig

**2.** LCD Soundsystem – **Sound of Silver** 15 stig

**3.** Battles – **Mirrored** 14 stig

**4.** Radiohead – **In Rainbows** 12 stig

**5.** of Montreal – **Hissing Fauna, Are You the Destroyer?** 10 stig

**6-7.** Caribou – **Andorra** 9 stig

**6-7.** Jens Lekman – **Night Falls Over Kortedala** 9 stig

**8-10.** M.I.A. – **Kala** 8 stig

**8-10.** Neil Young – **Chrome Dreams II** 8 stig

**8-10.** The National – **Boxer** 8 stig

**Árni Þór Jónsson – Zýrður rjómi**
1. LCD Soundsystem - Sound of Silver
2. Justice - Cross
3. Beirut - The Flying Club Cup
4. Sunset Rubdown - Random Spirit Lover
5. of Montreal - Hissing Fauna, Are You the Destroyer?

**Birgir Örn Steinarsson – Mónitor**
1. Arcade Fire – Neon Bible
2. Battles – Mirrored
3. Calvin Harris – I Created Disco
4. Kings of Leon – Because of the Times
5. Okkervil River – The Stage Names

**Björn Þór Björnsson „Bobby Breiðholt" – breidholt.blogspot.com**
1. M.I.A. -Kala
2. Glass Candy - Beatbox
3. Roisin Murphy - Overpowered
4. The Bees - Octopus
5. Felice Brothers – Tonight at the Arizona

**Brynjar Már Valdimarsson – FM957**
1. Timbaland – Shock Value
2. Rihanna – Good Girl Gone Bad
3. Fergie – The Dutchess
4. Amy Winehouse – Back to Black
5. Mika – Life in Cartoon Motion

**Dr. Gunni - this.is/drgunni**
1. of Montreal - Hissing Fauna, Are You the Destroyer?
2. Caribou - Andorra
3. Digitalism - Idealism
4. Akron/Family - Love is Simple
5. Battles – Mirrored

**Egill Harðarson – egillhardar.com**
1. Caribou - Andorra
2. Arcade Fire - Neon Bible
3. Editors - An End Has A Start
4. Interpol - Our Love To Admire
5. Loney, Dear - Loney, Noir

**Eldar Ástþórsson – Iceland Airwaves**
1. Modeselektor - Happy Birthday!
2. of Montreal - Hissing Fauna, Are You the Destroyer?
3. Beirut - The Flying Club Cup
4. The White Rabbits - Fort Nightly
5. Digitialism - Idealism

**Freyr Bjarnason – Fréttablaðið**
1. Kings of Leon - Because of the Times
2. Arcade Fire - Neon Bible
3. Radiohead - In Rainbows
4. The White Stripes - Icky Thump
5. Justice – Cross

**Ólafur Páll Gunnarsson – Rás 2**
1. Neil Young – Chrome Dreams II
2. Wilco – Sky Blue Sky
3. Radiohead – In Rainbows
4. Robert Plant & Alison Krauss – Raising Sand
5. Arcade Fire – Neon Bible

**Frosti Logason – X-ið 977**
1. The National - Boxer
2. Battles - Mirrored
3. Interpol - Our Love to Admire
4. Band Of Horses - Cease to Begin
5. Arcade Fire - Neon Bible

**Ragnhildur Magnúsdóttir – Bylgjan**
1. Kanye West – Graduation
2. Amy Winehouse – Back to Black
3. Radiohead – In Rainbows
4. Robert Plant & Alison Krauss – Raising Sand
5. Akron/Family – Love Is Simple

**Höskuldur Daði Magnússon – Fréttablaðið**
1. Jens Lekman - Night Falls Over Kortedala
2. Okkervil River – The Stage Names
3. The National – Boxer
4. Sunset Rubdown – Random Spirit Lover
5. Spoon – Ga Ga Ga Ga Ga

**Steinþór Helgi Arnsteinsson – Fréttablaðið**
1. LCD Soundsystem - Sound of Silver
2. Jens Lekman - Night Falls Over Kortedala
3. Animal Collective - Strawberry Jam
4. Deerhoof - Friend Opportunity
5. Apparat – Walls

**Jens Kr. Guðmundsson - jensgud.blog.is**
1. Teitur Lassen - Káta hornið
2. Högni Restrup - Hugafar á ferð
3. Neil Young - Chrome Dreams II
4. Rasmus Rasmussen - Edelweiss
5. Eivör - Human Child / Mannabarn

**Sveinn Birkir Björnsson – Grapevine**
1. Against Me! - New Wave
2. Machine Head - The Blackening
3. Soulsavers and Mark Lanegan - It's Not How Far You Fall, It's the Way You Land
4. Battles - Mirrored
5. Bruce Springsteen - Magic

**Matthías Magnússon – X-ið 977**
1. Arcade Fire – Neon Bible
2. The Klaxons – Myths of the Near Future
3. Radiohead – In Rainbows
4. Machinehead – The Blackening
5. Interpol – Our Love to Admire

**Trausti Júlíusson – Fréttablaðið**
1. LCD Soundsystem – Sound of Silver
2. Battles – Mirrored
3. M.I.A. – Kala
4. Tinariwen – Aman Iman
5. Beirut – The Flying Club Cup

# BT DVD í jólapakkann






**BT SKEIFAN OPIN TIL 24 ALLA HELGINA**

**AÐRAR VERSLANIR BT OPNAR TIL 22 Í DAG OG 23 Á ÞORLÁKSMESSU**

| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | | REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ENCHANTED ÍSL. TAL | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | | WE OWN THE NIGHT | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ENCHANTED LÚXUS ÍSL. TAL | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | | RUN FATBOY RUN | kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 2 - 4 - 6 ÍSL. TAL | | SAW 4 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 ENSKT TAL | | BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 8 - 10.15 | 14 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | 7 | DAN IN REAL LIFE | kl. 3 - 5.45 | |
| HITMAN | kl. 8 - 10.10 | 16 | LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR | kl. 5 | 14 |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 10 | | | | |

5% — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | | SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|---|---|---|
| WE OWN THE NIGHT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | | ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 6 ÍSL. TAL | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 6 ÍSL. TAL | | DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 4 - 6 | |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 | RUN FATBOY RUN | kl. 8 - 10 | |
| BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 8 - 10.15 | 14 | SAW 4 | kl. 8 - 10 | 16 |
| ACROSS THE UNIVERSE | kl. 6 - 9 | 12 | | | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Háskólabíói merktar með rauðu — 5% — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Sambíóum merktar með rauðu — 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

**STRÍÐ OG FRIÐUR** Spilar nýtt lag á Litla-Hrauni á aðfangadag, um fanga og tileinkað föngum.

# Einar Már með Bubba á Hraunið á aðfangadag

**Bubbi Morthens heimsækir fanga á Litla-Hrauni að vanda á aðfangadag og spilar fyrir þá. Að þessu sinni verður Einar Már Guðmundsson með í för.**

„Já, þetta er settið. Stríð og friður og svo kemur Einar Már með okkur," segir Bubbi Morthens.

Bubbi fer að vanda á Litla-Hraun á aðfangadag og leikur þar fyrir fanga. Þannig hefur það nú verið í um kvartöld. Oftast hefur Bubbi farið með kassagítarinn og haft með sér aðra tónlistarmenn auk rithöfunda sem lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum. En að þessu sinni er það hljómsveit Bubba, Stríð og friður, sem fer með en það dúndurband samanstendur af Guðmundi Pétursyni, Hallgrími Péturssyni, Jakobi Magnússyni og Arnari Geir Ómarssyni. Auk þeirra verður rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson með í för en hann sendi nýverið frá sér bókina Rimlar hugans – ástarsaga, sem einmitt byggist meðal annars á bréfaskriftum rithöfundarins við fanga.

Gríðarleg stemning er fyrir þessum tónleikum á Hrauninu og segja fangaverðir fanga bíða eftir Bubba með mikilli eftirvæntingu. Sjálfur hefur Bubbi lítt viljað tjá sig um þessa árlegu ferð sína – lítur á hana nánast sem helga stund og vill ekki blanda henni saman við kynningu á öðru efni eða uppákomum sem honum tengjast. En þetta mátti þó toga upp úr kónginum með töngum:

„Ég spila eitthvað nýtt. Ég samdi lag sem ég ætla að spila fyrir fangana en það fjallar um tómið sem við blasir þegar maður labbar út úr fangelsi. Ég kem einnig til með að spila það á Þorláksmessutónleikunum. Það var tími til kominn að þeir fengju sitt lag – þannig séð. Tileinkað þeim? Já, já, það segir sig sjálft. Þetta er lag um þá."

jakob@frettabladid.is

**EINAR MÁR** Fangarnir munu ugglaust kannast við eitt og annað úr nýrri bók Einars, Rimlum hugans – ástarsögu.

**SÖNGUR** Söngvari Benny Crespo´s Gang lifir sig inn í stund og stað.

**LJÓSADÝRÐ** Ljósadýrðin naut sýn vel í Tjarnarbíói. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**EINBEITING** Einbeiting liðsmanna Benny Crespo´s Gang leyndi sér ekki á tónleikunum.

# Góð stemning hjá Benny

Rokksveitin Benny Crespo´s Gang hélt útgáfutónleika í Tjarnarbíói til að fagna útkomu sinnar fyrstu plötu. Mikil ljósadýrð skapaði skemmtilega stemningu í salnum.

# Vildi verða Elvis

Söngvarinn Cliff Richard var svo hugfanginn af rokkkónginum Elvis Presley að hann vildi mest af öllu breytast í hann. „Ég vildi ekki bara vera eins og Elvis, ég vildi vera hann. Ég vildi vakna einn daginn og komast að því að hann væri í raun og veru ég," sagði Richard, sem hélt vel heppnaða tónleika í Laugardalshöll fyrr á árinu. „Þannig leið mér gagnvart kraftinum sem bjó í tónlist hans." Richard, sem hefur verið duglegur við að gefa út smáskífur í Bretlandi fyrir jólin, ætlar ekki að gera það í þetta sinn. Frægasta jólalag hans er án efa Mistletoe and Wine sem kom út árið 1988.

**CLIFF RICHARD** Richard vildi mest af öllu breytast í Elvis Presley.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Skoski gleðipinninn **Gerard Butler** hefur meðal annars unnið sér það til frægðar að leika aðalhlutverkið í Bjólfskviðu **Sturlu Gunnarssonar** og ekki síður í myndinni 300 þar sem hann valsaði um í skikkju og nærbuxum. Nú síðast skipti hann um gír og lék á móti **Hilary Swank** í rómantísku gamanmyndinni P.S. I Love You sem er byggð á samnefndri bók. Myndin var frumsýnd á dögunum og hefur fengið afar slæma dóma gagnrýnenda. Á heimasíðunni Rotten Tomatoes fékk myndin til dæmis 1,5 í einkunn af 10 mögulegum og var sögð „rómantísk klisja".

Einhverjir veltu því fyrir sér á dögunum hvort villingurinn í hinum þæga **Jake Gyllenhaal** væri að brjótast upp á yfirborðið þegar sást til hans með stórt húðflúr á hálsinum á 27 ára afmælisdeginum. Flúrið reyndist þó ekki ekta heldur var það málað á hann fyrir hlutverk sem hann leikur í nýrri mynd **Jim Sheridan** sem nefnist Brothers. Myndin er tekin upp í Nýju-Mexíkó en þau **Tobey Maguire** og **Natalie Portman** leika einnig stór hlutverk í henni.

Þau **Brad Pitt** og **Angelina Jolie** virðast ætla að eyða jólunum í New Orleans þar sem þau eiga eitt af húsum sínum. Nýverið sást sendiferðabíll renna upp að heimili þeirra með stórt jólatré meðferðis og fjölskyldan hefur verið dugleg að hjóla um borgina. Barnahópurinn er þó orðinn svo stór að aðeins tvö barnanna af fjórum komast með í hjólatúr í einu. Brad hjólar með eitt í kerru á eftir sér og Angelina með annað.

Kryddpían **Victoria Beckham** sendi tryggum lesendum bloggsins síns stutta jólakveðju á dögunum: „Þar sem hátíðirnar nálgast nú óðfluga vil ég nýta tækifærið og óska öllum gleðilegra (og að sjálfsögðu smekklegra) jóla og gleðilegs nýs árs. Ég vil þakka ykkur öllum frábæran stuðning á þessum ótrúlega spennandi tímum. Fjölskylda mín og ég óskum ykkur og fjölskyldum ykkar nýs árs með góðri heilsu og mikilli hamingju. Ástarkveðja – Victoria."



## > Framtíð Marels enn óljós

Ekki liggur enn fyrir hvar Marel Baldvinsson muni spila fótbolta næsta sumar. Hann hafði áður sagst ætla að ákveða sig fyrir jól en hann tjáði Fréttablaðinu í gær að líklega fengist engin niðurstaða í hans mál fyrr en eftir jólahátíðina. Marel, sem fékk sig lausan frá Molde á dögunum, er sterklega orðaður við sitt gamla félag Breiðablik, en vitað er að bæði Fram og FH horfa hýru augu til framherjans sterka.

# sport

sport@frettabladid.is

**BJARNI ÞÓR VIÐARSSON:** LÉK SINN FYRSTA LEIK MEÐ AÐALLIÐI EVERTON Í FYRRAKVÖLD EN ER ÓVISS UM FRAMHALDIÐ

## *Hundleiðinlegt að vera ekki að spila reglulega*

Bjarni Þór Viðarsson, leikmaður Everton og íslenska landsliðsins, fékk langþráð tækifæri með enska liðinu í leik gegn Grétari Rafni Steinssyni og félögum í AZ Alkmaar í Evrópukeppni félagsliða í fyrrakvöld. Bjarni Þór byrjaði á varamannabekk Everton í leiknum en kom inn á fyrir Steven Pienaar á 69. mínútu og komst vel frá sínu.

„Það tók mig smá tíma að venjast aðstæðum en ég er sáttur með leik minn. Það var frábær stemning á leiknum og ég var búinn að bíða nokkuð lengi eftir þessu tækifæri," sagði Bjarni Þór en Everton-liðið hefur verið á miklu skriði undanfarið og er taplaust í þrettán leikjum í öllum keppnum. Næsta verkefni liðsins er leikur gegn Englandsmeisturum Manchester United og Bjarni Þór segir mikla eftirvæntingu ríkja í herbúðum liðsins.

„Það er búið að ganga vel upp á síðkastið og það er því rosalega góður mórall í liðinu og jafnframt mikil eftirvænting fyrir leikinn gegn United," sagði Bjarni Þór, sem er þó óviss um framhaldið hjá sér.

„Staða mín er í rauninni mjög góð þrátt fyrir að framhaldið sé fremur óljóst. Ég klára núverandi samninginn minn við Everton næsta sumar og það hafa enn sem komið er ekki farið fram neinar viðræður um framlengingu á honum. Það eina sem ég get gert er bara að æfa vel og halda áfram að bæta mig og sjá til hvað gerist," sagði Bjarni, sem útilokar ekki að fara einhvert í lán þegar félagsskiptaglugginn opnast í janúar.

„Það hafa einhverjar þreifingar átt sér stað í sambandi við að ég fari sem lánsmaður til annars félags og það held ég að væri alls ekki vitlaust skref fyrir mig. Það er náttúrulega hundleiðinlegt að vera ekki að spila reglulega og ef ég er ekki inni í myndinni hjá Everton myndi ég fagna því að fá tækifæri til þess að fara eitthvert á láni og fá að spila reglulega," sagði Bjarni, sem var í láni hjá Bournemouth í ensku 2. deildinni í byrjun árs og skoraði eitt mark í sex leikjum með liðinu.

**FER Á GOODISON PARK** Kristján Örn Sigurðsson og félagar í Brann þurfa að mæta Everton á Goodison Park.
FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

UEFA-bikarinn:

## Brann mætir Everton

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í 32-liða úrslit UEFA-bikarsins. Nokkuð er um áhugaverðar viðureignir og til að mynda mætast Íslendingaliðin Brann og Everton.

Bolton á mjög erfitt verkefni fyrir höndum gegn Atletico Madrid rétt eins og Ólafur Ingi Skúlason og félagar í Helsingborg sem fengu PSV Eindhoven.

Rosenborg mætir Fiorentina og Slavia Prag fær það verðuga verkefni að spila gegn Tottenham. Fyrri leikirnir verða spilaðir 13. og 14. febrúar og þeir síðari 21. febrúar. - hbg

**UEFA - BIKARINN**

**32-liða úrslit:**

| |
|---|
| Aberdeen - Bayern München |
| AEK Aþena - Getafe |
| Bolton - Atletico Madrid |
| Zenit St. Petersburg - Villarreal |
| Galatasaray - Bayer Leverkusen |
| Anderlecht - Bordeaux |
| Brann - Everton |
| FC Zürich - Hamburg SV |
| Rangers - Panathinaikos |
| PSV Eindhoven - Helsingborg |
| Slavia Prag - Tottenham |
| Rosenborg - Fiorentina |
| Sporting Lisbon - Basel |
| Werder Bremen - Braga |
| Benifica - Nuremberg |
| Marseille - Spartak Moskva |

Nýr framherji á Old Trafford:

## Manucho til Man. Utd

**FÓTBOLTI Manchester United ákvað í gær að semja við hinn 24 ára gamla angólska framherja Manucho. Hann mun gera þriggja ára samning við United en hann kemur frá angólska liðinu Pedro Atletico.**

**Manucho hefur verið til reynslu hjá félaginu síðustu þrjár vikur en það var aðstoðarmaður Fergusons, Carlos Queiroz, sem fann leikmanninn.**

**Hann kemur til United í janúar fái hann atvinnuleyfi.** - hbg

# Lundúnaslagur í dag

**Það verður ekkert jólahlé í enska boltanum og stutt milli leikja yfir hátíðirnar. Ballið byrjar í dag með sjö leikjum en þrír leikir fara síðan fram á Þorláksmessu. Topplið Arsenal tekur á móti Tottenham í stórleik dagsins.**

**FÓTBOLTI** Sem fyrr er þétt spilað í enska boltanum um jólin. Sjö leikir fara fram í dag, þrír á morgun og svo er strax aftur spilað á annan í jólum. Jólavertíð enskra knattspyrnumanna lýkur ekki fyrr en 2. janúar.

Nokkrir áhugaverðir leikir fara fram í dag eins og viðureign Liverpool og Portsmouth. Stórleikur dagsins er þó klárlega viðureign Lundúnaliðanna Arsenal og Tottenham en rimmur liðanna eru oftar en ekki mjög fjörlegar og mönnum iðulega heitt í hamsi.

Það er fínt ástand á Arsenal-liðinu og allir leikmenn heilir heilsu fyrir utan Theo Walcott sem hefur ekkert æft í vikunni vegna veikinda. Hjá Tottenham er Didier Zokora fjarri góðu gamni þar sem hann er í leikbanni. Ledley King gæti aftur á móti verið klár í slaginn. Þetta verður í fyrsta sinn sem Juande Ramos, stjóri Tottenham, upplifir þennan Lundúnaslag og hann gerir sér vel grein fyrir því að loftið verði lævi blandið.

„Það gerist í öllum löndum í álíka rimmum. Móðganir ganga á milli manna sem og áhorfenda. Það er í góðu lagi svo framarlega sem því fylgir ekkert ofbeldi. Það truflar mig samt ekkert hvað áhorfendur segja um mig þar sem ég skil það hvort eð er ekki," sagði Ramos léttur en Spurs hefur ekki tekist að leggja Arsenal í síðustu sextán viðureignum liðanna.

Portsmouth hefur átt ákaflega góðu gengi að fagna á útivelli í vetur og unnið sex síðustu útileiki sína. Verður því áhugavert að sjá hvað liðið gerir gegn Liverpool á Anfield en Liverpool má engan veginn við því að tapa leiknum eftir tapið gegn Manchester United um síðustu helgi. Hermann Hreiðarsson verður væntanlega í byrjunarliði Portsmouth.

henry@frettabladid.is

**ENSKI BOLTINN**

**Leikir dagsins:**

| | |
|---|---|
| Arsenal-Tottenham | kl. 12.45 |
| Aston Villa-Man. City | kl. 15.00 |
| Bolton-Birmingham | kl. 15.00 |
| Fulham-Wigan | kl. 15.00 |
| Liverpool-Portsmouth | kl. 15.00 |
| Middlesbrough-West Ham | kl. 15.00 |
| Reading-Sunderland | kl. 15.00 |

**HEITUR** William Gallas og félagar í liði Arsenal hafa fagnað mikið á árinu og ekki enn tapað á heimavelli.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

**DAVD BECKHAM** Fær væntanlega grænt ljós á að æfa með Arsenal.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

David Beckham:

## Æfir líklega með Arsenal

**FÓTBOLTI** Flest bendir til þess að David Beckham muni mæta á æfingar hjá Arsenal fljótlega. Beckham þarf að vera í formi ætli hann sér að komast í landsliðhóp Fabio Capello fyrir æfingaleikinn gegn Sviss sem fer fram á Wembley 6. febrúar.

„Við munum aðstoða hann við að komast í form og vera tilbúinn í átökin," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, við BBC. „Það er mjög líklegt að hann komi til æfinga hjá okkur í janúar en það er ekki frágengið."

Það myndi henta Beckham ákaflega vel að æfa með Arsenal þar sem æfingasvæði félagsins er mjög nálægt húsinu hans í London.

Beckham er mikið í mun að komast í landsliðið enda er hann aðeins einum landsleik frá 100.

„Vonandi nær hann 100. Ef ekki 100 þá 120 en hann er á þeim aldrei að hann þarf að vera í formi," sagði Wenger um hinn 32 ára gamla Beckham. - hbg

N1-deildarbikarinn fer fram í fyrsta skipti á milli jóla og nýárs:

## Liðin munu keppa um Evrópusæti og hálfa milljón króna

**HANDBOLTI** Sú nýbreytni er á handboltavertíðinni í ár að keppt verður í deildarbikarnum á milli jóla og nýars. Fjögur efstu liðin í N1-deildum karla og kvenna taka þátt í mótinu og í húfi er Evrópusæti og hálf milljón króna í verðlaunafé. Liðið sem lendir í öðru sæti fær 250 þúsund krónur.

Stelpurnar hefja leik á fimmtudag þegar liðin í fyrsta og fjórða sæti deildarinnar mætast. Það eru Fram og Grótta. Valur og Stjarnan, sem eru í öðru og þriðja sæti, spila síðari leik fimmtudagsins.

Sami háttur er hafður á hjá strákunum á föstudeginum þegar topplið Hauka byrjar að spila við Íslandsmeistara Vals og svo mætast Fram og Stjarnan.

Úrslitaleikirnir fara svo fram á laugardag. Allir leikirnir fara fram í Laugardalshöll. Aðgangseyrir á alla sex leikina er aðeins 1.000 krónur. - hbg

**DEILDARBIKARINN**

| | |
|---|---|
| **27. desember - kvennaflokkur** | |
| Fram - Grótta | kl. 18.30 |
| Valur - Stjarnan | kl. 20.30 |
| **28. desember - karlaflokkur** | |
| Haukar - Valur | kl. 18.30 |
| Stjarnan - Fram | kl. 20.30 |
| **29. desember - úrslit** | |
| Kvennaflokkur | kl. 13.40 |
| Karlaflokkur | kl. 16.00 |

**MEISTARARNIR Í HÖLLINNI** Pálmar Pétursson og félagar í Val tryggðu sér sæti í deildarbikarnum á elleftu stundu. Valsmenn mæta Haukum á föstudaginn og verður það eflaust hörkurimma eins og venjulega hjá þessum tveim liðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gummersbach fær liðsstyrk:

## Alfreð nælir í Szilagyi

**HANDBOLTI** Gummersbach hefur klófest austurríska landsliðsmanninn Viktor Szilagyi frá Þýskalandsmeisturum Kiel. Szilagyi mun ganga í raðir Gummersbach næsta sumar.

Þetta er mikill liðsstyrkur fyrir Alfreð Gíslason og félaga enda er Szilagyi mjög sterkur miðjumaður sem getur einnig leikið sem skytta en Gummersbach hefur sárlega vantað sterkan miðjumann síðan Daniel Narcisse fór til Frakklands.

Það er því loksins eitthvað að gerast í leikmannamálunum hjá félaginu. Gummersbach nældi einnig í franskan landsliðsmann á dögunum sem mun leysa Guðjón Val Sigurðsson af hólmi og Alfreð Gíslason sagði við Fréttablaðið á dögunum að von væri á 2-3 nýjum mönnum í viðbót. - hbg

515 6100 | SYN.IS | VODAFONE

orkusalan

Á MORGUN KL. 17:50

# BARCELONA REAL MADRID

SPÆNSKI BOLTINN

# RISARNIR MÆTAST

FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!

TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í JANÚAR OG FEBRÚAR.

sýn sýn2 fjölvarp

MasterCard

sýn

**BÚIÐ SPIL** Sanchez vann aðeins fjóra leiki með Fulham-liðið af 24 leikjum sínum með það og var rekinn í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Sanchez rekinn frá Fulham

**FÓTBOLTI** Lawrie Sanchez var í gær rekinn sem knattspyrnustjóri Fulham í ensku úrvalsdeildinni og er hann sjöundi stjórinn til að taka pokann sinn í vetur.

„Eftir röð slæmra úrslita er liðið í harðri fallbaráttu og má ekki við því að tapa henni. Ákveðið hefur verið að leita að nýjum stjóra í leit liðsins að halda sæti sínu í deildinni sem skiptir öllu máli fyrir framgang þess. Fulham þakkar Sanchez fyrir að leiða liðið áfram á erfiðum tímum undanfarið og í lok síðasta tímabils," sagði í yfirlýsingu á opinberri heimasíðu Fulham en liðið vann aðeins fjóra leiki undir hans stjórn af tuttugu og fjórum, gerði átta jafntefli og tapaði tólf.

Ray Lewington, þjálfari aðalliðsins, og Billy McKinlay, þjálfari varaliðsins, fara með stjórn liðsins tímabundið þangað til nýr stjóri verður ráðinn. Flest virðist nú benda til að John Collins, fyrrverandi leikmaður Fulham sem sagði óvænt af sér sem stjóri Hibs í skosku deildinni, verði kynntur sem nýr stjóri Fulham á næstu dögum. - óþ

**BANNA JÓLAFÖGNUÐI** Curbishley telur einu leiðina til þess að koma í veg fyrir leiðindaatvik á jólafögnuðum liða að banna þá alfarið. NORDIC PHOTOS/GETTY

Alan Curbishley, West Ham:

## Banna þarf jólafögnuði

**FÓTBOLTI** Alan Curbishley, stjóri West Ham, er þeirrar skoðunnar að banna eigi jólafagnaði liða í ensku úrvalsdeildinni.

„Ég er á móti jólafögnuðum þar sem leikmenn koma saman því oftar en ekki á sér stað eitthvað leiðindaatvik og ofan á það halda fjölmiðlar málunum á lofti lengi á eftir," sagði Curbishley vegna meintrar nauðgunar 26 ára stúlku í jólafagnaði liðsmanna Manchester United. Bobby Barnes, aðstoðarstjórnarformaður samtaka atvinnumanna í knattspyrnu, segir stöðu leikmanna oft ekki mjög eftirsóknarverða í fjölmiðlum.

„Það er óheppilegt að dagblöðunum líki betur að birta fréttir á forsíðum sem koma vondu orði á leikmenn heldur en hitt. Það er mikið af góðverkum leikmanna sem komast ekki einu í blöðin yfir höfuð," sagði Barnes í samtali við BBC 5 Live. - óþ

# Vantaði þrjú mörk upp á sögulegt ár

**Alexander Petersson skoraði 97 mörk fyrir landsliðið á árinu og var nálægt því að bætast í hundrað marka hópinn með þeim Guðjóni Val Sigurðssyni, Snorra Steini Guðjónssyni og Ólafur Stefánsyni.**

**HANDBOLTI** Það munaði ekki miklu að fjórir leikmenn íslenska handboltalandsliðsins næðu að brjóta hundrað marka múrinn á árinu en það hefur aldrei gerst í sögu strákanna okkar. Árin 1987 og 1988 skoruðu þrír landsliðsmenn hundrað mörk eða meira, alveg eins og í ár, en aldrei hefur fjórum landsliðsmönnum tekist það á einu og sama árinu.

### Þurfti að skora tíu mörk

Alexander Petersson þurfti að skora tíu mörk í vináttuleikjunum tveimur gegn Ungverjum í lok október til þess að ná að brjóta hundrað marka múrinn. Hann hafði skorað 4,7 mörk að meðaltali í fyrstu 19 landsleikjum sínum á árinu og fékk vissulega tækifærin í þessum Ungverjaleikjum.

Alexander skaut 19 sinnum á markið í leikjunum tveimur en aðeins sjö skotanna fóru rétta leið og hundrað marka múrinn stóðst því áhlaup hans þetta árið.

Logi Geirsson var einnig líklegur á tímabili en meiðsli kipptu honum út úr seinni hluta ársins og hann endaði því 13 mörkum frá því að komast í hóp með föður sínum Geir Hallsteinsson sem braut fyrstur hundrað marka múrinn fyrir 35 árum.

Árin 1987 og 1988 var fjórði markahæsti maður liðsins mun lengra frá hundrað mörkunum. Árið 1987 voru þeir Kristján Arason (172 mörk), Þorgils Óttar Mathiesen (132) og Alfreð Gíslason (106) yfir hundrað marka múrnum en Sigurð Gunnarsson vantaði 23 mörk upp á að bætast í þeirra hóp.

Það munaði reyndar minna árið eftir. Þorgils Óttar (123), Alfreð (121) og Kristján (115) skoruðu þá allir aftir yfir hundrað mörk en það munaði aðeins níu mörkum að Atli Hilmarsson bættist í hópinn.

Það voru eins og áður sagði þrír leikmenn landsliðsins sem tókst að skora hundrað mörk á árinu, tveir þeirra voru langt frá því að gera það í fyrsta sinn en sá þriðji náði því í fyrsta sinn.

**GUÐJÓN VALUR YFIR 100 MÖRK FIMM ÁR Í RÖÐ:**

| | |
|---|---|
| 2003 | 138 mörk (5,5 mörk í leik) |
| 2004 | 142 (4,9 í leik) |
| 2005 | 126 (5,5 í leik) |
| 2006 | 109 (6,4 í leik) |
| 2007 | 134 (6,1 í leik) |

### Fimm ár í röð yfir 100 mörk

Guðjón Valur Sigurðsson braut hundrað marka múrinn fimmta árið í röð og sett með því nýtt met en auk þess eiga hann og Ólafur met yfir flest ár með hundrað mörk eða meira. Ólafur braut hundrað marka múrinn einnig í fimmta sinn á ferlinum en hann skoraði yfir 100 mörk í ár í fyrsta sinn í þrjú ár.

### Enn langt í Ólaf Stefánsson

Guðjón Valur skoraði flest mörk allra landsliðsmanna en hann gerði 134 mörk í 22 leikjum eða 6,1 mark að meðaltali í leik. Guðjón Valur nálgast óðum sitt þúsundasta landsliðsmark (er kominn með 822) en er enn 400 mörkum á eftir Ólafi sem er sá leikmaður sem hefur skorað flest mörk fyrir A-landslið karla í handbolta.

Snorri Steinn Guðjónsson braut hundrað marka múrinn í fyrsta sinn á árinu en hann var eini landsliðsmaðurinn sem náði að skora tíu mörk eða meira í fleiri en einum leik. Snorri Steinn skoraði 15 mörk eins og frægt er í tapinu sára gegn Dönum á HM en hann skoraði síðan 11 mörk í sigri á Ungverjum í vináttuleik sem var einmitt síðasti landsleikur ársins.

Fram undan er Evrópumótið í Noregi í næsta mánuði og vonandi gengur þessum lykilmönnum íslenska liðsins áfram vel að raða inn mörkum á nýja árinu og hver veit nema þeir endurskrifi bara söguna á næsta ári.

ooj@frettabladid.is

**MARKAHÆSTU LANDSLIÐSMENN ÁRSINS 2007:**

| | |
|---|---|
| 1. Guðjón Valur Sigurðss. | 134 |
| 2. Snorri Steinn Guðjónss. | 121 |
| 3. Ólafur Stefánsson | 109 |
| 4. Alexander Petersson | 97 |
| 5. Logi Geirsson | 87 |
| 6. Róbert Gunnarsson | 66 |
| 7. Ásgeir Örn Hallgrímsson | 28 |
| 8. Sigfús Sigurðsson | 21 |
| 9. Vignir Svavarsson | 20 |
| 10. Markús Máni Michaelsson | 17 |
| 11. Arnór Atlason | 11 |
| 12. Bjarni Fritzson | 8 |
| 12. Hannes Jón Jónsson | 8 |
| 14. Ragnar Óskarsson | 6 |
| 14. Jaliesky Garcia | 6 |

**97 MÖRK** Alexander Petersson lék vel með landsliðinu á árinu og skoraði 4,6 mörk í leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**MARKAHÆSTUR** Guðjón Valur Sigurðsson varð markahæsti leikmaður íslenska landsliðsins þriðja árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ragna Ingólfsdóttir mætir gríðarlega sterkri búlgarskri stúlku í úrslitaleik Hellas Victor International í Grikklandi:

# Í úrslit á sjöunda alþjóðlega mótinu sínu

**BADMINTON** Ragna Ingólfsdóttir komst í gær í úrslit á alþjóðlega badmintonmótinu Hellas Victor International þegar hún vann baráttusigur í úrslitalotu á móti Nhung Le frá Víetnam. Þetta er í sjöunda sinn á ferlinum sem Ragna spilar úrslitaleik á alþjóðlegu móti en hún mætir Petyu Nedelchevu frá Búlgaríu í úrslitaleik í dag.

Undanúrslitaleikur Rögnu og Nhung Le var jafn og spennandi. Ragna sigraði fyrstu lotuna 24-22 sem þurti að framlengja eins og sést á tölunum en þá næstu vann Nhung 21-13. Það þurfti því að leika oddalotu til að knýja fram úrslit og þar sigraði Ragna 21-17.

Ragna hefur þegar unnið tvö alþjóðleg mót á þessu ári en hún komst einnig í úrslit á Alþjóðlega Viktoríumótinu í sumar en tapaði þá fyrir Larisu Griga frá Úkraínu. Ragna vann síðan bæði ungverska mótið og Iceland Express International í nóvember.

Það bíður Rögnu erfiður andstæðingur í úrslitaleiknum en hún mætir þar geysisterkri búlgaskri stelpu sem hefur gjörsigrað alla andstæðinga sína á mótinu hingað til. Stúlkurnar sem hafa mætt henni í Grikklandi hafa mest fengið níu stig gegn henni í hverri lotu sem verða að teljast ótrúlegir yfirburðir. Petya er númer 11 á heimslista Alþjóða Badmintonsambandsins en Ragna er þar númer 55. - óój

**ÚRSLITALEIKIR RÖGNU Á FERLINUM:**

| | |
|---|---|
| **Alþjóðlega Hellas Victor International** | |
| Grikkland 22. desember 2007 | |
| Mætir Petyu Nedelchevu frá Búlgaríu | |
| **Alþjóðlega Iceland Express mótið** | |
| TBR-húsið 11. nóvember 2007 | |
| Vann Trine Niemaier frá Danmörku | (21-11 og 21-3) |
| **Opna Ungverska badmintonmótið** | |
| Búdapest 4. nóvember 2007 | |
| Vann Jeaninie Cicognii frá Sviss | (21-13 og 21-18) |
| **Alþjóðlega Viktoríumótið** | |
| Melbourne í Ástralíu 15. júlí 2007 | |
| Tapaði fyrir Larisu Griga frá Úkraínu | (11-21 og 10-21) |
| **Alþjóðlega Iceland Express mótið** | |
| TBR-húsið 12. nóvember 2006 | |
| Vann Susan Hughes frá Skotlandi | (21-14, 11-21 og 21-12) |
| **Opna Ungverska badmintonmótið** | |
| Búdapest 29. október 2006 | |
| Tapaði fyrir Chie Umezu frá Japan | (9-21 og 15-21) |
| **Opna tékkneska meistaramótið** | |
| Ostrava í Tékklandi 1. október 2006 | |
| Vann Camillu Sörensen frá Danmörku | Sú danska gaf leikinn |

**FJÓRÐI ÚRSLITALEIKURINN Í ÁR** Ragna Ingólfsdóttir hefur komist alla leið á fjórum alþjóðlegum mótum í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

**GOTT ÁR** Guðmundur og Magnea voru bæði mjög sigursæl á árinu og voru því vel að tilnefningum sínum komin.

Borðtennissamband Íslands:

## Guðmundur og Magnea valin

**BORÐTENNIS** Stjórn Borðtennissambands Íslands hefur valið Guðmund E. Stephensen og Magneu Ólafs íþróttafólk ársins í borðtennis.

Guðmundur, sem leikur með sænska liðinu Eslöv, er með vinningshlutfall þar í kringum 90%, varð Íslandsmeistari í meistaraflokki fjórtánda árið í röð og varð einnig Íslandsmeistari í tvenndarkeppni. Guðmundur vann gullverðlaun í einliðaleik á Smáþjóðaleikunum í Mónakó.

Magnea þykir mjög efnileg og varð Grand prix meistari Íslands, Íslandsmeistari í tvíliðaleik og þrefaldur Íslandsmeistari í unglingaflokkum á árinu. - óþ

Skíðasamband Íslands:

## Dagný Linda og Björgvin best

**SKÍÐI Dagný Linda Kristjánsdóttir frá Akureyri og Björgvin Björgvinsson frá Dalvík eru skíðafólk ársins.**

**Dagný Linda tók þátt í heimsmeistaramótinu á árinu þar sem hún lenti í 26. sæti í bruni og risasvigi, enn fremur náði hún tvisvar á topp 20 í Evrópubikarnum í bruni og svigi. Dagný Linda vann þrefalt á Íslandsmeistaramótinu.**

**Björgvin var þrettán sinnum á verðlaunapalli á alþjóðlegum mótum erlendis á árinu og varð meðal annars í sjöunda sæti á fyrsta Evrópubikarmótinu í ár. Björgvin vann þrefalt á Íslandsmeistaramótinu.** - óþ

**PIRRAÐUR** Crouch segir erlenda leikmenn bera ábyrgð á þeim leikaraskap sem viðgangist í ensku deildinni.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Peter Crouch, Liverpool:

## Leikaraskapurinn er óþolandi

**FÓTBOLTI** Peter Crouch, framherji Liverpool, er afar ósáttur með rauða spjaldið sem hann fékk á dögunum í leik gegn Chelsea í enska deildarbikarnum og gagnrýnir Jon Obi Mikel og aðra erlenda leikmenn fyrir að vera með óþarfa leikræn tilþrif á vellinum.

„Erlendir leikmenn hafa komið með margt gott inn í enska boltann, en leikaraskapurinn sem þeim er tamt að vera með er nokkuð sem maður vill ekki sjá. Ég fór ekki í Obi Mikel en hann kastaði sér niður eins og hann hefði verið skotinn og ég fékk rautt spjald. Ef ég hefði farið eins gegn Frank Lampard eða John Terry leyfi ég mér að stórefast um að þeir hefðu brugðist eins við. Hefði Jamie Carragher gert eitthvað þessu líkt? Það held ég ekki," sagði Crouch pirraður. - óþ

Allen Iverson tjáir sig um gamla liðið sitt í NBA, Philadelphia 76ers, en hann er ekki par hrifinn af því:

# Það er leiðinlegt að horfa á Sixers í dag

**KÖRFUBOLTI** Allen Iverson hefur spilað vel með Denver það sem af er tímabilinu og er meðal efstu manna í deildinni í stigum (3. sæti með 26,3) og stoðsendingum 10. sæti með 7,5). Denver er efst í Norðvestur-riðlinum með 60 prósenta sigurhlutfall en það er aðra sögu að segja af gamla liðinu hans.

„Ef ég væri enn í Philadelphia væri liðið ekki í svona slæmum málum. Miðað við styrkleika austursins ætti liðið möguleika á að gera eitthvað.

Það er bara hundleiðinlegt að horfa á leiki þess í dag og það sést líka á áhorfendunum því það er engin stemning á pöllunum," segir Iverson í viðtali við Rocky Mountain-fréttastofuna. Iverson fór í skiptum frá Philadelphia til Denver 19. desember í fyrra. Í staðinn fékk 76ers, liðið sem hann spilaði með fyrstu tíu ár ferils síns, Andre Miller, Joe Smith og valrétt.

„Ég veit að Sixers fékk ekki nóg fyrir mig," sagði Iverson, sem er efstur hjá Denver í stigum, stoðsendingum, stolnum boltum. mínútum og töpuðum boltum. „Stuðningsmenn Philadelphia vita að félagið fékk ekki nóg fyrir mig en forráðamenn liðsins vildu bara losna við mig," bætti Iverson við en hann hefur alltaf haldið því fram að hans stefna hafi verið að klára ferilinn sem leikmaður Sixers. - óój

**GAGNRÝNINN** Allen Iverson líst ekkert á stöðuna á sínu gamla liði.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Arsenal og Liverpool fara til Mílanó

**Dregið var í sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í gær og margir stórleikir eru í boði. Ensku liðin Arsenal og Liverpool takast á við ítölsku stórliðin AC og Inter frá Mílanó og Manchester United mætir Lyon. Chelsea etur kappi við Olympiakos og Eiður Smári og félagar í Barcelona mæta skoska liðinu Celtic.**

**FÓTBOLTI** Gríðarleg spenna var í loftinu þegar dregið var um hvaða lið mætast í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Arsenal dróst gegn núverandi Meistaradeildarmeisturunum í AC Milan og Liverpool heldur einnig til Mílanóborgar og mætir Ítalíumeisturum Inter. Englandsmeistarar Manchester United etja kappi við Frakklandsmeistara Lyon og Chelsea mætir Olympiakos. Arsenal mætir AC Milan í fyrsta skipti í Meistaradeild Evrópu og Arsene Wenger, stjóri liðsins, er bjartsýnn á að hans unga og efnilega lið nái að láta til sín taka.

### Ekki slæmur dráttur

„Þetta verða áhugaverðir leikir og ég er viss um að við getum komist áfram ef við spilum okkar besta leik. Ég er líka sannfærður um að allir verða upp á sitt besta í svona stórleik, þannig að þetta er í raun alls ekki slæmur dráttur fyrir okkur," sagði Wenger og kvað lið sitt enn hungrað í árangur eftir tapið gegn Barcelona fyrir tveimur árum.

„Við höfum verk að vinna og ef við ætlum að vinna keppnina þurfum að fara í gegnum bestu liðin," sagði Wenger en Arsenal á fyrri leik sinn á heimavelli.

Liverpool á ekki síður erfitt verkefni fyrir höndum þegar liðið mætir Ítalíumeisturum Inter en Rafa Benitez er þó fullur sjálfstrausts.

„Við áttum von á erfiðum mótherja og við fengum erfiðan mótherja. Inter hefur yfir frábærum leikmannahópi að ráða og góðri reynslu í Evrópu en við höfum mikla trú á sjálfum okkur og okkar reynslu í þessarri keppni. Ég held að Inter hafi miklar áhyggjur af því að mæta okkur og það getur allt gerst þegar liðin mætast," sagði Benitez en Liverpool á fyrri leik sinn á heimavelli.

**Á LEIÐ TIL ENGLANDS EFTIR ÁRAMÓT** Svíinn Zlatan Ibrahimovic (til vinstri) og Brasilíumaðurinn Kaka verða örugglega í stórum hlutverkum þegar Mílanóliðin mæta Liverpool og Arsenal í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar í febrúar.

NORDICPHOTOS/GETTY

Manchester United mætir Lyon, sem náði að tryggja sér farseðilinn í sextán liða úrslit á lokakeppnisdegi riðlakeppninnar með góðum sigri gegn Rangers, en Sir Alex Ferguson, stjóri United, hefur miklar mætur á franska liðinu.

„Lyon hefur unnið frönsku deildina í sex ár í röð sem er ótrúlegur árangur og þetta verða því erfiðir leikir. Maður á reyndar aldrei von á léttum leikjum þegar svona langt er liðið á keppnina, en við stefnum augljóslega á að komast lengra í keppninni og ætlum okkur ekkert nema sigur," sagði Ferguson ákveðinn en lið hans á seinni leik sinn á heimavelli.

### Auðvelt hjá Chelsea

Chelsea fékk eflaust að flestra mati auðveldasta verkefnið af ensku liðunum þegar það mætir Olympiakos og á seinni leik sinn á heimavelli. Öllum er jafnframt ljóst að mikil pressa er á Avram Grant, stjóra liðsins, að ná betri árangri í Meistaradeild Evrópu en forveri hans í starfi, José Mourinho, náði með liðið.

Eiður Smári og félagar í Barcelona mæta Gordon Strachan og lærisveinum hans í Celtic og stórliðin Real Madrid og Roma mætast.

omar@frettabladid.is

**MEISTARADEILD EVRÓPU**

**Fyrri leikirnir fara fram 19.-20. febrúar 2008 en þeir seinni 4.-5. mars:**

| |
|---|
| Arsenal-AC Milan |
| Liverpool-Inter Milan |
| Lyon-Manchester United |
| Olympiakos-Chelsea |
| Celtic-Barcelona |
| Roma-Real Madrid |
| Fenerbahce-Sevilla |
| Schalke-Porto |

Jessica Simpson mætti til að horfa á kærastann, Tony Romo, spila og hann átti sinn versta leik á ferlinum:

# Stuðningsmenn Dallas Cowboys vilja ekki sjá Jessicu Simpson aftur á vellinum

**NFL** Hinn magnaði leikstjórnandi Dallas Cowboys, Tony Romo, er einnig mikill kvennamaður og hann hefur verið að slá sér upp með frægum söngkonum síðustu mánuði. Hann var ekki fyrr búinn að skila Idol-stjörnunni Carrie Underwood en hann tók saman við Jessicu Simpson.

Jessica mætti á völlinn um síðustu helgi til þess að sjá kærastann spila og það hafði ekki góð áhrif því Dallas tapaði fyrir Philadelphia, 10-6, og Romo átti sinn lélegasta leik á ferlinum. Stuðningsmenn Cowboys kenna Simpson um slaka frammistöðu Romo en hún mætti á völlinn í sérhönnuðum bleikum Dallas-búningi. Stuðningsmennirnir vilja ekki sjá hana aftur í stúkunni og undir það tekur stjörnuútherji liðsins, Terrell Owens.

„Eins og staðan er í dag er Jessica Simpson ekki í neinu uppáhaldi hjá stuðningsmönnunum frekar en í klefanum," sagði Terrell Owens en þess má geta að slakasti leikur Romo fyrir þennan leik var þegar Underwood mætti í fyrsta og eina skiptið til að horfa á hann spila og var það líka leikur gegn Philadelphia.

„Miðað við það sem á undan er gengið með Carrie Underwood er ekki skrítið að stuðningsmennirnir telji að Jessica sé að trufla hann í að einbeita sér að því sem skiptir máli," sagði Owens enn fremur. - hbg

**KVENNABÓSI** Tony Romo, leikstjórnandi Dallas Cowboys, hefur verið að slá sér upp með þessum tveim glæsilegu söngkonum síðustu mánuði.

GETTY IMAGES OG AP

# dagskrá

## > Don Cheadle

Eftir leik sinn í myndinni Hotel Rwanda hefur Cheadle verið mjög virkur í baráttunni fyrir því að vekja umheiminn til vitundar um málefni Darfur-héraðs í Súdan. Hefur Cheadle meðal annars ferðast með bandarískum öldungardeildarþingmönnum um héraðið og sýnt þeim þær hörmungar sem þar eiga sér stað. Cheadle leikur í óskarsverðlaunamyndinni Crash sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR TREYSTIR Á FJÖLMIÐLA UM JÓLIN

# *Útvarpsdagskráin er mikilvægust allra*

Jólahefðir eru á allra vörum þessa dagana. Allir hafa sínar, og á sumum heimilum leika sjónvarp og sérstaklega útvarp stóran þátt í þeim. Sjónvarpið á kannski flesta aðra daga ársins, en útvarpið eignar sér jólahaldið. Ég get til dæmis ekki án þess verið að heyra að minnsta kosti eitthvað af jólakveðjunum sem lesnar eru upp á Rás 1 á Þorláksmessu. Það er algjörlega ómissandi í mínu jólahaldi, þó ég hafi aldrei sent slíka sjálf og, að mér vitandi, ekki fengið aðrar kveðjur en þær sem beinast til landsmanna allra.

Einhverjum aðkomnum gæti þótt það undarlegt að þær útvarpsmínútur sem eru í mestu uppáhaldi hjá mér, og að minnsta kosti nokkrum öðrum í minni fjölskyldu, eru þær þegar ekkert er í útvarpinu. Í þessu nútímasamfélagi, þar sem upplýsingarnar skella á okkur linnulaust frá morgni til kvölds, eru mínúturnar á undan klukkuhljóminum klukkan sex á aðfangadagskvöld þær áhrifamestu – og þær einkennast af algerri þögn. Ekki má útvarpið heldur klikka þegar að jólamessunni er komið, enda er hún jafn ómissandi með borðhaldinu og sósa og jólaöl.

Sjónvarpsjólahefðir hafa ekki jafn djúpar rætur í mínu hjarta. Mér líst reyndar ljómandi vel á það sem sjónvarpsstöðvarnar bera á borð yfir hátíðirnar, enda um auðugan garð að gresja í hugguleg heitamyndum. Eitt er það þó sem ég sakna. Það er kókauglýsingin gamla og góða þar sem fólk syngur um eplatré og turtildúfur með kerti í höndunum. Ég veit ekki hvort það hafi verið fallið frá því að sýna hana, en undanfarin ár hef ég að minnsta kosti misst alveg af henni. Nú hefur því nýr jólamiðill bæst í hópinn: youtube á internetinu. Þar er nefnilega hægt að finna auglýsinguna, og jólin mín mega því ganga í garð.

## EKKI MISSA AF

▶ **14.45 Liverpool-Portsmouth** SÝN 2

▶ **19.05 The Polar Express** STÖÐ 2

▶ **19.45 How the Grinch Stole Christmas** RÚV

▶ **20.30 E-Ring** SIRKUS

▶ **23.00 The Purple Rose of Cairo** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Lítil prinsessa, Halli og risaeðlufatan, Snillingarnir, Bitti nú!, Krakkamál, Skúli skelfir, Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar
**10.00 Latibær**
**10.30 Kastljós**
**11.00 Kiljan**
**11.45 07/08 bíó leikhús**
**12.15 Rithöfundur með myndavél**
**13.10 Gargandi snilld**
**14.40 Ómur af söng**
**15.40 Ginklofinn**
**16.45 Bronx brennur** (8:8)
**17.30 Táknmálsfréttir**
**17.40 Útsvar**
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.35 Veður**
▶**19.45 Þegar Trölli stal jólunum** (Dr. Seuss: How The Grinch Stole Christmas) Bandarísk ævintýramynd frá 2000 byggð á frægri sögu eftir Dr. Seuss um furðuveru sem reynir að stela jólunum frá íbúum lítils bæjar í ævintýralandinu. Leikstjóri er Ron Howard og meðal leikenda eru Jim Carrey.
**21.30 Tíska og tónar** Upptaka frá fjáröflunarsamkomu fyrir góðgerðarsjóð Karls Bretaprins þar sem sýnd voru föt frá mörgum af frægustu tískuhúsum heims.
**22.50 Nynne**
**00.25 Árekstrar** (Crash)
**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Craft**
**08.00 World Traveler**
**10.00 I Heart Huckabees**
**12.00 Herbie: Fully Loaded**
**14.00 World Traveler**
**16.00 I Heart Huckabees**
**18.00 Herbie: Fully Loaded**
**20.00 The Craft**
**22.00 I´ll Sleep When I´m Dead**
**00.00 The Woodsman**
**02.00 Dark Water**
**04.00 I´ll Sleep When I´m Dead**

## STÖÐ 2

**07.00 Hlaupin**
**07.10 Barney**
**07.35 Magic Schoolbus**
**08.00 Algjör Sveppi**
**10.10 Jesús og Jósefína** (22:24) (e)
**10.35 Spy Kids 3-D: Game Over**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.25 The Bold and the Beautiful**
**12.45 The Bold and the Beautiful**
**13.05 The Bold and the Beautiful**
**13.25 The Bold and the Beautiful**
**13.45 The Bold and the Beautiful**
**14.10 Örlagadagurinn** (29:30)
**14.55 Side Order of Life** (10:13)
**16.00 Two and a Half Men** (18:24)
**16.25 Osbournes Christmas Special** (e)
**17.15 Grey´s Anatomy** (8:22)
**18.00 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
▶**19.05 Fjölskyldubíó - The Polar-Express** Sannkallað jólaævintýri fyrir alla fjölskylduna frá Tom Hanks og leikstjóranum Robert Zemecki. Hér segir frá ungum dreng sem efast um tilvist jólasveinsins. Á sjálfa jólanóttina fær hann óvænta heimsókn og er boðið í ógleymanlegt ferðalag um mikla ævintýraveröld. Myndin er sýnd með ensku tali. Leikstjóri: Robert Zemeckis. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.45 The Family Stone**
**22.30 Christmas Vacation 2** Óborganleg gamanmynd, framhald einnar vinsælustu jólamyndar síðari ára þar sem hinn óborganlegi Eddie frændi snýr aftur.
**23.55 Ice Harvest** Spennandi gamanmynd með John Cusack og Billy Bob Thornton í aðalhlutverkum. Charlie Arglist er lögfræðingur sem ákveður að gefa sjálfum sér ríflega launahækkun og stelur tveimur milljónum dollara. Hann veit hins vegar ekki hvað hann á að gera þegar flóttinn fer úr skorðum. Aðalhlutverk: John Cusack, Ned Beatty, Connie Nielsen. Leikstjóri: Harold Ramis. 2005. Stranglega bönnuð börnum.
**01.20 Poirot - Cards on the Table**
**02.55 Courage under Fire** (e)
**04.50 Grey´s Anatomy** (8:22)
**05.35 Fréttir**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**08.00 Blackburn - Arsenal**
**09.40 Chelsea - Liverpool**
**11.20 Miami - New Jersey NBA körfuboltinn** Útsending frá leik Miami og New Jersey.
**13.20 Target World Challenge**
**16.20 Race of Champions 2007 - Hápunktar**
**17.20 NFL - Upphitun**
**17.50 Inside Sport**
**18.20 King of Clubs** Vandaður fréttaþáttur þar sem fjallað er um nokkur af stærstu liðum Evrópu.
**18.50 King of Clubs**
**19.20 Heights of Passion** (Erkifjendur) Frábær þáttaröð þar sem teknar eru fyrir viðureignir erkifjenda í knattspyrnuheiminum. Í þessum þætti verður fjallað um hið sérstaka haturssamband sem ríkir á milli spænsku stórliðanna Real Madrid og Barcelona.
**20.20 Spænski boltinn - Upphitun**
**20.50 Sevilla - Racing Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Sevilla og Racing.
**22.50 Floyd Mayweather vs. Ricky Hatton**

## SÝN 2

**09.35 Premier League World**
**10.05 PL Classic Matches**
**10.35 PL Classic Matches**
**11.05 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**12.05 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**
**12.35 Arsena - Tottenham Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá nágrannaslag Arsenal og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
▶**14.45 Liverpool - Portsmouth** Bein útsending frá leik Liverpool og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni. Sýn Extra. Aston Villa - Man. City Sýn Extra 2. Middlesbrough - West Ham Sýn Extra 3. Reading - Sunderland Sýn Extra 4. Bolton - Birmingham
**17.10 Coca-Cola Championship** Bein útsending frá leik Wolves og Leicester í Championship-deildinni.
**19.10 4 4 2**
**20.30 4 4 2**
**21.50 Arsenal - Tottenham**
**23.30 4 4 2**
**00.50 4 4 2**

## SKJÁREINN

**10.35 Vörutorg**
**11.35 Dr. Phil** (e)
**13.50 Less Than Perfect** (e)
**14.20 According to Jim** (e)
**14.50 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)
**15.50 Survivor** (e)
**17.30 Giada´s Everyday Italian** (e)
**18.00 Game tíví** (e)
**19.15 The Truth About Size Zero** (e) Einstakur þáttur með bresku sjónvarpskonunni Louise Redknapp þar sem hún kannar hvað konur þurfa að leggja á sig til að megra sig og líta út eins og þvengmjóar fyrirsætur.
**20.10 Friday Night Lights** (e)
**21.00 Heroes** (e)
**22.00 House** (e)
▶**23.00 Purple Rose of Cairo** Gamanmynd frá 1985 frá meistara Woody Allen. Cecilia er að reyna að ná endum saman í kreppunni miklu á fjórða áratug síðustu aldar. Hún fer í kvikmyndahús til að gera sér dagamun og henni til mikillar undrunar stígur aðalleikari myndarinnar út úr tjaldinu og inn í líf hennar. Aðalhlutverkin leika Mia Farrow, Jeff Daniels og Danny Aiello. Woody Allen var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir handritið að myndinni.
**00.20 Law & Order: Criminal Intent** (e)
**01.05 Californication** (e)
**01.40 State of Mind** (e)
**02.30 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)
**03.20 C.S.I.** (e)
**04.05 C.S.I.** (e)
**04.50 Vörutorg**
**05.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.45

### The Family Stone

Bráðskemmtileg rómantísk gamanmynd með Söruh Jessicu Parker, Diane Keaton, Claire Danes og Rachel McAdams í aðalhlutverkum. Meredith er stíf og íhaldssöm viðskiptakona sem þarf að eyða jólunum með tilvonandi tengdafjölskyldu sinni. Þetta getur ekki annað en farið illa enda er tengdafjölskyldan frjálslyndur hópur sem á fátt sameiginlegt með Meredith. Leikstjóri: Thomas Bezucha.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Arsenal - Tottenham

### Sýn 2 kl. 12.35

Þó svo að við Íslendingar getum illa gert okkur grein fyrir því verða slagirnir í enska boltanum vart stærri en þessi Lundúnabarátta á milli Arsenal og Tottenham. Hér mætast tvö lið sem hafa eldað saman grátt silfur frá upphafi og á því verður engin breyting í dag. Arsenal hefur undanfarið verið að hiksta örlítið á meðan Tottenham hefur sótt í sig veðrið. Baráttan er því í meira lagi forvitnileg.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Tímakornið
**15.20** Bókaþing
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Á söguslóðum Aðventu)
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Jólatónleikar
**21.35** Jólaferð norður
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Á hljóðbergi: Pavarotti the Legend / Goðsögnin Pavarotti - fyrri hluti
**23.20** Villtir strengir og vangadans
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SKJÁ SIRKUS

**14.30 Hollyoaks**
**14.55 Hollyoaks**
**15.20 Hollyoaks**
**15.45 Hollyoaks**
**16.10 Hollyoaks**
**16.35 Skífulistinn**
**17.35 X-Files** (e)
**18.20 Talk Show With Spike Feresten**
**18.45 The George Lopez Show** (21:22)
**19.10 The War at Home** (3:22) (e)
**19.35 The War at Home** (4:22) (e)
**20.00 Logi í beinni**
▶ **20.30 E-Ring** (21:22) (Ysti hringurinn) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrverandi CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
**21.15 Wildfire** (1:13)
**22.00 How to Marry a Billionaire** Gamanmynd um þrjá náunga sem alla dreymir um að verða ríkir.
**23.30 Footballers´ Wives - Extra Time**
**23.55 Footballers´ Wives - Extra Time**
**00.20 Mangó** (4:6)
**00.45 Þristurinn**
**01.20 Þristurinn**
**01.55 Þristurinn**
**02.30 Þristurinn**
**03.05 Þristurinn**
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.15** The Weakest Link **13.00** What not to Wear **14.00** Hell To Hotel **15.00** Dune **16.00** Monsters We Met **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** Doctor Who **19.00** What Not To Wear When You're A Plus One **20.00** Miracles Of Jesus **21.00** Ever Decreasing Circles **21.30** Little Britain **22.00** Grumpy Old Men **22.30** The Mighty Boosh **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders **0.00** Miracles Of Jesus **1.00** Little Britain **1.30** Ever Decreasing Circles **2.00** Grumpy Old Men **2.30** The Mighty Boosh **3.00** Monsters We Met

## DR 1

**11.30** Boogie Listen **12.30** Doctor Who **13.15** White Christmas **15.10** Julehilsen til Grønland 2007 **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Jul i Svinget **17.00** Når gorillaen flytter på landet **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Djævlens tumleplads **19.00** Far til fire i byen **20.35** Inspector Morse **22.15** Out of Time **23.55** Jerry Lee Lewis - Last Man Standing

## NRK 1

**10.20** Kunnskapskanalen **10.55** V-cup hopp **12.45** Nobelportrett: Al Gore og IPCC **13.10** Ut i naturen **14.35** Flukten fra hønsegården **16.00** V-cup hopp: Høydepunkter fra Engelberg **17.00** Barnas superjul **17.30** Gaven **18.00** Dagsrevyen **18.30** Lottotrekning **18.40** Julekonsert med Sissel og The Mormon Tabernacle Choir **19.40** Jul i borettslaget **20.40** Med hjartet på rette staden **21.25** Fakta på lørdag **22.15** Kveldsnytt **22.30** Keno **22.35** Utenfor rekkevidde **0.35** Dansefot jukeboks med chat **3.00** Country jukeboks

## SVT 1

**11.15** Centralskolan **11.45** Kobra **12.30** Andra Avenyn **13.00** Andra Avenyn **13.30** Andra Avenyn **14.00** En spricka i kristallen **15.00** Uppdrag Granskning **16.00** På spåret **17.00** BoliBompa **17.05** Timon och Pumbaa **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Evas superkoll **17.55** Bernard **18.00** Hej rymden! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Svensson, Svensson **19.30** Babben & co **20.30** Brottskod: Försvunnen **21.15** Kvarteret Skatan **21.45** Out of Practice **22.10** Rapport **22.15** Lockbete


KÆST SKATA
VESTFIRSK SKATA
SALTFISKUR
SIGINN FISKUR
GRÁSLEPPA
HARÐFISKUR
STÓR HUMAR

Opið
Laugardaginn 22. des 9-19
Þorláksmessa 23. des 9-19

FISKBÚÐIN
HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686

## PERSÓNAN

*Aðalsteinn Eyjólfsson*

*Aldur: 30*

*Starf: Handboltaþjálfari. Rekur ferðaskrifstofuna Frjálsa ferðafélagið.*

*Fjölskylda: Einhleypur.*

*Foreldrar: Eyjólfur Bragason og Svanhvít Aðalsteinsdóttir.*

*Búseta: Ásbúð 92, Garðabæ.*

*Stjörnumerki: Tvíburi.*

Aðalsteinn Eyjólfsson er þjálfari meistaraflokks kvennaliðs Stjörnunnar og stendur í stórræðum vegna ummæla sinna um dómara eftir leik Stjörnunnar og Fram.

# *Engar jólakveðjur frá Domino's í ár*

„Við erum búin að koma í veg fyrir þetta í ár, það verða engin smáskilaboð frá Dominos á aðfangadag og væntanlega verður þetta ekki endurtekið í bráð," segir Ásdís Höskuldsdóttir, framkvæmdastjóri Domino's á Íslandi.

Fá SMS-skilaboð hafa vakið jafn sterk viðbrögð og jólakveðja pizzafyrirtækisins um síðustu jól og hreinlega logaði allt á netinu vegna þeirra. Kveðjan „Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á liðnu ári. Starfsfólk Domino's," barst fjölmörgum landsmönnum þegar fólk var að standa upp frá jólaborðinu og gerði sig reiðubúið að taka utan af jólagjöfunum. Þung orð voru látin falla í garð Domino's og varð þáverandi framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Baldur Baldursson, meðal annars að biðjast afsökunar á skilaboðunum.

En einhverjir tóku þó upp hanskann fyrir pizzugerðarmennina og Guðmundur Steingrímsson, núverandi aðstoðarmaður borgarstjóra, skrifaði meðal annars á bloggið sitt: „Þessi jólakveðja reyndist ekki vera það tundurskeyti inn í jólahaldið mitt, eins og ég heyrði í fréttum að hún hafi orðið í jólahald annarra. Ég brosti bara út í annað og eyddi skilaboðunum." Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, sagði hins vegar við þetta sama tilefni að það væri ólíðandi að fyrirtæki sendu út SMS á aðfangadag, jafnvel þótt auglýsingin væri dulbúin sem jólakveðja.

Ásdís var á þeim tíma ekki framkvæmdastjóri heldur viðskiptavinur en fékk skilaboðin. „Ég minnist þess þó ekki að hafa orðið jafn hvekkt og aðrir. En vissulega varð allt brjálað," segir Ásdís.

**- fgg**

**EKKERT SMS** Domino's hefur ákveðið, að fenginni reynslu, að senda viðskiptavinum sínum ekki jólakveðju í smáskilaboðum þetta árið. Ásdís Höskuldsdóttir ábyrgist það. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SIF DAVÍÐSDÓTTIR:** HEFUR ÁTT TVÆR DÆTUR Á AFMÆLISDAGINN SINN

# Þrefalt afmæli rétt fyrir jól

Sif Davíðsdóttir förðunarfræðingur á afmæli í dag, hinn 22. desember. Svo ótrúlega vill til að dóttir hennar, Alexandra Ýr, á líka afmæli dag og verður 19 ára en Sif fæddi hana á 17 ára afmælisdegi sínum. Sögunni lýkur þó ekki þar því hinn 22. desember í fyrra átti Sif aðra dóttur, Lísu. Hún hefur því átt tvær dætur á afmælisdegi sínum. Líkurnar á því eru einn á móti 48,6 milljónum.

„Það er reyndar fleira merkilegt við þennan dag," segir Sif í samtali við Fréttablaðið. „Móðurafi minn drukknaði á sjó 22. desember árið 1966 en dagurinn var jafnframt brúðkaupsafmælisdagur foreldra hans. Fimm árum síðar fæddist ég. Þessi dagur hefur því verið mjög örlagaríkur í fjölskyldunni." Sif á þrjár dætur en sú þriðja, Telma Rut, er 14 ára og fædd hinn 30. júní. Hvorug hinna átti að koma í heiminn 22. desember. Alexandra átti að fæðast hinn 16. og Lísa ekki fyrr en 6. janúar. Ekki nóg með það heldur voru afmælisbörnin þrjú nákvæmlega jafnþung og jafnstór við fæðingu, 14 merkur og 52 sentimetrar.

„Mig dreymdi afa rétt áður en ég átti eldri stelpuna. Þegar ég sagði mömmu frá því þóttist hún viss um að ég myndi eiga á dánardegi hans. Það reyndist rétt hjá henni enda hafði hana dreymt afa rétt áður en hún átti mig. Þá hélt hún reyndar að hann væri að biðja um nafn og að hún myndi eiga strák. Hins vegar var hún alltaf viss um að ég kæmi í heiminn þennan dag. Í fyrra var ég gjörsamlega grunlaus heima í rólegheitum á afmælisdaginn. Pabbi hringdi um kvöldmatarleytið til að óska mér til hamingju með daginn og spurði hvort það væri eitthvað að gerast. Ég hélt nú ekki. Um leið og ég skellti á hann var eins og einhver hefði ýtt á takka. Ég fékk miklar hríðir og við vorum komin upp á sjúkrahús um níuleytið. Lísa var fædd kl. 23.23. Hún hefur ætlað sér að koma þennan dag," segir Sif og hlær. „Ég fór í eftirskoðun hjá Gesti Pálssyni barnalækni. Hann fór að hlæja þegar hann heyrði söguna, sagðist hafa haldið að hann ætti metið með því að eiga tvær dætur sama daginn en viðurkenndi að ég hefði gert enn betur með því að eiga sjálf afmæli í ofanálag."

Sif vílar það ekki fyrir sér að slá upp þrefaldri afmælisveislu tveimur dögum fyrir jól. „Ég hef yfirleitt haldið upp á afmælin fyrr í desember en þannig vill til að ég og systur mínar tvær urðum allar ófrískar á síðasta ári og áttum börnin með stuttu millibili. Það er því búið að vera mikið um afmælisveislur og það vildi þannig til að þetta er laugardagur. Við ætlum að vera hér með kaffiboð fyrir fjörutíu manns enda eigum við hjónin bæði stórar fjölskyldur."

**sigrunosk@frettabladid.is**

**AFMÆLISBÖRNIN** Mæðgurnar Sif Davíðsdóttir, Alexandra Ýr og Lísa eiga allar afmæli í dag. Líkurnar á því eru einn á móti tæplega fimmtíu milljónum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sænska stórsöngkonan **Carola** hélt tvenna jólatónleika í Grafarvogskirkju á fimmtudagskvöld. Fyrri tónleikarnir áttu að hefjast kl. 20 en þeim seinkaði töluvert þar sem fólki gekk erfiðlega að finna bílastæði og ekki reyndust nægir stólar fyrir alla. Gestir á seinni tónleikunum þurftu því að bíða lengi vel fyrir utan salinn við lítinn fögnuð þeirra. Það rauk þó fljótlega úr þeim flestum enda tónleikarnir að öðru leyti vel heppnaðir. Meðal gesta á tónleikunum voru sjónvarpskonan **Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir**, förðunarfræðingurinn **Elín Reynisdóttir** og söngkonurnar **Sigríður Beinteinsdóttir** og **Regína Ósk Óskarsdóttir**.

**Jón Karl Ólafsson**, fráfarandi forstjóri Icelandair, er alþýðlegur maður og vinsæll. Hans er sárt saknað af starfsfólkinu. Marga undraði þegar hann var látinn fara því Jón Karl er ekki bara við alþýðuskap heldur praktískur maður einnig og sást á föstudag versla í jólamatinn í Bónus Spönginni. Og telja nú menn að hann ætli að láta starfslokasamninginn endast vel og lengi með aðhaldi á öllum vígstöðvum.

**- sók/jbg**



**LÁRÉTT**
**2.** drápstæki **6.** skammstöfun **8.** knæpa **9.** nægilegt **11.** hljóm **12.** frárennsli **14.** blóm **16.** drykkur **17.** á móti **18.** tunna **20.** til dæmis **21.** kvenflík.

**LÓÐRÉTT**
**1.** erfðavísa **3.** klafi **4.** hundraðshluti **5.** lærdómur **7.** hóf **10.** æxlunarkorn **13.** spíra **15.** brýna **16.** fjör **19.** bor.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vopn, **6.** eh, **8.** krá, **9.** nóg, **11.** óm, **12.** ræsis, **14.** sóley, **16.** te, **17.** and, **18.** æma, **20.** td, **21.** pils.

**LÓÐRÉTT: 1.** gena, **3.** ok, **4.** prósent, **5.** nám, **7.** hófsemi, **10.** gró, **13.** ála, **15.** ydda, **16.** táp, **19.** al.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8.

1. Þorsteinn Davíðsson.
2. Jólasveininn.
3. Rakel Dögg Bragadóttir.

# Andri Freyr rekinn þriðju jólin í röð

„Já, þetta er orðinn stór partur af jólahaldi hjá mér. Þetta eru sem sagt þriðju jólin í röð sem ég missi vinnuna," segir útvarpsmaðurinn snjalli Andri Freyr Viðarsson.

Hann hefur undanfarna mánuði rekið útvarpsþáttinn Capone ásamt Búa Bendtsen á Reykjavík FM 101,5. Að sögn Andra stendur til að loka stöðinni um áramót. Og þá blasir atvinnuleysið við enn og aftur.

„Já, eins og staðan er í dag. Nema einhver yndislegur fjárfestir þarna úti stökkvi til. Og ég auglýsi hér með eftir honum. Annars verðum við bara slakir í janúar og bíðum eftir atvinnutilboðum," segir Andri.

Fyrir ári sat Andri bak við hljóðnemann á útvarpsstöðinni X-FM. Og fékk þá sömu jólagjöfina. „Já, á gamlársdag. Þá var öllum sagt upp. Og þar áður sama sagan en þá var ég á X 97,7. Þá var verið að loka stöðinni," segir Andri og telur fráleitt að hann hafi verið rekinn vegna þess að hann sé svo lélegur starfskraftur. „Neineineinei, ég veit allt um það hversu mikill meistari ljósvakans ég er. En þetta fer allt einhvern veginn í þrot. Eins og það borgi sig ekki að halda úti útvarpsstöð eða að þeir sem eru að reka þetta séu ekki með bisnesshliðina alveg á hreinu."

Andri Freyr segir óljóst hvað verði en á næsta ári stóð til að fagna tíu ára starfsafmæli í útvarpi. „Já, þá hefði ég náð tíu árum „in the biz". Annars var pabbi að hringja. Og lofa mér stöðu við álverið. Segir það eina vitið," segir Andri Freyr sem einmitt er að austan. Frá Reyðarfirði meira að segja þar sem menn sjá fram á trygga atvinnu við að hræra í álkerjum. En aðdáendur Andra velkjast ekki í vafa um að mikill missir yrði fyrir íslenskt útvarp ef hann hyrfi af öldum ljósvakans. Andri segir sjálfur að kannski sé réttast að snúa sér að öðru. „Það þýðir ekki að búa við þetta um hver jól. En svo ber á það að líta að ég kann ekkert annað."

**- jbg**

**ANDRI FREYR** Pabbi hans segir eina vitið að fara aftur austur og vinna í álverinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni

**Beretta PacLite skotveiðigalli og ókeypis Garmin Etrex GPS tæki.**
Algjörlega vatnsheldur, þunnur Gore-Tex galli, frábær á rjúpu, hreindýr eða heiðagæsina. Garmin Etrex GPS tæki fylgir ókeypis.
**Fullt verð 61.800. Tilboð til jóla aðeins 39.900.**

**Rjúpnaveiðivesti.**
Nauðsynleg í rjúpnaveiðina. Margir vasar fyrir veiðina, GPS, GSM, veiðikortið, nestið og fleira.
**Fullt verð 7.990. Jólatilboð aðeins 6.490.-**

**Beretta skotveiðibakpoki með byssufestingu.** Góður poki í alla skotveiði. Stillanlegar mittis, brjóst og axlarólar. Góð og aðgengileg hólf. Vatnsheld veðurhlíf fylgir.
**Frábært verð. Aðeins 13.495.**

**Ameristep rúllubaggi.**
Vinsælasta felubirgið á markaðnum.
**Hvergi betra verð. Aðeins 16.880.**

**Whitewater skotveiðigalli.**
Buxur og jakki.
100% Vatnsheldur galli með góðri útöndun.
**Verð aðeins 19.900.**

**ProLogic Thermo skotveiðihanskar.**
Vatnsheldir og hlýir. **Verð aðeins 2.995.**
Einnig úr neopren. **Verð aðeins 2.295.**

**Cass Creek æfingatæki.**
Lærðu að flauta á grágæs, heiðagæs og önd með Cass Creek.
**Verð aðeins 3.995.**

**Vandað hreinsisett fyrir haglabyssur.**
Burstar, stöng, olía og fleira í góðum kassa.
**Verð aðeins 4.880.**

**Ron Thompson Aquasafe vöðlupakki.**
Góðar öndunarvöðlur og skór.
**Fullt verð 28.990. Jólatilboð aðeins 19.995**

**Simms L2 vöðlupakki.**
Langbesta verð landsins á Gore-Tex vöðlum. Simms L2 vöðlur og Simms skór.
**Fullt verð kr. 44.800.**
**Jólatilboð aðeins 34.900.**

**Dakota útivistarúr.**
Frábært úrval vatnsheldra útivistarúra með áttavita, hitamæli og fleira.
**Verð aðeins frá 4.995.**
Dakota Angler II (á mynd)
**aðeins 10.990.**

**Gerviandasett.**
12 stokkendur; sofandi, vakandi og kafandi.
Góður bakpoki, bönd og blýsökkur fylgja.
**Frábært verð. Aðeins 8.995 fyrir allt þetta.**

**Nýtt – NRS flotveiðivesti.**
Sérhönnuð flotvesti fyrir veiðimenn.
Örugg vesti í alla veiði.
**Verð aðeins 12.980.**

**Sage fluguveiðipakki. Fli og Launch** 4ra hluta stöng í hólk. Gott LA hjól og RIO flugulína. Lífstíðarábyrgð frá framleiðanda á stöng. Frábært verð á alvöru fluguveiðipakka. **Aðeins frá 34.900.**

**Wish. Íslenska fluguveiðihjólið.** Falleg hönnun og vönduð íslensk smíði. **Verð aðeins frá 39.900.**

**Veiðiflugur Íslands.**
Biblía fluguhnýtarans. Bók sem allir áhugamenn um fluguveiði verða að eiga. **Verð aðeins 3.995.**

**Lureflash fluguhnýtingasett.**
Úrval af efni og handverkfærum ásamt öngulheldu og DVD hnýtingakennslu í góðri tösku. **Minna sett aðeins 5.595.**
**Stærra sett aðeins 7.995.**

**Scierra Explorer veiðitaska.**
Afar vönduð og sterk veiðitaska undir allan veiðibúnaðinn. Vatnsheldur botn.
**Verð aðeins 6.995.**

**Scierra hjólatöskur í þrem stærðum.**
Fyrir 5 til 10 hjól.
**Verð aðeins frá 2.995.**

**Ron Thompson veiðijakki.**
Vatnsheldur með útöndun.
**Fullt verð 12.900.**
**Jólatilboð aðeins 9.995.**

**Lærðu að hnýta silungaflugur og Lærðu að hnýta laxaflugur.** Fluguhnýtinganámskeið á íslensku á tveim DVD diskum. **Aðeins 2.995 hvor diskur.**

**Ron Thompson reykofn.**
3 stærðir. **Gott verð eða aðeins frá 5.995.- Einnig reyksag á 695.**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940

SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ

**Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 - Veidimadurinn.is -**

**Krókhálsi 5 - Sími 517 8050 - Sportbudin.is -**

**Síðumúla 8 - Sími 568 8410 - Veidihornid.is -**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Sími: 552-1900 Vesturgata 6-8
Veitingahúsið Kínamúrinn
Veisluþjónusta - Hlaðborð - Pinnaveisla - Sushi - Tilboð
Stór glæsilegur útsölumarkaður af Jólagjafavörum
11:30-18:30 þri.-sun.
Allar nánari upplýsingar á Greatwall.is

**BAKÞANKAR**
Gerður Kristnýjar

## *Uppi á stól stendur mín Anna*

Í ár varð óvenjulítið fár í fjölmiðlum vegna jólastressins eins og oft hefur hent á aðventunni. Þess í stað fjölluðu fjölmiðlar fagmannlega um jóladrykkju og jólaþunglyndi sem eyðilagt hafa hátíðina fyrir mörgu barninu. Fyrir flesta er aðventan samt sem betur fer alltaf jafnnotaleg. Og það er engin ástæða til að verja henni á köldum kirkjubekk og hugsa um píslir Krumma í Mínus. Það má líka alveg skemmta sér og sínum og hér koma hugmyndir að tveimur góðum leikjum sem ég mana ykkur að prófa.

**KOMIÐ** af stað umræðu í lesendadálkum blaðanna með því að yrkja jólasálm upp á nýtt. Uppástandið til dæmis að í ykkar heimasveit, Efra-Breiðholtinu eða Fossvoginum, hafi Jólasveinar ganga um gólf alltaf verið sungið svona: „Uppi á stól stendur mín Anna/níu nóttum fyrir jól/ kem ég til manna“. Svo væri hægt að segja frá því að Anna þessi hefði búið í Suður-Þingeyjarsýslu, gift nafngreindum presti.

**EINN** daginn greip hana mikið óyndi og litlu síðar sást til hennar þar sem hún arkaði til fjalla. Fannst hún ekki hvernig sem menn leituðu. Það var ekki fyrr en einmitt 15. desember að hún birtist aftur á prestsetrinu, vel útitekin. Lét Anna vel af sér þótt ekki hefði hún viljað segja neitt um vistina á fjöllum. Lítil stúlka spurði hana þá hvort hún hefði nokkuð séð til jólasveina og þannig kom nú tengingin við þá bræður eins og sjá má í vísunni góðu. Ætla má að svona frásögn kæmi af stað skriðu heitfenginna bréfa þar sem fólk lýsti því hvernig það hafi lært vísuna góðu.

**SVO** er það leikurinn góði sem ég hef sjálf prófað ár eftir ár. Veljið ykkur vinsæla matvöruverslun þar sem raðirnar liðast út frá öllum kössum. Þegar loks er komið að ykkur og afgreiðslumaðurinn hefur nefnt verðið á hangikjötinu, baununum, rauðkálinu og öllu því sem ykkur vantar skuluð þið endurtaka upphæðina í spyrjandi tón og bæta síðan grafalvarleg við: „Viltu ekki renna þessu aftur í gegn svo við getum verið algjörlega viss?“ Fylgist síðan með því hvernig slaknar á andlitsvöðvum afgreiðslumannsins og hvernig fólkið í röðinni skiptir þunganum af öðrum fætinum yfir á hinn, dregur hljóðlaust inn andann en blæs duglega frá sér. Þá fyrst skulið þið viðurkenna að þið hafið bara verið að gantast. Að þessu loknu geta jólin fyrst hafist. Gleðilega hátíð!

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 22. desember, 356. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.22 | 13.26 | 15.30 |
| Akureyri | 11.38 | 13.11 | 14.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# Allir fá þá eitthvað...

**KAFFE** te/kaffipressa
1 l ryðfrítt stál **995,-**

**RITVA** teppi
130x170 cm brúnt **895,-**

**IKEA 365+** matarstell
18 stk. hvítt **4.990,-**

**ALLEBY** baðsloppur
ýmsir litir **1.990,-**

**2.690,-**
**HEDDA BLOM** sængurverasett 150x200/50x60 cm

**ISIG** kubbakerti
5 stk. ýmsir litir **295,-**

**SVALKA** glös 18 stk.
6 stk. rauðvínsglös 30 cl
6 stk. hvítvínsglös 25 cl
6 stk. glös 20 cl **995,-**

**HÅLLARE** kertastjaki f/9 kerti
27x27x3 cm málmur/brúnt **795,-**

**TOFTBO** handklæði 70x140 cm
rautt/appelsínugult **1.290,-/stk.**



**PJÄTTERYD** myndir 3 stk.
56x56 cm brönugras **6.990,-**

**FAVORIT** steikarpanna
Ø28 cm **3.690,-**

**STRANNE** gólflampi
H138 cm stál **4.990,-**

**KAVALKAD** pottasett 3 stk.
1 l/1,5 l/2 l **995,-**

**KARLSTAD** púði 67x30 cm
Bondarp marglitað **2.490,-**

**KOMMERS** kryddjurtaskeri
m/bakka ryðfrítt stál/beyki **795,-**

**HULDA** púði
L60 cm rauður **895,-**

**Frábær jólagjöf!**
Við minnum á rafrænu gjafakortin okkar.

Hangikjöt
með kartöflum, uppstúf, rauðkáli og grænum baunum

690,-
IKEA FOOD

IKEA®
**Opið til 22 í kvöld**
**Þorláksmessa: 12-18**
**Aðfangadagur: Lokað**
**www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2007